20–21



Líffræn úrgangur er vannýtt auðlind

40–41



Heiðursverðlaunahryssur

38–39



Í fullu fjöri eftir sextugt

Bændablaðið

3. tölublað 2023 • Fimmtudagur 9. febrúar • Blað nr. 627 • 29 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is



Bændurnir Halldóra Andrésdóttir og Gauti Halldórsson í Engihlíð í Vopnafirði láta vel að þátttöku í verkefninu *Loftslagsvænn landbúnaður*. Með hinum ýmsum aðgerðum hefur þeim tekist að binda töluvert meira kolefni en þau losa í sínum búrekstri. Mesti ábatinn er þó betri búrekstur sem skilar sér beint í fjárhagsafkomuna. *Sjá nánar bls. 32–33.*

Mynd / Guðrún Hulda Pállsdóttir

Áhugaverður markaður

Skemmtiferða- og leiðangursskip sem koma hingað til lands versla lítið af íslenskri matvöru. Stóru skipin taka á móti matargámum sem koma erlendis frá og eru geymdir á frísvæði þar til þeir eru teknir um borð.

Skipin skipta árlega hundruðum og áætlað er að farþegar og áhafnir þeirra telji yfir þjú hundruð þúsund manns.

Viðmælendur Bændablaðsins eru sammála um að markaðurinn fyrir íslensk matvæli hjá skipunum sé stór og áhugaverður en að markaðsstarf honum tengdum hafi skilað takmörkuðum árangri.

Þeir sem selja skipunum kost segjast ekki vera í föstum viðskiptum og sölur tengjast því ef skortur verður á viðkomandi vörum um borð.

Þeir sem til þekkja telja að leiðangursskipin, sem eru minni, séu vænlegri markaður þar sem þau leggi meiri áherslu á upplifun tengda menningu landanna sem þau heimsækja og þar á meðal matarmenningu.

Markaðurinn fyrir kost skipanna er árstíðabundinn og ólíklegt er að íslensk framleiðsla eins og hún er í dag geti sinnt honum nema að takmörkuðu leyti. */VH*

Sjá nánar bls. 31 og 31.

Innflutningur á úkraínsku kjúklingakjöti

– Formaður kjúklingabænda telur umhugsunarvert að látið sé í það skína að kjötið sé íslenskt

Hátt í 80 tonn af frosnu kjúklingakjöti voru flutt hingað til lands frá Úkraínu á síðasta ári og finnast nú í verslunum, meðal annars pakkað í umbúðir frá íslenskri kjötvinnslu. Áhyggjur sem bændur viðruðu vegna fyrirvaralausrar einhliða tollaniðurfellingu á úkraínskum vörum virðast því ekki hafa verið úr lausu lofti gripnar.

Í júní sl. lagði fjármála- og efnahagsráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á tollalögum sem fólu í sér tímabundna einhliða niðurfellingu tolla á vörur sem eru upprunnar í Úkraínu. Meginmarkmið frumvarpsins var að Ísland sýndi stuðning sinn við Úkraínu í verki með því að greiða fyrir viðskiptum til að halda efnahag landsins gangandi þrátt fyrir stríðsátök.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að lögin gætu leitt til þess að fluttar yrðu til Íslands landbúnaðarvörur frá Úkraínu í meira mæli, sem gæti haft neikvæð áhrif á verð og framboð íslenskra landbúnaðarvara. Segir enn fremur: „Ekki er talið líklegt að flutt verði inn kjúklingakjöt eða egg þar sem flutningsvegalengd er mikil.“

Tollaniðurfelling án fyrirvara

Í umsögn um frumvarpið lýstu Bændasamtökin áhyggjum af því hvaða áhrif innflutningurinn kynni að hafa á bændur. Lögðu þau til að tollaniðurfelling næði eingöngu til þeirra landbúnaðarafurða sem að jafnaði hafa verið fluttar inn frá Úkraínu, að magn innfluttra landbúnaðarafurða yrði skilgreint þannig að umfang þess myndi liggja ljóst fyrir og að kröfum um heilbrigði matvæla yrði fylgt í hvívetna.

Lögin voru hins vegar samþykkt óbreytt og tóku þau gildi 15. júní sl.

Áður hafði Evrópusambandið (ESB) afnumið tolla á úkraínskar vörur. Útfærsla ESB inniheldur fyrirvara, m.a. tekur niðurfellingin ekki til allrar tollskrár ESB, Úkraínu eru sett ákveðin skilyrði s.s. að upprunareglur séu virtar. Þá er í henni varúðarregla sem felur m.a. í sér að ef innflutt tollfrjáls vara er til þess fallin að valda framleiðendum í ESB tjóni, þá er heimilt að afturkalla niðurfellingu hvenær sem er.

Slíka fyrirvara er ekki að finna í íslensku lögunum.

Mikill verðmunur

Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru 77.128 kíló af frystu og úrbeinuðu kjúklingakjöti flutt hingað til lands frá Úkraínu í september, nóvember og desember árið 2022. Er þetta að öllum líkindum í fyrsta sinn sem kjúklingur er fluttur hingað til lands frá Úkraínu.

Meðalverð á kíló miðað við uppgefið verð var 543 krónur. Gera má ráð fyrir að vörurnar hafi farið tollfrjálsar inn á markað skv. fyrrnefndum lögum.

Á meðan var meðalverð á vörum undir sama tollskrárnúmeri frá öðrum löndum 668 krónur, en ofan á þær vörur hefur lagst tollaálagning og meðalinnflutningsverð var því um 1.221 krónur á kíló. Innflutningur frá öðrum löndum nam rúmum 1.500 tonnum árið 2022.

Rétt að geta upprunalands

Guðmundur Svavarsson, formaður deildar kjúklingabænda hjá Bændasamtökunum, segir innflutninginn frá Úkraínu vekja ugg.

„Við höfum áhyggjur af því að þetta kjöt komi frá vinnslum sem lúta ekki sömu heilbrigðiskröfum og þekkjast hér og í Evrópusambandinu. Við höfum áhyggjur af mikilli sýklalyfjanotkun og enn fremur hvernig staðið er að framleiðslunni með tilliti til dýravelferðar og sjúkdómsvaldandi örvera.“

Guðmundur segir að sér sé tjáð að bak við innflutninginn standi m.a. fyrirtæki í eigu stórrar afurðastöðvar sem er í eigu bænda. Þá segir hann afar umhugsunarvert að látið sé í það skína að kjúklingurinn sé íslenskur.

„Ekki er gerð krafa um upprunaland þegar búið er að þíða kjötið, sprauta það með pækli eða setja á það smá krydd og endurpakka. Það væri hins vegar virðing við neytendur ef innflytjendur og þeir sem markaðssetja kjötið myndu geta upprunalands á erlendum vörum.“

Hann segir furðu sæta að ekki hafi verið settir sömu fyrirvarar á lagabreytingunni hér á landi líkt og gert var í Evrópusambandinu.

„Öll viljum við styðja Úkraínumenn svo sem frekast er kostur, en við höfum áhyggjur af því hvaða áhrif þetta gæti haft á framtíð íslenskrar alifuglaræktar. Þetta snýst ekki bara um kjúklinginn. Það kæmi mér ekki á óvart ef nautakjöt og svínakjöt kæmu nú í kjölfarið í stórum stíl og mögulega blóm og grænmeti, svo hér er allur íslenskur landbúnaður undir.“

/ghp

FRÉTTIR



Snjórúllur í Kelduhverfi. Ólafur Jónsson, bóndi á Fjöllum í Kelduhverfi, segir að snjórúllurnar hafi myndast í austanátt og þannig að ein flygsa fauk af stað og rúllaði upp á sig meiri snjó og myndi þannig þessar rúllur. „Ég hef ekki séð þetta áður og horfði á rúllurnar rúlla og safna utan á sig og þær eru milli 18 til 20 sentímetrar að þvermáli. Mér skilst að rúllurnar hafi myndast um alla sveit, á túnum, við fjallshlíðar og meðfram vegum og því um fleiri þúsund rúllur að ræða.“ Mynd / Ólafur Jónson

Matvælastofnun:

Myndir ekki í samræmi við eftirlitsheimsóknir

Síðastliðinn fimmtudag greindi Dýraverndarsamband Íslands frá því á vef sínum að því hefði borist ábending um búfénað á bæ í Skagafirði sem væri í alvarlegum vanhöldum.

Matvælastofnun greindi í kjölfarið frá þremur eftirlitsheimsóknum á bæinn, í nóvember, desember og í lok janúar, sem hún hafi farið í eftir ábendingar.

Í heimsókninni í nóvember, sem var óboðuð, hafi frávik um hreinleika nokkurra gripa verið skráð – og athugasemd gerð við herðakambslá – en engin önnur frávik í hinum eftirlitsheimsóknunum.

Í umfjöllun DÍS um málið kom fram að sambandið hefði myndefni undir höndum sem sýndi horaðan búfénað sem stæði skítugur í mykju upp að hnjám, ábendingin hafi átt við um ástandið á bænum um viku eftir að eftirlit Matvælastofnunar hafi farið fram á bænum í nóvember.

Matvælastofnun segir að þær myndir sem hún hafi fengið af meintu ástandi, gefi ekki rétta mynd af holdafari nautgripanna eða aðstæðum á bænum á því tímabili sem eftirlitsheimsóknirnar ná til. Þær séu því ekki í samræmi við aðstæður eins og þær birtust eftirlitsmönnum í þau þrjú skipti sem stofnuninni bárust ábendingar um umhirðu og aðbúnað nautgripa á bænum.

Skoðunaratriði hafi verið metin í samræmi við skoðunarhandbók sem gefin hafi verið út varðandi nautgripaeldi og áfram muni búfjárhald á bænum sæta reglubundnu eftirliti.

/smh

Leiðrétting

Vegna mistaka í vinnslu var rangur texti settur hjá töflu í greininni „Niðurstöður skýrsluhaldsársins hjá mjólkurframleiðendum 2022" sem birtist í síðasta tölublaði Bændablaðsins. Prentað var „Afurðahæstu mjólkurbúin árið 2022" en rétt er að þar átti að standa „Afurðahæstu búin 2022". Beðist er velvirðingar á mistökunum. */ghp*





Samkvæmt núgildandi verðskrá er Ístex að greiða frá 80 til 600 krónur á kílóið eftir gæðum ullarinnar. Mynd / smh

Ístex:

Góð afkoma en ullarverðið gagnrýnt

– Telur öruggt að ullarverð til bænda muni hækka talsvert á næstu misserum

Gengi Ístex hefur tekið stakkaskiptum á undanförnum tveimur árum og hefur ullarvinnslufyrirtækið skilað góðum hagnaði á þessu tímabili. Mikil eftirspurn er eftir prjónabandinu frá því og annar það ekki eftirspurn – þrátt fyrir að hafa ráðist í talsverðar fjárfestingar í tækjabúnaði.

Sauðfjárbændur eiga langstærstan hluta í fyrirtækinu, en í kjölfar nýlegra tíðinda af hinu góða gengi létu ýmsir þeirra í ljós óánægju sína með lágt afurðaverð fyrir ullina.

Lýstu sumir sauðfjárbændanna því yfir á Facebook-síðu Bændablaðsins að frekar hendi þeir ullinni en að hafa fyrir því að koma henni í þetta lága verð. Gunnar Þórarinsson, sauðfjárbóndi á Þóroddsstöðum í Hrútafirði og stjórnarformaður Ístex, segist vita af þessari óánægju.

Sumir taka því mjög illa ef ullin er felld

„Í sumum tilfellum eru bændur ekki að skila frá sér þeirri vöru sem skilar miklum verðmætum á mörkuðum," segir Gunnar. „Ullin þarf að standast ákveðnar kröfur um hreinleika og gæði til að flokkast í þá flokka sem greitt er mest fyrir, það er þá flokka sem nýttir eru í bandframleiðsluna.

Ef flokkunin frá bændum stenst ekki þær kröfur þarf að fella hana í verðminni flokka. Ég veit að þetta er hluti af vandamálinu, sumir virðast einfaldlega taka þessu afskaplega illa ef ullin er felld í mati í Þvottastöðinni.

Stundum bregðast bændur of harkalega við þessu og segjast hættir að flokka ullina og verða þá af þeim fjármunum sem þeir geta fengið fyrir ullina með því að laga fráganginn – stundum bara lítillega."

Tvær aðalástæður fyrir því að ull er felld

Gunnar segir ástæðuna fyrir því að ull sé felld geta verið bæði verið vegna þess að búið sé að skemma hana áður en rúið er, en síðan geta líka vinnubrögðin við flokkunina verið ófullnægjandi, til dæmis við að taka gallana í burtu.

„Munurinn á afurðaverði er mjög mikill, fyrir þá ull sem er vinnsluhæf fyrir bandvinnsluna og svo þeirri sem er bara þvegin hér og svo seld út sem hráull. Þannig skiptir til dæmis miklu máli hvort ull sé flokkuð í H1-flokkinn, sem Ístex greiðir nú 425 krónur á kílóið og nýtist í bandframleiðslunni hér, eða ef hún fellur niður í H2, sem ekki er greitt nema 125 krónur á kílóið fyrir og er þvegin hér og seld á mörkuðum erlendis. Það er býsna mikið verðfall.



Ull þarf að standast ákveðnar kröfur til að flokkast í verðmætustu flokkana. Mynd /ghp



Gunnar Þórarinsson, sauðfjárbóndi á Þóroddsstöðum í Hrútafirði og stjórnarformaður Ístex.

Hlutur opinbera stuðningsins skiptir líka miklu máli í þessu sambandi og mun fara vaxandi ef ákvæði um hann í núgildandi búvörusamningi halda sér í endurskoðuninni sem er fram undan.

„En svo eru auðvitað einhverjir sem eru bara ekki nógu ánægðir með verðið fyrir ullina sína," segir Gunnar og skilur það sjónarmið.

„En það má líka benda á að í Noregi er mun lægra ullarverð í boði en hér – og einnig í Bretlandi en þar er meðalverð um 70 krónur á kílóið eins og kom fram í Bændablaðinu fyrir stuttu.

Samkvæmt núgildandi verðskrá er Ístex að greiða frá 80 til 600 krónur á kílóið eftir gæðum ullarinnar. Í dag er afkoma Ístex góð, en því má ekki gleyma að fyrir nokkrum árum var staðan í bullandi mínus," segir hann.

Stjórnar að ákveða ullarverð

Gunnar segir að það sé stjórn Ístex sem ákveði afurðaverð fyrir ullarinnlegg og vanalega hafi slíkar ákvarðanir verið teknar á haustin, áður en ullarvertíðin byrjar.

„Ég held að það sé nokkuð öruggt að ullarverð til bænda mun hækka talsvert á næstu misserum komi ekkert upp á sem hafi veruleg neikvæð áhrif á rekstur Ístex. Gangi rekstur Ístex vel áfram mun það skila bændum hærra verði fyrir ullina og að því er svo sannarlega stefnt," segir hann.

Ullarinnlegg til Ístex hefur dregist saman um fjórðung á síðustu fimm árum, sem að mestu má rekja til fækkunar sauðfjár í landinu. Á sama tíma hefur sala aukist um 50 prósent og er ætlunin að bregðast við þeirri þróun með auknum fjárfestingum í tækjabúnaði, til að mynda í nýrri spunavél frá Ítalíu og kembilínu sem getur aukið framleiðsluafköstin um þriðjung. */smh*

GERIÐ VERÐ- OG GÆÐASAMANBURÐ

Taktu sprettinn með okkur

Sprettur ÁBURÐUR

VERÐSKRÁ 2023

Áburðartegund	Kg CO2 pr. kg	N	P	K	Ca	Mg	S	Se	Na	B	Vatns uppl. P	Greitt fyrir 15. maí 3% afsl.	Greitt fyrir 15. okt
Sprettur N27	0,66	27			4,3	1,8						117.900	121.546
Sprettur+OEN N42+S+Selen	1,03	42					2	0,002				158.900	163.814
Sprettur 23-5+Sweet-Grass+Selen	055	23	2,2		3,0	1,2	2	0,0015	3,7		92%	125.900	129.794
Sprettur 25-5	0,66	25	2,2				2,5				92%	125.900	129.794
Sprettur 25-5+Avail+Selen	0,59	25	2,2		3,3	1,4	2,5	0,002			92%	130.900	134.948
Sprettur+OEN 38-8+Selen	0,97	38	4,0				3,0	0,0020			92%	163.900	168.969
Sprettur 23-6-6+Selen	0,56	23	2,6	4,9	3,0	1,2	2,0	0,0020			92%	133.900	138.041
Sprettur 22-6-3+Avail+Selen+Sweet Grass	0,61	22	2,6	2,6	2,8	1,2	2	0,0015	3		92%	129.900	133.918
Sprettur 20-5-13+Avail+Selen	0,61	20	2,2	11	2,4	1,2	2,5	0,0020			92%	135.900	140.103
Sprettur 20-6-7+Avail+Selen+Sweet Grass	0,58	20	2,6	5,8	2,5	1,2	2	0,0015	3		92%	129.900	133.918
Sprettur 20-10-10+Selen	0,67	20	4,4	8,3	2,2	1,2	2,5	0,0015			92%	136.900	141.134
Sprettur+ OEN 25-12-12+Polysulphate+Selen	0,76	25	5,2	10	1,6	0,5	3	0,0015			92%	152.900	157.629
Sprettur 27-6-6	0,94	27	2,6	4,9			2				92%	132.900	137.010
Sprettur 27-6-3+Selen	0,96	27	2,6	2,6	1,4	0,6	2	0,002			92%	128.900	132.887
Sprettur+OEN 27-8-3+Poly+Selen+Sweet Grass	0,78	27	3,5	2,6	2,6	0,8	4	0,002	3,7		92%	136.900	141.134
Sprettur 16-15-12	0,56	16	6,5	10	1,4	0,5	2,5				92%	133.900	138.041
Sprettur+ OEN 20-18-15+Polysulphate	0,68	20	7,8	12	1,4	0,4	3				92%	153.900	158.660
Sprettur 12-11-20+AV+Polysulphate+Bór	0,47	12	4,8	17	4,3	1,2	6,7			0,02	92%	135.900	140.103
Sprettur DAP	0,70	18	20								92%	169.900	175.155
Calciprill	0,24				36,4	0,1						54.900	56.598

NUTRI-CO2OL er kolefnisspor Spretts áburðar gefið upp sem kg af vöru og nær yfir alla þætti framleiðslunnar, umbúða og flutninga til bænda á Íslandi.
Kolefnisspor framleiðslunnar hefur verið staðfest af óháðum aðila, ADAS samkvæmt PAS 2050.

Öll verð eru í íslenskum krónum pr. tonn og án vsk. - Birt með fyrirvara um prentvillur - Verðlisti getur breyst án fyrirvara.

Við erum um land allt og þjónustum þig með ánægju



Sölustjóri
Lúðvík Bergmann
Sími: 444 3009 / Gsm: 840 3009
bergmann@skeljungur.is



Austurland og Austfirðir
Jón Björgvin Vernharðsson
Gsm: 862 0166
jonbvernhards@gmail.com



Dalir og Reykhólasveit
Anna Berglind Halldórsdóttir
Magnússkógum, Búðardal
Gsm: 895 0559
annaoglolli@gmail.com



Norðausturland
Hallgrímur Hallsson
Sími: 464 1067 / Gsm: 893 4094
hallgrimurh@simnet.is



Borgarfjörður og Snæfellsnes
Sigurjón Helgason
Mel
Gsm: 867 8108
melursf@gmail.com



Vestur Húnavatnssýsla
Jón Benedikts Sigurðsson
Böðvarshólum, Hvammstanga
Gsm: 697 5717
jbs2101@gmail.com



Hornafjörður og Suðausturland
Eyjólfur Kristjónsson
Ási
Gsm: 840 8871
harpaey@simnet.is



Norðurland vestra
Þorgils Sævarssson
Gsm: 787 3994
1967duddi@gmail.com



Árnessýsla
Reynir Þór Jónsson
Gsm: 898 0929
reynirhurdarbaki@gmail.com



Eyjafjörður
Karl Heiðar Friðriksson
Brekku, Dalvík
Gsm: 867 6417
brekka80@simnet.is



Rangárvalla- og V-Skaftafellssýsla
Berglind Gunnarsdóttir
Ey1, Hvolsvöllur
Gsm: 899 9806
ey1@simnet.is



Eyjafjörður
Reynir Sverrir Sverrisson
Eyjafjörður
Gsm: 866 0921
reynirs68@gmail.com

Fylgstu með okkur á Facebook / Sprettur áburður

Sími 444 3000 / sala@skeljungur.is

Skelungur efh. | Sími 444-3000 | Skútuvogur 1 | 104 Reykjavík | skeljungur@skeljungur.is

Skeljungur
Traustur félagi!

FRÉTTIR



Kjötafurðastöðvar og sláturleyfishafar:

Fallið frá frumvarpi

Frumvarp matvælaráðherra til lagabreytinga á búvörulögum um auknar heimildir kjötafurðastöðva og sláturleyfishafa til samvinnu lá í desember síðastliðnum í Samráðsgátt stjórnvalda til umsagnar.

Nú hefur frumvarpið verið fellt út af þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar fyrir vetrar- og vorþing 2023. Nýtt frumvarp verður samið í staðinn og lagt fram á haustþingi.

Frumvarpið byggði á tillögum spretthópsins frá því í júní á síðasta ári, sem ráðherra kallaði eftir vegna slæmrar stöðu í matvælaframleiðslu á Íslandi. Í tilkynningu úr matvælaráðuneytinu kemur fram að í umsögnum hafi verið gerðar alvarlegar athugasemdir við efnistök frumvarpsins, einkum er tiltekið að Samkeppniseftirlitið telji þá undanþágu sem var lögð til í frumvarpinu, mögulega fara gegn ákvæðum EES samningsins.

„Auk þess gangi sú undanþága mun lengra en viðgangist í nágrannalöndum og hætta sé á að hagsmunir kjötafurðastöðva fari ekki saman við hagsmuni bænda. Enn fremur benti Samkeppniseftirlitið á að núgildandi samkeppnislög heimili hagræðingu og því ekkert til fyrirstöðu að hægt sé að skapa grundvöll til hagræðingar á vettvangi kjötafurðastöðva samkvæmt núgildandi lögum," segir í tilkynningunni.

Nýtt frumvarp mun heimila samstarf

Ætlar matvælaráðherra, í ljósi þeirra athugasemda sem bárust við frumvarpið, að setja af stað vinnu við gerð nýs frumvarps sem heimilar fyrirtækjum í meirihlutaeigu framleiðenda að eiga með sér samstarf um afmarkaða þætti, eins og tíðkast í nágrannalöndum Íslands.

Horft verður til reglna Evrópusambandsins og Noregs við þá vinnu og tryggt að ekki verði minna svigrúm hér á landi í þessum efnum en í nágrannalöndunum. Stefnt er að því að leggja frumvarpið fram á næsta haustþingi.

Umsagnir sem birtust í Samráðsgáttinni voru bæði jákvæðar og neikvæðar. Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) töldu að frumvarpið gæti aukið hagræði í sláturiðnaði svo um muni. Hins vegar þurfti að skýra ákveðin atriði þess betur. Að mati SAM eru svipaðar aðstæður uppi nú varðandi kjötafurðastöðvar og var í mjólkuriðnaði þegar undanþáguákvæði frá samkeppnislögum var innleitt í búvörulögin fyrir þann geira afurðastöðva árið 2004.

Stærðarhagkvæmni skilar sér til bænda

Bændasamtök Íslands sögðu í sinni umsögn að þeirra sýn væri að með færri og stærri einingum sem sjá um slátrun og vinnslu afurða raungerist stærðarhagkvæmni sem skili sér til bænda í fleiri greiddum krónum.

Færri krónur þurfi þá að fara í milliliði og fleiri krónur fari til frumframleiðenda. Til að það markmið náist, sem jafnframt skili sér til neytenda, þá verði að eiga sér stað hagræðing í allri keðjunni frá bónda í búð.

Félags atvinnurekenda taldi algjörlega ótækt að sérhagsmunahópar geti pantað hjá stjórnvöldum undan- þágur frá samkeppnislögum af því að þeir telji rekstur sumra fyrirtækja í tilteknum greinum ekki ganga nógu vel. Grundvallaratriði, að mati Félags atvinnurekenda, er að margvíslegir möguleikar séu á samstarfi og samstarfi framleiðenda búvöru eða jafnvel samruna afurðastöðva að óbreyttum lögum, án undanþágna frá bannákvæðum 10. og 12. gr. samkeppnislaga.

/smh





Viðbragðsaðilar telja að húsbruninn hafi átt uppruna sinn í vélbúnaði á þaki byggingarinnar. Eldveggur kom í veg fyrir að svín í öðrum hlutum hússins hlutu skaða. Mynd / Ingvar Sigurðsson

Eldsvoði:

200 svín drápust

– Talin hafa kafnað þegar hús fylltust af reyk

Eldur kom upp á svínabúi á Skriðulandi í Langadal í Austur-Húnavatnssýslu. Samkvæmt upplýsingum virðist bruninn hafa einskorðast við þak í syðsta brunahólfi þrískipts húss. Þar biðu um 200 grísir bana, en talið er að þeir hafi kafnað í reyk.

Ingvar Sigurðsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austur-Húnvetninga, segir að viðbragðsaðilar hafi fengið útkall í fyrsta forgangi klukkan 5:38 að morgni mánudagsins 6. febrúar vegna bruna í útihúsum á Skriðulandi.

„Þegar við komum á vettvang var eldur læstur í þaki í einum þriðja hluta hússins. Þar var allt reykfyllt og ljóst að dýrin sem væru þar inni væru ekki lífs. Þá einbeittum við okkur að því að verja hina tvo hluta hússins," segir Ingvar. Umrædd bygging er fyrir grísaeldi og er henni skipt niður með eldvarnarveggjum.

Allt tiltækt lið frá Brunavörnum Austur-Húnvetninga, eða um 15 slökkviliðsmenn, voru kallaðir á vettvang af bakvakt.

Þrír slökkviliðsmenn frá Brunavörnum Skagafjarðar léttu undir bagga. Stjórn náðist á eldinum um klukkan átta og var stórtæk vinnuvél fengin til að rífa þakið svo slökkviliðið gæti fundið eldhreiður. Lögregla fékk vettvanginn afhentan um klukkan ellefu.

Ingvar leiðir líkum að því að upphaf brunans megi rekja til vélbúnaðar sem er í þakinu, t.a.m. viftur. Rannsókn lögreglu er á frumstigi og ekki hægt að fullyrða um orsök að svo stöddu.

Samkvæmt Vilhjálmi Stefánssyni, lögreglufulltrúa á Blönduósi, eru næstu skref að fara inn í byggingarnar til að skoða aðstæður og kanna þá hluti sem lögreglan telur líklega orsakavalda. Sé þess þörf mun lögreglan á Norðurlandi vestra leita eftir aðstoð frá tæknideild LRH. „Brunahólfin héldu svo vel að svínin voru róleg í hinum hlutum hússins," segir Vilhjálmur, en greinilegt sé að húsið sé vel byggt. */ÁL*

Endurmat á losun frá ræktarlandi

Losun gróðurhúsalofttegunda frá ræktarlöndum bænda, einkum tún í framræstu mýrlendi, er stór hluti heildarlosunar frá landnýtingarhluta landbúnaðar.

Við útreikninga á þessum hluta í losunarbókhaldi Íslands hefur verið stuðst við rannsóknir Rannsóknastofnun landbúnaðar- ins frá 1975, en nú hafa matvælaráðuneytið og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið ákveðið að ráðist verði í endurmat á þessari losun.

„Landgræðslan hefur nú gert samning við ráðuneytin um að halda utan um vinnu við að meta losun frá ræktarlandi og við erum að hefja viðræður við Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskóla Íslands um kaup á nauðsynlegri rannsóknavinnu af þeim.

Samningurinn gerir ráð fyrir rannsóknum sem standa munu yfir í þrjú ár því það er nauðsynlegt til að fá upplýsingar sem eru marktækar," segir Árni Bragason landgræðslustjóri.

Rannsóknir Rannsóknastofnunar landbúnaðarins eru í dag nýttar til að áætla losun frá 55 prósentum alls ræktarlands Íslands, sem er metið um eitt prósent af heildarflatarmáli Íslands. Í umfjöllun ráðuneytanna um verkefnið fram undan kemur fram að talsverður breytileiki sé í losun gróðurhúsalofttegunda frá ólíkum landflokkum og landsvæðum. Nýlegar rannsóknir bendi til að þörf sé á að endurmeta stuðla sem notaðir hafa verið um þessa losun og bindingu frá ólíkum svæðum.



Tún í framræstu mýrlendi eru stór hluti heildarlosunar á gróðurhúsalofttegundum frá landnýtingu.

Ráðuneytin hafa unnið í sameiningu að undirbúningi verkefnisins og er gert ráð fyrir fyrstu niðurstöðum árið 2024, en lokaniðurstöðum í árslok 2026.

Ólíkt íslenskum landbúnaði er landnýtingarhluti hans – og skógræktin – ekki á beinni ábyrgð Íslands í losunarbókhaldinu gagnvart alþjóðlegum skuldbindingum í loftslagsmálum. */smh*



Látum það gerast

Við fjármögnum flest milli himins og jarðar

Þegar kemur að fjármögnun atvinnutækja er reynslubankinn okkar sneisafullur. Við tökum þátt í uppbyggingu lítilla og stórra fyrirtækja í öllum atvinnugreinum, hvort sem við rýnum í vinnuvélar eða fólksbíla, flugvélar eða röntgentæki.

Aðalmálið er að aðstoða þig við að auka afkastagetuna og hagkvæmnina svo þú getir nýtt tækifærin sem best.

Hafðu samband og við hjálpum þér að láta hlutina gerast.

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári.
Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublöð) kostar þá kr. 14.900 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 11.900 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Kt:** 631294-2279
Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0300 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 563 0303
Netfang auglýsinga: thordis@bondi.is – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsíðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Villandi framsetning

Yfirgnæfandi meirihluti neytenda telur upprunamerkingar á mat mikilvægar, ef marka má könnun sem Gallup gerði fyrir hönd Icelandic Lamb árið 2021.

Samkvæmt henni sögðust rúmlega 70% neytenda óánægðir með að erlendar kjötafurðir séu seldar undir íslenskum vörumerkjum og hafði a.m.k. 20% svarenda upplifað að hafa verið blekktir við innkaup hvað varðar uppruna matvöru.

Á meðan reglugerðir kveða á um að skylt sé að merkja uppruna á kjöti og ferskum matjurtum er einhverra hluta vegna ekki skylda að merkja unnar kjötvörur eða tilbúna rétti eftir upprunalandi.

Því skyldi engan undra þótt neytendur hér á landi kvarti yfir því að óljóst þyki hvort búvara sé úr innlendu eða erlendu hráefni. Skyldumerkingarnar eru oft í smáu letri og á ólíkum stöðum á pakkningum.

Uppruni matvöru skiptir miklu máli og allir ættu að hafa greiðan aðgang að upplýsingum um hvernig vara er til komin, hvernig hún er ræktuð og framleidd, hversu langt að hún er flutt og svo framvegis.

Það sýnir sig ekki síst hversu brýnt þetta neytendamál er þegar upp koma dæmi um grófar blekkingar.

Áhyggjur bænda af neikvæðum áhrifum af tollfrjálsum innflutningi á landbúnaðarvörum frá Úkraínu voru ekki úr lausu lofti gripnar.

Þegar Bændasamtökin lögðu til fyrirvara við tollaniðurfellingu á vörum upprunnum frá Úkraínu í júní síðastliðnum var því slegið upp í mörgum fjölmiðlum sem einhvers lags hysteríu af þeirra hálfu. Innflutningur á búvörum frá Úkraínu þekktist ekki, flutningsvegalengdin væri svo mikil að ekki þótti ástæða til að óttast að nokkuð þess háttar myndi gerast.

En viðskiptahættir geta verið siðlausir eins og eftirfarandi dæmi sýnir:

Þegar þetta er ritað standa afurðafyrirtæki, í eigu hérlendra bænda, að innflutningi, vinnslu og umpökkun á úkraínsku kjúklingakjöti. Uppruna er ekki getið á umbúðum. Þetta eru fyrirtæki sem gefa sig út fyrir að vinna kjötvöru af ýmsu tagi og endurselja til verslana, veitingahúsa, hótela og mötuneyta. Umræddar vörur liggja frammi í verslunum á tæplega helmingi lægra kílóverði en aðrar kjúklingavörur með svipaðri framsetningu.

Af hverju í ósköpunum eru teknar ákvarðanir sem brjóta í bága við hagsmuni íslenskrar landbúnaðarframleiðslu í fyrirtækjum sem eru í eigu íslenskra bænda?

Þetta nær ekki nokkurri átt.

Af hverju er kjúklinginn ekki sérstaklega merktur sem úkraínskur? Slíkt getur þótt söluvænlegt, auk hagstæða verðsins. Neytendur gætu þá sýnt samhug og stuðning sinn við Úkraínu með því að velja úkraínskt hráefni vísvitandi. Yfirlýstur tilgangur ríkisstjórnarinnar með tollaniðurfellingunni var jú að sýna stuðning í verki. Þarna eru augljós tækifæri.

Með þessum blekkingarleik er hins vegar engum greiði gerður. Hvorki neytendum, né framleiðendum á Íslandi. Traust til verslunar og matvælaframleiðslu dvínar. Stuðningurinn við Úkraínu virðist óheiðarlegur.

Guðrún Hulda Pálsdóttir
ritstjóri.

Búgreinaþing

Gunnar Þorgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is



Boðað hefur verið til II. búgreinaþings þann 22. og 23. febrúar næstkomandi, þar munu bændur funda í sínum búgreinadeildum, fara yfir helstu atriði er snúa að viðkomandi búgrein og kjósa sér stjórn deilda til að leggja línurnar í áherslum ársins.

Veigamesta atriðið verður væntanlega áherslur búgreina við endurskoðun búvörusamninga. Þá á sér nú stað mikil umræða í samfélaginu um tolla og tollvernd þar sem forkólfar verkalýðshreyfingarinnar hafa meira að segja sett það inn sem hluta af samningum við sinn viðsemjanda að lækka tolla á landbúnaðarvörum. Hér er hreinlega verið að vega að launakjörum bænda og starfsfólks í landbúnaði og því sætir það undrun að verkalýðsfélög fari í þessa vegferð, því mikið af þeirra félagsfólki hefur lífsviðurværi sitt af því að vinna landbúnaðarvörur eða þjónusta greinina. Tollar eru og verða alltaf hluti af rekstrarumhverfi landbúnaðar hér á landi eins og í öllum vestrænum heimi.

Eftirlit með innflutningi

Um miðjan janúarmánuð felldi matvælaráðuneytið úr gildi ákvörðun Matvælastofnunar um að synja fyrirtæki um heimild til innflutnings á trjábolum með berki frá Póllandi. Ráðuneytið, sem fer jafnframt með málefni skógræktar, var ósammála niðurstöðu MAST og virðist sem svo að hér hafi verið tekist á um mismunandi skilning á reglugerð um plöntur og plöntuafurðir. Síðustu tíu ár hafa garðyrkjubændur óskað eftir því við ráðherra landbúnaðar að umrædd reglugerð verði endurskoðuð. Viðbrögð ráðuneytisins, (og þar með, að ég tel, fimm ráðherra), hafa einkennst af dulbúinni jákvæðni.



Grísir í Laxárdal. Mynd / ÁL

Vinnan hefur nefnilega ítrekað strandað, sem er að mínu áliti með öllu óskiljanlegt þar sem hagsmunir flóru Íslands er í húfi. Í 4. gr. reglugerðarinnar er tekið fram að innflutningur á bolvið með berki er óheimill. Í 5. gr. sömu reglugerðar kemur fram að heimilt er að flytja inn trjávið með berki. Það er augljóst að nauðsynlegt er að ljúka endurskoðun á gildandi reglugerð þar sem auðveldlega megi túlka innflutning á plöntum og plöntuafurðum á mismunandi veg með flóru Íslands að veði.

Verksmiðjubúskapur


Mikið er spáð og spekúlerað um verksmiðjubúskap á Íslandi. Þar virðast menn líta til skilgreiningar á slíkri framleiðslu með mjög neikvæðum hætti. En hver er skilgreining verksmiðjubúskapar?

Matvælaframleiðsla er bundin í þannig umhverfi að mögulegt er að framleiða afurðirnar, hvort sem er svín, kjúklingur, egg eða jafnvel grænmeti. Allt er þetta framleitt við kröfur og skilyrði svo neytendur geti notið öruggra matvæla á hverjum tíma. Ef ekki væri húsakostur fyrir svínaframleiðslu myndu þau drepast úr kulda á okkar harða landi. Sama á við kjúkling og egg. Tómatar og gúrkur þrífast ekki utandyra og þar sem þessi framleiðsla fer fram innandyra í vernduðu umhverfi í miklu magni, er framleiðslan þá skilgreind sem verksmiðjubúskapur?

Íslenskir svínaræktendur eru að framleiða jafn mikið á einu ári og það sem Danir framleiða af svínakjöti á einni viku. Þar á bæ tala menn eftir sem áður um landbúnað en ekki verksmiðjubúskap. En að hluta þá er þessi vara flutt inn og enginn talar um að verið sé að neyta verksmiðjuframleidds matar.

Höfum skilgreiningar og hugtök svo allir skilji það eins, stöndum vörð um íslenskan landbúnað öllum til heilla, bændum, neytendum og verkamönnum þessa lands.

GAMLA MYNDIN



Fyrsta andabúið. Jón M. Guðmundsson, sem yfirleitt er kenndur við Reyki í Mosfellsbæ, ásamt Pekingöndum á Álfsnesi um 1900. Á árunum 1958 til 1964 var starfrækt andabú í Álfsnesi á Kjalarnesi og fjölgaði aliöndum á landinu talsvert við það. Endurnar á búinu klöktust úr eggjum sem fengin voru af dönsku Pekingandakyni. Þegar best gekk var slátrað 200 til 300 fuglum á viku. Búið skipti um eiganda í miðjum rekstri og við því tók Sigurbjörn Eiríksson, sem oftast er kenndur við veitingahús sem var í Reykjavík og hét Klúbburinn. Hann rak búið til 1964 en þá var rekstrinum hætt.
Mynd / Myndasafn Bændasamtaka Íslands.

LÍF & STARF



Nefndin: Malin og Ólafur Tindum, Veronika og Bjarni Túni, Jóhanna og Birkir Austurmýri 3, Sigurbára og Einar Langstöðum, Jóhannes og Helga Stóra-Ármóti 2.


Þeir hressu: Geir Gíslason, Einar Magnússon, Árni Freyr Pálsson, Haukur Gíslason og Ívar Freyr Hafsteinsson.

Þorrablót með Bændablaðsþema

Íbúar í fyrrum Hraungerðis- og Sandvíkurhreppi í Flóa nýttu heldur betur tækifærið, en nýverið „kom loksins að því“ að hægt væri að halda þorrablót.

Höfðu gestir beðið óþreyjufullir í nú þrjú ár og blótið því haldið með pomp og prakt í félagsheimilinu Þingborg en þema kvöldsins var Bændablaðið og gamli tíminn.

Eins og vani er var góðlátlegt grín í garð sveitunga í hámæli, skemmtiatriði og leikþáttur sýnd auk þess sem myndband og „Flóa-Bændablaðið“ útgefið. Fundust þar fréttir gríns og glens en einnig mátti finna söngtexta í formi Bændablaðsins.

Veglegur vinningur frá Sláturfélagi Suðurlands var veittur fyrir best skreytta borðið en borðskreytingakeppni var að sjálfsögðu í gangi. Sá Sjafnarblóm um að pakka vinningnum inn en einnig voru veitt verðlaun frá fyrrnefndum fyrirtækjum fyrir bestu stökuna.

Dynjandi dans var þreyttur fram á rauða nótt við tóna hljómsveitarinnar Sveitamanna og tókst skemmtunin vel í alla staði.

Hvað varðar vinningsstökuna var hún ort af Guðmundi nokkrum Stefánssyni, fyrrverandi bónda í Hraungerði. Dómnefndin taldin hana bragfræðilega alveg hárrétta auk þess að vera með innrími og er hún svohljóðandi:

Víni töppum við í munn,
víst með köppum gaman.
Takta stöppum talsvert kunn,
tryllt með löppum saman.

Dæmi um aðrar stökur sem komu vel til álita eru eftirfarandi:

Feitmeti úr Flóanum
fæ ég hér á blóti
Metfjárins úr móunum
menn hér allir njóti
Höf: Ingólfur Narfason og Guðmundur Stefánsson

Stöku, stöku, stöku sinnum
stormum við á þorrablót
Eftir drjúga drykkju finnum
dásamlega fiman fót
Höf: Betzy Marie Davidson

Villtust í Þingborg Villingar
vaðandi snjó og krapa
Sagt er að þau séu snillingar
sem kunna mjög illa að tapa
Höf: Sigtryggur og Sigfús (mjög líklega dulnefni)

Bil á milli borða
býsna lítið er
Ef geymir kona forða
á afturenda sér
Höf: Svanhildur

Húð á beinum hangir
hold þar hvergi sést
út frá limum langir
af liggur ýldupest
Höf: Sævar Eiríksson

Skemmtinefnd með stólpagrín
skaffar mörgum kvíða
Meðalið er meira vín
má það fara víða
Höf: Byggðarhornsborðið

„Súrt er það“ sagði einn
og stakk upp í sig hvalnum
„Þetta er nú sítróna Sveinn,
sem var hérna á gólfinu í salnum“
Höf: Sigurður Andri Jóhannesson


Vinningsborðið: Ólöf Ósk Magnúsdóttir í Hrygg var hugmyndasmiðurinn að þeim skreytingum.


Allir í stuði: Ágúst Guðjónsson, Læk, Björgvin Elísson, Egilsstöðum á Héraði, Anna Þórný Sigfúsdóttir, Garðshorni, Margrét Drífa Guðmundsdóttir, Læk.


Blómaskreyting sem ber af!



Unnur Þorvaldsdóttir, Litlu-Reykjum, Hrafnhildur Baldursdóttir, Litla-Ármóti, Elín Magnúsdóttir, Brúnastöðum, Árný Ilse Árnadóttir, Oddgeirshólum.



Fagurlega dekkað borð gladdi viðstadda og maturinn án efa bragðast vel.

MÆLT AF MUNNI FRAM

Stórviðri ganga nú yfir landið sem sjaldan fyrr. Veðurviðvaranir nánast daglegar. Það er líka appelsínugul viðvörun í fyrstu oddhentu vísu þáttarins eftir **Ingólf Ómar Ármannsson:**

Veldur kvíða vetrartíð
veðrin stríðu meður.
Þróttinn níðir úr þreyttum lýð
þrálát hríðarveður.

Svo er hér ein gömul sem oft var sungin í heimasveit minni, en óvíst er um höfund:

Úti hríðar alla tíð,
að mér kvíða setur.
Svol'tið "íði" sem ég níð
svo mér líði betur.

Og höldum áfram á þessum nótum. **Ingvar Frímannsson**, Skógum í Kolbeinsstaðahreppi, orti þessa mergjuðu hringhendu:

Skýjatigla breið er brú,
bólstrar myglufúnir.
Hraðan siglir Norðri nú,
napur ygglir brúnir.

Eftir **Kristbjörn Benjamínsson á Kópaskeri** er lokavísa þessarar stórviðra-syrpu:

Birtist þrátt hið bitra tjón,
bylur hátt við kveður.
Vetrarmáttur felur Frón,
fönn í gáttir hleður.

Þórarinn Sveinsson í Kíla-Koti var mikill afburða hagyrðingur. Næstu tvær vísur taka þar af allan vafa:

Eg er kominn á ysta barð
elligrár og lotinn.
Naut ég þess sem notið varð,
nú eru föngin þrotin.

Bráðum kveð ég bæ og hörg,
bjartan flýg í geiminn.
Eg á orðið ekki mörg
erindi við heiminn.

Enn finn ég áður óbirtar vísur eftir **Rósberg Guðnason Snædal**. Þessi fegurð fannst í gömlu grúski:

Baða koll í blámans firrð
bjartir jöklar heiða.
Víðáttunnar vald og kyrrð
vegfarandann seiða.

Gísli Gíslason í Skörðum kvað til manns er ávítti konu sína:

Eg hef hlýtt á yðar tal
ei með sinni gljúpu.
Oft hef ég gráan vitað val
vega að hvítri rjúpu.

Þjóðskáldið **Guðmundur Böðvarsson á Kirkjubóli** orti þessa fagurgerðu stöku:

Gott er að koma að garði þeim
sem góðir vinir byggja.
Þá er meira en hálfnað heim
hvert sem vegir liggja.

Sveinn í Elivogum kvað um **sr. Gunnar á Æsustöðum**, er tekið hafði hross til hagagöngu af honum:

Þegar hesta haga þraut
og herti klakatakið,
Gunnar prestur skildi skaut
skálds fyrir nakið bakið.

Sr. Gunnar svaraði Elivogaskáldinu:

Hækka mun þinn hróður, Sveinn
hér í fjallasalnum.
Þú ert eins og stakur steinn
sem stendur upp úr dalnum.

Einmitt nú er hann genginn til sunnanáttar. **Ólína Jónasdóttir** orti af snilli sinni:

Lækjaraðir fjöllum frá
fram sér hraða af stalli,
sýnist glaður svipur á
Silfrastaðafjalli.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com



FRÉTTIR



Búfjáreigendur í Dalabyggð munu greiða fast gjald fyrir förgun dýrahræja með fasteignagjöldum. Mynd / ÁL

Dalabyggð:

Gjaldskrá fyrir söfnun og eyðingu dýraleifa

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti á fundi sínum í desember að innheimta gjald af dýraeigendum fyrir söfnun og eyðingu dýrahræja.

Frá þessu var greint á vef stjórnartíðinda í síðasta mánuði. „Förgunargjaldið byggir á fjölda búfjár á lögbýlum í sveitarfélaginu miðað við búfjárskýrslur Matvælastofnunar og verður innheimt með fasteignagjöldum.

Miðað er við að dýrahræ séu sótt til bænda og annarra búfjáreigenda með skráðan bústofn og komið í viðeigandi meðhöndlun. Farin verður ein ferð í viku að jafnaði," segir í bókun sveitarstjórnar.

Verðskráin gefur til kynna árlegt gjald sem reiknað er út frá stærð stofns. Sveitarstjórnin reiknar gjaldið í fjórum mismunandi þrepum og byrjar við 28.600 krónur fyrir aðila sem eiga færri en tuttugu ær.

Hæst er gjaldið 87.230 fyrir aðila sem eiga fleiri en áttatíu ær. Eitt hross reiknast sem þrjár ær og einn nautgripur sem fimm ær.

/ÁL

Mest flutt inn frá Úkraínu og Brasilíu

Heildarvirði landbúnaðarafurða sem flutt voru til ríkja Evrópusambandsins í október 2022 var 15,7 milljarðar evra, sem er þrjú prósent aukning frá fyrri mánuði.

Skýrist þetta af hækkuðu verði á sojamjöli, repjufræjum, hveiti og sólblómaolíu. Sambandið flutti út landbúnaðarvörur fyrir 20,7 milljarða evra á sama tíma, sem er samdráttur um 1,2 prósent milli mánaða. Þetta kemur fram í skýrslu sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gaf út í lok síðasta mánaðar.

Samdráttur var á útflutningi sem skýrist helst á minni sölu á sterku víni, ostum og ystingi. Þriggja prósenta virðisaukning var á útflutningi til Kína sem vegur að hluta til upp á móti þriggja prósenta niðursveiflu á sölu til Bandaríkjanna og tveggja prósenta minnkun til Bretlands. Þrátt fyrir þennan samdrátt í október er heildarútflutningur Evrópusambandsins árið 2022 til Bretlands og Bandaríkjanna meiri en nokkru sinni fyrr.

Flestar af þeim landbúnaðarafurðum sem fluttar eru til ESB eru upprunnar í Brasilíu og Úkraínu. Samdráttur var samt sem áður um 17 prósent á flutningi varnings frá fyrrnefnda landinu, á meðan það síðarnefnda naut 25 prósenta aukningar. 70 prósent þess sem keypt var frá Úkraínu var maís, sólblómaolía, sólblómafræ og repjufræ. Það land sem er með þriðju mestu hlutdeildina á flutningi landbúnaðarafurða til Evrópusambandsins er Stóra-Bretland.

/ÁL



Suður-Þingeyjarsýsla:

Bændur standa saman að aðfangakaupum

– Fengu hagstæð tilboð í áburðar- og olíukaup síðasta árs

Fyrir um ári síðan stóðu um 80 bú í Suður-Þingeyjarsýslu saman að því að óska eftir tilboðum áburðarsala um verð fyrir um 1.400 tonn áburðar sem talið var að þau þyrftu um vorið.

Það skilaði hópi bænda betri kjörum vegna áburðarkaupa en þeir áttu kost á samkvæmt útgefnum verðskrám. Um vorið náðu þeir fram hagstæðum olíukaupum með sams konar aðferð. Nú bíða þeir þess að allar verðskrár verði birtar og taka í kjölfarið ákvörðun um hvort óskað verði aftur eftir tilboðum.

„Við erum núna bara að bíða eftir að allt verð frá áburðarsölunum komi fram áður en við ákveðum hvort við förum sömu leið og á síðasta ári. Við erum með starfshóp hérna meðal bænda og starfsmanna Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga sem mun meta stöðuna – hvort ástæða er til að biðja um tilboð fyrir okkar bændur," segir Ari Heiðmann Jósavinsson, bóndi í Miðhvammi, og telur að um 120 bú séu á félagssvæði búnaðarsambandsins.



Ari Heiðmann Jósavinsson, bóndi í Miðhvammi. Mynd / Aðsend

Áburðurinn greiddur að hausti

„Í fyrra kusu þrír áburðarsalar að senda ekki inn tilboð en við fengum tilboð frá tveimur, Skeljungi og Búvís, og tókum því sem við fengum frá Skeljungi. Það var talsvert hagstæðara en á útgefnum verðlistum og við vorum mjög ánægð með að hafa náð þessu fram, kannski aðallega með samstöðu bænda. Stór kostur við það tilboð var líka að ekki þurfti að greiða fyrir áburðinn fyrr en um haustið, sem kom sér sérstaklega vel fyrir minni búin sem eru ekki alltaf í aðstöðu til að sækja sér slíka möguleika," segir Ari. Hann áætlar að um tíu bændur hafi skipt um áburðarsala vegna þessa tilboðsferils og um 40 bændur hafi tekið tilboði Skeljungs

„Ég á von á því að búnaðarsambandið farið þá leið að óska aftur eftir sérstökum tilboðspakka fyrir okkur, enda hefur áburður hækkað mjög á undanförnum árum – þó ekki sé útlit fyrir sambærilegar hækkanir nú. Þetta er á margan hátt hagkvæmt fyrirkomulag – líka fyrir áburðarsalana.

Þeir þurfa að taka miklu færri símtöl við bændur og eiga möguleika á því að sækja viðskipti inn í stóran markhóp með einföldum hætti."

Enn betri kjör á olíukaupum

Ari segir að bændahópurinn hafi einnig farið í olíuútboð síðasta vor, sem hafi gengið enn betur en með áburðinn – og allnokkrir bændur fengu mun betri kjör frá Skeljungi í gegnum það sameiginlega ferli. „Stóri árangurinn úr því var að á dreifbýlli svæðum þá fengum við olíunni dreift einu sinni í viku í stað hálfsmánaðarlega.

Þannig fengum við í raun betri þjónustu líka og hagstæðara verð. Svo fengu þeir bændur sem búa næst Húsavík kostakjör, því þeir gátu fengið ódýrustu vélaolíuna bara á sína dælu." Hann segist hafa lært mjög margt í þessu ferli, til dæmis að bændur eru mjög vanafastir þegar kemur að viðskiptasamböndum og skipta ógjarnan um söluaðila aðfanga nema eitthvað sérstakt komi til.

„Margir bændur hafa til dæmis fengið olíutanka frá fyrirtækinu sem þeir skipta við og óttast að missa þá þegar þeir fara í viðskipti við annan söluaðila. En það er ekkert vandamál í sjálfu sér að fá nýjan tank – en bara svona atriði getur þvælst fyrir bændum svo ég taki dæmi. Það var reyndar áhugavert að sjá að fleiri bændur færðu sín viðskipti, frá einum söluaðila til annars, í olíukaupum heldur en með áburðinn."

Að sögn Ara eru bændur á um 80 búum sem hafa verið móttækilegir fyrir þessum samræðum. Honum finnst sem þeirra frumkvæði í Suður-Þingeyjarsýslu í þessum málum sé dálítið til marks um breyttan tilgang búnaðarsambandanna í landinu.

„Þau eru kannski núna að finna sér nýjan stað í félagskerfinu – sem getur falist í því að standa í fararbroddi fyrir hagsmunamál eins og okkar hérna. Stjórnin hér hefur verið mjög dugleg í þessari vinnu.

Það verður að segjast eins og er að það höfðu ekki margir trú á því að við næðum einhverjum árangri en nú hefur það sýnt sig að það er hægt að ná fram hagsmunum í krafti stærðar hópsins og ég held að önnur búnaðarsambönd geti fylgt fordæmi okkar. Hver og einn bóndi er svo smár í stóra samhenginu," segir Ari.

/smh

Vindorkunýting:

Frestun skila á niðurstöðum

Starfshópur um málefni vindorku mun skila niðurstöðum sínum og drögum að frumvarpi um nýtingu vindorku til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra í áföngum.

Til stóð að starfshópurinn skilaði verkefninu af sér 1. febrúar, en samkvæmt tilkynningu úr ráðuneytinu hefur ráðherra fallist á beiðni hans um að það verði gert í áföngum.

Starfshópurinn var skipaður síðasta sumar og er verkefni hans að skoða og gera tillögur til ráðherra um nýtingu vindorku, um lagaumhverfi hennar og hvernig tekið verði á ýmsum álitamálum.

Niðurstöður starfshópsins munu hafa mikið um það segja hver afdrif hinna fjölmörgu vindorkuverkefna verða sem nú eru á teikniborðinu vítt og breitt um Ísland.

Í tilkynningu ráðuneytisins kom fram að ætlunin væri að skila fyrst samantekt þar sem dregin yrðu fram þau atriði sem starfshópurinn hefur verið að fjalla um og sem heppilegt kann að vera að fái opinbera umræðu, áður en endanlegar tillögur að lagabreytingum verði lagðar fram í vor.



Danskar vindmyllur. Mynd / HKr.

Í svari ráðuneytisins við fyrirspurn um hvenær von sé á fyrstu samantekt starfshópsins, kemur fram að gert sé ráð fyrir henni jafn fljótt og auðið er.

Starfshópinn skipa þau Hilmar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður, formaður, Björt Ólafsdóttir, fyrrverandi alþingismaður og umhverfisráðherra, og Kolbeinn Óttarsson Proppé, fyrrverandi alþingismaður.

/smh

Búvís

Verðskrá áburðartegunda 2023

Verð pr. tonn án virðisaukaskatts

Verð getur breyst á fyrirvara

	Áburðartegund	Verðskrá áburðar 2023 N	P	P2O5	Vatns uppl.	K	K2O	Ca	Mg	S	B	Se	Greitt ekki síðar en 15. maí 2023 kr/tonn án vsk.	Greitt ekki síðar en 15. október 2023 kr/tonn án vsk.
1	Kraftur 15+Ca+Mg	15,5						19,4	1,3				105.900 kr.	109.080 kr.
2	Kraftur 27+Ca+Mg	27,0						4,3	2,4				116.900 kr.	120.410 kr.
4	Völlur 23-6+Ca+Mg+S+Se	23,0	2,7	46,0	0,8			1,3	1,2	2,3		0,0015	121.900 kr.	125.560 kr.
5	Völlur 24-11+Ca+S	24,0	4,6	10,5	0,8	1,0	1,2			4,6			128.100 kr.	131.950 kr.
6	Völlur 17-15-13+Ca ***	17,4	6,3	14,5	0,8	9,8	11,9	1,9		1,3			132.800 kr.	136.790 kr.
7	Völlur 20-9-9+Ca+S+Se	19,8	3,7	8,5	0,7	7,1	8,6	2,2	0,5	3,5		0,0015	131.500 kr.	135.450 kr.
8	Völlur 20-11-7+Ca+S+Se	19,7	4,8	10,9	0,7	5,9	72,0	1,2	0,5	4,8		0,0015	133.500 kr.	137.510 kr.
9	Völlur 21-10-10+S	20,5	4,1	9,5	0,8	7,9	9,5		0,6	3,9			132.900 kr.	136.890 kr.
10	Völlur 22-6-4+Ca+Mg+S+Se	22,0	2,4	5,6	0,8	2,9	3,5	1,5	1,2	2,0		0,0015	126.800 kr.	130.610 kr.
11	Völlur 22-7-12+S+Se	21,5	2,9	6,6	0,7	9,6	11,5		0,7	2,4		0,0015	131.900 kr.	135.860 kr.
12	Völlur 26-6-6+S	25,7	2,6	6,0	0,8	4,8	5,8		0,2	2,0			125.500 kr.	129.270 kr.
13	Völlur 28-6-2+S	27,7	2,6	6,0	0,7	2,2	2,7			2,0			119.900 kr.	123.500 kr.
14	Kornað kalk (600 kg)							37,2					54.500 kr.	56.140 kr.

Áburður í 25 kg. pokum

21	* MAP 12-52 (25 kg)	12,0	22,7	52,0	1,0					2,8			4.900 kr.	5.050 kr.
22	* Gardenia 8-9-30+S (25 kg)	8,1	4,0	9,4	1,0	25,0	30,2		2,0	10,1	0		4.700 kr.	4.850 kr.

Viðskiptavinir eru hvattir til að panta sem allra fyrst.
Takmarkað magn.

Verðskráin er birt með fyrirvara um prentvillur.

*** Verð og innihald óstaðfest.

RAUCH wir nehmen's genau

ÞÝSKIR HÁGÆÐA DREIFARAR





FRÉTTIR



Stjórn síðasta starfsárs f.v. Steinþór Logi, Þuríður Lilja, Þórunn Dís, Jónas Davíð og Ísak Jökulsson en Sunna Þórarinsdóttir kom nú í stjórn í stað Þórunnar. Mynd / Aðsend

Samtök ungra bænda:

Hlúa verði að nýliðun

Aðalfundur Samtaka ungra bænda (SUB) var haldinn 14. janúar síðastliðinn.

Að þessu sinni fór hann fram á Eiðum í Múlaþingi og mættu fulltrúar frá öllum landshlutafélögum. Um kvöldið var haldin árshátíð sem skipulögð var af Félagi ungra bænda á Austurlandi. Voru þetta kærkomnar samkomur eftir takmarkanir síðustu ára. Frá þessu er greint í fréttatilkynningu SUB.

Ásamt hefðbundnum aðalfundarstörfum fór fram málefnavinna um málefni ungra bænda, en samtökin segja að sjaldan hafi meiri ástæða verið til að hlúa að nýliðun í landbúnaði. Dæmi um umræður voru áherslur ungra bænda í komandi endurskoðun búvörusamninga. Þar má helst nefna vilja ungra bænda til að halda í framleiðslustýringu í mjólkurframleiðslu og sauðfjárrækt en á sama tíma þurfi að tryggja betri aðgang nýliða að mörkuðum greiðslumarks en nú er.

Viðraðar voru hugmyndir þess efnis að nýliðar myndu njóta álags á opinberar stuðningsgreiðslur á fyrstu árum búskapar. Fundarmönnum þótti ljóst að nýliðunarstuðningur sem nú er dugi skammt til að framfylgja þeim markmiðum sem honum er ætlað. Því þyrfti að bæta þar við fjármagni og leita nýrra leiða til að styðja við kynslóðaskipti.

Einnig var rætt um kornrækt, ágang fugla á ræktarland, uppskerutryggingar, hlutdeildarlán í dreifbýli, veggirðingar og lausagöngu búfjár, afkomu mismunandi búgreina, hringrás næringarefna o.fl.

Breytingar á stjórn

Þær breytingar urðu á stjórn Samtaka ungra bænda að Þórunn Dís Þórunnardóttir lét af störfum eftir fjögur ár í stjórn og inn kom Sunna Þórarinsdóttir. Fyrir í stjórn voru Þuríður Lilja Valtýsdóttir, Ísak Jökulsson, Jónas Davíð Jónasson og Steinþór Logi Arnarsson formaður. Varastjórn er áfram skipuð Guðmundi Bjarnasyni, Helgu Rún Steinarsdóttur og Helga Valdimar Sigurðssyni. Næsti aðalfundur og árshátíð verður haldin á Suðurlandi að ári. */ÁL*

Flateyri:

Snjóflóðavarnir endurbættar

Ofanflóðavarnirnar fyrir ofan Flateyri voru reistar eftir mannskæð snjóflóð fyrir rúmum aldarfjórðungi.

Í janúar 2020 sýndi sig að úrbóta væri þörf, þegar tvö flóð runnu framhjá görðunum og olli annað tjóni í höfninni og féll hitt á íbúðarhús. Með endurbótum sem á að ráðast í í sumar á snjóflóðavarnagarðurinn að standast hamfarir sem má reikna með á þúsund ára fresti.

Verkfræðistofan Verkís hefur unnið að tillögum um endurbætur undir stjórn Kristínar Mörthu Hákonardóttur snjóflóðaverkfræðings. Í frétt á heimasíðu Verkís kemur fram að lagt sé til að „reistar verði þrjár keiluraðir ofan núverandi leiðigarða til þess að draga úr flóðhraða í bæði iðufaldi og þéttum kjarna áður en flóð lendir á leiðigarði og aðskilja iðufald og þéttan kjarna í flóði.“ Enn fremur er lagt til að þvergarðurinn milli leiðigarðanna verði endurbyggður hærri og brattari en áður, með örlítið breyttri legu. Þar að auki er lagt til að byggja nýjan leiðigarð sem beinir flóðum frá höfninni.

Jafnframt leggur verkfræðistofan til að reistir verði tveir kílómetrar af snjósöfnunargrindum í hlíðum Eyrarfjalls sem eiga að draga úr tíðni flóða. Einnig er talin ástæða til að styrkja glugga- og dyraop sem vísa upp í fjall á þeim húsum sem eru á áhættusvæðum. */ÁL*



Norrænt samstarf:

Meiri þátttaka bænda í náttúruvernd

Í verkefninu Landbúnaður og náttúruvernd, sem Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) hafði umsjón með fyrir fáum árum, var tilgangurinn meðal annars að kanna möguleika á samþættingu landbúnaðar og náttúruverndar – og ein af niðurstöðum þess verkefnis var að bændur geti haft margvíslegan hag af náttúruverndarstörfum.

Nú er framhaldsverkefni í farvatninu, því RML hefur hlotið styrk frá NORA, Norræna Atlantssamstarfinu, til að leiða samstarfsverkefni sem felst í því að hvetja bændur til þátttöku í náttúruvernd og umhverfis- verkefnum. Það er Sigurður Torfi Sigurðsson, ráðunautur RML á rekstrar- og umhverfissviði, sem er verkefnisstjóri nú líkt og áður en heiti nýja verkefnisins er Samstarf í landbúnaði – bændur gæslumenn lands.

„LOGN verkefnið (Landbúnaður og náttúruvernd) var tvíþætt, það byrjaði með viðhorfskönnum meðal bænda á Vesturlandi og Suður-Þingeyjarsýslu og viðtölum við bændur víða um land, en seinni hlutinn var tilraunaverkefni þar sem við afmörkuðum okkur við tiltekið svæði á sunnanverðu Snæfellsnesi og Mýrum. Þar fengum við nokkra bændur til að horfa á sinn búskap með þessum augum; hvaða möguleikar væru til dæmis á því að blanda náttúruvernd saman við búreksturinn. Í þessu verkefni sem fram undan er, ætlum við í fyrsta fasa að greina stöðuna í öllum þessum þremur löndum sem vinna saman í verkefninu, Grænlandi, Færeyjar og Íslandi,“ segir hann.

Ákvæði um þátttöku í náttúruverndarlögum

Sigurður Torfi telur að bændur geti í raun sinnt margs konar náttúruverndarverkefnum sam- hliða búrekstrinum. „Ég get nefnt landvernd og landgræðslu – endurheimt vistkerfa til dæmis eins og votlendis eða birkiskóga. Það getur verið ýmislegt. Sjálfbær landnotkun gæti líka fallið í þennan flokk – og margs konar loftslagsverkefni,“ segir hann.



Sigurður Torfi Sigurðsson, ráðunautur RML á rekstrar- og umhverfissviði, er verkefnisstjóri norræna verkefnisins.

Tilteknar aðgerðir gegn þóknun

Ákvæði 59. greinar náttúruverndarlaga er tengt verndun á vistkerfum, vistgerðum og/eða tegundum. Umhverfisstofnun er heimilt að semja við einstaka landeigendur eða rétthafa [lands eða sveitarfélög] um að þeir taki þátt í umönnun friðaðs vistkerfis, vistgerðar eða tegundar með því að annast tilteknar aðgerðir gegn þóknun. Slíka samninga er einnig heimilt að gera við náttúru- og umhverfisverndarsamtök. Samningar samkvæmt þessari málsgrein eru háðir staðfestingu ráðherra.

Spurður um mögulega þátttöku bænda í náttúruverndarverkefnum Íslands og stjórnvalda í kjölfar þessa norræna verkefnis, segir Sigurður Torfi það vel hugsanlegt. „Það er meira að segja gert ráð fyrir slíkri þátttöku í náttúruverndarlögum, en fram til þessa hefur það ekki tíðkast hér á landi að ég best veit. Þar segir í einu ákvæðinu að landeigendur geti gert samning við ríkið og fengið umbun fyrir að sinna tilteknum verkefnum.

Bændur þekkja vel sín lönd

Sigurður segir að það væru margir kostir við að þess konar fyrirkomulag myndi breiðast út á Íslandi því bændur þekki gjarnan best sín lönd sem séu verðmæti sem stjórnvöld geti hagnýtt.

Aðrir þátttakendur í verkefninu eru Vatnajökulsþjóðgarður og tvær ráðgjafarmiðstöðvar í Grænlandi og Færeyjum, sambærilegar RML – auk umhverfisstofnunar Færeyinga. Styrkveitingin er að upphæð 500 þúsund danskra króna fyrir fyrsta árið, en verkefnið er hugsað til þriggja ára.

Að sögn Sigurðar yrði annar fasi verkefnisins á næsta ári, ef framhaldsstuðningur fæst, sem fælist í því að skoða hvaða ónotuð tækifæri liggja hjá þessum löndum. Á þriðja ári yrði upplýsingum úr verkefninu miðlað með þeim hætti að þær geti nýst öðrum – eins og til dæmis stjórnvöldum.

Sigurður gerir ráð fyrir að strax í vor fari verkefnavinna af stað og líklega verði valin tiltekin svæði í námunda við Vatnajökulsþjóðgarð, þar sem leitað verður eftir þátttöku bænda. Að auki verður bændum sem tóku þátt í tilraunaverkefni LOGN gefinn kostur á þátttöku í verkefninu. */smh*

Málþing:

Lífrænn áburður til umfjöllunar

Fagráð í lífrænum landbúnaði stendur fyrir málþingi um jarðvegslíf, jarðgerð og verðmætasköpun í lífrænni ræktun fimmtudaginn 2. mars nk. kl. 10–16.


Málþingið ber yfirskriftina „Af jörðu ertu kominn“ og verður haldið í Vigdísarhúsi á Sólheimum í Grímsnesi. Efni málþingsins er ætlað að varpa ljósi á notkun á lífrænum áburði í landbúnaði hér á landi, hvað sé notað, hvaða nýju kerfi eru í farvatninu og hvernig þau samræmast gildum og reglum í lífrænni ræktun. Meðal fyrirlesara eru bæði íslenskir og erlendir sérfræðingar.

Meðal framsögumanna er austurrískur ráðgjafi og frumkvöðull, Gerald Dunst, eigandi moldarframleiðandans Sonnenerde, en erindi hans ber heitið: Hvers virði er heilbrigður jarðvegur? Jarðgerð og vinnsla á lífrænum áburði – verðmætasköpun í kolefnisbúskap.

Ingólfur Guðnason, brautarstjóri garðyrkjuframleiðslu við Garðyrkjuskólann á Reykjum /FSU, fer yfir áburðarefni í lífrænum landbúnaði á Íslandi. Valgeir Bjarnason, fagsviðsstjóri áburðarmála hjá Matvælastofnun fjallar um meðhöndlun og nýtingu lífrænna efna í áburð. Vincent Merida, doktorsnemi við umhverfis- og auðlindadeild HÍ, fer yfir kostnaðargreiningu áburðar í lífrænum og hefðbundnum landbúnaði á Íslandi og Rúnar Már Þórarinsson hjá Landeldi fjallar um landbætandi fiskeldi. Þá ræðir Cornelis Aart Meijles, ráðunautur hjá RML, um gæðastaðla fyrir áburðarefni og jarðvegsbæta úr lífrænum efnum til lífrænnar framleiðslu. Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur hjá Environice, fjallar um veikleika og styrkleika í aðfangakeðju lífræns landbúnaðar.

Fundarstjóri málþingsins verður Karvel Karvelsson, framkvæmdastjóri RML, og mun hann stjórna umræðum að loknum erindum.

/ghp



Efni málþingsins er ætlað að varpa ljósi á notkun á lífrænum áburði í landbúnaði hér á landi.



Yara Bela kalsíum ammóníumnítrat áburður hentar vel fyrir íslenskar aðstæður og er einnig umhverfis-vænn.

Frekari upplýsingar um form köfnunar-efna í áburði er að finna á yara.is

Verðskrá 2023

Upplýsingar á yara.is og hjá sölumönnum.

Yara einkorna áburður

Hin fullkomna pakkalausn fyrir íslenskar aðstæður



SS var stofnað árið 1907 og er samvinnufélag búvöruframleiðanda. Það er markmið SS að selja bændum hágæða einkorna áburð á eins hagstæðu verði og mögulegt er. Með því stuðlum við að samkeppnishæfi innlendrar búvöruframleiðslu og úrvals afurðum neytendum til hagsbóta.

Sláturfélag Suðurlands
Fosshálsi 1, Reykjavík - 575 6070
yara@yara.is - www.yara.is

FRÉTTIR



„Fiskveiðistjórnunarkerfi sem er svo niðurnjörvað að það heimili ekki svigrúm upp á 1% þegar 712 útgerðir smábáta eiga í hlut getur ekki talist besta fiskveiðistjórnunarkerfi í heimi," segir Örn Pálsson. Mynd / VH

Frumvarp um strandveiðar:

Afturför til ólympískra veiða

Matvælaráðuneytið hefur birt í samráðsgátt stjórnvalda drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða við svæðaskiptingu strandveiða. Landssamband smábátaeigenda telur frumvarpið afturför og auka slysahættu.

Í frumvarpinu er lagt til að aflaheimildum til strandveiða verði skipt á fjögur landsvæði líkt og gert var áður en núverandi fyrirkomulag var sett á árið 2018.

Ætlunin er að skipting aflaheimilda fari eftir fjölda báta sem skráðir eru á hvert svæði. Þegar leyfilegum heildarafla hvers tímabils á viðkomandi svæði verður náð skal Fiskistofa stöðva veiðar á því svæði.

Neikvætt skref

Örn Pálsson, framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda, segir að í greinargerð sem fylgir frumvarpsdrögunum komi fram að landssambandið sé á móti breytingunum og einnig önnur minni samtök smábátaeigenda.

„Við teljum þetta almennt vera neikvætt skref aftur á bak til þess tíma þegar ólympískar veiðar voru stundaðar á landsvísu og skapi aukna slysahættu og hafi önnur neikvæð áhrif á aðstæður til strandveiða.

Fiskgengd á grunnslóð misjöfn milli ára

Í máli Arnar kemur fram að allt mæli með því að viðhalda því sem smábátaeigendur hefðu aðlagast og að líta verði til þess að veður og fiskgengd á grunnslóð sé afar misjöfn milli ára.

„Á síðustu tveimur árum hafi hvort tveggja verið með miklum ágætum og því með ólíkindum að ekki hafi verið tekið tillit til þess. Árið 2022 skilaði rúmum 11 þúsund tonnum af þorski sem leiddi til þess að ekki hafi verið heimilt að róa frá og með 25. júlí til loka ágúst. Stöðvun olli því að heildarþorskafli fiskveiðiársins varð 2.500 tonnum minni, hefði endað í 242.719 tonnum en ekki 240.219 tonnum.

Fiskveiðistjórnunarkerfi sem er svo niðurnjörvað að það heimili ekki svigrúm upp á 1% þegar 712 útgerðir smábáta eiga í hlut getur ekki talist besta fiskveiðistjórnunarkerfi í heimi. Í ljósi þessa á matvælaráðherra að setja frumvapsdrögin niður í skúffu og leggja þess í stað til að Alþingi felli burt ákvæðið um að Fiskistofu sé skylt að stöðva strandveiðar þegar ákveðnum afla verði náð.

Það myndi tryggja 48 daga til strandveiða sem allir strandveiðisjómenn kalla eftir og yrði til að auka sátt þjóðarinnar til stjórnkerfis fiskveiða."

Í frumvarpinu eru svæðin ekki skilgreind þar sem ákvæði er um að ráðherra skuli með reglugerð kveða nánar um skiptingu landsvæða og aflaheimilda á tímabil og landsvæði. Umsagnarfrestur er til og með 15. febrúar 2023.

/VH



Áburðareftirlit 2022:

Þrjár áburðartegundir teknar af skrá

Niðurstöður áburðareftirlits Matvælastofnunar (MAST) fyrir síðasta ár hafa verið birtar. Þrjár áburðartegundir Skeljungs reyndust með magnesíum undir leyfðum vikmörkum og hafa verið teknar af skrá Matvælastofnunar.

Ein áburðartegund Sláturfélags Suðurlands (NPK 25-2-6) reyndist með kadmíum innihald við hámark, eða 54,69 milligrömm á kíló fosfórs þar sem almenn vikmörk eru 50 milligrömm á kíló fosfórs, en ekki þurfti að taka hana af skrá. Í skýrslu MAST um niðurstöðurnar kemur fram að vegna stríðsátaka í Úkraníu – og viðskiptaþvingana á Rússland – þótti sýnt að ekki yrði unnt að útvega kadmíumsnauðan fosfór fyrir árið 2023, en sá fosfór kemur aðallega frá Kólaskaga. Því var ákveðið með reglugerð að hækka leyfilegt magn kadmíum í fosfór upp í 150 milligrömm á kíló. Reglugerðin er sett til bráðabirgða og gildir einungis út árið 2023.



Áburðareftirlit á Íslandi er í höndum Matvælastofnunar.

Áburðartegundunum má ekki dreifa

Þessar þrjár áburðartegundir með of lítið magnesíum má ekki dreifa til notenda fyrr en Matvælastofnun er búin að taka sýni af þeim og láta efnagreina og niðurstöður þeirra sýni að áburðurinn stenst kröfur.

Í áburðartegundinni Sprettur 22-7-6 mældist magnesíum 0,59 prósent undir skráðu gildi, en má mest vera 0,55 undir skráðu gildi. Niðurstöður fyrirtækisins gáfu gildi fyrir magnesíum 0,64 prósent undir skráðu gildi, en til að áburðartegund sé tekin af skrá þurfa bæði niðurstöður MAST og fyrirtækisins að bera saman um að viðkomandi áburður standist ekki kröfur. Í Spretti 20-10-10+Se mældist köfnunarefni 1,1 prósent undir skráðu gildi sem er á leyfðum vikmörkum en magnesíum 0,62 prósentustig undir skráðu gildi. Niðurstöður fyrirtækisins gáfu gildi fyrir köfnunarefni 0,40 prósent undir skráðu gildi en magnesíum 0,82 prósentustig undir skráðu gildi. Áburðartegundin er því tekin af skrá vegna lágs gildis magnesíums.

Í áburðartegundinni Sprettur 20-12-8+Se mældist magnesíum 0,73 prósent undir skráðu gildi. Niðurstöður fyrirtækisins gáfu gildi fyrir magnesíum 0,77 prósent undir skráðu gildi. Áburðartegundin er því tekin af skrá.

Tuttugu innflutningsfyrirtæki

Á árinu 2022 fluttu 20 fyrirtæki inn áburð og jarðvegsbætandi efni, alls 334 tegundir. Magn innflutts áburðar og jarðvegsbætandi efna var alls 50.809 tonn.



Valgeir Bjarnason.

Valgeir Bjarnason, sem hefur umsjón með áburðareftirliti MAST, segir að samkvæmt reglugerð beri stofnuninni að birta niðurstöður áburðareftirlits fyrir lok viðkomandi árs. Það sé hins vegar ekki hægt þar sem skýrslan eigi að ná yfir áburðarmarkaðinn ár hvert og árið nái alveg til 31. desember. Því sé reynt að klára það eins fljótt og hægt er í janúar.

Tímafrekt eftirlitsferli

Í áburðareftirliti MAST eru birtar niðurstöður um áburð sem bændur hafa þegar dreift á sín ræktarlönd.

Stundum hafa áburðartegundir verið langt frá því að standast kröfur. Spurður um hvort þetta sé ekki óheppilegt fyrirkomulag, segir Valgeir að þessu sé ekki hægt að breyta því fylgja þurfi ákveðnu tímafreku ferli samkvæmt reglugerð.

Ekki má setja hindranir á innflutning

„Áburðurinn er í frjálsu flæði samkvæmt EES-samningi og því má ekki setja á hann hindranir vegna innflutnings eða dreifingar nema í þeim tilfellum sem rökstuddur grunur er um að hann standist ekki kröfur. Megnið af þessum áburði sem ætlaður er til landbúnaðar kemur í apríl og flest sýnin eru tekin þá. Sýnataka og undirbúningur sýna til sendinga tekur nokkra daga frá hverju fyrirtæki. Sýnunum er skipt í fjögur lokasýni og fær fyrirtækið eitt sýni til að geta andmælt niðurstöðum Matvælastofnunar.

Sýnin eru send til faggiltrar rannsóknastofu í Þýskalandi, niðurstöður koma eftir um fjórar vikur eða í lok maí eða byrjun júní ár hvert. Þá er megnið af áburðinum kominn á tún og akra.

Niðurstöðurnar þurfa að fara til viðkomandi fyrirtækja og þeim veittur andmælaréttur til að andmæla niðurstöðum Mast, en það er samkvæmt stjórnsýslulögum. Fyrirtækin þurfa tíma til að senda andmælasýni til rannsóknastofa og fá niðurstöður þaðan og senda til Matvælastofnunar.

Þessi samskipti geta teygst fram í september ár hvert, því stundum þurfa fyrirtækin að fá frest til að skila sínum niðurstöðum, til dæmis vegna sumarleyfa erlendis," segir Valgeir. Ferlinu sé því ekki hægt að breyta. Áburður, eins og flest önnur vara, sé framleiddur undir gæðaeftirliti framleiðandans og það sé fyrirtækjanna að tryggja að hann standist kröfur.

„Þar að auki er komin ný reglugerð í Evrópu sem er í innleiðingaferli hér sem gerir ráð fyrir að allar áburðarvörur á markaði séu CE vottaðar sem á að tryggja enn betur að þær standist kröfur," segir Valgeir að lokum.

/smh

Minna flutt út af hrossakjöti

Tæp 200 tonn af hrossakjöti voru flutt út árið 2022 samkvæmt tölum Hagstofunnar.

Það er töluvert minna en árið áður, þegar rúm 320 tonn voru seld út. Meðalverð á kíló reyndist 479 kr. sem er umtalsvert hærra en árið áður, þegar það var 337 kr. Heildarverðmæti á útfluttu hrossakjöti var tæp 95 milljónir króna.

5 tonn til Kasakstan

Ekkert kjöt fór til Þýskalands, sem hefur á undanförnum árum verið stærsti innflytjandi íslensks hrossakjöts.

Mest fór til Belgíu árið 2022, tæp 66 tonn á 182 kr/kg, en hæsta kílóverðið var á kjöti til Sviss, 1.376 kr/kg. Rúm 5 tonn fóru til Kasakstan, sem er nýtt á lista innflutningslanda íslensks hrossakjöts. Ekkert var flutt til Rússlands sem hefur áður verið nokkuð stórt viðskiptaland með vöruna.

/ghp

Land	Magn(kg)	Verð/kr. (FOB)	Kr. pr. kg
Belgía	65.875	11.966.376	182
Finnland	23.652	8.131.766	344
Færeyjar	23	31.282	1360
Holland	6.710	2.282.541	340
Japan	11.712	9.627.454	822
Kasakstan	52.000	11.165.220	215
Sviss	37.260	51.263.606	1376
Svíþjóð	19	9.232	486
Alls	**197.251**	**94.477.477**	**479**


limtrevirnet.is

STEINULLAR-EININGAR

Hagkvæm íslensk lausn







- Íslensk, CE vottuð framleiðsla
- Hægt að afhenda með hönnun og teikningum til samþykktar hjá byggingafulltrúa.
- Henta vel í útveggi, þök og hvers konar milliveggi.
- Henta vel t.d. í fjós, reiðskemmur, íþrótta- og iðnaðarhús.
- Hagstætt verð og fljótleg uppsetning.
- Samþykktar fyrir EI60 milliveggi.

LímtréVirnet

ÍSLENSKT

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

FRÉTTIR



Talsvert magn næringarefna er í matarúrgangi en nýting úr þeim úrgangsflokki hefur verið mjög lítil. Frá áramótum hefur verið skylt að flokka hann sérstaklega og safna saman. Mynd / Melta

Farvegur næringarefna inn í hringrásarhagkerfið

Von er á vegvísi um nýtingu á lífrænum efnum til áburðargjafar í landbúnaði og landgræðslu inn í samráðsgátt stjórnvalda.

Bann við urðun á niðurbrjótanlegum úrgangi tók gildi hér á landi 1. janúar síðastliðinn og því ljóst að finna þarf farvegi fyrir verðmæt næringarefnin í þessum úrgangi sem hafa verið urðuð en er nú skylt að safna sérstaklega.

Matvælaráðuneytið setti af stað vinnu á haustmánuðum um gerð vegvísisins til að vinna að betri nýtingu lífræns úrgangs sem til fellur í samfélaginu og fékk verkfræðistofan EFLA það hlutverk að halda utan um gerð hans.

Sama magn næringarefna í íslenskum úrgangi og innfluttum áburði

Matís gaf út skýrslu á síðasta vori um greiningu á magni lífrænna áburðarefna á Íslandi og tækifæri til aukinnar nýtingar. Þar kom fram að heildarmagn af köfnunarefni, fosfórs og kalí í lífrænum úrgangi á Íslandi væri metið til jafns við magnið af þessum næringarefnum sem væri flutt til landsins í formi innflutts áburðar.

Þar kemur enn fremur fram að langmest af næringarefnunum er að finna í búfjárúrgangi sem almennt er vel nýttur þó til séu undantekningar. Einnig að mikið magn næringarefna sé að finna í úrgangi frá eldisdýrum eins og í svína- og alifuglarækt og í úrgangi frá fiskeldi, en talið er líklegt að magnið þaðan fari hratt vaxandi á næstu misserum. Næringarefni í skólpi og seyru eru metin talsverð sem og í matarúrgangi en nýting þeirra efna sé mjög lítil.

Í skýrslunni er varað við því að draga þá ályktun að nóg sé til af næringarefnum á Íslandi þar sem stór hluti næringarefna í búfjáráburði komi úr innfluttum tilbúnum áburði og kjarnfóðri og einnig ríki óvissa um hversu stór hluti sláturúrgangs og dýrahræja sé nýtanlegur sökum heilbrigðissjónarmiða.

Nákvæm tímasetning liggur ekki fyrir

Samkvæmt upplýsingum úr matvælaráðuneytinu er vegvísinum ætlað að nýtast í vinnu við mótun stefnu og aðgerðaáætlana fyrir matvæli, landbúnað, landgræðslu, skógrækt, fiskeldi og sjávarútveg.

„EFLA hefur skilað til matvælaráðuneytisins drögum að vegvísinum og hefur hann verið til skoðunar í bæði matvælaráðuneytinu og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu. Drög að vegvísinum verða kynnt í samráðsgátt stjórnvalda á næstunni en nákvæm tímasetning liggur ekki enn fyrir," segir í svari ráðuneytisins við fyrirspurn um framvindu vinnunnar. Vegvísirinn mun taka mið af loftslagsstefnu stjórnvalda og stefnu um hringrásarhagkerfið og er ætlað að varða veginn að settu markmiði um sjálfbæra nýtingu lífrænna efna til áburðar árið 2040 eða fyrr.

Til samráðs við gerð vegvísisins hefur EFLA stofnanir ráðuneytisins og hagaðila, til að mynda Matís, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Landgræðsluna og MAST.

/smh



Sjókvíaeldi:

Sláandi athugasemdir Ríkisendurskoðunar

Ríkisendurskoðun hefur birt viðamikla stjórnsýsluúttekt um sjókvíaeldi, lagaframkvæmd, stjórnsýslu og eftirlit með greininni. Í úttektinni eru gerðar margar sláandi athugasemdir sem beinast að stjórnvöldum og fyrirtækjum sem stunda sjókvíaeldi við landið. Auk þess sem eftirlit með sjókvíaeldi er sagt of lítið.

Í niðurstöðu úttektarinnar segir að stjórnsýsla og eftirlit með sjókvíaeldi hafi reynst veikburða og brotakennt og ekki í stakk búið til að takast á við aukinn vöxt og umsvif greinarinnar á síðustu árum.

Meðal þess sem kemur fram í úttektinni er að stjórnsýslan og þær stofnanir sem eiga samkvæmt lögum að sjá um eftirlit hafi ekki verið styrktar til að geta sinnt lögbundnum skyldum sínum.



Eftirlit með sjókvíaeldi er of lítið að mati Ríkisendurskoðunar. Stofnanir sem eiga samkvæmt lögum að sjá um eftirlit hafa ekki verið styrktar til að geta sinnt lögbundnum skyldum sínum í takti við vöxt greinarinnar. Mynd / VH

Ekki sátt og stefnulaus uppbygging

Í úttektinni segir einnig að hvorki hafi „skapast aukin sátt um greinina né hafa eldissvæði eða heimildir til að nýta þann lífmassa sem talið er óhætt að ala á tilteknum hafsvæðum verið úthlutað með útboði af hálfu matvælaráðherra".

Þá segir að: „Samþjöppun eignarhalds, stefnulaus uppbygging og rekstur sjókvía á svæðum sem vinna gegn því að auðlindin skili hámarks ávinningi fyrir ríkissjóð hefur fest sig í sessi án mikillar umræðu eða atbeina stjórnvalda. Verðmætum í formi eldissvæða og lífmassa hefur verið úthlutað til lengri tíma án endurgjalds og dæmi eru um að uppbygging sjókvíaeldis skarist á við aðra mikilvæga nýtingu strandsvæða, svo sem siglingaleiðir, helgunarsvæði fjarskipta- og raforkustrengja og við hvíta ljósgeira siglingavita."

Ekkert samstarf milli ráðuneyta

Í úttektinni segir að talsverð skörun sé á milli krafna fyrir starfsleyfi og rekstrarleyfi og athygli vekur að samstarf umhverfis- og matvælaráðuneytisins er nánast ekkert þegar kemur að fiskeldi. Þannig hafa verið settar reglur um rekstrarleyfi sem skarast á við ákvæði um starfsleyfi og öfugt.

Í lögum um fiskeldi er kveðið á um að matvælaráðherra skuli ákveða skiptingu fiskeldissvæða meðfram ströndum landsins ef vistfræðileg eða hagræn rök mæli með því. Ráðherra nýtti ekki þessa heimild og rekstraraðilar gátu því hafið undirbúning fyrir sjókvíaeldi hvar sem er fyrir utan skilgreind friðunarsvæði, með því að hefja matsferli í samræmi við þágildandi lög um mat á umhverfisáhrifum.

Þetta hafði þau áhrif að upp kom kapphlaup um eldissvæði og ósamræmi við aðra nýtingu á viðkomandi svæðum og vann gegn markmiðum um að heildarnýting svæða væri sem hagkvæmust. Þá eru dæmi um að ófullkomnar matstillögur og leyfisumsóknir væru sendar inn til meðferðar í stjórnsýslunni með það að markmiði að vera á undan næsta rekstraraðila.

Umfjöllun ekki samkvæmt núgildandi lögum

Árið 2019 tóku gildi lagabreytingar sem gera ráð fyrir að ráðherra taki ákvörðun um hvaða firði eða hafsvæði skal meta til burðarþols í sjókvíaeldi og að Hafrannsóknastofnun taki ákvörðun um hvernig skipta eigi viðkomandi hafsvæði í eldissvæði sem eru síðan auglýst og boðin út. Þær lagabreytingar eru ekki enn komnar til framkvæmda og óljóst er hvernig þeim verður háttað. Auk þess hefur ekkert þeirra leyfa sem gefin hafa verið út til starfsemi sjókvíaeldis fengið umfjöllun á hverju þeirra stiga sem núgildandi ferill gerir ráð fyrir samkvæmt lögum.

Samkvæmt úttektinni hafa lagabreytingar sem gerðar voru árin 2014 og 2019 hvorki haft í för með sér betri og skilvirkari ferli leyfisveitinga né eftirlits. Eftirlit með sjókvíaeldi við Íslandsstrendur er of takmarkað og háð aðgengi að búnaði og starfsfólki fiskeldisfyrirtækja.

/VH

Danmörk:

Eiturefni fundust í lífrænum eggjum

PFAS efni (e. per- and polyfluorinated alkyl substances) greindust í eggjum sem framleidd eru í Danmörku.

Orsökin er rakin til fiskimjöls sem innhélt áðurnefnt efni í of háu magni. Áhyggjur eru af neikvæðum áhrifum á heilsu einstaklinga sem neyta lífrænu eggjanna í miklu magni. Sama efni fannst í eggjum sem framleidd eru á hefðbundinn máta, en í minna magni. DTU Fødevareinstituttet greinir frá í fréttatilkynningu.

PFAS efni finnast meðal annars í viðloðunarfríum pottum og pönnum, ásamt vatnsfráhrindandi fatnaði. PFAS efni geta haft neikvæð áhrif á æxlun og eru talin vera krabbameinsvaldandi. Þessi efni eru kölluð þrávirk þar sem þau brotna ekki að fullu niður í náttúrunni og eru mörg ár að leysast upp í líkamanum eftir inntöku. Þetta er dæmi um efni sem berst upp fæðukeðjuna, en í þessu tilfelli var leiðin frá fiskum upp í hænsn og þaðan í fólk.

Umrætt efni fannst í eggjum frá lífrænum eggjaframleiðendum um alla Danmörku í rannsókn sem framkvæmd var af DTU Fødevareinstituttet í samstarfi við Fødevarestyrelsen. Magnið sem fannst er yfir mörkum sem Evrópusambandið setti á matvæli 1. janúar síðastliðinn. Líklegt er talið að sambærilegt hámark PFAS efna verði sett á dýrafóður til að koma í veg fyrir að atvik sem þessi endurtaki sig.

Áður en áðurnefnd mörk voru sett á matvæli er hugsanlegt að PFAS innihald hafi oft náð þeim mörkum sem mældust í lífrænu eggjunum núna. Þessi efni eru skaðvaldar hjá öllum aldurshópum, en sérstaklega er tekið fram að börn á aldrinum fjögurra til níu ára sem



Danskar eftirlitsstofnanir fundu of mikið magn þrávirkra eiturefna í eggjum. Efnið berst upp fæðukeðjuna í menn og getur valdið neikvæðum heilsufarsáhrifum. Mynd / Louis Hansel

borða að meðaltali tvö og hálft egg á viku, innbyrði of mikið magn eiturefnanna, þegar styrkleiki efnisins er sá sem hann mældist núna.

Kit Granby, hjá DTU Fødevareinstituttet, segir fóðurframleiðendur í Danmörku leita leiða til að skipta út fiskimjöli fyrir aðrar fóðurtegundir. Með því ætti magn PFAS í eggjum frá hænum sem innbyrtu eiturefnin að minnka um helming á fjórum til sjö dögum. Granby er bjartsýn á að með því verði þetta tiltekna vandamál úr sögunni.

/ÁL

Íslenska alla leið!

Á Íslensku Klíníkinni í Búdapest njóta gestir persónulegrar þjónustu alla leið, og það á móðurmálinu. Gestir okkar eru sóttir á völlinn, funda með íslenskum ráðgjöfum sem halda utan um ferlið allt, njóta sérkjara á hinu dásamlega Aquaworld hóteli, hvar við erum staðsett og að lokum skilum við gestum okkar af okkur á völlinn með skjannahvítt bros og skemmtilegar minningar.

Ungverjar eru þekktir fyrir góðar tannlækningar og landið lengi verið miðstöð lækninga og heilsu. Nú er hægt að njóta þess besta í tannlækningum og sjálfsdekri í undraveröld Aquaworld án nokkurrar málakunnáttu ... og samt spara verulegar upphæðir.







Íslenska Klíníkin
Búdapest

- **Úrvals tannlæknar með framhaldsmenntun**
- **Tannlæknastofa búin þeim bestu tækjum sem völ er á**
- **Gisting á 4 stjörnu hóteli á sérkjörum**
- **Aðgangur að vatnagarði og gufu**
- **Nuddstofa, snyrtistofa, hárgreiðslu-stofa o.fl. innan veggja hótelsins**
- **Útsölumarkaðir innan seilingar við hótelið**
- **Íslensk ráðgjöf alla leið í gegnum ferlið og aðstoð við allt sem viðkemur því að njóta þess besta sem Búdapest hefur upp á að bjóða**
- **Sjálfsdekur og sparnaður í sömu ferð**

Vilt þú kynna þér málið?

Ráðgjafar okkar
svara þér um hæl.

Sími
851 9800
Tölvupóstur
tennur@islenskaklinikin.eu

Svo má alltaf finna okkur á Facebook og Instagram

NYTJAR HAFSINS

Saga loðnuveiða:

„Hrognin eru að koma, gerið kerin klár“

– söng Bubbi um loðnuhrognin

Sigurgeir B. Kristgeirsson
binni@vsv.is



Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki eru markaðsráðandi á heimsvísu í framleiðslu loðnuhrogna. Ætla má að 80–100% heimsframleiðslunnar á hverju ári sé í sjávarþorpum Íslands.

Loðnuhrogn eru nýtt á margvíslegan hátt en yfirleitt eru þau hrá við neyslu. Hreinlæti og ferskleiki skipta því afar miklu máli við framleiðsluna. En erfiðast af öllu er að hrognavertíðin stendur einungis í 10–20 daga ár hvert á vetrarvertíðinni þegar allra veðra er von.

Íslendingar stýra loðnuhrognamarkaði á heimsvísu

Verðmæti hrognaframleiðslu síðustu 20 ár er um 120 milljarðar króna, eða um 5 milljarðar að meðaltali ár hvert. Það er því mikið undir. En hvernig stendur á því að Íslendingar stýra hrognaframleiðslunni og hvers vegna er þetta svona og hverjum er það að þakka?

Loðnan er kaldsjávarfiskur og veiðist víða

Loðna er kaldsjávarfiskur, finnst við norðurhluta Japan, í Barentshafi, við Kanada og líklega Grænland þar sem hún er ekki nýtt, auk Íslands. Loðnan sem veiðist við norðurhluta Japan er mun stærri en sú íslenska og þaðan kemur neysluhefðin. Þar var hún ofveidd og hefur ekki borið sitt barr síðan enda er stjórn fiskveiða við Japan í molum eins og Ayumu Katano lýsti fyrir lesendum Bændablaðsins í viðtali 12. ágúst 2021.

Í Kanada er loðnan veidd á smábátum á sumartíma þar sem ómögulegt er að koma við kælingu og góðri meðferð aflans. Auk þess eru vinnslurnar litlar og án tæknivæðingar. Loðnan í Kanada er stór og góð þegar hún kemur úr sjónum en meðferð hennar leiðir til lakra gæða og takmarkaðrar eftirspurnar. Vegna slæms skipulags veiðanna er afkoma fyrirtækjanna slæm og leyfir ekki neina framþróun eða tæknivæðingu.

Norðmenn og Rússar veiða loðnu í Barentshafi. Norðmenn eru með stór og öflug skip með mikla kæligetu auk þess að vinnslur í landi eru öflugar. Íslendingar hafa framleitt tæknibúnað við hrognaframleiðslu Norðmanna, kennt þeim og staðið yfir framleiðslu þar. Í Noregi mega útgerðir og vinnslur ekki vera á sömu hendi. Þeir geta því ekki stjórnað veiðum og vinnslu saman og hafa þar af leiðandi ekki náð viðunandi árangri í loðnuhrognaframleiðslu. Önnur skýring á árangursleysi þeirra er að loðnuveiði í Barentshafi er sveiflukenndari en við Ísland.



Hrognafrysting 1972. Stúlkurnar eru: Jarþrúður Júlíusdóttir og Petra Ólafsdóttir. Myndir / Sigurgeir Jónasson

Heimildir um nytjar loðnu

Ýmsar sögur eru um nytjar Íslendinga af loðnu áður en veiðar og vinnsla hennar hófust árið 1963 fyrir suðurströndinni. Litlar heimildir eru um að Íslendingar hafi borðað loðnu en þó segir frá því í bók Steinþórs Þórðarsonar frá Hala að Suðursveitungar hafi gengið fjörur frá góu og fram á sumarmál og tínt það sem rak, bæði þorskhausa og síli eins og hann kallar loðnuna. Þá skipti máli að vera kominn fram á fjöruna í þann mund sem birti til að ná að safna fiski og síli áður en fuglinn kæmi að tína. Síli var þá étið eins og hægt var meðan rak og var geymt í sköflum allt upp undir hálfan mánuð og það sem ekki nýttist til matar á rekatímanum var hert og borðað með flatbrauði meðan entist út sumarið. Vestur á Snæfellsnesi þekki ég þá sögu að sveitakarlarnir veiddu loðnu og söltuðu upp úr 1900 og nýttu sem skepnufóður.



Loðnuhrognum safnað í grisjupoka 1972. Óþekktir starfsmenn.

Upphaf loðnuveiða og -vinnslu í atvinnuskyni á Íslandi

Hornfirðingar hófu að veiða loðnu fyrir 1920 og nýttu hana til beitu. Loðnuveiðar til bræðslu hófust 1963 en þá var landað rétt rúmum 1.000 tonnum, þar af tæp 900 tonnum í bræðslu hjá Fiskimjölsverksmiðju Vestmannaeyja, og strax árið 1964 var 8.640 tonnum landað. 1963 var Ófeigur II t.d. með síldar-, loðnu- og þorsknót samtímis um borð og veiddi í þá nót sem líklegust var þann daginn.

Í Eyjum var ýmislegt reynt til að nýta loðnuna, m.a. að frysta hana sem fóður fyrir danska ketti! Í kjölfarið fóru útgerðarmenn víðar að reyna fyrir sér og sem dæmi héldu útgerðarmenn í Sandgerði til loðnuveiða árið 1964. Þeim gekk illa að selja loðnuna til bræðslu suður með sjó og seldu hana því í beitu. Þeir reyndu síðar að fá forsvarsmann bræðslunnar í Sandgerði til að kaupa aflann en hann vildi ekki loðnuna og taldi ónýtan fisk.

En eftir fortölur fékkst hann til að prófa og úr varð fínasta mjöl og lýsi.

Loðnu- og loðnuhrognafrysting hófst í Eyjum

Það var japanskur sölumaður sem sá hrognin kreistast úr loðnunni við löndun til bræðslu á Íslandi og datt í hug að nýta hrognin í Japan. Hann lét gera tilraun árið 1971 og sendi bæði söltuð og fryst loðnuhrogn til Japan.

Þau söltuðu reyndust ónýt en hin frystu ágæt. Með þá þekkingu í farteskinu samdi Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna við japanska kaupendur árið 1972 um sölu á 200 tonnum af hrognum og var Eyjamönnum falið að vinna hrognin en einungis tókst að framleiða 22 tonn það árið. Samhliða hófst frysting hrygnu fyrir Japansmarkað í Eyjum.

Það voru miklar æfingar við fyrstu hrognatökuna. Viðmælendur mínir, sem eru margir, sögðu frá ýmsum æfingum en fyrst var hrognunum safnað saman í grisjupokum. Einn heimildarmaður sagði mér frá þegar hann fór út á ruslahauga Eyjamanna til að ná sér í járnnet til að reyna að sigta hrognin. Menn báru síðan saman bækur sínar og smám saman þróaðist vinnslan. Í fyrstu var hrognunum safnað í grisjupoka en vandinn var að samhliða söfnuðust svilin sem límdu saman hrognin og gátu þau orðið að hörðum köggli, ekki ósvipuðum gúmmíkúlum. Á því varð að finna lausn þar sem kaupendur vildu hafa hrognin laus. Lausnin var að skola hrognin í talsverðu magni af sjó.

Þróun tækni og lausna við vinnsluna

Eftir gos hófu Eyjamenn að kreista loðnuna, sem kallað var. Loðnan fór gegnum þrengingu og sprakk svo unnt var að aðskilja hrognin í tromlum, sem þá voru komnar til sögunnar.

Vandinn við kreistinguna var að mikið af aðskotahlutum slæddist með, s.s. bein, uggar, augu, hreistur, ormar o.fl., sem ekki er gott að hafa með hrogununum því kaupendur vildu hafa hrognin hrein.

Þá hófu menn að skera loðnuna sem fólst í því að loðnan fór í gegnum hnífasett og var þannig skorin og þá var farið að tala um að kútta loðnu. Sú aðferð er allsráðandi í dag. Í kjölfar alls þessa hefur orðið mikil þróun í hreinsun hrogna. Hrognin eru þvegin í miklu sjómagni og til þess eru notaðir gríðarstórir pottar auk annars búnaðar.

Sem dæmi dælir Vinnslustöðin um 300–400 tonnum af sjó í þessa potta á klukkutíma til hreinsunar. Kostur Vestmannaeyja er sá að auðvelt er að ná í dauðhreinsaðan sjó í gljúpu bergi Heimaeyjar. Frá náttúrunnar hendi eru Eyjarnar því kjörstaður loðnuhrognavinnslu.

En loðnuhrogn eru nú framleidd í flestum uppsjávarbyggðum landsins.

Helstu markaðir loðnuhrogna

Lengst af var eini markaðurinn fyrir loðnuhrogn í Japan. Nú eru loðnuhrogn seld víða um heim. Auk Japan fara þau til Kína og annarra ríkja Asíu og eru mjög áberandi á japönskum og austurlenskum veitingahúsum um allan heim. Þar er masago, sem framleitt er úr loðnuhrognum, mjög áberandi. Masago er samkeppnisvara tobikko, sem er framleitt úr hrognum flugfiska sem veiðast í Kyrrahafinu. Framleiðsla á masagoi hófst á Íslandi upp úr 1992. Þá má ekki gleyma stórum markaði sem myndaðist í rússneskumælandi löndum upp úr 2002. Þar voru hrognin kynnt sem kavíar og var blandað út í smyrjur og höfð þannig ofan á brauð. Þegar mest var seldust um 6–7.000 tonn til rússneskumælandi landa.

Íslenskt hugvit

Sem fyrr segir byggir öll þessi þróun að mestu á íslensku hugviti starfsmanna uppsjávarfyrirtækjanna og iðnaðarmanna þeirra fyrirtækja sem þjónuðu sjávarútveginum. Þá má ekki gleyma þekkingu og framlagi sölumanna, matvæla- og örverufræðinga og annarra vísindamanna. Uppbyggingin fól í sér sáralitla erlenda þjónustu utan stáls og annars efnis sem nauðsynlegur er við byggingu tækja og húsnæðis. Langstærstur hluti verðmætanna rann því í vasa þjóðarinnar, trúlega yfir 90% þessara 120 milljarða sem hrognin ein og sér hafa skilað síðustu 20 árin. Með grófri nálgun skattspors Vinnslustöðvarinnar má ætla að um 50 milljarðar af þessum tekjum hafi runnið til opinberra aðila, s.s. ríkissjóðs, sveitarfélaga og lífeyrissjóða, 40 milljarðar í vasa starfsmanna og 19 milljarðar til fyrirtækjanna sjálfra sem m.a. voru nýtt til þeirrar þróunar og uppbyggingar sem hér er lýst, auk 11 milljarða í rekstrarkostnað við loðnuhrognavinnsluna.

Greinarhöfundur vill að lokum, fyrir hönd íslensku þjóðarinnar, leyfa sér að þakka öllum þeim sem komu að þróun og uppbyggingu loðnuhrognavinnslu og þeirrar gríðarlegu verðmætasköpunar sem í henni fólst og þar með framlagi þeirra til uppbyggingar íslensks samfélags.

Greinarhöfundur er framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum og skreytir sig gjarnan með því að vera búfræðingur.

Vinnslustöðin hefur tekið þátt í loðnuveiðum og vinnslu frá upphafi. Greinin byggir á viðtölum við marga núverandi og fyrrum starfsmenn félagsins auk annarra.



VEIÐIFÉLAGAR
FISHPARTNER

VEIÐISVÆÐI ÓSKAST

Vegna mikilla eftirspurna þá köllum við eftir nýjum veiðisvæðum í flóru félagsins. Bæði stöðuvötn og rennandi vatn. Skoðum einnig veiðisvæði á afskektum stöðum.

Veiðifélagið Fish Partner er í stöðugum vexti og leitast eftir fleiri samstarfsaðilum um land allt óháð fisktegund og tegund vatnasvæðis.

Vinsamlegast hafið samband við Kristján í síma 898 3946 eða á netfangið kristjan@fishpartner.com.

Gul viðvörun á leiðinni?

Þú ert öruggari á Rexton!



Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl. Bílabúð Benna áskilur sér rétt til að breyta og hætta við tilboð án fyrirvara. Bíll á mynd er með aukabúnaði. *Í Adventure og Ultimate.

Tryggðu þér jeppa á gamla verðinu!

- Byggður á grind
- Hátt og lágt drif
- Sparneytin dísel vél
- Læstur millikassi
- Sjálfstæð fjöðrun
- 7 manna
- Læst afturdrif*
- 3 t dráttargeta
- 5 ára ábyrgð

Rexton
Mjög vel búinn. Nánar á benni.is
Verð frá 8.790.000 kr.

Opið virka daga frá 9 til 17 og á laugardögum frá 12 til 16 á Krókhálsi 9.

Bílabúð Benna
kolefnisjafnar selda bíla

Nánari upplýsingar á
benni.is

Bílasala Suðurnesja
Reykjanesbæ
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

Bb, betri bílar
Akureyri
Njarðarnesi 12
Sími: 534 7200

Bílabúð Benna
Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2020

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

HAGTÖLUR LANDBÚNAÐARINS




Íslendingar verja meira í innlendar búvörur en áður

Hinn 30. janúar voru birtar niðurstöður verðlagskönnunar Hagstofu Íslands fyrir janúarmánuð. Verðlag hækkaði um 0,85% á milli mánaða sem olli því að 12 mánaða verðbólga náði aftur hápunkti síðasta árs, 9,9%.

Við nánari skoðun á áhrifaþáttum sést að í þessari könnun vega þættir tengdir húsnæðisrekstri og bílakaupum. Er þetta rakið til hækkunar á ýmsum opinberum gjöldum í byrjun þessa árs og hefur ríkisstjórnin þurft að svara fyrir það. Á móti koma verðlækkanir á fötum, skóm, húsgögnum, raftækjum og öðrum vörum sem gjarnan fara á útsölu í janúar en er viðbúið að sú verðlækkun gangi hratt til baka í mars eins og hún gerir yfirleitt. Hafa þessar niðurstöður valdið því að fagaðilar eru margir hverjir farnir að spá 0,5% stýrivaxtahækkun á næsta fundi peningastefnunefndar.

Áhrif matvælaverðs á hækkun vísitölu neysluverðs þennan mánuðinn var 0,3%, um það bil tvöföld meðaláhrif vöruflokksins undanfarna 12 mánuði. Matar- og drykkjarvörur hækkuðu um 9,7% á árinu 2022, 0,5% meira en almennt verðlag. Að meðaltali hækkuðu kostnaðarliðirnir sem gert er grein fyrir í verðlagskönnuninni um 6,5%. Liðirnir sem hækkuðu mest, Natur og drykkjarvara, Húsnæði, hiti og rafmagn og Ferðir og flutningar eru einnig þeir kostnaðarliðir sem vega mest í útgjöldum heimila samkvæmt Hagstofunni. Þessir liðir eru samanlagt yfir 60% af útgjöldum heimila, matar og drykkjarútgjöld eru 15% þar af. Eini liðurinn sem lækkaði yfir árið voru Póstur og sími.









Á milli mánaða hækkaði grænmeti um 5%, búvörur án grænmetis um 2,62% og innfluttar matar- og drykkjarvörur um 1%. Innlendar búvörur án grænmetis voru í janúar 6% af heildarútgjöldum sem gert er grein fyrir í verðlagskönnuninni og hefur ekki mælst svo hátt áður. Meðaltal síðustu 10 ára er 5,4%.

Á meðal kjötafurða var hækkunin milli mánaða mest á fuglakjöti en minnst á svínakjöti. Hækkun á kjöti almennt var 1%. Hækkunin á grænmeti var öllu meiri, 4%, en á ársgrundvelli hefur verð á grænmeti hækkað um 11%, sem er minna en kjötið. */SFB*



Markaðir

Evra
€
152,1 kr.

USD
$
142,15 kr.

Pund
£
170,25 kr.

95 okt bensín
322,2195 kr.

Díesel
327,3571 kr.

Mjólk (USD/100 pund)
17,77 USD

Korn (USD/sekkur)
7,59 USD

Kartöflur (EUR/100 kg)
29,7 EUR

Ull (AUD/100 kg)
1400 AUD

Ostur (USD/pund)
1,83 USD

Smjör (EUR/tonn)
4575 EUR

terra
Einingar

KYNNA

GISTIHEIMILI OG SUMARHÚS

SVEIGJANLEGAR **LAUSNIR**

GISTIHEIMILI OG SUMARHÚS ERU FÁANLEG Í ÝMSUM STÆRÐUM OG ÚTFÆRSLUM. SÉRÚTBÚIN HERBERGI ÁSAMT SAMEIGINLEGUM RÝMUM EFTIR ÞÖRFUM HVERS OG EINS. EININGARNAR KOMA FULLBÚNAR AÐ INNAN MEÐ HREINLÆTISTÆKJUM, GÓLFEFNUM, LÝSINGU OG LOFTAEFNI. HAGKVÆM OG GÓÐ LAUSN FYRIR FERÐAÞJÓNUSTUFYRIRTÆKI

WWW.TERRAEININGAR.IS

FRÉTTASKÝRING

Hringrásarhagkerfið:

Lífrænn úrgangur er vannýtt auðlind á Íslandi

– Fullnýting er mikilvægt loftslagsmál

Í dag eru tveir stórir metanframleiðendur á Íslandi – annars vegar Sorpa í Reykjavík og hins vegar Norðurorka á Akureyri. Lífrænn úrgangur ratar hins vegar enn í urðun og fara verðmæti forgörðum. Tæknin til að fullvinna lífrænan úrgang er þekkt, en innleiðing hefur gengið hægt hingað til. Skriður virðist vera kominn á þessi mál og má reikna með framförum á næstu misserum.



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Á síðasta ári framleiddi Sorpa tvær miljónir rúmmetra metangass sem jafngildir orkunni í tveimur milljónum lítra af dísilolíu. Á þessu ári er stefnt að því að koma framleiðslunni upp í fjórar milljónir rúmmetra til að svara eftirspurn. Aukning hefur verið á afköstum eftir að Gaja, gas- og jarðgerðarstöð, var tekin í gagnið.

Norðurorka framleiðir nálægt 250 til 300 þúsund rúmmetra af metangasi á ári hverju, sem er nálægt fullum afköstum stöðvarinnar. Allt er það selt sem eldsneyti og myndi duga fyrir árskeyrslu 250 til 300 fólksbíla. 60 til 70 prósent af metaninu er hins vegar notað til að knýja metanstrætisvagna á Akureyri. Einnig eru framleidd 70 til 100 tonn af lífdísil á hverju ári úr steikingarolíu frá veitingahúsum.

„Engar tæknilegar hindranir“

Núna er komin af stað vinna við að hanna líforkuver í samstarfi sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Þar yrði farvegur fyrir allan lífrænan úrgang og afköstin í eldsneytisframleiðslu myndu tífaldast. „Tíminn er svo fljótur að líða. Ísland ætlar að vera búið að draga úr losun um 55 prósent fyrir 2030 – og árið 2023 var að detta inn. Við klárum samdráttinn ekki í desember 2029, heldur þurfum við að ná árangri á hverju ári.

Við þurfum að nýta þessar „núlausnir“ sem við erum með í staðinn fyrir að horfa alltaf á einhverja nýsköpun. Það eru engar tæknilegar hindranir í nýtingu metans – það þarf bara vilja til verka,“ segir Guðmundur H. Sigurðarson hjá Vistorku, sem er dótturfélag Norðurorku.

Kaupendur að öllu íslensku metani

Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri hjá Sorpu, segir þá nýbreytni hafa átt sér stað á síðustu misserum að iðnfyrirtæki eru farin að sækjast eftir metani. Malbiksstöðin stefnir að því að kaupa milljón rúmmetra á ári. Enn fremur hafa Te og kaffi ásamt Lava Show nýlega skipt út innfluttu jarðgasi í stað metans frá Sorpu. Gunnar segir að í flestum tilfellum þar sem notað er propangas eða dísil sé hægt að skipta yfir í metan. Ekki er þó hægt að skipta út innihaldi gaskútsins við grillið, því rúmmál metans við stofuhita er of mikið til að það sé meðfærilegt í litlu magni.

„Staðan er sú að það eru kaupendur að bróðurpartinum af því metani sem framleitt er á Íslandi í dag. Þannig að ef við ætlum að nýta þennan kost betur í orkuskiptunum þurfum við að framleiða meira,“ segir Gunnar.



Matarleifar og lífúrgangur eru verðmæt hráefni. Sveitarfélög landsins áttu að innleiða sérsöfnun á lífrænu sorpi um áramótin, en innleiðingin hefur dregist. Mynd / Þráinn Kolbeinsson

Metan er 80 sinnum verri gróðurhúsalofttegund fyrstu tíu árin en koltvísýringur – og 30 sinnum verri yfir hundrað ár. Gunnar Dofri segir risavaxið loftslagsmál að nýta metanið ekki bara í orkuskipti, heldur líka fanga það. Söfnun metans á urðunarstöðum er mjög óskilvirk samanborið við þegar lífrænn úrgangur er unninn við stýrðar aðstæður.

Um áramótin tóku í gildi nýjar reglur þar sem sveitarfélög eru skylduð til sérsöfnunar á lífrænum úrgangi, þó svo að fæst sveitarfélög hafi lokið sinni aðlögun eins og kom fram í síðasta tölublaði Bændablaðsins. Í þeim reglum er tekið fyrir urðun á áðurnefndu sorpi.

Gunnar segir að þegar byrjað verði að taka við sérflokkuðum matarleifum muni Gaja skila af sér mjög hreinni afurð. Í stöðinni er búnaður sem hreinsar burt aðskotahluti, en þar sem almenna sorpið sem kemur í stöðina núna inniheldur 30 prósent af óæskilegum efnum ræður búnaðurinn ekki við að hreinsa afurðina nógu vel í moltu sem má nýta. Sorpið er því verkað til metanframleiðslu og urðað að því loknu.

Samkvæmt Gunnari fara mikil verðmæti forgörðum með að fullnýta ekki lífúrgang. „Það er eitthvað sem við getum ekki leyft okkur ef okkur er alvara að ætla í orkuskiptin. Við erum alltaf að bíða eftir stóru lausninni en hún kemur aldrei. Orkuskiptin verða „þúsundlausnalausn“. Við höfum ekki efni á því að bíða eftir að einn orkukostur vinni af því það verður enginn sigurvegari.“

Nokkur munur er á Gaja og því líforkuveri sem fyrirhugað er fyrir norðan, því fyrrnefnda sorphreinsistöðin verkar þurrt lífrænt sorp, á meðan sú síðarnefnda myndi að auki vinna með lífrænar afurðir á vökvaformi.

Heildstæð lausn í burðarliðnum

Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) létu gera frumhagkvæmnimat á fýsileika þess að reisa líforkuver í landshlutanum. Smári Jónas Lúðvíksson, verkefnastjóri hjá SSNE, kom að vinnu skýrslunnar og segir hann niðurstöðurnar í stuttu máli mæla með frekari skoðun á uppbyggingu líforkuvers. „Þetta yrði heildstæð lausn á meðhöndlun lífúrgangs,“ segir Smári.

Öll vinna við undirbúning muni taka nokkur ár áður en framkvæmdir geta endanlega hafist. Samkvæmt tímalínu í skýrslunni er talið mögulegt að líforkuverið verði klárt í tveimur áföngum. Sá hluti sem snýr að metanframleiðslu gæti verið kominn í gagnið í lok árs 2027 og sorpbrennslan um mitt ár 2030. „Við vonumst til þess að fljótlega verði gerð viljayfirlýsing á milli sveitarfélaganna og ráðuneytis um að fara í þá vinnu,“ segir Smári.

Farvegur fyrir öll dýrahræ

Líforkuverið mun taka við dýrahræjum úr öllum áhættuflokkum. Eins og staðan er núna er ekki hlaupið að því að farga sauðfé sem smitað er af riðu, en í líforkuverinu mun opnast farvegur til að búa til lífdísil úr fitunni og brenna restinni.

„Þetta er orkuver, en afurðin sem slík er orkugjafar,“ segir Smári. Þar á hann annars vegar við eldsneyti eins og metan og lífdísil, og hins vegar áburð í formi moltu eða meltrar mykju. Ef samstarf næst við aðila í fiskeldi skapast miklir möguleikar á að framleiða fosfórríkan áburð úr seyru sem verður til í landeldi. Öll tæknin sem lagt er upp með að nota í líforkuverinu er þekkt og var horft til þess sem vel er gert í öðrum löndum.

„Það eina sem er nýtt er að við erum að setja þetta allt á sama stað. Með því að ná þessum efnum í hringrás verðum við sjálfum okkur nægari. Það er mjög mikilvægt að við týnum ekki þessum verðmætum út úr keðjunni hjá okkur – því að þetta eru sannarlega verðmæti. Við erum alltaf að reka okkur meira og meira á það í dag að öll þessi verðmæti eru ekki tæmandi og þau verða dýrari og dýrari,“ segir Smári.

Loftfirrt gerjun á mykju

Ásgeir Ívarsson hjá Gefn kom einnig að vinnu frumhagkvæmnimatsins á líforkuveri fyrir SSNE. Hann segir að matið geri ráð fyrir að fyrirhugað líforkuver á Norðurlandi eystra muni vinna metan úr mykju frá landbúnaði. Hráefninu yrði safnað í loftþétta tanka, en við þær aðstæður éta örverur upp allt súrefnið og koma af stað loftfirrtri gerjun.




Guðmundur H. Sigurðarson.


Ragnar K. Ásmundsson.


Gunnar Dofri Ólafsson.


Fróði Mortensen.


Smári Jónas Lúðvíksson.


Ásgeir Ívarsson.

Gasið sem myndast í tönkunum nefnist hauggas, sem er að megninu til blanda af metani og koldíoxíði. Eftir að búið er að meðhöndla mykjuna á þennan hátt er hún orðin að betri áburði, þar sem köfnunarefnissamböndin brotna niður og verða aðgengilegri plöntunum.

60 til 65 prósent af rúmmáli hauggassins er metan. Með lágmarkshreinsun nýtist það til að hita katla og sem eldsneyti á rafstöðvar. Erlendis tíðkast að framleiða rafmagn og varma á þennan hátt. Hérlendis er hitaveita og vatnsaflsorka ódýrari, sem hefur komið í veg fyrir frekari innleiðingu.

Ýmsar aðferðir eru til að fullhreinsa hauggas, en hérlendis tíðkast að láta það fara í gegnum vatnsbað, sem leysir upp öll óæskilegu gösin og skilur metanið eftir. Að lokinni þurrkun fæst eldsneytið sem dælt er á bifreiðar og vinnuvélar. Koldíoxíð er stærsta aukaefnið í hauggasi og er möguleiki á að vinna úr því kolsýru sem ýmist gagnast í ylrækt eða gosdrykkjagerð.

Í líforkuverinu er gert ráð fyrir þeim möguleika að sótthreinsa mykjuna áður en hún fer í tankana. Þá er hún hituð vel yfir 100 °C undir þrýstingi sem á að koma í veg fyrir dreifingu smitefna. Reikna þarf með að stöku bær geti ekki tekið þátt ef áhætta á dreifingu búfjársjúkdóma er mikil.

„Þetta getur klárlega verið hluti af þessari orkuskiptavegferð sem við erum á. Hvað eldsneytishliðina varðar er fólk áhugasamt um vetni og annað rafeldsneyti, en metanið er ekki síður áhugaverður kostur þó ekki verði hægt að framleiða það í jafn miklum mæli," segir Ásgeir, en verðleikar metans felast m.a. í því að framleiðslan er afar orkuhagkvæm. Við framleiðslu á vetni þarf minnst tífalt meiri raforku samanborið við framleiðslu á jafn mikilli orku í formi metans eins og tæknin er núna.

Færeyingar með fullkomið líforkuver

Eitt af því sem horft var til við frumhagkvæmnimatið er líforkuverið Förka, rétt norðan við Þórshöfn í Færeyjum. Þar er hráefnið seyra frá landeldi, úrgangur úr sjókvíum ásamt mykju frá kúabúum, og afurðin er góður áburður, metan og varmi. Lítill hluti hráefnisins eru skemmdir ávextir og grænmeti úr verslunum.

Förka er alfarið í eigu fiskeldisrisans Bakkafrosts. Fróði Mortensen, framkvæmdastjóri Förka, segir kaupendur eldisfisks farna að gera ríkari kröfu um sjálfbærni í framleiðslu, ekki bara þegar kemur að loftslagsmálum, heldur líka varðandi mengun.

Meira en helmingur af útflutningstekjum Færeyinga er frá fiskeldi. Því skiptir Bakkafrost miklu máli að auka sjálfbærni framleiðslunnar og að losna við úrganginn á sem bestan máta. Fróði segir að gengið sé út frá því að lax sem drepst í sjókvíum beri með sér sjúkdóma og því nauðsynlegt að fjarlægja hræin áður en smitefnin dreifa úr sér. Þennan úrgang þarf að meðhöndla með varúð og má ekki nýta ómeðhöndlaðan sem fæðu, fóður eða áburð eða losa í hafið. Áður en lífmassaverið var sett upp voru hræin send til vinnslu í Noregi og send þaðan sem hráefni í lífmassaver í Danmörku. Nú er öruggur farvegur fyrir úrganginn hjá Förka.

Með því að vinna úr úrganginum innanlands styður Bakkafrost við myndun hringrásarhagkerfisins og hefur jákvæð áhrif á samfélagið. „Þetta er dýrt, en samt er þetta ódýrara samanborið við áður," segir Fróði.

Flutt án endurgjalds

Starfsmenn Förka sækja mykjuna með flutningabílum á bæina og skila verkuðum áburði til baka. Bændurnir borga ekkert fyrir flutninginn eða meðferðina í líforkuverinu. Það eina sem bændurnir þurfa að gera er að koma upp tvöfaldri geymslu á lífrænum áburði, þannig að hægt sé að halda meltri mykju aðskilinni. Bændum býðst ekki geymslupláss í lífmassaverinu, því Förka fær mun betri nýtingu á flutningabýlunum ef þeir keyra fulllestaðir báðar leiðir.

Færeyskir sauðfjárbændur eru einnig í samstarfi við Förka, þrátt fyrir að leggja engin hráefni í líforkuverið. Þeirra framlag er að leggja til beitiland og tún meðfram þjóðvegum sem Förka getur spúlað áburði á með þar til gerðri dælu á flutningabíl. Stöku kúabændur nýta sömu þjónustu og spara þar með vinnu og eldsneyti við að keyra mykjunni sjálfir á túnin.

Förka efnagreinir áburðinn og sendir upplýsingarnar til bændanna. Með því geta þeir séð nákvæmlega hvað þeir eru með í höndunum. Samkvæmt Fróða geta bændurnir uppfyllt þörfina á köfnunarefni með áburðinum frá Förka og gefur seyran frá landeldinu mikinn fosfór. Kaup á tilbúnum áburði eru því í lágmarki. „Bændurnir fá betri afurð þar sem þetta lyktar ekki illa, inniheldur meiri vökva, er einsleitara og er með meira af næringarefnum."


Með réttum innviðum er hægt að auka áburðargildi mykju svo um munar.
Mynd / Úr myndasafni

Ferlið í gegnum Förka

Tveir móttökutankar eru við líforkuverið. Annar tekur við mykju og seyru, á meðan hinn er hugsaður fyrir laxahræ. Hráefnið í móttökutönkunum er hitað upp í 85 °C í eina klukkustund til gerilsneyðingar. Að því loknu er efninu dælt í aðal verkunartankinn þar sem gerjunin hefst við 28 °C. Þaðan er efninu dælt í minni gerjunartank og kælt niður í 25 °C og er umframhitinn nýttur til kyndingar. Þaðan fer efnið svo í geymslutanka sem duga til að geyma vikuforða af framleiðslu.

Metanið sem verður til er notað í rafstöð, sem annars vegar framleiðir rafmagn sem sett er á dreifikerfið, og hins vegar skilar rafstöðin af sér varma sem fer í vinnsluna og í að kynda hús í Þórshöfn. Á síðasta ári seldi Förka 2,6 gWst af rafmagni, en Fróði segir að stefnt sé að því að ná þessari tölu upp í 9 gWst eftir einhver ár. Markmiðið er að framleiða rafmagn fyrir 1.900 heimili og hita fyrir 400.

Aðspurður hvaða úrgangur komi frá starfsemi Förka segir Fróði að það séu einungis slitnir vélahlutir, skrifstofupappír og umbúðir. Einnig kemur eitthvað af koltvísýringi frá metanrafstöðinni.

Metan mun alltaf fylgja okkur

Ragnar K. Ásmundsson, Ph.D., verkefnisstjóri Orkusjóðs, segir að mest af því metani sem framleitt er í heiminum sé jarðgas – sem oftar en ekki er aukaafurð úr olíulindum. Allt metan sem er nýtt og framleitt á Íslandi kemur frá úrgangi.

Ragnar segir mikið loftslagsmál að safna metani úr lífrænum úrgangi, en eins og áður segir er það gastegund sem veldur mun meiri loftslagsáhrifum en koltvísýringur. „Það er loftslagsatriði þó þú gerir ekkert annað en að kveikja í þessu."

Ragnar nefnir að metangas sem búið er að kæla niður á vökvaform sé talsvert notað sem eldsneyti á skipavélar og er bruninn á því mjög hreinn samanborið við dísil eða bensín. „Metan er þó ekki sett efst á lista yfir þau eldsneyti sem eiga að taka við síðar meir þar sem sameindin inniheldur kol og við brunann myndast koltvísýringur. Metan verður samt alltaf með okkur af því að við erum kolbaseruð lífvera og það er partur af okkar lífi. Við þurfum því að koma því í farveg."

Félagið Norður með svissneska bakhjarla standa á bak við verkefni á Hellisheiði og Þeistareykjum sem byggjast á að fanga og nýta metan sem verður til við framleiðslu á jarðvarma.

„Ef það fer af stað eru ákveðin samlegðaráhrif sem auka metan á íslenskum markaði," segir Ragnar.



Óhagkvæmt á smáum skala

Jón Tryggvi Guðmundsson, véltæknifræðingur á orkusviði, gerði tilraun fyrir nokkrum árum við framleiðslu metans úr mykju sem féll til á kúabúinu Hraungerði í Flóahreppi. Tækjabúnaðurinn gat framleitt átta rúmmetra á klukkutíma og nýtti Jón Tryggvi afurðina sem eldsneyti á eigin bíla.

Aðspurður hvort hann myndi fara aftur í sömu vegferð, verandi með þá reynslu sem hann er með núna, segir Jón Tryggvi forsendurnar vera breyttar. *„Þegar ég fór af stað árið 2008 var þróun rafbíla ekki komin eins langt og núna. Mínar hugmyndir gengu út á að framleiða metan á fólksbíla sem þá var þekkt lausn og komnar upp metanstöðvar í Reykjavík."*

Jón Tryggvi segir torsótt að safna upp miklum metanforða með einföldum tækjabúnaði. Þetta atriði geri ópraktískt fyrir bændur að fá sér metantraktora með það að sjónarmiði að framleiða orkuna á þá sjálfir. *„Þegar orkuþörfin er mest, á sumrin í heyskap, þá ertu búinn að dreifa öllum haugnum á túnin og ert með tóm haughús. Bændur þyrftu að gera einhverjar ráðstafanir til að tryggja að framleiðslan fari fram jöfnum höndum og notkunin."*

Stofnkostnaðurinn er nokkuð hár og getur Jón Tryggvi ekki mælt með að einstaka býli fari í sömu vegferð. *„Mér finnst hundleiðinlegt að þurfa að segja þetta en það er ekki arður af þessu og þetta stendur varla undir sér."*



Í DEIGLUNNI

Félagskerfi bænda:

Búgreinaþing á næsta leiti

– Endurskoðun búvörusamninga ofarlega á baugi

Búgreinaþing Bændasamtaka Íslands verður haldið á Hótel Natura í Reykjavík dagana 22. og 23. febrúar næstkomandi. Búast má við yfir 200 bændum á þingið.

Fullgildir félagsmenn BÍ innan hverrar búgreinadeildar hafa rétt til fundarsetu og kjörgengi á búgreinaþingi sinnar deildar, nema samþykktir og reglur tiltaki annað. Þannig hafa búgreinadeildir nautgripabænda, sauðfjárbænda og skógarbænda kosið sína fulltrúa á þinginu. Aðrar búgreinadeildir hafa til hádegis miðvikudaginn 15. febrúar til að skrá þátttöku sína.



Frá búgreinaþingi árið 2022. Mynd / H.Kr.

Alls eru ellefu búgreinadeildir starfandi innan BÍ.

Gunnar Þorgeirsson, formaður BÍ, mun setja þingið kl. 11. Þá mun Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfis,- orku- og loftslagsráðherra ávarpa þingið.

Tvær kynningar munu eiga sér stað áður en búgreinadeildirnar taka til starfa. Annars vegar verður kynning á Náttúruhamfaratryggingu Íslands, en síðla hausts fól matvælaráðherra stjórn Bjargráðasjóðs að kanna möguleika á sameiningu sjóðanna tveggja.

Þá verður samstarfsvettvangur BÍ og Samtaka fyrirtækja í landbúnaði (SAFL) kynntur.

„Sameiginleg mál allra búgreina verður á dagskrá í upphafi þingsins. Þar má nefna hugmyndir um hugsanlegar breytingar sem lúta að breyttum samþykktum Bændasamtakanna, með það í huga að gera starfið skilvirkara. Rætt verður hvort halda eigi búgreinaþing að hausti og Búnaðarþing að vori eða hvort sameina eigi þingin í einn stærri viðburð að vori. Loftslagsmálin verða rædd ásamt hugsanlegu samstarfi SAFL og BÍ," segir Gunnar.

Á búgreinaþingum eru tekin fyrir mál sem búgreinadeildirnar hafa sent til umfjöllunar og ályktunar. Gunnar segir að endurskoðun búvörusamninga verði þar ofarlega á baugi. „Áherslur hverrar búgreinar fyrir sig ættu að að koma þar fram þar sem vinna við endurskoðunina er fyrirhuguð á þessu ári."

Gert er ráð fyrir að flestar búgreinadeildirnar ljúki fundum sínum í dagslok miðvikudaginn 22. febrúar en fundum sauðfjár- og nautgripabænda verður fram haldið fimmtudaginn 23. febrúar. */ghp*

Búgreinadeildir BÍ

og fjöldi fullgildra félaga

Deild eggjaframleiðenda	21
Deild garðyrkjubænda	127
Deild geitfjárræktenda	67
Deild hrossabænda	450
Deild kjúklingabænda	13
Deild landeldis	1
Deild loðdýrabænda	9
Deild nautgripabænda	939
Deild sauðfjárbænda	1.711
Deild skógarbænda	182
Deild svínabænda	15

Fulltrúar skógarbænda

Austurland	
Maríanna Jóhannsdóttir	
Björn Ármann Ólason	
Hilmar Gunnlaugsson	
Vigdís Sveinbjörnsdóttir	
Halldór Sigurðsson	
Norðurland	
Laufey Leifsdóttir	
Sigtryggur Herbertsson	
Berglind Ósk Óðinsdóttir	
Embla Dóra Björnsdóttir	
Sigurlína Jóhannesdóttir	
Anna Ragnarsdóttir	
Suðurland	
Kári Steinn Karlsson	
Ragnheiður Aradóttir	
Agnes Geirdal	
Hjörtur Jónsson	
Vesturland	
Bergþóra Jónsdóttir	
Lárus Elíasson	
Margrét Guðmundsdóttir	
Guðbrandur Brynjúlfsson	
Vestfirðir	
Dagbjartur Bjarnason	
Stjórn SkógBÍ	
Jóhann Gísli Jóhannsson	
Sigrún Hrönn Þorsteinsdóttir	
Hrönn Guðmundsdóttir	
Guðmundur Sigurðsson	
Sighvatur Þórarinsson	

Fulltrúar nautgripabænda

Mjólkursamlags Kjalarnesþings	Ólöf Ósk Guðmundsdóttir
	Finnur Pétursson
Kúabændafélagið Baula á Vesturlandi	Helgi Már Ólafsson
	Egill Gunnarsson
	Kristján Ágúst Magnússon
Félag nautgripabænda við Breiðafjörð	Sigrún Hanna Sigurðardóttir
	Þorgrímur Einar Guðbjartsson
Félag kúabænda í Ísafjarðarsýslu	Árni Brynjólfsson
Nautgriparæktarfélag V-Hún.	Karl Guðmundsson
	Guðrún Eik Skúladóttir
	Ingibjörg Sigurðardóttir
	Ingvar Björnsson
Félag kúabænda í Skagafirði	Guðrún Kristín Eiríksdóttir
	Atli Már Traustason
	Dagur Torfason
Félag eyfirskra kúabænda	Elín Margrét Stefánsdóttir
	Guðmundur S. Óskarsson
	Vaka Sigurðardóttir
	Hákon Bjarki Harðarson
Félag þingeyskra kúabænda	Sif Jónsdóttir
	Viðar Njáll Hákonarson
	Snæþór Haukur Sveinbjörnsson
Félag nautgr.b. á Héraði og Fjörðum	Sigbjörn Þór Birgisson
	Jón Elvar Gunnarsson
Nautgriparæktarfélag Vopnafjarðar	Gauti Halldórsson
Nautgriparæktarf. A-Skaftafellssýslu	Erla Rún Guðmundsdóttir
Félag kúabænda á Suðurlandi	Magnús Örn Sigurjónsson
	Reynir Þór Jónsson
	Rafn Bergsson
	Aðalbjörg Rún Ásgeirsdóttir
	Þorsteinn Logi Einarsson
	Bóel Anna Þórisdóttir
	Samúel Unnsteinn Eyjólfsson
	Þórir Már Ólafsson
	Jón Örn Ólafsson
	Pétur Benedikt Guðmundsson

Fulltrúar sauðfjárbænda

Félag sauðfjárbænda í Borgarfirði	Árni Brynjar Bragason
	Gísli Guðjónsson
	Jónm. Magnús Guðmundsson
	Logi Sigurðsson
Félag sauðfjárbænda á Snæfellsnesi	Ásbjörn Kjartan Pálsson
	Þóra Sif Kópsdóttir
Félag sauðfjárbænda í Dalasýslu	Eyjólfur Ingvi Bjarnason
	Jón Ingi Ólafsson
	Steinþór Logi Arnarsson
Félag sauðfjárbænda á Vestfjörðum	Guðrún Íris Hreinsdóttir
	Jóhann Pétur Ágústsson
Félag sauðfjárbænda í Strandasýslu	Hafdís Sturlaugsdóttir
	Ingimar Sigurðsson
	Samson Bjarni Jónasson
Félag sauðfjárbænda í Vestur-Hún.	Dagbjört Diljá Einþórsdóttir
	Jóhannes Geir Gunnarsson
	Magnús Örn Valsson
	Sigríður Ólafsdóttir
Félag sauðfjárbænda í Austur-Hún.	Birgir Haraldsson
	Jón Árni Magnússon
	Ólafur Magnússon
	Ragnheiður L Jónsdóttir
Félag sauðfjárbænda í Skagafirði	Björn Ólafsson
	Einar Kári Magnússon
	Elvar Örn Birgisson
	Ólafur Jónsson
Félag sauðfjárbænda í Eyjafirði	Ragnar Jónsson
	Sigríður Kristín Sverrisdóttir
	Steingrímur Einarsson
Félag sauðfjárb. í S-Þingeyjarsýslu	Benedikt Hrólfur Jónsson
	Böðvar Baldursson
	Sigurður Atlason
	Sæþór Gunnsteinsson
Deild sauðfjárbænda í Búnaðarsambandi Norður-þingeyinga	
	Árni Gunnarsson
	Bjarki Fannar Karlsson
	Einar Ófeigur Björnsson
Félag sauðfjárbænda í Vopnafirði	Eyþór Bragi Bragason
Fél. sauðfjárb. á Fljótsd.héraði og Fjörðum	Bergþór Steinar Bjarnason
	Guðfinna Harpa Árnadóttir
	Jón Björgvin Vernharðsson
	Sigvaldi H Ragnarsson
Félag sauðfjárbænda á Suðurfjörðum	Þuríður Lillý Sigurðardóttir
Deild Sauðfjárbænda í Búnaðarsambandi Austur-Skaftafellssýslu	
	Bjarni Sigjónsson
	Þórey Bjarnadóttir
Félag sauðfj.bænda í V- Skaftaf.ssýslu	Rúnar Guðnason
	Sæunn Káradóttir
Félag sauðfjárb. í Rangárvallasýslu	Guðni Jensson
	Hulda Brynjólfsdóttir
	Ragnar M. Lárusson
Félag sauðfjárbænda í Árnessýslu	Gylfi Sigríðarson
	Jón Bjarnason
	Magnús Helgi Loftsson
	Þorsteinn Logi Einarsson

Lífræn hreinsistöð



- Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
- Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
- Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
- Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
- Engir hreyfanlegir hlutir
- Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar

WPL Diamond

IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

Búgreinaþing:

Formannsskipti hjá nautgripabændum

Nýr formaður búgreinadeildar NautBÍ verður kjörinn á búgreinaþingi.


Herdís Magna Gunnarsdóttir.

Herdís Magna Gunnarsdóttir, bóndi á Egilsstöðum, mun ekki gefa kost á sér til áframhaldandi formannssetu.

Hún ætlar áfram að vinna að hagmunum bænda sem varaformaður Bændasamtakanna en ætlar að láta öðrum eftir að sinna forystu nautgripabænda.

Í áramótapistli sínum til nautgripabænda sagði Herdís Magna að verkefni næsta formanns og stjórnar verði að fylgja eftir áherslum búgreinarinnar í næstu endurskoðun búvörusamninga.

„Hvet ég þau sem koma til með að sitja í samninganefnd um endurskoðun búvörusamninga til þess að hlusta á bændur og forsvarsfólk þeirra. Mikilvægt er að fara með opnum hug inn í endurskoðunina og muna að endurskoðun var upphaflega hugsuð til að sníða agnúa af samningnum en ekki kollvarpa þeim," segir Herdís m.a. í pistli sínum.

Einnig kemur þar fram að innleiðing á kyngreindu sæði sé augljóst næsta stóra skref búgreinarinnar nú í kjölfar innleiðingar erfðamengisúrvals.

Herdís Magna hefur setið í stjórn Landssambands kúabænda í rúm sex ár og var kjörinn formaður þess árið 2020. */ghp*

Búgreinaþing:

Deild landeldis nýr þátttakandi

Deild landeldis var stofnuð innan Bændasamtaka Íslands síðasta sumar og því verður búgreinin þátttakandi í búgreinaþingi.


Þorvaldur Arnarsson.

Þorvaldur Arnarsson, verkefnisstjóri hjá fiskeldisfyrirtækinu Landeldi, er formaður búgreinadeildarinnar og hyggst bjóða sig fram til áframhaldandi formennsku.

Landeldissamtök Íslands (ELDÍS) voru einnig stofnuð síðasta sumar með aðild Landeldis hf., Samherja hf., Geo Salmo, Matorku og ILFS í Vestmanna-eyjum. Undirrituð var viljayfirlýsing á milli ELDÍS og Bændasamtaka Íslands um að vinna sameiginlega að fullvinnslu lífræns úrgangs til áburðarframleiðslu á Íslandi.

„Ég er þakklátur fyrir tækifærið og hef metnað til að gera vel á þessum vettvangi.

Einmitt núna erum við í Landeldi hf. eina félagið í landeldisdeild Bændasamtaka Íslands. Við erum nýkomin inn og deildin í sjálfu sér nýstofnuð, og við erum að vinna í því þessi dægrin að kynna vettvang deildarinnar og Bændasamtakanna í heild fyrir samstarfsaðilum okkar í Landeldissamtökum Íslands," segir Þorvaldur um framtíð deildarinnar innan Bændasamtaka Íslands.

„Við höfum ekki afmarkað sérstaka málaskrá enn sem komið er fyrir búgreinaþingið, en við lítum á það sem kærkomið tækifæri til að tengjast bændasamfélaginu og vonandi eiga samtal um leiðir til að leggja okkar af mörkum með hvaða hætti sem það kann að vera.


Við lítum á okkur sem bændur þar sem við stundum matvælaframleiðslu á okkar eigin landi og leggjum mikinn metnað í að ná jákvæðum umhverfisáhrifum af okkar framleiðslu, vonandi til virðisauka fyrir landbúnaðarsamfélagið allt," bætir Þorvaldur við. */smh*

Mest lesna blað landsins?

Lestur Fréttablaðsins hefur hrunið eftir að útgáfufyrirtækið Torg ákvað að breyta dreifingu blaðsins.

Nýjar tölur Gallup um lestur prentmiðla sýna að í janúar var lestur Fréttablaðsins á landsvísu 15,7% og er orðinn minni en lestur Morgunblaðsins, sem mælist 18,9%. Ástæða minnkandi lesturs Fréttablaðsins er rakin til þess að blaðinu er nú ekki lengur dreift í hús á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri, heldur liggur það frammi í þar til gerðum stöndum á um 120 stöðum á Suðvesturlandi og á Akureyri. Bændablaðið tók þátt í lestrarmælingu Gallup á síðasta ársfjórðungi 2022. Þá mældist lestur þess á landsvísu 26%. Tölurnar benda því til þess að Bændablaðið sé í dag mest lesni prentmiðill landsins.

Dreifikerfi þess nær til yfir 420 dreifingarstaða um allt land og er upplaginu, rúmum 33.000 eintökum, dreift í vel flestar matvöruverslanir, bensínstöðvar, sundlaugar og á hvert lögbýli landsins. */ghp*



Ertu tilbúinn í ÆVINTÝRIN?



ODES GOES

GOES X-WOLF 700

NÝTT GOES HJÓL!



GOES X-WOLF 700 TVEGGJA MANNA FJÓRHJÓL 4X4

Vélargerð	1 strokks fjórg.vél 686cc
Bein innspýting	EFI Bosch
Gírkassi	Sjálfskipt CVT
Gírar	L, H, N, R, P
Drif	2X4, 4X4, + driflæsing
Stýri	Rafdrifið
Fjöðrun	Sjálfstæð fjöðrun
Hemlar	Vökvastýrðar diskabremsur
Dekk	25x8-12" 25x10-12"
Eldsneytistankur	25 lítrar

Kynningarverð: 1.690.000 kr m/vsk

ODES 850

STYRKUR OG KRAFTUR!



ODES 850 TVEGGJA MANNA FJÓRHJÓL 4X4

Vélargerð	2 strokka, V-Twin fjórg. vél 800cc
Bein innspýting	EFI Delphi
Gírkassi	Sjálfskipt CVT (IBC Kanada)
Gírar	L, H, N, R, P
Drif	2X4, 4X4 + driflæsing
Stýri	Rafdrifið
Fjöðrun	Vi-LOCK sjálfstætt fjöðrunarkerfi
Hemlar	Vökvastýrðar diskabremsur
Dekk	26x9-14" 26x11-14"
Eldsneytistankur	22,5L

Verð: 1.990.000 kr m/vsk

ODES 1000

KRAFTMESTA HJÓLIÐ!



ODES 1000 TVEGGJA MANNA FJÓRHÓL 4X4

Vélargerð	2 strokka, V-Twin fjórg. vél 1000cc
Bein innspýting	EFI Delphi
Gírkassi	Sjálfskipt CVT (IBC Kanada)
Gírar	L, H, N, R, P
Drif	2X4, 4X4 + driflæsing
Stýri	Rafdrifið
Fjöðrun	Vi-LOCK sjálfstætt fjöðrunarkerfi
Hemlar	Vökvastýrðar diskabremsur
Dekk	26x9-14" 26x11-14"
Eldsneytistankur	22,5L

Verð: 2.390.000 kr m/vsk

Öll Fjórhjólin eru skráð T3b
Verð geta breyst án fyrirvara

AFLVÉLAR

2018 2022 Framúrskarandi fyrirtæki

TRAUSTUR SAMSTARFSAÐILI

Gagnheiði 35, 800 Selfossi
Baldursnesi 4, 603 Akureyri
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ
sími 480-0000 | www.aflvelar.is

MENNING



Gaman verður að sjá Fólkið í blokkinni á sviði Freyvangs. Þarna má sjá þau Karen Ósk Kristjánsdóttur, Svein Brimar Jónsson, Aðalbjörgu Þórólfsdóttur, Ingólf Þórsson, Helga Þórsson og svo sést glitta í hljómsveitarmeðlimi alla: Atla Rúnarsson, Bergsvein Þórsson, Björn Hreinsson og Bjarma Gunnarsson.

Á myndinni að neðanverðu eru þau í hlutverkum sínum, Robbi húsvörður: Jón Friðrik Benónýsson, Valerí: Aðalbjörg Þórólfsdóttir auk Helga Þórssonar sem Hárfinns hárfína.

Freyvangsleikhúsið:

Fólkið í blokkinni

Meistarar Freyvangsleikhússins hafa nú tekið sér fyrir hendur gamanleikinn Fólkið í blokkinni eftir hinn sívinsæla Ólaf Hauk Símonarson.

Fjallar verkið um sprenghlægilegar, þó raunsannar sögur sem allir geta ímyndað sér sem einhvern tíma hafa verið búsettir í blokk. Ákveða íbúar blokkarinnar að setja upp söngleik þar sem þau sjálf eru í aðalhlutverkum og má nefna Hárfinn hárfína, forsvarsmann hljómsveitarinnar Sóna, sem æfir stíft í kjallaranum á meðan Robbi húsvörður reynir ólmur að koma í veg fyrir að söngleikurinn komist á koppinn og hefur almennt allt á hornum sér.



Skarpar og skemmtilegar mannlýsingar eru í hávegum hafðar og atburðarásin eftir því kostuleg. Formaður Freyvangsleikhússins, hún Jósý, Jóhanna Sigurbjörg Ingólfsdóttir, segir okkur að mikið stuð sé á sviðinu, hljómsveit og almennur hressleiki.

Frumsýningin verður þann 24. febrúar í Freyvangi og miðasala hjá tix.is og í síma 857-5598. Sýnt verður í átta skipti, klukkan 20.00, föstudaga og laugardaga frá frumsýningu þar til 18. mars næstkomandi og miðaverð er kr. 3500. */SP*



Grétar Bjarnason almannavarnamaður.



Hugfangna parið leika þau Sigurbjörg Halldórsdóttir og Jóhann G. Thorarensen. Myndir / Aðsendar

Halaleikhópurinn:

Obbosí – eldgos

Halaleikhópurinn er leikhópur fatlaðra og ófatlaðra sem hafa leikið og stýrt leikfélaginu jöfnum höndum í nú þrjátíu ár.

Halaleikhópurinn, sem heldur um þessar mundir, upp á 30 ára afmæli sitt, frumsýnir af því tilefni verkið Obbosí – eldgos, sem er sérstaklega skrifað fyrir hópinn. Alls níu leikarar stíga á svið í verkinu sem skrifað er og leikstýrt af Sigrúnu Valbergsdóttur.

Við fáum að kynnast lífrænt vottaða sveitabænum Snotrustöðum. Þar er boðið upp á bændagistingu og ýmsa óvenjulega afþreyingu – en sögusviðið gefur til kynna glaum og glens með tengingu við hið yfirskilvitlega.

Heimasætan hún Fjóla fær þá snjöllu hugmynd að glæða ferðamannastrauminn með því að auglýsa í Bændablaðinu og býður tilvonandi gestum upp á góðan afslátt af gistingu og mat ef þeir á móti veita þjónustu sína á einhvern hátt.

Bærinn stendur á virku eldgosabelti og um sama leyti og allt fyllist af gestum fer að gjósa í nágrenninu auk þess sem þrjár kýr bera á sama sólarhringnum.

Fjóla á fullt í fangi með þetta allt saman og einn misskilningur rekur annan í sambandi við dvöl gestanna á bænum. Til viðbótar ráða almannavarnir og náttúruvársérfræðingar auðvitað ekki við eitt né neitt.

Þessi ótrúlega atburðarás á sér öll á einn eða annan hátt fyrirmynd í raunveruleikanum og sjón er sögu ríkari.

Frumsýning er 10. febrúar, miða er hægt að nálgast í síma 897 5007 eða á netfanginu midi@halaleikhopurinn.is og miðaverð er 3.000 kr.

Sýnt er í Halanum, leikhúsi Halaleikhússins í Sjálfsbjargarhúsinu að Hátúni 12.

Gengið er inn að norðanverðu nr. 3 og sýnt er um helgar, laugardaga og sunnudaga, kl. 17. */SP*

Hvernig hljómar sumar á fjöllum?


Opið er fyrir umsóknir í fjölbreytt sumarstörf í Vatnajökulsþjóðgarði

Vatnajökulsþjóðgarður



Á döfinni ...

Leikdeild Eflingar Breiðumýri sýnir verkið Gauragang eftir Ólaf Hauk Símonarson á morgun, 10. febrúar. Sýnt verður á Breiðumýri að venju, og áætlaðar eru um tíu sýningar. Skemmtilegt er að segja frá því að í stað hefðbundins leiksviðs verður uppsetningin á nýstárlegan hátt, sitja gestir í hring, við borð – kvenfélagið býður upp á vöfflukaffi – en leikendur láta ljós sitt skína inni í hringnum. Frumsýningin er á föstudaginn kl. 20.30 og önnur sýning laugardag kl. 16.00. Hægt er að panta miða í síma 618-0847 eða í netfang umfefling@gmail.com.





vfs.is

YATO®

DAGAR

ÖLL YATO VERKFÆRI Á TILBOÐI



Rafmagns- og handverkfæri, ryksugur, rafstöðvar, vinnuljós, talíur, mælar, ljós, gálgar, tjakkar og margt fleira.

VERKFÆRA SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • **vfs.is**

MHG VERSLUN

Husqvarna á Íslandi - allt til á lager



FS400
Gólfsög
Sögunardýpt 16,2cm



K770
Steinsög
Sögunardýpt 12,5cm



K970
Steinsög
Sögunardýpt 15,5cm



K3600 MK II
Steinsög
Sögunardýpt 27cm



K7000
Steinsög / forsög
Sögunardýpt 14,5cm



550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl



Snjóblásari ST424T
8,6 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós,belti, rafstart.



Snjóblásari ST424
8,6 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.



Snjóblásari ST330
11,1 HP, vinnslubreidd 76cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.



Snjóblásari ST327
9 HP, vinnslubreidd 69cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.



Snjóblásari ST224
7 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, rafstart.



Snjóblásari ST124
7 HP, vinnslubreidd 61cm.



Traktor TC238T
Sláttutraktor - 18 hestöfl



Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 20 hestöfl



RC320TS AWD
Sláttutraktor - 12.6 kW



LF75LAT
Jarðvegsþjappa - 95KG

MHG VERSLUN | Þjónustuverkstæði og varahlutir | **Víkurhvarf 8** | **203 Kópavogur** | S **544 4656** | **mhg.is**

LÍF & STARF



Gangnamannakofinn í Fjallaskarði 2022. Fjölmargir komu að endurgerð gangnamannakofans í Fjallaskarði, hleðslumeistari, smiður, vélamenn og aðrir dugmiklir verkmenn Fljótsdælinga. Mynd / Helgi Gíslason



Reykkofinn í Hrólfsgerði 2022. Í Hrólfsgerði var haldið hleðslunámskeið og var leiðbeinandi Þorvaldur P. Hjarðar. Reykkofinn var gerður upp og er þessi mynd af honum og hópnum sem tók þátt í náminu. Á Hrólfsstöðum bíða mörg verkefni og því veitir ekki af að fjölga þeim sem kunna til verka. Mynd / Ásdís Helga Bjarnadóttir

Fljótsdalshreppur:

Uppgerð húsa og söfnun örnefna

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Fljótsdalshreppur hefur tvö undanfarin ár unnið að uppgerð á gömlum útihýsum og einum gangnamannakofa.

Að sögn sveitarstjóra stendur til að halda verkefninu áfram og gera upp fleiri hús á næstu árum. Einnig er staðið að söfnun örnefna og upplýsinga um búsetuminjar í sveitarfélaginu.

Helgi Gíslason, sveitarstjóri Fljótsdalshrepps, segir að verkefnið eigi upptök sín í erindum Helga Hallgrímssonar náttúrufræðings til sveitarstjórnar þar sem hann brýnir Fljótsdælinga hressilega til verka við endurbætur á gömlum hlöðnum húsum sem til eru víðs vegar í dalnum.



Kúahlaðan á Langhúsum 2022. Baldur Pálsson er hleðslumaður á Langhúsum og stjórnar því verkefni. Með honum hefur verið Bjarki í Klúku. Veggir eru að mestu komnir í gott horf og þak bíður sumars. Hið fljótsdælska handverksfélag Droplaug heldur utan um verkefnið. Mynd / Ásdís Helga Bjarnadóttir



Reykhús, hlaða og gangnamannakofi

„Skemmst er frá því að segja að fyrir hvatningu Helga hefur verið ráðist í nokkur endurbótaverkefni á hlöðnum húsum síðustu árin og flest á síðasta ári og var að mestu lokið við að gera upp gangnamannakofann í Fjallaskarði.

Í Vallholti var ráðist í að gera upp reykhúsið á Hrólfsgerði og er það komið í notkun. Á Langhúsum var ráðist í endurbætur á kúahlöðunni. Hrakstrandarkofi hefur verið gerður upp. Þá er í undirbúningi endurgerð á Hálskofa undir Fellum og verulegt framfaraskref var tekið þegar ráðist var í að hlaða upp glæsilega umgjörð um sögustaði Valþjófsstaðar.

Áfram verður unnið að því að gera upp gamla íbúðarhúsið á Hrafnkelsstöðum, húsið á Þorgerðarstöðum og þess gætt að viðhalda Melarétt eins og kostur er," segir Helgi og bætir við að af nægu sé að taka í þessum málum og að vonandi hafi Fljótsdælingar þolgæði til að halda þessum verkum áfram.

Örnefni og búsetuminjar

„Af öðrum málum þessu tengt langar mig að nefna að ráðist hefur verið í töluverða vinnu við að færa örnefni á verulegum hluta jarða Fljótsdals yfir á kortagrunn Landmælinga. Það verkefni er langt komið.

Fljótsdalshreppur á einnig samvinnu við Gunnarsstofnun, Rannsóknasetur HÍ á Austurlandi, Minjastofnun Íslands og Sagnabrunn ehf. og Fljótsdalshrepp um verkefni tengdu búsetuminjum í Fljótsdal en það er styrkt af Fljótsdalshreppi, Fornminjasjóði og Nýsköpunarsjóði.

Verkefnið er hafið og hefur töluverðu af upplýsingum og gögnum verið safnað, svo sem drónamyndum, ljósmyndum, hnitsetningum, upptökum af heimamönnum, örnefnatengingum og fleiru. Það hefur verið kynnt nokkuð víða og nú síðast í desember í sendiráðum Norðurlandanna í Berlín þar sem um 200 manns mættu," segir Helgi. */VH*



Meðalrétt 2022. Réttin er ein helsta rétt Austfirðinga. Mynd / Jóhann F. Þórhallsson.

Husqvarna®

HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní 2021.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar



Husqvarna K3600
Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000
Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm



Husqvarna K7000
Ring
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna DM230
Kjarnaborvél
150mm Max



Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna K770 14”
Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna K4000
Rafmagnssög
Sögunardýpt 12,5cm

Þjónustuverkstæði og varahlutir

HÁ VERSLUN

Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

Garðyrkja

Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna



Allt frá fræjum til afurða

Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is

Samhentir

ÍDEIGLUNNI

Búgreinaþing:

Tveir fráfarandi formenn

– Sveinn Steinarsson og Anna María Flygenring hætta formennsku í búgreinadeildum sínum



Anna María Flygenring, fráfarandi formaður búgreinadeildar geitabænda. Mynd smh

Fer sátt frá borði

Anna María Flygenring gefur ekki kost á sér til að gegna áfram formennsku í búgreinadeild geitfjárræktenda og því verður nýr formaður kosinn á búgreinaþingi

Hún segir að ýmislegt hafi áunnist á þeim árum sem hún hafi verið formaður, það fjölgi til að mynda örlítið í stofninum og svo sé fólk byrjað að líta á geitaafurðir sem góða matvöru.

„Þetta eru að verða fimm ár síðan ég var kosin formaður í Geitfjárræktarfélagi Íslands, þar á undan var ég ritari í eitt ár. Ég ætlaði alls ekki að lenda í stjórn þótt ég mætti á eins og einn aðalfund. En fyrir hvatningu góðs fólks samþykkti ég að gefa kost á mér í formennsku í eins og eitt ár á meðan fyndist formaður sem tæki verkefnið föstum tökum. En stuttu seinna dundu yfir breytingar á félagskerfi Bændasamtaka Íslands og á þeim tíma var margt að gerast í endurskipulagningu og fannst mér vont að fara úr stjórn á þeim tíma," segir Anna María.

Heppin með samstarfsmenn

Að sögn Önnu Maríu er breytingarskeið félagskerfisins nú komið vel á veg og því fari hún mjög sátt frá borði. „Ég hef verið heppin með samstarfsmenn, enda byggist starf í okkar deild á hugsjón og miklum áhuga.

Auðvitað eru endalaus verkefni, og við eigum mikið verk fram undan en við höfum smátt og smátt náð þeim árangri að nú er fólk byrjað að líta á geitaafurðir sem góða vöru," segir hún.

Að sögn Önnu Maríu er staðan í íslenskri geitfjárrækt sú að það fjölgar örlítið í stofninum. „Geitabændur eru auðvitað háðir því að fá tekjur, sem greiðast í gegnum gripagreiðslur. Þær þurfa að hækka verulega ef greinin á að standa undir sér. Við bindum vonir við að matvælaráðuneytið standi með okkur í búvörusamningum sem eru að fara í endurskoðun. Það er eftirspurn eftir afurðunum og sérstaklega mjólkurafurðum og kjöti – og ekki er hægt að fá kjöt eða mjólk sem hefur minna kolefnisspor ef farið er út í þá sálma. En öll uppbygging er dýr og það þyrfti að koma til stuðningur til að fleiri setji á stofn mjólkurframleiðslu eða ostagerð.

Það var á verkefnaskrá okkar á síðustu árum að koma geitinni inn í Slow Food verkefnið [Presidia] sem Dominique Plédel leiddi og var á góðri leið með, en talsverð vinna var lögð í það. Eitthvað strandaði við stjórnarskipti í Slow Food en vonandi kemst það aftur á skrið. Við reyndum að fá breytingu á reglugerð um hrámjólk til ostagerðar vegna skilyrða Slow Food en öll ostagerð innan þeirra samtaka notar ógerilsneydda mjólk.

Hér eru hins vega stífar reglugerðir og ekki hefur fengist breyting þar á. Þetta er eitt af óloknu verkefnunum," segir Anna María.

Lagfæringar á Heiðrúnu

„Við höfum líka verið að reyna að fá lagfæringar á Heiðrúnu, skráningarforritinu okkar, en það hefur gengið afar hægt. Forritið er eins konar þýðing á Fjárvís og koma iðulega upp hrútar og gimbrar þegar átt er við hafra og huðnur – og fleiri vandkvæði í þeim dúr mætti nefna. En nýjustu fréttir segja að það sé nú komið af stað og verða lagfæringar komnar inn í vor. Ég vona að ég megi treysta því, þetta hefur farið verulega í taugarnar á geitabændum öllum.

Nú í vetur hafa verið að fæðast kiðlingar á stöku stað, ekki alveg planað að byrja geitburð snemma en það er alltaf fjör þegar ungviðið er farið að spretta úr spori. Fátt gleður meira en að sjá myndir af þessum fjörkálfum þegar úti geisar stormur og él.

Ég óska öllum geitabændum alls hins besta og held áfram að fylgjast með og sinna mínum geitum sem best," segir Anna María að lokum.

/smh

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir

Iðnaðarhurðir með gönguhurð

Bílskúrshurðir

Hurðir í trékarma

Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VH HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



Sveinn Steinarsson, fráfarandi formaður Deildar hrossabænda, mun ekki sitja auðum höndum að búgreinaþingi loknu. Mynd / H.Kr

Þátttakan mikilvæg

Sveinn Steinarsson, bóndi á Litla-landi í Ölfusi, mun hætta sem formaður deildar hrossabænda hjá Bændasamtökum Íslands eftir áratuga langa setu.

Hann segir tíma sinn við stjórn Félags hrossabænda (sem síðar varð Deild hrossabænda) hafa verið viðburðaríkan. „Óneitanlega er gaman að rifja upp tímamótapunkta síðustu ára.

Má þar nefna uppfærslu dómaleiðarans, sumarexemsverkefni, landssýningar og landsmótin. Samhliða því hafa orðið miklar framfarir í greininni, hrossin eru sífellt að verða betri og jafnari," segir Sveinn. Þá nefnir hann markaðsverkefnið Horses of Iceland. „Þegar við fórum í þá vegferð hafði markaðsstarf á íslenska hestinum ekki verið stundað með markvissum hætti. Þarna komu saman í eitt lið hagsmunaaðilar, s.s. við hrossabændur, Landssamband hestamannafélaga, Félag tamningamanna, Feif, aðilar frá ferðaþjónustunni og fjölmargir aðrir, sem settu sér langtímamarkmið og fjármögnuðu verkefnið sem hófst 2015 og er samningsbundið til ársloka 2025. Það er alls ekki sjálfgefið að verkefnið hafi farið af stað og eldist svona vel."

Hann segir að árangur verkefnisins endurspeglist m.a. í meiri sölu reiðhrossa úr landi og aukinni ásókn ferðamanna hér á landi í hestaferðir. „Verkefnið er einnig okkar helsti samnefnari þegar við kynnum hestinn erlendis og á samfélagsmiðlum verkefnisins getum við komið okkar áherslum að á hverjum tíma," segir Sveinn.

Aðkoma hrossabænda að búvörusamningum

Lausnir við tíðni sumarexems í útfluttum hrossum er eitt af stórum hagsmunamálum Deildar hrossabænda.

„Síðasta áratug hefur farið mikil vinna og fjármagn í víðtækar rannsóknir á mögulegri forvörn gegn ofnæminu enda mikið velferðarmál fyrir hestinn erlendis að það takist að finna úrræði sem dugir gegn exeminu. Það var fyrst og fremst fyrir tilstilli Félags hrossabænda að það náðist að útvega hross í samanburðarrannsókn á mögulegu mótefni. Fyrsta formlega kynning á niðurstöðum hennar verður á búgreinaþinginu," segir Sveinn.

Hann segir að stærsta mál hrossabænda á þinginu verði umræður um raunverulega og beina aðkomu þeirra að búvörusamningum. „Við munum taka okkur tíma til að ræða það og kynna hugmyndir okkar. Vonandi fæðast úr þeim umræðum frekari hugmyndir og þá ályktun."

Hvetur til framboða

Milli 400-500 bændur eru skráðir í Deild hrossabænda og geta allir fullgildir meðlimir boðið sig fram í stjórn félagsins. Sveinn hvetur þá sem vilja láta sig málefni íslenskra hesta varða að gefa kost á sér.

„Stærsta áskorun nýrrar stjórnar er að efla félagsstarfið og ná betur til félaganna. Félagskerfið hefur gengið í gegnum meiri breytingar en mönnum hafði órað fyrir þegar ákveðið var að leggja af búnaðargjaldið. Það er mikilvægt að fólk sem hefur hagsmuni taki þátt í félagsstarfinu, það er alltof ódýrt að sitja bara hjá og gagnrýna."

Sveinn mun ekki sitja auðum höndum þrátt fyrir að hann víki nú úr formannsstólnum. „Ég hef miklu meira en nóg að gera í mínu fyrirtæki," segir Sveinn en hann rekur ásamt konu sinni iðnaðar- og þjónustufyrirtækið Svamp ehf. auk þess að vera með 40 hross að Litlalandi í Ölfusi.

„Ég vil þakka stjónarfólki mínu fyrir samstarfið gegnum árin sem og þeim fjölmörgu sem ég hef kynnst og starfað með að hagsmunum hrossabænda á sinni vakt."

Nýr formaður Deildar hrossabænda verður kosinn á búgreinaþingi þann 22. febrúar næstkomandi og hefur venjan hefur verið sú að formaður búgreinadeildarinnar er jafnframt formaður fagráðs í hrossarækt. Síðasti skráningardagur á búgreinaþingið er þann 15. febrúar næstkomandi. Allir fullgildir félagar í Deild hrossabænda eru gjaldgengir á fundinn.

/ghp

NÝÁRSTILBOÐ

20% afsláttur af öllum garðhúsum og
15% afsláttur af völdum gestahúsum á meðan byrgðir endast*

Við bjóðum þér að geyma fyrir þig húsið að kostnaðarlausu til vors 2023.

Geymsluhús eða gestahús fyrir vorið á frábæru verði · Ekki missa af þessu



34 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

45% afsláttur af flutningi á **GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GESTAHÚS og GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

*Afsláttur af uppgefnum verðum á heimasíðunni volundarhus.is

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

Staðgreiðslu lán | VISA Lán - hagstæðar afborganir



GARÐHÚS 4,4m²



GARÐHÚS 4,7m²



GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs



GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is

VH/23-01

ICELANDIC EIDER

Borgum 250.000 kr. fyrir kílóið af hreinsuðum æðardúni
Hafið samband í síma 821-0394
eða á arni@icelandiceider.com

www.icelandiceider.com



FRÉTTASKÝRING



Skemmtiferðaskip við Skarfabakka.

Myndir / Aðsendar

Vannýttur markaður fyrir íslenskar matvörur:

Kostur skemmtiferðaskipa

Von er á tæplega 300 farþegaskipum til Íslands á þessu ári. Ætla má að farþegar verði ríflega 300 þúsund. Eitthvað er selt af íslenskum eggjum, fiski og mjólk til þessara skipa en lítið af grænmeti og kjöti. Hér er um stóran og mögulega vannýttan markað að ræða fyrir íslenskar landbúnaðarvörur og sjófang.



Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Líkt og gefur að skilja er þjónusta við slík skip mikil og eitthvað þarf allt þetta fólk að borða. Bændablaðið leitaði upplýsinga hjá markaðsaðilum og framleiðendum um hvernig þessi markaður er og hvort skipin væru að kaupa íslenskar matvörur. Viðmælendur eru sammála um að markaðurinn sé stór og áhugaverður en að ólíklegt sé að íslensk framleiðsla eins og hún er í dag geti sinnt honum nema litlum hluta hans.

Leiðangursskip vænlegri markaður

Skemmtiferðaskipin sem koma hingað eru aðallega tvenns konar. Svokölluð leiðangursskip eru skip sem taka að jafnaði allt að 500 farþega, en eru oftast 200 til 300 farþega skip.

Þau skip leggja áherslu á upplifun á Norðurslóðum og ekki síst að upplifa menningu íbúanna. Þar með talið matarmenningu.

Stærri skip geta tekið allt að 4.000 farþega en algengara að þau séu á bilinu 1.000 til 2.500 farþega skip sem koma til Íslands. Sigurður Jökull Ólafsson, markaðsstjóri Faxaflóahafna, segir að leiðangursskipin leggi áherslu á menningu þeirra svæða sem þau sækja heim og þar með talið matarmenningu.

„Þau eru því vænlegri markhópur fyrir íslenska framleiðendur. Hins vegar hafa stærri skipin verið að versla eitthvert lítilræði samkvæmt því sem ég hef heyrt.“

Stóru skemmtiferðaskipin kaupa lítið af íslenskum mat

Jóhann Bogason, framkvæmdastjóri Gáru skipamiðlunar, segir komur skemmtiferðaskipa vítt og breitt um landið þegar allt er talið mörg hundruð á ári og þar af hátt í þrjú hundruð bara til Reykjavíkur.

„Við fáum reglulega fyrirspurnir um afgreiðslu á matvöru, sérstaklega ferskvöru eins og grænmeti og mjólkurafurðir, um borð í þessi skip. Við kaupum vörurnar hjá stórum birgjum eins og Innnesi, Ekrunni og Garra og ég veit ekki hvort þeir leggi áherslu á að selja íslenskar matvörur eða ekki, enda gerum við ekki greinarmun á innlendri eða erlendri matvöru þegar við kaupum hana fyrir skipin.

Fyrir Covid var í gangi verkefni sem hét Flavour of Iceland þar sem unnið var markvisst að því að kynna íslenskar matvörur fyrir útgerðum skemmtiferðaskipa en ég veit ekki til þess að slík markaðssetning hafi átt sér stað síðan þá.“ Jóhann segir að minni skipin, leiðangursskip, gefi sig út fyrir að bjóða staðbundinn mat um borð að minnsta kosti einu sinni í viku. „Þá er keyptur íslenskur bjór og eitthvað sterkara líka, kjöt og fiskur og búinn til viðburður í kringum íslenskt þema. Stóru skipin stoppa stutt og allt meira fyrirséð og fast í skorðum og þau kaupa lítið af matvöru hér. Ég sé alveg fyrir mér að það sé góður markaður fyrir íslenskar matvörur hjá leiðangursskipunum, sérstaklega ef lögð er áhersla á lífræn matvæli.“

Framboð af grænmeti af skornum skammti

Jóhannes Þór Ævarsson, framkvæmdastjóri ferskvöru hjá Innnesi, segir að fyrirtækið hafi mikið af íslenskum vörum á boðstólum og að þeir selji þær til skipamiðlara eins og innfluttar vörur séu þær í boði og að beðið sé um þær.

„Ef við tökum íslenskt grænmeti sem dæmi þá seljum við það klárlega svo lengi sem það er í boði en því miður er framboðið oft af skornum skammti.“

Lítil skref í fyrstu

Konráð Grétar Ómarsson, sölu- og innkaupastjóri hjá Sölufélagi garðyrkjumanna, segir að fram til þessa hafi sorglega lítið verið selt af íslenskum landbúnaðarvörum um borð í skemmtiferðaskip sem heimsækja landið eða þau skip sem bjóða upp á siglingar í kringum það.

„Við hjá Sölufélaginu höfum skoðað þessi mál undanfarin ár og síðastliðið haust urðum við vör við aukinn áhuga hjá umboðsmönnum skipanna. Þetta á sérstaklega við um þá aðila sem bjóða upp á siglingu í kringum landið.

Það er því tækifæri fyrir íslenska framleiðendur að bjóða fram íslenskar vörur á leiðangursskipin, sem eru minni skip og sérhæfa sig í siglingum á heimsskautasvæðunum. Stóru skipin, sem eru sum að taka kost hér á landi að hluta, hafa ekki lagt áherslu á íslenskar matvörur enn sem komið er en vissulega er það mál sem vert er að skoða líka. Sérstaklega ef vel gengur með þessi minni skip. Við ákváðum því að skoða hvort það er áhugi á að koma inn með séríslenskar vörur undir vörumerkinu Pure Artcic, sem er að flytja út íslensk matvæli inn í þetta verkefni. Til að byrja með hugsuðum við verkefnið nánast einungis út frá íslensku grænmeti en það virðist vera áhugi á öðrum íslenskum vörum, þar með talið lambakjöti og íslenskum fiski, inn í þetta verkefni.

Það væri gaman að geta boðið upp á ferskar íslenskar vörur um

Bílanaust
FYRIR FÓLK Á FERÐINNI
Skoðaðu vöruúrvalið á
www.bilanaust.is



VARAHLUTIR OG BÍLAVÖRUR
Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

STÓRVERSLUN BÍLDSHÖFÐA 12 110 REYKJAVÍK S. 535 9000
STÓRVERSLUN BÆJARHRAUNI 12 220 HAFNARFIRÐI S. 555 4800
Hafnargata 52 260 Reykjanesbæ S. 421 7510
Hrísmýri 7 800 Selfossi S. 482 4200
Furuvöllum 15 600 Akureyri S. 535 9085
Sólvangi 5 700 Egilsstöðum S. 471 1244


Jóhann Bogason, framkvæmdastjóri Gáru skipamiðlunar.


Aðalsteinn H. Magnússon, sölu- og markaðsstjóri hjá MS.


Þorsteinn Sigmundsson, eggjabóndi að Elliðahvammi.


Sigurður Jökull Ólafsson, markaðsstjóri Faxaflóahafna.


Steinþór Skúlason, forstjóri SS.

háuppskerutímann og viljum við leggja áherslu á að yfir sumartímann verði íslenska varan á borðum þessara ferðamanna í framtíðinni.

Tíminn verður síðan að leiða það í ljós hvort af þessu verður en þeir ferðamenn sem eru að sigla í kringum landið og skoða sig um hafa klárlega áhuga á íslenskri matvöru og um það snýst málið.“

Talsvert keypt af eggjum

Þorsteinn Sigmundsson, eggjabóndi að Elliðahvammi, segir að skemmtiferðaskip og annars konar skip sem til landsins koma kaupi talsvert af eggjum. „Ég hef selt egg til skemmtiferðaskipa og annarra skipa í mörg ár en er ekki í föstum viðskiptum við neitt þeirra. Yfirleitt er það svo að stóru skipin taka á móti matargámum sem koma erlendis frá og eru geymdir á frísvæði þar til þeir eru teknir um borð. Stundum bregst það og þar sem egg eru fersk vara og ekki hægt að geyma þau lengi panta þeir egg hér.

Magnið sem pantað er í stærstu skipin er í tonnavís og upp í fimm tonn í einu og því um nokkra tugi tonna á ári að ræða sem við söfnum saman og seljum í skipin.“

Íslenskar matvörur varaskeifa

Aðalsteinn H. Magnússon, sölu- og markaðsstjóri hjá Mjólkursamsölunni, segir að MS selji nokkuð af mjólkurvörum um borð í stór skemmtiferðaskip á hverju ári en ekki nógu mikið og að það sé alltaf verið að reyna að auka þann markað.

„Við seljum meðal annars skyr, mjólk og aðallega G-mjólk, og eitthvað af ostum.

Á hverju ári rekumst við aftur á að stóru skemmtiferðaskipin eru yfirleitt búin að taka allan sinn kost á ódýrum mörkuðum úti í Evrópu og fá talsvert af matvöru senda hingað inn á frísvæði sem þau taka síðan um borð. Skipin nota því íslenskar matvörur sem varaskeifu ef annað klikkar. Ætli MS selji ekki vörur til skemmtiferðaskipanna fyrir um 50 milljónir króna á ári.“

Aðalsteinn segir að fyrir Covid hafi Ekran leitt saman nokkra framleiðendur, MS, TVG, Banana, Gára, Kjarnafæði, Sjófisk og CCEP, til að reyna að nálgast þá örfáu aðila sem stjórna markaðinum fyrir skemmtiferðaskip.

„Við lögðum í talsverðan kostnað undir heitinu Flavour of Iceland og sendum fulltrúa á sýningar sem eru haldnar til að kynna íslenskar vörur fyrir þá sem reka skemmtiferðaskip. Ein af hugmyndunum var að fá skipin til að vera með íslenska daga um borð þegar þau kæmu til landsins og bjóða upp á íslenskar matvörur.

Verkefnið gekk vel til að byrja með og ágætlega tókst til við að koma vörum til þeirra en árið 2019 jókst stórlega gámaflutningur til landsins á kosti erlendis frá sem skipin taka svo um borð í íslenskum höfnum. Kynningin var okkar leið til að fá skipafélögin til að kaupa íslenskar vörur en satt besta að segja höfum við ekki náð miklum árangri en sem komið er. Enda snýst áhugi skipafélaganna meira um verð en gæði.“

Engar umframbirgðir af lambakjöti

Steinþór Skúlason, forstjóri Sláturfélags Suðurlands, segir að möguleikinn á að selja íslenskar kjötvörur um borð í skemmtiferðaskip hafi ekki verið áherslumál hjá þeim. „Staðan í dag er breytt frá því sem áður var og þannig að ekki eru til birgðir af lambakjöti nema fyrir innanlandsmarkað fram á haust.

Það er því ekki ástæða til að leggja áherslu á skemmtiferðaskipin sem markað eins og er, ekki nema þá að skipin séu tilbúin til að greiða hærra verð en aðrir markaðir.“

AÐALSKOÐUN

Aðalskoðun hf. óskar eftir að ráða bifvélavirkja til starfa við skoðun ökutækja á Selfossi.
Við erum að leita að starfsmanni með framtíðarstarf í huga.
Umsóknarfrestur er til 23. febrúar.

Sveinspróf í eftirfarandi greinum er skilyrði, bifvélavirkjun, vélvirkjun eða bifreiðasmíði.

Aðalskoðun leggur áherslu á fagleg vinnubrögð við skoðun ökutækja og ríka þjónustulund, en í starf inu felast eðlilega mikil samskipti við viðskiptavini.

Nánari upplýsingar veitir Ævar S. Hjartarson tæknistjóri.

Umsóknir sendist á aevar@adalskodun.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað að loknum umsóknarfresti.

VILT ÞÚ STARFA VIÐ ENDURHEIMT?

Landgræðslan býður verktökum á námskeið um vernd og endurheimt votlendis með áherslu á aðferðir við framkvæmdir.

Eftir námskeiðið fá þátttakendur staðfestingarskjal sem hægt verður að framvísa þegar sótt er um verk í endurheimt votlendis.

22. febrúar 2023, kl. 20:00
Rafrænt kvöldnámskeið (Teams).

Skráning í síma **488-3085** eða með tölvupósti á **votlendi@land.is**

LAUSNIR Á LAGER

Landsliðið í dælum

Eldsneytis- og efnadælur, tunnudælur, mælar, slöngur og fylgihlutir.

LANDVÉLAR | SMIÐJUVEGI 66 | 580 5800 | LANDVELAR.IS

LANDVÉLAR

VIÐTAL



Bændurnir Halldóra Andrésdóttir og Gauti Halldórsson láta vel að þátttöku í verkefninu Loftslagsvænn landbúnaður. Með hinum ýmsum aðgerðum hefur þeim tekist að binda töluvert meira kolefni en þau losa í sínum búrekstri. Mesti ábatinn er þó betri búrekstur sem skilar sér beint í fjárhagsafkomuna. Myndir / ghp

Vopnafjörður:

Loftslagsvænt kúabú

– Aðferðir bændanna í Engihlíð við að draga úr og binda kolefni bætir búrekstur til muna

Rúmlega fimmtíu sauðfjár- og nautgripabú víðs vegar um landið vinna markvisst og mælanlega að því að minnka losun og auka kolefnisbindingu í búrekstri sínum gegnum verkefnið *Loftslagsvænn landbúnaður*. Eitt þeirra er kúabúið Engihlíð í Vopnafirði. Þar hefur þeim Halldóru Andrésdóttur og Gauta Halldórssyni tekist svo vel til við loftslagsvænar umbreytingar að búið bindur töluvert meira kolefni en það losar. Auk þess að leggja sitt lóð á vogarskálarnar í loftslagsmálum stuðla aðgerðir þeirra að betri búrekstri.

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is

Verkefnið *Loftslagsvænn landbúnaður* er samstarfsverkefni stjórnvalda, Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML), Skógræktarinnar og Landgræðslunnar. Það hófst í ársbyrjun 2020 og hefur vaxið jafnt og þétt síðan, með auknum fjölda þátttökubúa sem skuldbinda sig verkefninu í fjögur til fimm ár í senn.

Á félagsbúinu Engihlíð í Vopnafirði eru tæplega 60 mjólkandi kýr, framleiðslan telur um 400.000 lítra á ári og rúm níu tonn af nauta- og lambakjöti, en sauðfjárbúskapur er þar hliðarbúgrein.

Auðheyrt er á bændunum Halldóru og Gauta að af mörgu er að taka þegar kemur að metnaðarfullum búrekstri. En þau hafa unun af lífi og starfi bóndans.

„Það sem er skemmtilegast við að vera bóndi er að sjá nýtt líf lifna og vaxa, hvort sem það heitir að rækta gras, skjólbelti, skóg, kú eða kind. Þá er einnig auðvelt að finna áskoranir til að bæta sig. Mér þykir gaman að rækta búfé, reyna að bæta júgrin, ná fram meiri frjósemi í fénu, meiri fallþunga og mjólkurlagni. Við höfum semsagt brennandi áhuga á allri ræktun," segir Halldóra.

Undir það tekur Gauti. „Maður hefur gaman af því að rækta og sýsla með dýr og grös. Eins ertu alltaf í miklum tengslum við náttúruna."

Þau sóttu um að taka þátt í *Loftslagsvænum landbúnaði* því þau töldu það ögrandi áskorun. Þau séu umhverfissinnar og vilji leggja sitt af mörkum. „Okkur fannst rétt að prófa hvort við gætum gert eitthvað sem stuðlaði að loftslagsvænni búrekstri," segir Gauti.

Nýta hverja ræsistund

Verkefnið felur í sér að búin setja sér markmið innan ákveðins tímaramma sem getur verið eitt ár eða fleiri í senn sem miða að því að draga úr losun og auka bindingu kolefnis. Fyrst er losun búsins áætluð miðað við stöðumat þar sem skrásett er notkun á aðföngum svo sem; olíu, rafmagni, plasti, áburði, kjarnfóðri og fleira. Bústofn, innistöðutími og meðhöndlun búfjáráburðar eru einnig skrásettar og gerð er grein fyrir gerð og ástandi ræktaðs lands og beitilands.

Aðgerðaráætlun búsins byggir einkum á markmiðum í að draga úr losun og auka bindingu. Auk þess sem hægt er að hugsa út fyrir boxið og koma með eitthvert frumlegt markmið sem fellur að verkefninu.



Þær eru vinalegar kýrnar í Engilhlíð. Þar eru tæplega 60 mjólkandi kýr og framleiðslan telur um 400.000 lítra á ári.

Halldóra og Gauti hafa skrásett og unnið markvisst að ríflega tíu mismunandi aðgerðum innan verkefnisins.

Eitt þeirra var að minnka notkun á olíu. „Við settum okkur markmið um að minnka olíunotkun um fimm prósent frá árinu á undan en samdrátturinn varð tíu prósent, úr 6.700 lítrum í 6.000 lítra," segir Gauti Þau telja erfitt fyrir þeirra bú að ganga lengra, nema að skipta út tækjum sem brenna jarðefnaeldsneyti fyrir rafmagnsknúin tæki en rafmagnsdráttarvélar séu enn óraunhæfur möguleiki. Því grípa þau til ýmissa sparnaðarráða þegar dráttarvélarnar eru notaðar.

„Við reynum að nýta hverja ræsistund á vélum sem best og setja þær í gang eins sjaldan og hægt er á veturna. Svo reynum við að para betur saman tæki og dráttarvélar miðað við eyðslu þeirra," segir Halldóra.

Lækkuðu burðar- og sláturaldur

Landbúnaður var uppspretta 13% af losun Íslands árið 2019 samkvæmt landsskýrslu Umhverfisstofnunar

um losun gróðurhúsalofttegunda frá árinu 2021. Stærsti hluti losunar frá landbúnaði kemur frá búfé, vegna iðragerjunar og meðhöndlunar húsdýraáburðar og frá nytjajarðvegi. Aukin losun frá búfé er rakin til aukins fjölda nautgripa.

Halldóra segir að ein gagnlegasta og hraðvirkasta aðferðin við að draga úr losun í nautgriparækt, sé að lækka burðaraldur á kvígum og lækka sláturaldur á sláturgripum.

„Við settum okkur markmið í hvoru tveggja, að lækka aldurinn um tvær vikur á árinu 2022. Við fórum langt fram úr því og er burðaraldurinn nú 23,7 mánuðir hjá kvígunum og sláturaldur 22 mánuðir hjá nautum. Aðferðirnar sem við notuðum var að nýta betur mestu vaxtagetuna hjá kálfunum, ná sem mestum vexti úr þeim á fyrstu tólf vikunum.“

Afleiðing aðgerðanna höfðu ekki síst jákvæð fjárhagsleg áhrif ofan á þau loftslagsmiðuðu.

Iðragerjun og hvatar


Iðragerjun er einn af stærstu losunarþáttum frá landbúnaði, enda felst í því metanlosun. Lítið hefur þokast í lausnum á því en þó eru fram komin efni sem hægt er að blanda í fóður og eiga að draga úr losuninni. „Flest þessara efna eiga það þó sameiginlegt að draga úr nytinni í kúnum, þannig ekki er enn raunhæft að nota þau,“ segir Halldóra. Hún segir því að enn sé áhrifamesta aðgerðin til að draga úr iðragerjun í mjólkurkúm að framleiða meiri mjólk á hvern grip, og dreifa þar með losuninni niður á meira magn afurða.

Gauti bendir hins vegar á að búvörusamningarnir, eins og þeir eru uppbyggðir í dag, vinni gegn þessum loftslagsvænu aðgerðum. „Greiðslum frá ríkinu er skipt í greiðslumark og gripagreiðslur. Því fleiri gripi sem þú ert með, því hærri gripagreiðslur færðu. Þó byrja greiðslurnar að skerðast við fimmtíu kýr.“ Halldóra tekur undir það. „Það er eiginlega fáránlegt hvernig þessu var breytt, þegar vægið á gripagreiðslunum var tvöfaldað.“

Þess í stað myndu þau vilja sjá kerfinu stýrt í átt að loftslagsvænni lausnum. Einnig sé æskilegt að koma til móts við bændur þegar fyrrnefnd efni til íblöndunar í fóðri fara í notkun.

„Þá gengur ekki að það sé þér til tjóns að nota efni sem draga úr losun. Ef menn vilja draga úr losun þá verður að vera til staðar hvati, það er ekki nóg að höfða bara til samviskunnar. Það virkar ekki á alla,“ segir Gauti.

Halldóra segist vilja sjá einhvers konar umbun til þeirra sem eru í aðgerðum til að draga úr losun eða auka bindingu kolefnis í endurskoðun búvörusamninga.



Á Engihlíð er mjaltabás með tólf tækjum.

Kyngreining sæðis er loftslagsmál

Kyngreining á sæði er eitt af hagsmunamálum innan nautgriparæktar. Á meðan slík tækni stendur bændum í nágrannalöndum til boða hefur hún ekki verið innleidd hér á landi.

Auk þess að vera hagkvæmnismál telja Halldóra og Gauti að notkun á slíkri tækni sé einnig stórt loftslagsmál og því brýnt að koma henni á hér á landi sem fyrst.

„Þú gætir fengið kvígur úr bestu mjólkurkúnum þínum og notað hinar til að framleiða Angus blendinga sem vaxa margfalt hraðar en Íslendingarnir,“ bendir Halldóra á.

Minnkuðu áburðarnotkun um nær 10 tonn

Áburðarnotkun er stór þáttur í losun búa auk þess sem áburðarkaup eru einn stærsti útgjaldaliður bænda.

Því hefur minnkandi notkun áburðar bæði hagræn og loftslagsvæn áhrif. En minnkandi áburðarnotkun má þó ekki koma niður á gæði heyja, enda sýnir það sig að eiginleikar fóðurs hafa bein áhrif á iðragerjunina.

Halldóra og Gauti settu sér það markmið að minnka áburðarnotkun um 5% á hverja framleidda fóðureiningu. Að ári liðnu kom í ljós að þau fóru langt fram úr þeim áætlunum og minnkuðu notkunina mun meira. Þrjár aðferðir reyndust lykillinn að þessum árangri.

> „Við settum okkur markmið um að minnka olíunotkun um fimm prósent frá árinu á undan en samdrátturinn varð tíu prósent, úr 6.700 lítrum í 6.000.“

„Við keyptum okkur niðurlagningarbúnað á skítatankinn sem eykur nýtnina á lífræna áburðinum. Við tókum sýni úr skítnum og létum efnagreina hann. Einnig notuðum við meira af haugmeltu sem á að draga úr tapi á köfnunarefni við dreifingu. Þá reyndum við að hafa skráningar eins nákvæmar og við gátum svo við værum ekki að bera meira af tilbúnum áburði á en við nákvæmlega þurftum. Þetta höfðum við aldrei gert áður. Við höfum líka fengið til okkar verktaka sem bera á fyrir okkur með tölvusýrðum áburðardreifara sem er afar nákvæmur,“ segir Halldóra.

Með þessum aðferðum reyndust þau spara um tíu tonn af áburði. „Við notuðum 29 tonn af áburði á síðasta ári fyrir þessa framleiðslu, en áður notuðum við hátt í 40 tonn,“ segir Gauti. Slík minnkun á notkun hafi enn fremur afskaplega jákvæð áhrif á rekstur búsins.

Af öðrum aðgerðum sem þau hafa ráðist í er notkun á niturbindandi plöntum í endurrækt túna, sem þau þó gerðu áður og féll því vel að verkefninu. Þau segja að fóðrið verði líka lystugra þannig. Með því spara þau einnig áburð.

„Verkefnið snýst um að nýta betur það sem þú ert með í höndunum. En það krefst þess að þú fylgist vel með og sért með skráningar í lagi,“ segir Halldóra.

Skógrækt, landgræðsla og endurheimt votlendis

Halldóra og Gauti búa að því að vera með töluvert landsvæði undir. Á því hafa þau undanfarin ár staðið í skógrækt og landgræðslu, óháð verkefninu.

En nú fellur öll slík vinna vel að áætlun þeirra að loftslagsmarkmiðum. Þannig hafa þau, síðan árið 2013, ræktað skóg og eru með ríflega 200 hektara svæði þar undir í skógræktaráætlun og planta í um 4–5 hektara ár hvert.

„Svo erum við með gróðurlausa mela sem við erum að græða upp. Við berum á þá skít og moð og setjum svo tilbúinn áburð þar sem við komum skítnum ekki að,“ segir Gauti en auk þess hafa þau fyllt ofan í skurði og þar með endurheimt um 90 hektara af votlendi.

Vilja meiri hvata

Allar upplýsingar og gögn skrá þau svo inn í kolefnisreiknivél RML og þaðan fá þau niðurstöðu um bindingu og losun búsins. Samkvæmt þeim stuðlum bindur Engihlíð töluvert meira en það losar.

Gauti bendir þó á að kolefnisreiknivélin sé ófullkomin og nauðsynlegt sé að bæta hana. „Mér skilst að meiningin sé að þú getir sett inn þína stærstu losunarþætti og fengið út tölu hvað losunin er á lítra mjólkur eða kíló kjöts. Í dag er þetta í heildartölum.“

Eins séu margir óvissuþættir í útreikningunum.

„Það sem vantar í íslenskan landbúnað eru mælingar á losun frá landi, bæði ræktuðu og þurrkuðu.“ Hann segir jákvætt skref að ríkið hafi falið Landgræðslunni að endurmeta losun gróðurhúsalofttegunda frá ræktarlandi.

„Það þurfa að koma raunhæfar niðurstöður um losun frá landi. Það er ekkert gáfulegt að vera að moka ofan í skurði í tuttugu ár og sjá svo að það var ekki til neins,“ segir Gauti.

Halldóra segir að í framhaldi þurfi bændur og landeigendur fjárhagslegan hvata til að taka þátt í loftslagsvænum aðgerðum, á borð við endurheimt votlendis.

„Þeim bændum sem leggja það á sig að gera landið betra ætti að vera umbunað fram yfir þá sem ekki gera slíkt. Mér finnst í raun ekki ganga upp að allir sitji við sama borð.“

Þau telja til dæmis gerlegt að koma slíkum hvötum á í kjötframleiðslu, með því að votta og markaðssetja sérstaklega kjöt sem framleitt er á loftslagsvænan hátt.

Þátttakendur bera saman bækur sínar

Þátttakendur í *Loftslagsvænum landbúnaði* fá hálfa milljón króna á ári ef þau skila árangri samkvæmt aðgerðaráætluninni. Halldóra og Gauti telja það fjármagn ákveðna þóknun en verkefninu fylgja kvaðir við skrásetningar sem geta verið tímafrekar.

Aftur á móti segjast þau læra mikið af því að taka þátt. Þau sitja fjölbreytta fyrirlestra á vegum Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins sem þau láta vel að.Í raun sé þó mesti ábatinn betri búrekstur sem skilar sér beint í fjárhagsafkomuna.

„Það er ekki annað hægt en að hvetja bændur til að taka þátt því það hefur jákvæð áhrif á reksturinn,“ segir Gauti.

Þau segja jafnframt gefandi að vera í samskiptum við aðra bændur sem taka þátt í verkefninu.

„Það er mjög mikill hugur í því fólki sem tekur þátt. Við hittumst hér í sumar og sýndum hvað við vorum að gera. Maður sér alltaf eitthvað hjá öðrum sem hægt er að læra af. Eins er gott fyrir okkur að hitta annað fólk sem er að hugsa um þessa hluti.“



LÍF & STARF

Saga vélar:

Óhræddur við nýja tækni

– Fyrstur með rúlluvél, Fendt og frambúnað



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Þórhallur Steinsson, fyrrverandi bóndi í Sumarliðabæ, var frumkvöðull í innleiðingu nýrrar tækni í landbúnaðartækjum. Þórhallur tók við búi í Sumarliðabæ árið 1972 og var þar bóndi til ársins 1995.

Sumarliðabær er staðsettur í Ásahreppi í Rangárvallasýslu. Landslagið er alsett hæðum og bröttum brekkum. Þórhallur hafði séð að traktorar sem einungis voru með drifi að aftan réðu illa við vinnu við þessar aðstæður. Eitt af hans fyrstu verkum þegar hann tók við búi var að panta fjórhjóladrifna Deutz dráttarvél.

Á þessum árum voru dráttarvélar útbúnar framdrifi ekki búnar að ná útbreiðslu og veit Þórhallur ekki til þess að nokkur annar í hans sveit hafi átt slíkan traktor. „Það var nú gert grín að þessu, en það liðu ekki mörg ár þangað til flest allir voru komnir með framdrif," segir Þórhallur.

Sá fyrir að þurfa meira pláss

Þegar Þórhallur tók við búi þurfti að ráðast í miklar framkvæmdir á húsakostinum. „Ég byggði fjósið með breiðum göngum þannig að ég gæti athafnað mig þar með tækjum. Ég hugsaði með mér að það kæmi ný tækni þar sem þyrfti að nota tæki – og það gerðist."

Á þessum tíma var hey ýmist verkað í smáböggum eða í lausu og voru fjósin almennt hönnuð út frá því að fóðrið væri gefið með höndum. Sumarið 1981 var mjög vot- viðrasamt og reyndist erfitt að safna heyjum. Þórhallur hafði farið á kynningu hjá Júlíusi Halldórssyni hjá Hamri hf. þar sem kynntar voru rúlluvélar.



Þórhallur Steinsson, fyrrverandi bóndi í Sumarliðabæ, var óhræddur við að innleiða nýja tækni í landbúnaði. Hann fékk sér fjórhjóladrifinn traktor áður en þeir náðu útbreiðslu, var fyrstur til að fá rúllubindivél og keypti fyrsta Fendt landsins sem hann útbjó með aflúrtaki að framan. Mynd / ÁL

Þórhallur pantaði í kjölfarið eina slíka þar sem hann sá að þessi nýja tækni myndi koma sér vel, bæði þar sem auðveldara væri að heyja í rigningatíð og þar sem rúllubaggar gætu hentað vel aðstæðunum í Sumarliðabæ.

Hann fékk rúlluvél af gerðinni Krone afhenta í byrjun sumars þetta ár og bendir allt til þess að þetta sé fyrsta rúllubindivélin sem kom til landsins. Samkvæmt Þórhalli flutti Hamar hf. inn tvær rúlluvélar þetta sumar, en hin fór í Austurkot í Flóa.

„Heyið var fyrst bundið og síðan lyft með tækjunum – og svo var stórum poka rennt upp á rúlluna." Þórhallur tók pokana utan af rúllunum rétt á meðan hann flutti þær heim.

Þrátt fyrir að þessu hafi fylgt meiri vinna, segir hann að heyið hafi verkast betur ef hann beið ekki með að setja það í poka úti á túni. Nokkur rigningasumur voru í byrjun níunda áratugarins, en Þórhallur segist hafa fengið mjög gott fóður, þrátt fyrir að slá og binda heyið í úrkomu.



Auglýsing fyrir Fendt traktor í Frey 1983. Þessi vél er sambærileg þeirri sem Þórhallur keypti á sínum tíma. Mynd / timarit.is



Erlend mynd af Krone rúlluvél sem birtist í Þjóðviljanum árið 1984. Mynd / timarit.is

Staflað inni í hlöðu

Rúllurnar voru svo settar aftur í pokann þegar þeim var staflað í hlöðunni. „Svo batt maður fyrir og raðaði upp á endann þannig að næsti baggi kom ofan á og lokaði þar með alveg," segir Þórhallur. Pokana gat hann notað oft og þeir voru óskemmdir.

Stærstan hluta heyforðans geymdi Þórhallur inni í hlöðu. Þegar kom að gjöfum sótti hann rúllu með krabba á brúkrana og setti á heimasmíðaðan vagn sem dreifði heyinu um fóðurganginn.

„Þegar ég var með litlu baggana gaf ég 25 bagga í mál, en það þurfti ekki nema einn bagga af þessu," segir Þórhallur, en þvermál rúllubagganna hjá honum var 150 sentímetrar og því nokkuð stórir. Í dag eru flestar rúllur 120 til 130 sentímetrar í þvermál.

„Það héldu allir að þetta yrði algjörlega ónýtt hey," segir Þórhallur, en þegar tekin voru heysýni kom í ljós að fóðrið hefði verkast mjög vel og lyktaði eins og sætt vín. Til stóð að rúlluvélin færi í búvélaprófanir á vegum bútæknideildar RALA á Hvanneyri, en svo varð ekki þar sem vélin mætti miklum fordómum.

Nokkrum árum eftir að Þórhallur tók Krone rúlluvélina í notkun kom Júlíus vélasali að máli við hann og sagðist ætla að flytja inn fastkjarna rúlluvél frá Vermeer – sem var með beltum í stað kefla. „Hún var með sama þvermál, en maður gat hent bagganum út á öllum stigum," segir Þórhallur.

Umboðið tók Krone rúlluvélina upp í og er óljóst hvar þessi fyrsta rúlluvél landsins er niðurkomin.

Fyrsti Fendtinn

Árið 1983 var Júlíus Halldórsson búinn að stofna fyrirtækið Búvélar sf. og hóf innflutning á Fendt dráttarvélum frá Þýskalandi, sem þá var alfarið óþekkt tegund hér á landi. Þórhallur greip tækifærið og eignaðist þar með fyrsta traktorinn frá þessum framleiðanda.

Þarna fékk hann í hendurnar nýja tækni sem fólst í öðruvísi kúplingu og gírkassa en bændur höfðu kynnst – svokölluðum „konverter", sem Þórhallur segir að hafi gert öll átök mýkri.Þetta hafi gert alla vinnu léttari og við nákvæmnisvinnu voru engir rykkir eða kippir.

Eftir að Þórhallur fékk þennan Fendt 306 í hendurnar setti hann aflúrtak framan á traktorinn. Þetta gaf honum möguleika á að slá með tveimur sláttuvélum samtímis og segir Þórhallur afköstin hafa aukist um helming. Líklegt má telja að þetta sé eitt fyrsta dæmið um frambúnað á dráttarvél hérlendis.

Eftir að Þórhallur hætti búskap í Sumarliðabæ gerðist hann skoðunarmaður hjá Vinnueftirlitinu og vann þar þangað til hann fór á eftirlaun.

Skipulagsstofnun

Umhverfismat framkvæmda

Umhverfismatsskýrsla í kynningu

Niðurdæling CO_2 til geymslu á Hellisheiði, Sveitarfélaginu Ölfusi

Carbfix hf. hefur lagt fram umhverfismatsskýrslu vegna umhverfismats ofangreindrar framkvæmdar.

Kynning á umhverfismatsskýrslu: Tillaga að ofangreindri framkvæmd og umhverfismatsskýrsla liggur frammi til kynningar á bæjarskrifstofum Sveitarfélagsins Ölfuss og hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b frá **2. febrúar til 17. mars 2023.** Umhverfismatsskýrslan er aðgengileg á vefsíðu stofnunarinnar: **www.skipulag.is.** Haldinn verður opinn kynningarfundur á vegum Carbfix í húsi OR, Bæjarhálsi 1 kl. 16-18 **21. febrúar 2023.**

Umsagnarfrestur: Allir geta kynnt sér umhverfismatsskýrsluna og lagt fram umsögn. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **17. mars 2023** til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

Þurr skyldi þorri, þeysöm góa:

Þorraþræll

Yfir tíð þorra hefur hérlendis jafnan verið fremur kalt. Á öldum ljósvakans birtust nýverið fregnir þess efnis að janúarmánuður nú árið 2023 hefði mælst sá kaldasti þessarar aldar.

Að minnsta kosti ef miðað er við Suðurland, við Faxaflóa, Breiðafjörð, á Ströndum og Norðurlandi vestra. Nýverið hefur svo snjókoma eða slydda með hita í kringum frostmark glatt okkur Íslendingana sem þykjumst öllu vanir í veðrabrigðunum.

Samkvæmt gömlum mánaðarheitum heitir tímabilið frá þrettándu viku ársins þorri. Nafn mánaðarins þorra er tiltölulega óskilgreint, en einhverjir vilja meina að orðið sé skylt lýsingarorðinu þurr eða að þverra og ætti þá við að hart væri í búi. Kemur fram í Þjóðsögum Jóns Árnasonar að þar sem bóndadag ber upp á fyrsta dag þorra ...

„... skyldu karlmenn fara fyrstir á fætur allra manna á bænum þann morgun. Áttu þeir að fara ofan og á skyrtunni einni, vera bæði berlæraðir og berfættir, en fara í aðra skálmina og láta hina lafa og draga hana á eftir sér á öðrum fæti, ganga svo til dyra, ljúka upp bæjarhurðinni, hoppa á öðrum fæti í kringum bæinn, draga eftir sér brókina á hinum og bjóða þorra velkomin í garð eða til húsa. Síðan áttu þeir að halda öðrum bændum úr byggðarlaginu veislu fyrsta þorradag; þetta er að fagna þorra.“

Berrassaðir eður ei

Ekki er víst hve margir fara eftir þessum gamla íslenska sið; að vakna fyrir allar aldir og hoppa á öðrum fæti í kringum heimili sitt, hálfberrassaðir, dragandi brókina á eftir sér og gera sér svo dagamun í kjölfarið. En þeir eru ef til vill einhverjir sem eiga þetta eftir.

Nú í ár hófst þorri 20. janúar og stendur til 19. febrúar er góa hefst á sunnudegi átjándu viku vetrar – en sá dagur þekkist undir nafninu konudagur. Þann dag, (a.m.k. síðan á sjötta áratug 20. aldar) er siður að færa kvenfólki blóm. Síðasti dagur góu nefnist góuþræll og samkvæmt íslenska almanaksvefnum þykir hann einn versti óhappadagur ársins.

Síðasti dagur þorra hefur hins vegar þekkst undir nafninu þorraþræll en ekki fylgir sögunni hvort sá sé dagur óhappa eða ekki

Samkvæmt vísindavefnum áttu annars húsfreyjur að fagna góu á svipaðan hátt og bændur fögnuðu þorra. Þó ekki með jafnmiklum óhemjugangi og ekki er talað um að hoppa um buxnalausar heldur áttu þær að fara fyrstar allra á fætur, ganga út fáklæddar fyrsta morgun í góu og bjóða hana í garð með þessari vísu:

Velkomin sértu, góa mín,
og gakktu í bæinn;
vertu ekki úti í vindinum,
vorlangan daginn.

Njótum þess að vera til

Nokkrar eru þær vísurnar og kvæðin sem hafa verið sett saman á þessum árstíma og þekktastur er sjálfsagt Þorraþrællinn sem saminn var af Kristjáni Jónssyni fjallaskáldi árið 1866. Það er kannski ekki að undra að andinn færist yfir menn í ógöngum vetrarhríða og frá Hvammstanga kemur ljóðskáldið Einar Georg með kvæði sitt um þorrann.

Ósköp er þorraveðrið vont á köflum
vindurinn pípar eins og þokulúður.
Umhverfið er þakið ís og sköflum
í öllum húsum skjálfa flestar rúður.

Best mun okkur þá að hírast heima
og hugsa um tilverunnar rökin sönnu.
Illu veðri og trega gömlum gleyma
með gullinn bjór í risastórri könnu.

Sjálfsagt hefur fátt jafn mikil áhrif á líf mannanna og lundarfar og veðrið. Við gerum þó gott úr því og njótum þess að vera inni við, sitja við skriftir, kveikja á kertum og lesa bækur á þessum árstíma. Þorramaturinn fer einnig vel í maga sumra – sá hefðbundni íslenski matur er rekja má til miðsvetrarmóta á fyrri hluta 20. aldar, þegar auglýst voru hlaðborð vel þekktra rétta hefðbundins sveitamatar. Sem dæmi um slíkt má nefna sviðakjamma og lundabagga, bringukolla og blóðmör, hrútspunga og selshreifa, magál og ekki má gleyma hákarlinum sem einmitt var þekktur fyrir að stilla magakveisur á mörgum heimilum hér á árum áður.

Það er því án efa hægt að láta sér líða vel á þessum harðangurstímum og brosa út í óveðrið. */SP*



Einar Georg gæðir sér á hákarlsbita í tilefni þorrans. Mynd / SP







LÍF & STARF



Frá tökum á fræðslumyndböndunum fyrir átaksverkefnið Bændageð.

Bændageð Bændasamtakanna:

Fræðslumyndbönd frumsýnd á búgreinaþingi

Kvikmyndatökum Bændasamtaka Íslands (BÍ) vegna framleiðslu á fræðslumyndböndum um andlega heilsu bænda er nú lokið og er stefnt að því að frumsýna þau á búgreinaþingi sem haldið verður 22.–23. febrúar næstkomandi á Hótel Natura Reykjavík.

Framleiðsla myndbandanna er liður í átaki BÍ, sem heitir Bændageð, þar sem leitast verður við að vinna að forvörnum gagnvart þessu heilsufarslega vandamáli margra bænda. Ætlunin er að aðstoða bændur og aðstandendur við að læra hvernig koma megi auga á vísbendingar um hrakandi andlega heilsu þeirra.

Talað við bændur, aðstandendur og sálfræðing

Átaksverkefnið hófst síðastliðið haust og er staða þess þannig nú, að sögn Stellu Bjarkar Helgadóttur, verkefnastjóra hjá BÍ, að búið er að taka upp myndbönd sem verða síðar aðgengileg félagsmönnum BÍ. „Myndböndin byggja á jafningjafræðslu. Við tökum þar fyrir málefni eins og þunglyndi, streitu, sjálfsvíg og samúðarþreytu. Tölum bæði við núverandi og fyrrverandi bændur, sem deila þeim áföllum sem þeir hafa lent í, aðstandendur og sálfræðing.



Stella Björk Helgadóttir, verkefnisstjóri hjá Bændasamtökum Íslands.

Þannig að það er reynt að fara í þetta frá sem flestum sjónarhornum.

Planið er að myndböndin verði tilbúin fyrir búgreinaþing og svo aðgengileg félagsmönnum í kjölfarið. Við munum fara í einhverja kynningu á verkefninu og svo ef fjármagn leyfir að þá yrði farið í gerð fleiri myndbanda þar sem önnur málefni yrðu tekin fyrir.“

Stella segir að ljóst sé að andleg vanlíðan, streita og kvíði séu algeng andleg vandamál sem herji á bændur hér á landi og reynist mörgum bændum erfið, einkum hjá þeim sem hafa þurft að skera niður í bústofni vegna dýrasjúkdóma.

Reynslan sýni að geðheilsa bænda og vandamál tengd dýravelferð séu nátengd. */smh*



Kristborg Þórsdóttir fornleifafræðingur segir að sá hluti verkefnisins, sem nú er í undirbúningi, hefjist í sumar ef styrkur fæst og er gert ráð fyrir verklokum um næstu áramót. Mynd / Andrés Skúlason

Fornleifar á sögusviði Njálu:

Stórbrotið menningarlandslag

Fornleifastofnun hefur sent erindi á Rangárþing ytra og Rangárþing eystra þar sem leitað er eftir samstarfi um miðlun upplýsinga um fornleifar á sögusviði Njálu.

Kristborg Þórsdóttir hjá Fornleifastofnun fer fyrir verkefninu en hún hefur unnið við fornleifaskráningu í sveitarfélögunum á nánast hverju sumri í fimmtán ár og er því farin að þekkja aðalsögusvið Njálu mjög vel.

„Þar sem mikill áhugi er á Njálssögu, ekki síst heima í héraði, fannst mér það liggja beint við að nýta þann stóra gagnabanka um fornleifar á svæðinu sem við höfum safnað í um árabil til þess að leiða fólk um sögusvið Njálu og slá þannig tvær flugur í einu höggi með því að miðla upplýsingum um fornleifar á sögusviðinu,“ segir Kristborg.

Menningararfur sem mótað hefur kynslóðir

Verkefnið snýst um að búa til kynningarefni um fornminjar á völdum sögustöðum í Njálu byggt á fornleifaskráningu, sem þegar hefur verið unnin fyrir sveitarfélögin á svæðinu og úr gagnagrunninum Sagamap.is. Ekki er verið að ýja að því að minjarnar tengist Njálssögu að öðru leyti en því að þær eru á stöðum sem koma við sögu í verkinu.

„Á hverjum stað verður tekið fram hvaða persónur og eða atburðir í sögunni tengjast staðnum. Markmiðið er að samtvinna menningararf sem fólginn er í ritverkum fyrri alda og í jarðföstum minjum sem saman mynda stórbrotið menningarlandslag og hefur haft áhrif á og mótað ótalmargar kynslóðir Íslendinga,“ segir Kristborg aðspurð og tilgang og markmið verkefnisins.

Verkefni á frumstigi

Að sögn Kristborgar er fyrstu umferð fornleifaskráningar lokið í Rangárþingi ytra og er komin vel á veg í Rangárþingi eystra. Í þeirri vinnu hefur margt forvitnilegt komið í ljós og mikill fjöldi merkra minja er á svæðunum báðum.

„Ég á ekki von á því að margar nýjar minjar komi í ljós í þessu tiltekna verkefni en það er sannarlega mögulegt. Verkefnið er á frumstigi og á vonandi eftir að þróast áfram. Sá verkhluti, sem er í undirbúningi og sótt hefur verið um styrki fyrir, er fremur smár í sniðum og ekki kostnaðarsamur.

Ef styrkur fæst verður vonandi hægt að nota afraksturinn til þess að þróa verkefnið áfram og hugsa stærra. Ekki hefur verið úthlutað úr sjóðnum sem sótt hefur verið um beint fjármagn til en þegar hefur verið komið á samstarfi milli Fornleifastofnunar Íslands við sagamap.is, sveitarfélögin Rangárþing ytra og Rangárþing eystra og Ferðafélag Rangæinga.

Þannig að viðtökurnar hafa verið góðar og greinilegt að mikill áhugi er á verkefninu,“ segir Kristborg. Raunhæft sé að áætla þrjú ár að lágmarki í stórt verkefni sem fæli í sér öflun gagna, ritun texta, hönnun og miðlun.

/ MHH

Kæli- og frystiklefar í öllum stærðum og gerðum

Margar gerðir af vélbúnaði fyrir kæli- og frystiklefa

Mikið úrval af hillum



Kælitækni er leiðandi í sölu og uppsetningu á kerfum með náttúrlegum kælimiðlum

Kælitækni
Járnháls 2 - 110 Reykjavík
Sími 440 - 1800
www.kaelitaekni.is

Pottaplöntur:

Flöskuliljan sérkennilega

Harðgerð og allsérstæð pottaplanta sem ekki þarf mikla umhirðu og sómir sér vel í austur- eða suðurglugga standi hún í eilitlum skugga frá beinni sól af öðrum pottaplöntum.

Plantan kallast á latínu *Beaucarnea recurvata* og hefur gengið undur nokkrum heitum á íslensku, fílafótur, taglhnúður, skúfhnúður, taglskúfur og flöskulilja, sem líklegast er besta heitið.

Útlit flöskulilju er skemmtileg. Ungar plöntur eru kúlu- eða egglaga og löng og mjó blöð vaxa upp af bolnum. Langlíf planta sem vex hægt en með tímanum og góðri umhirðu getur hún orðið fjögurra metra há. Gamlar plöntur líkjast kúlulaga flösku með einum eða fleiri löngum hálsum. Bolurinn brúnleitur og sléttur viðkomu. Efst á hálsinum sitja hvirfingar með leðurkenndum og sígrænum löngum og dökkgrænum blöðum sem svigna niður á við. Blómstrar sjaldan og yfirleitt ekki fyrr en hún hefur náð að minnsta kosti tíu ára aldri og því ræktuð sem falleg blaðplanta.

Upprunnin við jaðra eyðimarka og upp til fjalla í austanverðri Mexíkó og Mið-Ameríku og nýtur í dag mikilla vinsælda sem pottaplanta víða um heim. Bolurinn geymir vatn og plantan því þurrkþolin og varast ber að ofvökva hana og nóg er að gefa henni væga áburðarlausn



Útlit flöskulilju er sérkennilegt. Ungar plöntur eru kúlu- eða egglaga og löng og mjó blöð vaxa upp af bolnum. Mynd / dengarden.com

nokkrum sinum, eða eftir minni, yfir sumartímann. Vökva skal með volgu vatni. Kjörhiti flöskulilju er 18 til 25° á Celsíus.

Tegundir innan ættkvíslarinnar *Beaucarnea* eru 13 til 15 og sumar þeirra eru í útrýmingarhættu, þar á meðal B. *recurvata* vegna ágangs í þær í náttúrulegum heimkynnum sínum. */VH*



Búgreinaþing 2023
Hótel Natura
Reykjavík
22. og 23.febrúar

MINNUM Á SKRÁNINGU TIL
FULLTRÚA Á **BONDI.IS**
FYRIR 15.FEBRÚAR

BÆNDASAMTÖK
ÍSLANDS

LÍF & STARF

Í fullu fjöri eftir sextugt

– Landshorna á milli



Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is

Við fáum nú kveðjur landshorna á milli auk upplýsinga frá nokkrum þeirra félaga eldri borgara sem er að finna á landsvísu.

Alls eru félögin fimmtíu og fimm talsins og samkvæmt Landssambandi eldri borgara er starfsemi þeirra allra afar virk. Formenn félaganna er kveðjuna senda hér á eftir eiga það sameiginlegt að benda á heimasíður félaga sinna og oft á síður á miðlinum Facebook, en þar má finna helstu uppákomur, dagskrár, myndasöfn og annað. Einnig hvetja allir formenn þá sem áhuga hafa að líta inn og vita hvort ekki sé eitthvað sem gæti vakið áhuga þeirra. Félagstengsl og félagslíf eru jú öllum holl.

Með kveðju ...

Ásdís Illugadóttir, formaður í Mývatnssveitinni segir okkur að félagsmenn hittist aðallega yfir veturinn og sæki þá samverustundir og íþróttatíma sem eru í boði í sveitinni. Skipulagðar séu skemmtiferðir innanlands auk leikhúsferða og gjarnan er farið út að borða í leiðinni. Er stefnan einmitt tekin á Hof nú í febrúar að sjá söngleikinn CHICAGO auk málsverðar. Einnig er áætluð 3 daga skemmtiferð á S-Austurland í júní. Viðburðir sem þessir eru vel niðurgreiddir af félaginu, en tekjustofn þess eru árgjöld og árlegur styrkur frá sveitarfèlaginu. Engin sundlaug er hins vegar lengur starfrækt á staðnum og fólk afar óánægt með það. 40 kílómetrar eru í næstu laug og yfir heiði að fara sem aftrar eldra fólki eðlilega að sækja þá heilsubót, því miður.

Frá Raufarhöfn berast þær fréttir að félagið hafi hlotið styrkveitingu úr uppbyggingarsjóði SSNE en samkvæmt **formanninum**, henni **Kristjönu Bergsdóttur**, sótti félagið um styrk til uppsetningar útilistaverks Helga Ólafssonar rafvirkja, Drekanum. Gnæfir verkið nú tvo metra upp í loftið, staðsett við Óskarsstöðina á Raufarhöfn. Að auki hlaust styrkur til uppsetningar myndaskilta til glöggvunar, þar sem áður voru síldarsöltunarplön og er þar með sögu síldarára Raufarhafnar viðhaldið. Er Félag eldri borgara afar virkt, en fyrir um áratug síðan tóku aldursforsetar sig til og stofnuðu það – með það fyrir augum að njóta návista hver annars og vinna að verkefnum. Eru félagsmenn 34 talsins og sami kjarni uppistaða félagsins í dag og við stofnun þess.

Sigurlín Sveinbjarnardóttir, formaður í Hveragerði vill koma á framfæri að skráningar til þátttöku á námskeiðum vormisseris séu í fullum gangi fyrir áhugasama. Bæði fréttabréf og stundatafla hafi verið send út nýverið og á vefsíðunni www.hvera.net er allt að finna sem gæti orðið núverandi eða væntanlegum meðlimum til gagns og gamans.



Kaffinefndin góða á Dalvík, þær stöllur: Hjördís Jónsdóttir, Ásta Einarsdóttir, Elín Guðjónsdóttir og Súsanna Friðbjörnsdóttir fremst.

Valdemar Guðmundsson, formaður Félags eldri borgara í Strandasýslu telst til að félagar staðarins séu 91 talsins. Sex þó búsettir utan sýslunnar. Boðið er upp á fjölþætta starfsemi. Á sunnudögum er komið saman í flugstöðinni sem er í eigu sveitarfélagsins og hýsir m.a. auk samkoma eldri borgara, bæði bridds- og Lionsklúbbinn. Þar er spjallað, spilað og drukkið kaffi með fjölbreyttu meðlæti sem félagar koma sjálfir með. Mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga er gengið í íþróttasalnum, boccia á miðvikudögum í sama sal, en á föstudögum er leiðbeinandi með félögum í salnum og tækjasal. Á miðvikudögum er að auki farið á sjúkrahúsið, tveir og tveir saman, spjallað og lesið fyrir vistmenn.

Formaðurinn Ásgerður Pálsdóttir í Húnaþingi segir félagið leggja áherslu á ferðalög og heilsueflingu, hið síðarnefnda í samvinnu við sveitarfélagið – boðið er upp á stólaleikfimi, vatnsleikfimi og stólajóga vikulega yfir veturinn. Styttri ferðir félagsmanna, dagsferðir, leikhúsferðir og kvöldverðir, eru jafnan, en árlega er farin lengri ferð. Síðasta sumar var farið um norðanverða Vestfirði en nú í sumar verða þeir heimsóttir að sunnanverðu.

Gestir komi í heimsókn til að fræða félagsmenn og skemmta, þá er vikuleg „söngstund“ þar sem fólk kemur saman og syngur af hjartans lyst við undirleik snillinga staðarins og er það mikil sálubót og hugarléttir mörgum að geta hist og sameinast í söng. Þá hefur félagið stutt Landssamband eldri borgara í baráttu fyrir bættum kjörum, og einnig málarekstur Gráa hersins.

Helga Mattína Björnsdóttir, formaður Félags eldri borgara í Dalvíkurbyggð leyfir okkur að heyra frá starfinu: „Við eigum okkar eigið félagsheimili sem heitir Mímisbrunnur og er opið hús á mánudögum. Við höfum tekið þátt í verkefni LEB og ÍSÍ sem kallast Bjartur lífsstíll, en alla mánudaga kemur sjúkraþjálfari til okkar með stólaleikfimi og teygjur sem er mjög vel sótt. Á þriðjudögum er kóræfing hjá Mímiskórnum okkar og á miðvikudögum er spiluð vist sem er sérdeilis vinsæl. Á fimmtudögum er opið hús, annan hvorn fimmtudag fáum við hjúkrunarfræðing frá heilsugæslunni okkar sem mælir blóðþrýsting, blóðsykur og gefur ráð. Hinn fimmtudaginn er létt bingó

Síðasta föstudag hvers mánaðar er Sokkabandið, vinsæll prjónaklúbbur – aðrir föstudagar breytilegir eftir tilefninu. Alla daga er kaffi á könnunni og eitthvað gott með því. Svo er haustgleði, aðventuhátíð, þorrablót og vorgleði. Alltaf er farið tvær til fjórar skemmti- og leikhúsferðir á hverju ári og félagatal er um 120.“

Laufey Jóhannsdóttir, formaður Félags eldri borgara í Garðabæ, segir okkur frá því að félagið er með samning við Garðabæ og er hreyfing ofarlega á lista. Samningar eru við Janus-Heilsueflingu og öflugt og skipulagt starf er í vatnsleikfimi, zúmba gold, leikfimi, boccia, qi-gong, stólajóga, línudansi, dansleikfimi og félagsvist auk samlesturs í fornsögunum.

Haldnar eru skemmtanir á borð við þorrablót, fræðsluerindi og dansiböll – en félagið státar af vel virkum Facebook- og Instagram-síðum auk heimasíðunnar www.febg.is.

Félagsmenn eldri borgara í **Eyjafjarðarsveit** eru 78 talsins og fræðir **formaðurinn, Hulda M. Jónsdóttir** okkur um að hist sé, yfir vetrartímann á hverjum þriðjudegi, spilað bridge, prjónað, saumað út, heklað, skorið sé út og postulín málað. Stólaleikfimi í boði hjá sjúkraþjálfara og gott kaffi sem kostar 1.500 kr fyrir manninn. Miðvikudaga hafi þau aðgang að íþróttahúsi Hrafnagilsskóla, fari þar í boccia og stundi ýmsar íþróttaæfingar. Á föstudögum í vetur hefur sjúkraþjálfari leiðbeint þeim í íþróttahúsinu varðandi styrkjandi æfingar svo og mælt gripstyrkinn.

Sami sjúkraþjálfari sér um vatnsleikfimi alla mánudaga frá september til nóvemberloka og fyrirhugað er að því verði haldið áfram út febrúar, enda vel sótt af bæði konum og körlum. Á sumrin eru vikulegar gönguferðir á svæðinu og félagar farið í hópferðir til Akureyrar á söfn, kaffihús eða annað áhugavert á veturna auk jólahlaðborðs í lok nóvember.

Að auki sé farið í tvær ferðir árlega, önnur yfir 2-3 daga, þá ferðast í aðra landshluta og svo dagsferð síðla sumar. Nýverið var haldið tölvu- og tæknilæsinámskeið sem Símey á Akureyri stóð fyrir. Meðal annars var kennsla á notkun apps/smáforrita eins og t.d. Easy Park - svo nú geta allir í Félagi eldri borgara í Eyjafjarðarsveit lagt bílnum sínum án nokkurra vandkvæða á Akureyri.



Listamaðurinn Helgi Ólafsson með verki sínu Drekinn á Raufarhöfn.



Það er yndislegt að sóla sig í sundlauginni í góðum félagsskap félags eldri borgara. Frá formanni FEB Eyjafjarðar.

Í Rangárvallasýslunni er allt í fullu fjöri og mikið að gera á þriðju- og miðvikudögum, þá er handverk á fullu. **Jón Ragnar Björnsson formaður** segir okkur að gott sé að líta á Facebook-síðuna svo og vefsíðuna þeirra - febrang.net, þar sé ýmislegt að finna, m.a. fundargerðir sem upplýsa mikið það sem er í gangi. Alls er skráður 131 stofnfélagi en í janúarlok árið 1993 komu saman í Hlíðarenda á Hvolsvelli nokkrir áhugamenn um málefni eldri borgara, frá Hellu, Hvolsvelli og nágrannasveitum að frumkvæði Ólafs Ólafssonar.

Á þessum fundi var samþykkt að boða til stofnfundar Félags eldri borgara í Rangárvallasýslu og má með sanni segja að þar hafi félagsmenn verið ansi ötulir og hressir síðan.

Frá **Vestmannaeyjum** ritar okkur hann **Gísli Valtýsson,** fyrir hönd **formannsins Þórs Vilhjálmssonar.** Félag eldri borgara í Vestmanna- eyjum var stofnað í upphafi árs 1998 og er því 35 ára gamalt. Félagið hefur aðstöðu í húsi sem heitir Kvika, þar er tæplega 450 fermetra aðstaða fyrir félagsstarfið, sem Vestmannaeyjabær leggur félaginu til. Félagar í Félagi eldri borgara í Eyjum eru um 330 talsins. Það kallar á breytt lífsmynstur að verða eldri borgari, hætta á vinnumarkaði eftir áratuga störf. Sumum finnst eins og það séu alltaf sunnudagar. En lífið heldur auðvitað áfram en á breyttum forsendum. Hjá mörgum verða barnabörnin stærri hluti af tilverunni eftir starfslok. Ýmsar tómstundir sem áður var ekki tími til að sinna fá aukið vægi. Sumir eru vel undir starfslokin búnir, aðrir ekki eins og gengur. Þetta er því ekki einsleitur hópur, heldur ótrúlega litríkur, flottur, og orkumikill hópur og margir enn í fullu fjöri og tilbúnir í ný verkefni. Fólk leggst ekki sjálfkrafa í kör við það að mæta ekki lengur til vinnu að morgni; síður en svo. Þá er einmitt tíminn til að lifa og njóta, og gott að hafa fastan lið í tilverunni eins og t.d. Félag eldri borgara, þar sem maður er mannsins gaman og fjölbreytt félagsstarf í boði.

Meðan Covid-ið gekk yfir heimsbyggðina markaði sú veira mjög allt félagsstarf okkar sem annarra. En nú er það vesen að mestu liðið hjá og félagstarfið því komið í fast form. Félagsstarf okkar eldri borgara í Eyjum er ágætlega líflegt. Haustfagnaður í upphafi vetrar og vorfagnaður í vetrarlok marka upphaf og endi hvers starfsárs.

Vikulega eru haldnar spilavistir í húsnæði félagsins í Kviku, sönghópar, bæði karla og kvenna æfa þar einnig vikulega. Árlegt þorrablót er hluti af félagsstarfinu. - Að venju er þar margt um manninn. Hvert sumar og hvert haust hefur verið farið í ferðalag, ýmist innanlands eða utanlands. Alla virka daga hittist hópur félagsfólks í Kviku og spilar minigolf, eða svokallað pútt. Einn dag í viku hverri er svokallað handverk og hittingur með leiðsögn við handverkið en hittingurinn stjórnar sér sjálfur. Annan hvern mánudag yfir vetrartímann eru ýmsar uppákomur í Kviku á vegum félagsþjónustu Vestmannaeyjabæjar, þar sem dægurmálin eru á dagskrá, fyrirlestrar, fróðleikur og gaman. Þá er félagsfólki boðið upp á vikulega leikfimi í Íþróttahúsinu undir stjórn íþróttakennara. Þótt hefðbundið félagsstarf sé í pásu á sumrin, er þá margt sér til gamans gert undir heitinu „Út í sumarið“.

Það er staðreynd að virk þátttaka í félagsstarfi lífgar upp á daginn, það er líka staðreynd að virk þátttaka í félagsstarfi getur stuðlað að betri andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu. Það er því full ástæða til að hvetja, ekki síst eldri borgara, að nýta sér það félagsstarf sem þeim stendur til boða.



Hann er flottur og vígalegur línudanshópurinn frá Vestmannaeyjum.



Hugarleikfimin í forgrunni hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík og nágrenni. Myndina tók Einar S. Einarsson.

Frá Selfossi:
Svala Halldórsdóttir



Fædd á Norðfirði, lengst af búsett á Akureyri og þvíað fluttur Selfyssingur. Svala starfaði á heilsugæslustöðinni á Selfossi fyrst um sinn en steinhætti að vinna um leið og hún náði 67 ára aldri. „Ég átti góða vinkonu, fjórum árum eldri," segir Svala, „sem var komin svolítið inn í málin svona hjá þeim sem komnir eru á aldur og ég naut góðs af. Þetta kemur ekki til manns sjálfkrafa og fólk verður bara að drífa sig og kynna sér þá starfsemi sem er í boði. Ég þekki ekki annað en öllum sé rosalega vel tekið. Við höfum reyndar mismunandi áhugamál, hún Erla vinkona er á kafi í að spila á meðan ég er það ekki, en hef frekar verið dugleg að fara í sund og svoleiðis. Maður verður að bera sig eftir þessu sjálfur, eftir því hverju maður hefur áhuga á."

Svala talar um aldursfordóma, að þeir sem ganga í félag eldri borgara mætti stundum ætla að hefðu annan fótinn í gröfinni. Hún minnist móður sinnar og móðursystur sem veltu fyrir sér að leggja land undir fót til Kanaríeyja með eldri borgurunum, þá sjálfar um áttrætt. Málið var útkljáð þegar móðursystirin þverneitaði að fara með „gamla fólkinu".

„Mín reynsla er sú," heldur Svala ákveðin áfram, „að það er ofboðslega gaman að fara í ferðir með „eldri borgunum", þá jafnöldrum og eldri. Siggi maðurinn minn, sem er aðeins yngri en ég, hefur til dæmis aldeilis notið góðs af að fara með mér – nú er ég í söguklúbb, bæði fornsögum og því sem við köllum öndvegishóp. Siggi fór meðal annars með mér til Orkneyja, en við ferðumst gjarnan þangað sem sögusviðið er í lestrinum – og svo fórum ég og vinkona mín til Færeyja síðastliðið haust – þá einnig í hópi eldri borgara."

Svala bendir á að félagsskapurinn í Félagi eldri borgara á Selfossi sé bráðskemmtilegur. „Það er hægt að taka fyrstu skrefin með því einfaldlega að mæta og fá sér kaffi hérna á fimmtudögum á opnu húsi," segir hún og hlær. „Á þriðjudögum er spilað ... En svo er ekkert hægt að miða við mig, ég hef svo mikið að gera, er í sundleikfimi tvisvar í viku, mætt klukkan sex, labba með vinkonu minni fimm daga í viku ef veður leyfir, söguhópunum tveimur – nú erum við t.d. að lesa glæpasögu eftir Ragnar Jónasson sem gerist á Siglufirði og því er áætluð ferð þangað í vor.

Nýja íþróttahúsið á Selfossi býður svo upp á aðstöðu tvisvar í viku – þar er stúlka sem leiðbeinir með tækin, auk þess sem hægt er að ganga þar innandyra í leiðinlegu veðri. Kórastarf, pútt ... það er alveg heil dagskrá á vefsíðunni allavega.

Félagsskapur og tengsl er alveg nauðsynlegt finnst mér og það er bara að bera sig eftir þessu. Númer eitt, tvö og þrjú," segir Svala hlæjandi og mælir sterklega með að fólk drífi sig af stað. „Þetta er rosalega skemmtilegt og Siggi minn hefur til dæmis óstjórnlega gaman af því að koma með okkur gamla fólkinu ...bráðungur maðurinn."

Frá Snæfellsbæ:
Svanhildur Sanný Pálsdóttir

Svanhildur Pálsdóttir, 74 ára, er ung og í fullu fjöri að eigin mati.
„Ég var móttökuritari heilsugæslustöðvar Snæfellsbæjar í 47 ár, varð svo sextug (eldri borgari – úff!) og fannst það bara fáránlegt," segir Sanný. „Verandi í 100% vinnu að fá bréf þar sem mér var boðið að koma og kynna mér starfsemi eldri borgara á svæðinu.

Fyrsta hugsunin var, nei, þetta er alls ekki fyrir mig, þetta er bara fyrir hina! Svo bréfið fór nú strax í ruslið. Auðvitað kom að því að ég varð ellilífeyrisþegi og þá varð ég alveg skelfingu lostin! Er ég virkilega komin á þennan stað í lífinu !?! (Ég ... sem er alveg eins og ég hef alltaf verið!) Skömmu síðar, sjötíu ára, hætti ég að vinna og þá var mér nú allri lokið," segir Sanný hlæjandi.

„Það varð mér til lífs að Jóhanna Gunnarsdóttir, svilkona mín, hvatti mig til að koma og fá mér kaffi niðri á Klifi, samkomuhúsinu ... með eldri borgurunum. Það var tekið svo afskaplega vel á móti mér, ég boðin alveg hjartanlega velkomin. Ég á henni bestu þakkir fyrir að hafa hvatt mig, þarna eru allir svo jákvæðir og glaðir að ég má helst ekki missa af neinu sem boðið er upp á. Dagskráin er margbreytileg, bæði boccia, handverk, crossfit, sundleikfimi, ferðir og ýmislegt annað, auk þess sem alltaf er hægt að mæta bara til að fá sér kaffi og spjalla, sem er alveg yndislegt."

Á stefnuskránni er svo að flytjast í 500 fm samkomuhús ætlað undir starfsemi eldri borgaranna. Miðvikudagarnir á Klifi verði þó áfram enda afar notalegt, handavinnan og spil. Hjúkrunarfræðingur er mannskapnum innan handar, afar mikið og gott utanumhald, enda hvetur Sanný alla þá sem áhuga hafa á að koma og kynna sér málið.

„Einhverjir á mínum aldri hafa þó ekki tekið á sig rögg og fengið sér kaffi, sitja frekar heima, ef til vill hræddir um að vera ekki velkomnir – en ég segi það, maður verður bara að byrja og fara og fá sér kaffisopa. Hér eru allir velkomnir og tekið á móti fólki með bros á vör. Ég ætlaði nú svosum ekki að mæta neitt, fannst ég ekki eiga heima í félagi eldri borgara – ég væri ekki orðin gömul! En þetta snýst ekkert um það. Við erum jafnaldrar hérna og öll góðir félagar í félagi jafnaldra. Það eru svo mikil forréttindi að vera komin á þennan stað og njóta þess að vera til. Einnig eru þeir velkomnir sem eru öryrkjar – við erum alltaf að gera eitthvað skemmtilegt.



Ég segi núna; nú er ekkert að því að eldast, það eru svo sannarlega forréttindi sem ber að þakka.

Bestu kveðjur til allra jafnaldra!"





Félagslífið í Hafnarfirði er afar líflegt en hér að ofan má sjá myndefni frá þorrablóti svo og dansleikfimi félagsins.


Valgerður Sverrisdóttir, formaður FEB, tekin tali:

Alltaf heitt á könnunni

Elsta félag eldri borgara á Íslandi má finna í stærðarinnar húsnæði í Flatahrauninu í Hafnarfirði. Stofnsett þann 26. mars 1968 – 55 ára í ár – þá í Góðtemplarahúsinu við Suðurgötu og nefnt Styrktarfélag aldraðra.

Var félagið þekkt undir því nafni allt til ársins 1990 en hefur síðan kallast Félag eldri borgara í Hafnarfirði, eða FEBH. „Í Flatahraunið eru allir velkomnir, alltaf heitt á könnunni og hægt að reka inn nefið jafnvel bara til að lesa blöðin þó ekki sé annað.

Það getur svo leitt af sér að fólk spjalli, sjái eitthvað sem vekur áhuga þess, kemur kannski aftur og ákveður að vilja prófa að vera með," segir Valgerður Sverrisdóttir, formaður félagsins. „Starfsemin hjá okkur er mjög öflug og endurspeglar í raun þá gleði og vilja fólks til þess að vilja gefa af sér og inn í starfið." Er félagið afar virkt og má þess vegna nefna hinar ýmsu skipulagsnefndir.



Valgerður Sverrisdóttir, formaður Félags eldri borgara í Hafnarfirði.

Það er púttnefnd, uppstillingarnefnd, kjaranefnd, þorrablótsnefnd, til að nefna nokkrar og svo nefnd Gaflarakórsins sem er afar vinsæll.

Valgerður segir að hér sé um góðan og þéttan hóp fólks á sama aldri að ræða sem hefur ærið nóg að gera enda hugðarefnin endalaus og félagsskapurinn frábær. Stundatöfluna má finna á vefsíðunni og um að gera að finna sér eitthvað sem fólki líst á.

„Það er fólk hér á öllum aldri enda erum við ekkert eldri en okkur líður."

Tók Hafnarfjarðarbær þann pól í hæðina fyrir nokkrum árum að hafa heilsuna í forgangi og njóta meðlimir FEBH góðs af. Heilsuefling Janusar hefur haft yfirsýn yfir mannskapinn og með fá eldri borgarar bæjarins frístundastyrk til eflingar heilsusamlegs lífernis, alls 48 þúsund krónur á ári. Þetta varð hvatning til þess að fjölmargir félagar hófu líkamsrækt sem hefur gert heilmikið þeim til góða.

„Sveitarfélagið leigir fyrir okkur glæsilegt húsnæði hérna í Flatahrauni og borgar þrjú og hálft stöðugildi starfsfólks. Það væsir því ekki um okkur í Hafnarfirði. Það er hugsað svo vel um þennan aldurshóp, við þurfum ekki að hafa fjárhagslegar áhyggjur er kemur að húsnæðinu heldur fer öll okkar orka í að njóta lífsins."

Þeir sem hafa áhuga eru hvattir til að líta við – þó ekki væri nema í kaffisopa og lesa blöðin.

CAT®
ALLAR STÆRÐIR
AF CAT RAFSTÖÐVUM
Opnar stöðvar | Stöðvar í húsi
Stöðvar í gám | Aukabúnaður eins og sjálfvirkur skiptirofi og fleira | Öflug og góð þjónusta



Gerðu kröfur - hafðu samband við Karl í síma 590 5125 og kynntu þér þína möguleika.

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10
104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is
KLETTUR

Hrossarækt:

Hryssur sem hlutu heiðursverðlaun haustið 2022

– Fyrri hluti: Hryssur í 1.–9. sæti

Hið alþjóðlega kynbótamat fyrir íslenska hestinn var reiknað eftir alla dóma ársins í lok október 2022 og birt í WorldFeng. Þar kom í ljós að 20 hryssur á Íslandi hlutu heiðursverðlaun fyrir afkvæmi. Þetta eru mun fleiri hryssur er almennt er að hljóti slík verðlaun á einu ári en skýringuna er helst að finna í breyttum útreikningi á kynbótamati.




Halla Eygló Sveinsdóttir. Elsa Albertsdóttir.

Kynbótamatið er í stöðugri þróun og á síðasta ári varð sú breyting á útreikningi að hætt var að leiðrétta fyrir umhverfisáhrifum sýningarárs. Sú breyting gerði það að verkum að röðun hrossa í kynbótamatinu breyttist töluvert á alþjóðlegum grunni en hélt sér að mestu innan landa. Þróun á kynbótamatinu er langt komin en næsta skref verður að bæta við því að kynbótamat verði reiknað á grunni keppnisgagna auk gagna frá kynbótasýningum eins og er gert í dag. Það er mikilvægt að endurmeta þau lágmörk sem gilda fyrir afkvæmaverðlaun verði mikil breyting á niðurstöðum við mismunandi skref í þróun matsins. Í dag þarf hryssa að eiga að lágmarki fimm dæmd afkvæmi og vera með 116 stig í kynbótamati ýmist fyrir aðaleinkunn eða fyrir aðaleinkunn án skeiðs til að hljóta viðurkenningu fyrir afkvæmi. Af þeim 20 hryssum sem hlutu verðlaun fyrir afkvæmi árið 2022 voru 4 sem ná viðmiðinu 116 fyrir aðaleinkunn án skeiðs. Röðun hryssna fer eftir kynbótamati fyrir aðaleinkunn, ekki eftir kynbótamati fyrir aðaleinkunn án skeiðs. Hér á eftir og í næsta blaði verður fjallað um þessar hryssur og dómsorð afkvæma.

Elísa frá Feti

Efsta hryssan árið 2022, og þar með Glettubikarhafinn, er Elísa frá Feti. Hún er undan heiðursverðlaunahrossunum Gusti frá Hóli og Þernu frá Feti. Ræktandi Elísu er Guðmundur Friðrik Björgvinsson en eigendur eru Takthestar ehf. og John Sörensen.

Elísa er með 126 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en hún á 12 afkvæmi og hafa 6 þeirra hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Elísa frá Feti gefur hross í meðalstærð. Höfuðið er með vel opin augu og vel borin eyru en kjálkar eru stundum djúpir. Hálsinn er reistur við háar herðar með góða yfirlínu. Bakið hefur jafnan góða yfirlínu og er vöðvafyllt líkt og lendin. Samræmið er hlutfallrétt og fótahátt. Fætur eru þurrir en útskeifir og nágengir að framan. Hófar eru efnisgóðir og prúðleiki meðalgóður. Afkvæmin eru alhliðageng með skrefgott og takthreint tölt. Brokkið er fremur skrefmikið og taktgott líkt og skeiðið. Stökkið er afar gott, hátt og takthreint og hæga stökkið er svifgott. Fetið er taktgott með góða skreflengd. Afkvæmin fara vel í reið með góðum fótaburði.

Elísa gefur reist og samræmisgóð hross með góða yfirlínu. Þau eru viljug, skrefmikil með góð gangskil og fótaburð. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og fyrsta sætið.

Æsa frá Flekkudal

Hryssan í öðru sæti er Æsa frá Flekkudal. Hún er undan heiðursverðlaunahrossunum Orra frá Þúfu og Pyttlu frá Flekkudal. Ræktandi hennar er Guðný Ívarsdóttir en eigendur eru Guðný Ívarsdóttir og Sigurður Sigurðarson. Æsa er með 127 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en hún á 10 afkvæmi og hafa 6 þeirra hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Æsa frá Flekkudal gefur stór hross. Höfuðið er með vel opin augu og vel borin eyru en ekki fínlegt. Hálsinn er reistur við háar herðar en getur verið djúpur. Bakið er fremur breitt og lendin öflug en stundum gróf. Samræmi er hlutfallarétt og fætur þurrir með öflugar sinar en geta verið nágengir. Hófar eru afar góðir með hvelfdan botn og efnismiklir, prúðleiki er alla jafna góður. Afkvæmin eru til



Gréta frá Feti. Mynd / Aðsend



Píla frá Syðra-Garðshorni. Mynd / Aðsend



Glæða frá Þjóðólfshaga 1. Mynd / KollaGr



Hrönn frá Búlandi. Mynd / Aðsend

helminga alhliðageng eða klárhross. Töltið og hæga töltið er mjög gott og jafnan skrefmikið með góðum fótaburði. Gæði brokksins getur brugðið til beggja átta allt frá því að vera sæmilegt og upp í það að vera úrvalsgott en að uppistöðu er það skrefgott með góðri lyftu. Ef skeiðgeta er til staðar er hún ekki mikil. Stökkið er skrefmikið og lyftingargott og hæga stökkið takthreint og svifgott. Fetið er líkt og brokkið afar misgott en er oftar skrefmikið og takthreint.

Æsa frá Flekkudal gefur framfalleg og samræmisgóð hross sem eru sterkari á klárganginn. Afkvæmin fara vel í reið með góðum fótaburði og hafa góða framhugsun og eru samstarfsfús. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og annað sætið.

Hnota frá Stuðlum

Hryssan í þriðja sæti er Hnota frá Stuðlum. Hún er undan heiðursverðlaunahrossunum Orra frá Þúfu og Þernu frá Arnarhóli. Ræktendur og eigendur hennar eru Edda Björg Ólafsdóttir og Páll Stefánsson. Hnota er með 124 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en hún á 8 afkvæmi og hafa 6 þeirra hlotið kynbótadóm.



Elísa frá Feti, efsta hryssan árið 2022 ásamt afkvæmi og ræktanda sínum. Mynd / Aðsend



Hnota frá Stuðlum. Mynd /Eiðfaxi

Dómsorð afkvæma: Hnota frá Stuðlum gefur fremur stór hross. Höfuðið er fínlegt og skarpt með beina neflínu. Hálsinn er langur, mjúkur og hátt settur. Bakið er fremur breitt og lendin öflug en yfirlína í baki er misgóð. Samræmi einkennist af jöfnum hlutföllum og fótahæð. Fótagerð er afar góð, fætur þurrir með öflugar sinar og fremur góð sinaskil en geta verið nágengir að framan og aftan. Hófar eru efnismiklir og traustir en prúðleiki er í tæpu meðallagi. Afkvæmin eru ýmist alhliðageng eða klárhross með afar góðu tölti.

Töltið og hæga töltið er mjög gott, takthreint, mjúkt með góðri lyftu og jafnan skrefmikið með miklum fótaburði. Sé skeið fyrir hendi er það takthreint og öruggt. Stökkið er ferðmikið með góðri fótlyftu og hæga stökkið er jafnvægisgott og takthreint. Fetgæðin eru misjöfn bæði hvað varðar skreflengd og framtak. Afkvæmin eru ásækin í vilja en þjál og fara afar vel í reið, reist með miklum fótaburði.

Hnota frá Stuðlum gefur framfalleg og myndarleg hross með afar góða fætur. Þau eru ásækin í vilja með fallega framgöngu. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og þriðja sætið.



Álfarún frá Halakoti. Mynd / Aðsend

Hrönn frá Búlandi

Hryssan í fjórða sæti er Hrönn frá Búlandi. Hún er undan Smára frá Skagaströnd og Heklu frá Efri-Rauðalæk. Ræktandi hennar er Björgvin Daði Sverrisson og eigendur eru Björgvin Daði Sverrisson og Helena Ketilsdóttir. Hrönn er með 121 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en hún á 13 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Hnota frá Búlandi gefur hross í meðallagi að stærð. Höfuðið er fremur skarpt en merarskálar gætir stundum. Hálsinn er reistur og hátt settur. Bak og lend er vöðvafyllt en baklína mætti stundum vera hærri. Afkvæmin eru hlutfallrétt og sívalvaxin með meðalgóða fætur sem eru fremur réttir. Hófar eru efnismiklir með hvelfdan botn og prúðleiki er í tæpu meðallagi. Afkvæmin eru flest



Stilla frá Litlu-Brekku. Mynd / Aðsend



Æsa frá Flekkudal. Mynd / Aðsend

alhliðageng með takthreint og rúmt skeið. Töltið er afar gott, takthreint, mjúkt og skrefmikið með góðri lyftu, sama má segja um hægt tölt. Brokk og stökk er takthreint, skrefmikið og lyftingargott og hæga stökkið jafnan gott. Fetgæðin eru misjöfn en fetið er takthreint en skreflengd getur brugðið til beggja átta. Afkvæmin hafa fasmikla framgöngu með góðum höfuðburði og miklum fótaburði, þau eru ásækin og þjál í vilja. Hrönn frá Búlandi gefur reist og framfalleg hross með sívalt og hlutfallgott samræmi. Afkvæmi eru takthrein, skrefmikil og með góðan fótaburð. Þau fara afar vel í reið með þjálan og ásækinn vilja. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og fjórða sætið.

Álfarún frá Halakoti

Hryssan í fimmta sæti er Álfarún frá Halakoti. Hún er undan heiðursverðlaunahestinum Álfasteini frá Selfossi og Oddrúnu frá Halakoti. Ræktendur hennar eru Góðhestar ehf. en eigandi er Svanhvít Kristjánsdóttir. Álfarún er með 121 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en hún á 8 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Álfarún gefur hross í rúmu meðallagi að stærð. Höfuð er svipgott. Hálsinn er langur og með góðri yfirlínu. Bak vöðvafyllt og lend öflug. Afkvæmin eru fótahá og sívalvaxin. Fótagerðin er öflug, góð sinaskil og öflugar sinar. Framfætur oft snúnir. Hófar góðir. Prúðleiki oft heldur slakur. Tölt og brokk er takthreint, skrefmikið og með góðri fótlyftu. Eitt klárhross er í hópnum en þegar skeið er fyrir hendi er það skrefmikið og oftast takthreint. Fetið er skrefmikið og takthreint. Afkvæmin eru viljug og þjál og fara vel í reið með miklum fótaburði.

Gréta frá Feti

Hryssan í sjötta sæti er Gréta frá Feti. Hún er undan heiðursverðlaunahrossunum Þristi frá Feti og Gerðu frá Gerðum. Ræktandi hennar er Brynjar Vilmundarson en eigandi er Fet ehf. Gréta er með 120 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en hún á 12 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Gréta gefur smá hross. Höfuð oft, heldur gróft en eyrun vel borin. Hálsinn langur og reistur. Bakið vöðvafyllt og lendin öflug en tvö afkvæmanna hafa framhallandi bak. Afkvæmin hafa sívalan bol. Fótagerð afar breytilega allt frá því að vera slök upp í úrvals góð. Réttleiki heldur slakur en flest afkvæmanna eru nágeng aftan. Hófar góðir. Prúðleiki breytilegur. Töltið er takthreint, skrefmikið, rúmt og með góðri fótlyftu, með einni undantekningu þó. Brokkið er breytilegt og sama má segja um skeiðið.

Tveir vekringar er í hópnum, eitt klárhross og tvö sýna lítið skeiðöryggi. Stökkið er rúmt. Fetið oft frekar slakt, með einni undantekningu þó. Gréta gefur yfirleitt ásækin hross sem fara vel í reið með góðum fótaburði.

Píla frá Syðra-Garðshorni

Hryssan í sjöunda sæti er Píla frá Syðra-Garðshorni. Hún er undan heiðursverðlaunahestinum Adam frá Ásmundarstöðum og Kleópötru frá Nýjabæ.

Ræktandi hennar er Ingólfur Kristjánsson en eigendur eru Kristján Tryggvi Jónsson, Mette Camilla Moe Mannseth og Ingólfur Kristjánsson. Píla er með 120 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en hún á 11 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Píla gefur hross í rúmu meðallagi að stærð. Höfuð fremur svipgott, eyru oftast fínleg en eitt afkvæmanna er með krummanef. Hálsinn er mjúkur og reistur. Baklína góð og lendin yfirleitt jöfn.

Samræmið er glæsilegt og einkennist af fótahæð, jöfnum bol og réttum hlutföllum. Fótagerð og réttleiki allgóður, sinaskil þó stundum lítil og framfætur snúnir. Hófar efnistraustir. Prúðleiki góður. Töltið er taktgott, skrefmikið og með hárri fótlyftu. Brokkið er takthreint og skrefmikið.

Skeiðgeta ekki mikil, tvö afkvæmanna sýna ekki skeið, tvö rétt tæpa á skeiði en eitt skeiðar þokkalega. Stökkið er skrefmikið og yfirleitt rúmt. Fetið er misgott. Píla gefur þjál og samstarfsfús afkvæmi sem fara vel í reið með miklum fótaburði og góðri reisingu.

Glæða frá Þjóðólfshaga 1

Hryssan í áttunda sæti er Glæða frá Þjóðólfshaga 1. Hún er undan Kjarna frá Þjóðólfshaga 1 og Glóð frá Hömluholti. Ræktendur og eigendur hennar eru Sigurður Sigurðarson og Sævar Haraldsson.

Glæða er með 120 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en hún á 10 afkvæmi og hafa 6 þeirra hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Glæða gefur hross yfir meðallagi að stærð. Höfuð er skarpt. Hálsinn reistur og yfirleitt hátt settur, með háum herðum og klipinni kverk. Bakið er burðarmikið og lendin öflug. Afkvæmin eru hlutfallarétt og sívalvaxin. Fótagerð og réttleiki er misgóður, stundum prýðilegur en stundum í meðallagi. Hófar efnistraustir. Prúðleiki slakur, með einni undantekningu þó. Töltið er taktgott, ferðmikið með góðum fótaburði. Brokkið er aðeins misjafnt en oftast takthreint með góðri skreflengd og fótaburði. Skeiðgeta breytileg, tvö afkvæmanna sýna ekki skeið en tvö þeirra eru vel vökur. Stökkið er taktgott með góðu skrefi og fótaburði. Fet oft skrefstutt. Glæða gefur viljug og þjál afkvæmi sem fara vel í reið með miklum fótaburði.

Stilla frá Litlu-Brekku

Hryssan í níunda sæti er Stilla frá Litlu-Brekku. Hún er undan Gígjari frá Auðsholtshjáleigu og Syrpu frá Ytri-Hofdölum. Ræktendur og eigendur hennar eru Jónína Garðarsdóttir og Vignir Sigurðsson. Stilla er með 119 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en hún á 11 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm.


Dómsorð afkvæma: Stilla gefur hross undir meðallagi að stærð. Höfuð lýtalaust með beinni neflínu. Hálsinn er grannur, mjúkur og með háum herðum. Baklína góð og lendin öflug. Afkvæmin eru hlutfallarétt en fótahæð er misjöfn, tvö afkvæmanna eru fótalág. Fætur eru þurrir og sinar öflugar. Réttleiki góður, afturfætur þó stundum nágengir. Hófar efnistraustir og vel lagaðir. Prúðleiki breytilegur. Töltið er úrval, takthreint, rúmt, með miklu framgripi og góðri fótlyftu. Brokkið er takthreint. Skeiðgeta misjöfn, þrjú afkvæma Stillu eru ágætlega vökur. Stökkið er rúmt en stundum skortir svif á hægu stökki. Fet er takthreint en frekar skrefstutt. Stilla gefur viljug, þjál og samstarfsfús hross sem fara vel í reið með góðri reisingu og fallegum fótaburði.

RML sendir ræktendum og eigendum þessara hryssna innilegar hamingjuóskir. Mikil vinna liggur að baki þessum mikla árangri sem er ómetanlegt fyrir ræktunarstarfið.

Ef ræktendur tækju ekki þátt í kynbótasýningum hefðum við engan grunn til að byggja kynbótamatið á. Það er ekki víst að allir geri sér grein fyrir því hvað þetta sameiginlega starf við skýrsluhald og sýningarhald hefur mikið að segja fyrir hrossaræktina í heild sinni. Í því samhengi má ekki gleyma mikilvægi WorldFeng sem heldur utan um allar þessar upplýsingar.

Umfjöllun um heiðursverðlaunahryssur í sætum tíu til tuttugu verða í næsta tölublaði Bændablaðsins.

Halla Eygló Sveinsdóttir
Elsa Albertsdóttir,
ráðunautar í hrossarækt.



Hilltip Icestriker 900–1600L
Salt og sanddreifari í tveimur stærðum fyrir stóra pallbíla og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 380–550L
Salt og sanddreifarari í tveim stærðum, fyrir minni pallbíla. Rafdrifinn 12V.




Hilltip Icestriker 600 TR
Rafdrifinn kastdreifari fyrir dráttarvélar m/öflugum efnisskömmtunarbúnaði.



Hilltip Snowstriker VP
Fjölplógur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185–240 cm breidd.



Hilltip Snowstriker SP
Snjótönn fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanleg í 165–240 cm breidd.



Hilltip Fjölplógur MVP
Fjölplógur fyrir ameríska pallbíla t.d. RAM 3500, GMC 3500 og FORD 350.

Wendel
Stofnað 1957

A Wendel ehf.
Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,
S:551 5464 - wendel@wendel.is
www.wendel.is

Á FAGLEGUM NÓTUM



Hér má sjá fjögur lömb í mismunandi litum: Alhvítt (ekkert gult), svartgolsótt, svartbotnótt, arnhosótt og móbotnubíldótt. Myndir / Sigurborg Hanna Sigurðardóttir

Landbúnaðarrannsóknir:

Mikill breytileiki í litum og litamynstrum

Árið 2020 voru 78,4% fjár skráð hvít. Svart var algengast af dökkum litum, eða 12,7%, en mórautt aðeins 4,2%. Gráar kindur voru 4,4% en grámórauðar einungis 0,3%. Litamynstur koma fyrir á grunni dökkra lita og var tvílitt algengast af litamynstrum, eða 5,8% af heildarfjölda 2020.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í yfirlitsgrein um litafjölbreytni og erfðir lita hjá íslensku sauðfé sem birtist í nýjasta tölublaði Náttúrufræðingsins (92. árg. 3-4. hefti). Höfundar greinarinnar eru Emma Eyþórsdóttir, Teitur Sævarsson, Sigurborg Hanna Sigurðardóttir og Jón Hallsteinn Hallsson.

Litafjölbreytni hjá íslensku sauðfé er vel þekkt og hefur viðhaldist í stofninum um aldir, ólíkt mörgum erlendum fjárkynjum. Í greininni er lýst þeim breytileika í litum og litamynstrum sem finnst í íslensku fé, ásamt líffræði litamyndunar. Grunnlitir eru hvítt, svart og mórautt, og litamynstur eru grátt, grámórautt, golsótt og botnótt ásamt tvílitum þar sem hvít svæði á dökkum grunni skapa mikla fjölbreytni. Hvítt er algengasti liturinn.

Stefán Aðalsteinsson (1928–2009) skýrði helstu erfðareglur sauðfjárlita á grunni rannsókna sinna á íslensku fé. Niðurstöður hans eru þær að litaerfðir í íslensku sauðfé ráðist fyrst og fremst af breytileika í genasætunum agouti (a-genasætið), brown (b-genasætið) og piebald spotting (s-genasætið). Ríkjandi samsæta í a-sæti veldur hvítum lit og eru aðrir litir víkjandi. Arfgerð í b-sæti ræður svörtum eða mórauðum lit og er svart ríkjandi. Víkjandi arfgerð í s-sæti veldur tvílit á kindum með dökkan grunnlit en alhvítu í hvítu fé.

Sameindaerfðafræði litamyndunar í sauðfé er þó flóknari en ætla mætti út frá erfðareglum Stefáns. Rannsóknir á því sviði hafa varpað skýrara ljósi á þau gen sem standa að baki sauðalitunum, en jafnframt reynist ekki fullt samræmi á milli sameindaerfðafræðilegra niðurstaðna og þeirra erfðareglna sem stuðst er við í íslenskri sauðfjárrækt. Frekari rannsókna er því þörf til að upplýsa málið. Greinin er prýdd fjölda mynda, m.a. ljósmyndum af fjölbreyttum litum sauðfjár og skýringamyndum um erfðir litanna og líffræðina þar að baki.



Dauð grenitré eftir barkarbjöllufaraldur í Þýskalandi. Mynd / Kolbrún Hrafnkelsdóttir

Er innflutningur á trjávið með berki ógnun við íslenska skóga?

Matvælaráðuneytið felldi 16. janúar úr gildi ákvörðun Matvælastofnunar (MAST) um að fyrirtæki sem flutt hafði inn trjáboli með berki frá Póllandi skyldi eyða þeim eða endursenda úr landi.

Aðdragandi málsins er sá að í nóvember 2021 voru trjábolirnir fluttir til landsins sem kolefnisgjafi til framleiðslu á kísilmálmi. Við afgreiðslu málsins á sínum tíma leitaði MAST til ýmissa sérfræðinga sem vinna við þessi mál hérlendis, meðal annars hjá Skógræktinni, Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun. Auk þess var leitað frekari upplýsinga hjá innflytjanda og plöntuverndaryfirvöldum í Póllandi (sem gefið höfðu út heilbrigðisvottorð fyrir farminn). Eftir að hafa kynnt sér málið og umsagnir sérfræðinga ákvað MAST 19. nóvember 2021



Brynja Hrafnkelsdóttir.



Edda S. Oddsdóttir.

að hafna þessum innflutningi og var innflytjanda gert að farga sendingunni eða endursenda hana til Póllands. Innflytjandinn ákvað að kæra þann úrskurð, sem endaði að lokum með því, sem fyrr segir, að ráðuneytið felldi úr gildi kröfu MAST um að farga skyldi eða endursenda viðinn.

Helstu deiluefni þessa máls tengjast orðalagi í lögum og hvort heilbrigðisvottorðið sem fylgdi sendingunni hafi verið fullnægjandi fyrir íslenskar aðstæður. Í reglugerð um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum (189/1990) kemur fram að eingöngu sé heimilt að flytja inn trjávið með berki, fylgi sendingunni heilbrigðisvottorð.

Þá er einnig tekið fram að ekki sé heimilt að flytja inn „villtar plöntur sem safnað er á víðavangi“. Rökstuðningur MAST var m.a. sá að samkvæmt reglugerðinni væri fortakslaust bann við innflutningi á trjáviði með berki þar sem trjábolirnir kæmu af villtum plöntum sem safnað hefði verið á víðavangi. Það var hins vegar mat matvælaráðuneytisins að slíkt ætti ekki við í þessu tilfelli, enda kæmi fram í vottorði erlendra yfirvalda að umrædd tré hefðu verið ræktuð á skógræktarsvæðum þar sem tré eru felld reglubundið.

Margt leynist í trjáberkinum

Í nágrannalöndum okkar gilda strangar reglur um trjávið með berki, vegna þeirrar hættu sem fólgin er í slíkum innflutningi.

Helsti ávinningur þess að afbarka við er að lágmarka hættuna á því að barkarbjöllur berist til landsins og sjúkdómar sem þeim fylgja.

Rannsóknir hafa einnig sýnt að með afbörkun minnka mjög líkurnar á því að með viðnum berist aðrir skaðvaldar sem lifað geta undir berkinum, svo sem ýmsar skortýtu- (t.d. blaðlýs og barrlýs), fiðrilda-, bukku- og vesputegundir sem valda gjarnan miklu tjóni í skógum. Barkarbjöllur eru meindýr af ranabjölluætt sem draga nafn sitt af því að þær verpa í innri lög barkarins. Lirfur þeirra nærast á berkinum og mynda í honum göng. Fyrir utan þetta tjón sem barkarbjöllurnar og lirfur þeirra valda á trjánum fylgja þeim oft sveppir sem einnig geta valdið miklum skaða á trjám og leitt þau til dauða. Barkarbjöllur og örverurnar sem fylgja þeim eru nú eitt alvarlegasta vandamálið sem við er að etja í skógrækt víða um lönd, ekki síst á svæðum þar sem trén eru veik fyrir af öðrum ástæðum, til að mynda vegna þurrka.

Enn sem komið er hefur engin barkarbjöllutegund numið land á Íslandi, eflaust að hluta til vegna þeirra ströngu reglna sem hér gilda um innflutning á trjáplöntum. Nágrannalönd okkar hafa ekki verið jafnheppin. Í Evrópu geisa nú alvarlegir barkarbjöllufaraldrar og er talið að vandamálin af völdum þeirra eigi eftir að aukast enn í framtíðinni með áframhaldandi loftslagsbreytingum.

Sem dæmi má nefna tegundina Ips typographus, sem hefur nú þegar dreift sér um stærstan hluta Evrópu og er m.a. mikil ógn við rauðgreniskóga.

Einnig geta nokkrar barkarbjöllutegundir farið illa með birki og fleiri trjátegundir sem algengar eru hérlendis.

Að lokum

Hér á landi eru tiltölulega fáir skaðvaldar og því eru plöntur hér sérlega viðkvæmar fyrir landnámi nýrra meindýra.

Skortur á náttúrulegum óvinum eykur svo enn getu meindýra til hraðrar útbreiðslu, eins og hefur sýnt sig í nýjum skaðvöldum á birki. Innflutningur á viði með berki eykur líkurnar á að fleiri nýir skaðvaldar nemi hér land, ekki síst barkarbjöllur og fylgisveppir þeirra, sem gæti haft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir skóga landsins.

Skiptir þá litlu máli hvort trén eru ræktuð sérstaklega til fellingar eða vaxa í náttúrulegum skógum.

Í ljósi úrskurðar ráðuneytisins er nauðsynlegt að skýra regluverk það sem á við um slíkan innflutning með það að markmiði að vernda íslenska skóga.

***Brynja Hrafnkelsdóttir**, skordýrafræðingur á rannsóknasviði Skógræktarinnar og **Edda S. Oddsdóttir**, sviðsstjóri rannsóknasviðs Skógræktarinnar.*

Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl



Porsche Cayenne S E-Hybrid Platinum



Einn eigandi. Gríðarlega flottur og vel með farinn Cayenne E-Hybrid plug-in í Platinum útfærslu. Stillanleg loftpúðafjöðrun, rafdrifið dráttarbeisli, hiti í stýri og framsætum, glerþak, bakkmyndavél, hæglokun á hurðum, svört xenon framljós, 21" álfelgur og margt fleira. – Þessi er frábær í allt.

Verð: 8.490.000 kr.

Nýskráður í maí 2018 | Ekinn 50.000 km.

Porsche Taycan rafmagnsbíll



Einn eigandi. Litríkur bíll með öllu því helsta: Tvílit leður-innrétting, stillanleg loftpúðafjöðrun, léttstýri, minni fyrir bílstjórasæti, hiti í framsætum og stýri, lyklalaust aðgengi, 360° myndavélakerfi, litað gler (hita og hljóðeingrandi), Sport chrono pakki til að auka við sporteiginleika bílsins. – Frábær kaup.

Verð: 13.490.000 kr.

Nýskráður í júní 2021 | Ekinn 27.000 km.

Hjá Porsche er hægt að kaupa allt að 15 ára verksmiðjuábyrgð.

- Bíllinn helst í fullri ábyrgð eins og um nýja bifreið væri að ræða
- Endursöluverð bílsins styrkist
- Viðgerðir eru framkvæmdar af Porsche sérfræðingum
- Aðeins er notast við Porsche varahluti

Bílahús Benna | Krókhálsi 9 | Sími: 590 2000 | Virka daga 9 -17 | Laugardaga 12 - 16

PORSCHE



Greni vex hægt framan af en er líklega eftirsóttasti viðurinn sem ræktaður er á Íslandi. Svo eru skógarnir oft skemmtilega drungalegir og viss tilbreyting við mikla víðáttu sem víða einkennir Ísland.

Hvað er vottuð kolefniseining?

Fjöldi loftslagsaðgerða eru til og sumar mælast betur fyrir en aðrar. Kostir skógræktar sem loftslagsaðgerð eru margir og fáir deila um að tré bindi kolefni.



Hlynur Gauti Sigurðsson.

Áreiðanleiki skógræktar er mikill eins og sjá má á ört vaxandi skógum víða um land. Vinsældir skóga eru miklir og sést það best bæði í tilfelli fólks sem sækir í skógana til útivistar og í tilfelli fjár sem sækir í kraftmikinn munnbita af hlaðborði af skógarbotninum. Kostir skógræktar eru margir og má til að mynda vel merkja það á skjólmyndun, jöfnum vatnsbúskap og hreinsun lofts. Löstur skógræktar felst einkum í hæggengum vexti trjánna því það getur útheimt óhemju þolinmæði að bíða eftir að plöntur verði að trjám. Sumum finnst meira að segja aspir vaxa hægt. Það er enginn vafi á að skógrækt er árangursrík aðgerð við að binda ósýnilegt gaskennt kolefni úr andrúmsloftinu og þar með sporna gegn hlýnun jarðar.

Skógrækt er hagkvæm leið og áreiðanlegri en flestar aðrar í baráttunni við loftslagsbreytingarnar. Skógar eru ræktaðir um víða veröld með það að meginmarkmiði að binda kolefni. Landeigendur eiga möguleika á að nýta land sitt undir skógrækt og selja ígildi kolefnisbindingarinnar með svokölluðum kolefniseiningum. Þessar einingar geta gengið kaupum og sölum, ekki síst erlendis, þar sem fjárfestar og fyrirtæki sjá bæði hag sinn í að styðja við skógrækt en ekki síður sem mótvægi við losun sem verður til úr þeirra eigin rekstri.

Misáreiðanleg viðskiptakerfi hafa verið við lýði síðustu árin en að undanförnu hefur eftirspurn eftir öryggi og gegnsæi á þessum nýja markaði verið meiri. Það virðist hafa verið auðvelt að villa um fyrir fólki og það þarf ekki endilega vera gert með ásetningi heldur frekar ótraustu eftirliti. Sem dæmi eru til þjóðir þar sem stjórnleysi er ríkjandi og þá er til lítils að fá loforð eins þjóðflokks um varðveislu skógar á meðan fólk úr öðrum þjóðflokki kemur daginn eftir og heggur skóginn og brennir. Stabílt stjórnkerfi þjóðar er lykillinn að því að leikreglurnar séu ekki brotnar yfir áratugaskeið.

Á Íslandi hefur löngum verið góður jöfnuður, friður og réttlæti á meðal fólks og á meðan svo er er Ísland ákjósanlegt land fyrir kolefnisbindingarverkefni. Traustið felst ekki síður í áreiðanleika mælinga en þær þurfa að vera unnar af fólki með kunnáttu í skógmælingum. Kunnáttumaður í skógmælingum þarf bæði að geta lesið í skóginn og ekki síður að þekkja þau tæki og tól sem eru í boði hverju sinni.



Ösp er sú trjátegund sem hraðast bindur kolefni. Þegar rýnt er í árhringi hennar sést hvað vöxturinn eykst ört á milli ára. Sentímetrinn milli árhringja við börkinn hefur bundið mun meiri rúmmálsvöxt en einn árhringur nær að kjarna.

Tæknin vinnur með okkur og mun gera okkur kleift að ná fleiri, nákvæmari og ódýrari mælingum og þannig verður betur hægt að bera saman gögn og fylgjast með. Það þarf að ríkja traust milli allra í ferlinu, alveg frá úttekt þar til gögnin eru rýnd af óháðu talnaglöggu fólki. Þetta er grunnurinn að hugmyndinni með vottanlegar rekjanlegar kolefniseiningar.

Einhvers staðar segir að það megi allt í viðskiptum; ef einhver vill kaupa þá má selja. Frægt er dæmið af Einari Ben sem seldi norðurljósin forðum daga. Einhverjir hafa meira að segja tekjur af því enn þann dag í dag og er það vel. Ef hægt er að selja kolefni úr eldri skógum er það ágætt frá viðskiptalegu sjónarhorni en sé ætlunin að binda meira kolefni en það sem náttúran er hvort eð er að gera nú þegar, eins og í tilfelli eldri skóga, þá þyrfti skógræktin helzt að eiga sér stað á lítt grónu landi þar sem vitað er að inngrip mannsins mun skila meiri bindingu en hefði ekkert verið aðhafst. Þetta er ein ástæða þess að staðlar miða við nýgróðursetningu en ekki við eldri skóga. Staðlar í kolefnisbindingu með skógi eru misstrangir. Einn slíkur staðall heitir Skógarkolefni og er í umsjón Skógræktarinnar. Til að fá að nota hann þarf að undirgangast nokkur atriði sem tryggja gegnsæi og traust vinnubrögð. Verið er að þróa hugbúnað í síma af nýsköpunarfyrirtækinu ORB en reikna má með straumhvörfum í skógmælingum þegar hægt verður að nálgast hugbúnaðinn. Hægt er að safna mjög góðum upplýsingum með gervitunglum og LiDAR tækni með drónum. Þetta er allt í stöðugri þróun þessi misserin.

Hlynur Gauti Sigurðsson
sérfræðingur hjá BÍ.

Viltu taka þátt í grænni framtíð?

Skógræktin óskar eftir að ráða starfsfólk í fullt starf við starfstöðvar sínar í Hvammi Skorradal, Vaglaskógi, Hallormsstaðaskógi og Tumastöðum Fljótshlíð. Leitað er að öflugu fólki sem er tilbúið að takast á við fjölbreytt störf við ræktun og umhirðu skóga.

Starfsfólk í þjóðskógunum

Hlutverk og markmið:

- Þátttaka í skipulagi, framkvæmd, úttektum og skýrslugerð vegna grisjunar- og gróðursetningarverkefna
- Ýmis störf við úrvinnslu á viðarafurðum
- Ýmis viðhaldsverkefni tengd vinnuvélum
- Á Tumastöðum er vinna við ræktunarstöð
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Próf í skógtækni, skógfræði eða garðyrkju æskilegt
- Almenn tölvukunnátta
- Enskukunnátta æskileg
- Vinnuvélaréttindi æskileg
- Þekking á viðhaldi véla
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, skipulag, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

NÁNAR Á
skogur.is/atvinna



Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr 70/1996.

Umsóknarfrestur er til og með 10. febrúar nk.

- Nánari upplýsingar um störfin er að finna á Starfatorgi og á vef Skógræktarinnar, **skogur.is/atvinna**.
- Markmið Skógræktarinnar er að stofnunin sé eftirsóttur vinnustaður fyrir starfsfólk með fjölbreytta menntun og bakgrunn, starfsfólki búin góð vinnuaðstaða, greiður aðgangur að upplýsingum og fjölbreyttir möguleikar á símenntun sem stuðli að starfsþróun og verðmætasköpun innan Skógræktarinnar og alls skógræktargeirans.
- Skógræktin hefur hlotið jafnlaunavottun, innleitt styttingu vinnuvikunnar og græn skref í ríkisrekstri. Þá hefur stofnunin sett sér um-hverfis- og loftslagsáætlun með tímasettum markmiðum ásamt áætlunum um réttindi, vernd og ábyrgð starfsfólks, s.s. áætlanir um áreitni og einelti ásamt viðbrögðum við slíku.

skógræktin

Landbúnaðarverðlaun matvælaráðuneytisins



Matvælaráðherra veitir landbúnaðarverðlaun árlega í tengslum við Búnaðarþing.

Úthlutunarnefnd á vegum matvælaráðuneytisins óskar eftir tilnefningum um bændabýli, önnur landbúnaðarfyrirtæki eða félög sem talin eru hafa verið á einhvern hátt til fyrirmyndar í íslenskum landbúnaði á næstliðnu ári.

Stutt greinargerð skal fylgja með tilnefningum. Þar skulu koma fram helstu upplýsingar um starfsemi tilnefndra ásamt rökstuðningi fyrir tilnefningunni. Verðlaunahafar geta verið allt að þrír og mun úthlutunarnefndin velja verðlaunahafa.

Við valið er litið til þátta eins og frumkvöðlastarfs, nýjunga í starfsháttum eða annars árangurs sem getur verið öðrum fyrirmynd í landbúnaði svo sem á sviði umhverfisstjórnunar, loftslagsmála, ræktunarstarfs eða annarra þátta í starfseminni.

Tillögur skulu berast eigi síðar en **1. mars 2023**, merktar „Landbúnaðarverðlaun“ á netfangið **mar@mar.is** eða bréflega til matvælaráðuneytisins, Borgartúni 26, 105 Reykjavík.

Ráðherra landbúnaðarmála veitti landbúnaðarverðlaun fyrst 1997 og þau hafa verið veitt flest ár síðan eða alls í 24 skipti.

Stjórnarráð Íslands
Matvælaráðuneytið

LANDGRÆÐSLA

Uppgræðsla Arnórsstaða

Í lok síðasta árs lauk þriggja ára uppgræðsluverkefni í samstarfi Landgræðslunnar og Alcoa í landi Arnórsstaða við Háreksstaðaleið á Jökuldalsheiði.

Eftir 10 ára uppgræðslustarf á svæðinu var enn mikið rof og jarðvegseyðing vegna rofabarða sem illa gekk að loka og var jarðvegseyðingin stöðugt að ganga lengra inn í gróðurlendi og eyða upp algrónum svæðum. Því var ráðist í átaksverkefni, sem styrkt var af Alcoa Foundation, til að stöðva rof á svæðinu. Var aðgerðaráætlunin þríþætt: rofabörð voru felld niður með beltagröfu, þakning með heyrúllum í rofabörð og sár og tilbúinn áburður, ásamt grasfræi, var notaður til uppgræðslu á börðin sjálf og nærliggjandi svæði.

Kortlagning

Í upphafi verkefnisins var svæðið kortlagt með tilliti til gróðurfars, jarðvegsrofs og annarra yfirborðsþátta. Slík kortlagning við upphaf uppgræðsluaðgerða hjálpar til við mat á árangri uppgræðsluaðgerða og framvindu svæðis.

Af þeim tæplega 75 ha sem voru kortlagðir reyndust tæplega 30% svæðisins vera ógróin eða með litla gróðurþekju en 45% svæðisins flokkuðust sem vel eða algróin svæði, sem áttu undir högg að sækja vegna rofs og jarðvegseyðingar. Talsvert, mikið og mjög mikið rof var skráð á ríflega helmingi svæðisins en rofið var verst í jöðrum rofabarðanna. Þar var einnig mest af lausum sandi, en hann gefur okkur vísbendingu um hversu stöðugt yfirborðið er, en óstöðuleiki í yfirborði og mikið af lausum fokefnum gerir landnámi gróðurs erfitt um vik. Útfrá þessum upplýsingum var svæðinu svo skipt niður í vinnusvæði sem höfðu mismunandi forgang, þar sem virkustu og hæstu rofabörðin sem voru með mestan lausan sand í kring höfðu mestan forgang.

Vinnan

Unnið var á rúmlega 70 ha svæði yfir árin þrjú. Alls var dreift 48 tonnum af áburði á þessa 70 ha og 400 kg af grasfræi var dreift með. Almennt var notast við stóra áburðarskammta miðað við landgræðsluverkefni eða um 300 kg/ha af tvígildum NP áburði. Í þeim tilvikum þar sem verið er að loka virkum rofabörðum þarf oft stærri inngrip ef vinna á verkið á stuttum tíma. Þá var unnið á tæplega 5,5 kílómetrum af rofabörðum á samstarfstímanum. Þau stærstu og virkustu voru felld niður og fengu áburðargjöf, fræ og/eða heyrúllum dreift í sárin á meðan rofabörð sem voru að lokast fengu heyþakningu og/eða áburðargjöf og fræ. Sum börðin fengu aftur heyþakningu að ári liðnu, taldist það nauðsynlegt. Heyrúllum var einnig dreift yfir svæði á milli rofabarða til að reyna að stöðva áfok og auka stöðuleika á yfirborðinu, en samtals voru notaðar 870 heyrúllur í verkefnið.

Árangur

Stefnt er að endurkortlagningu á svæðinu þegar aðgerðum er að fullu lokið. Á næstu árum verður svæðið undir eftirliti svo hægt sé að grípa inn í ef gróðurþekja fer að gefa eftir eða rofabörð fara að opnast að nýju.

Líklegt er að halda þurfi við uppgræðslum á svæðinu á komandi árum með notkun tilbúins áburðar þrátt fyrir að samstarfsverkefninu sé lokið. Með því að loka 5,5 kílómetrum af háum rofabörðum er komið í veg fyrir tap á gróðurþekju og miklu magni af jarðvegi. Þá geta þessi vistkerfi sem er bjargað þjónað sem fræuppsprettur fyrir frekari framvindu á svæðinu.

Hrafnkatla Eiríksdóttir,
héraðsfulltrúi á Norðurlandi.





Samanburður á rofabarði við upphaf aðgerða 2020 og eftir fellingu og heyþakningu 2022. Mynd / Landgræðslan

Á FAGLEGUM NÓTUM



Alls var 81,4% mjólkur landsins frá fjósum þar sem kýr eru lausar. Mynd / GBE

Nautgriparækt:

Fjöldi fjósa kominn undir 500



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Alls voru um síðustu áramót 498 virk fjós í mjólkurframleiðslu og af þeim voru 175 básafjós með rörmjalta- og/eða fötukerfi, þ.e. 35,1% fjósa landsins. Önnur voru þá lausagöngufjós með annaðhvort mjaltaþjóna eða mjaltabása.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að mjaltaþjónar hafa tekið við sem mest notaða mjaltatæknin á Íslandi og hlutdeild þessarar mjaltatækni í heildarframleiðslu landsins hélt áfram að aukast árið 2022 og var í árslok í 254 fjósum, eða 51% þeirra.

35% fjósanna en 19% framleiðslunnar

Þrátt fyrir að básafjós séu enn um 35% fjósanna, 175 talsins eins og áður segir, þá er framleiðsla þeirra hlutfallslega mun minni og sé litið til innlagðrar mjólkur árið 2022 þá nam framleiðsla básafjósa 18,6% af landsframleiðslunni, en innlögð mjólk var alls 148 milljónir lítra á liðnu ári. 81,4% mjólkur landsins var því um áramótin frá fjósum þar sem kýr eru lausar.

Langmest af þessari mjólk, þ.e. frá kúm í lausagöngu, er frá fjósum þar sem mjólkað er með mjaltaþjónum en um 68,9% mjólkurinnar er frá fjósum með þá tækni.

Til samanburðar má geta þess að í árslok 2019 var hlutfall mjólkur frá mjaltaþjónafjósum 55,7%. Rétt er að taka fram að útreikningarnir miðast við þann mjaltatæknibúnað sem var í fjósunum um síðustu áramót og því er um örlítið ofmat að ræða á þessu hlutfalli, enda skipta sum fjós um tækni innan ársins og því er framleiðsla ársins skráð á hina nýju tækni.

1,2 mjaltaþjónar að jafnaði á hverju búi

Séu niðurstöður skráninga mjaltatækninnar skoðaðar nánar kemur í ljós að 203 fjós voru með 1 mjaltaþjón, 45 með tvo og 6 fjós með þrjá eða fleiri.

Milljón tonn af jarðefnaeldsneyti á útleið

– Fróðleikur um orkumál og orkuskipti – 2. hluti

Orkunýtni og orkuskipti skarast sem hugtök og líka við fjölnýtingu orkuauðlinda. Hvað með orkusparnað?



Ari Trausti Guðmundsson.

Orkunýtni

Almenn orkunýtni er hlutfallið á milli afkasta raftknúinna tækja, þjónustu, vöru eða orkuframleiðslu og þeirrar raforku sem til þarf. Góð orkunýtni minnkar umhverfisálag orkunotkunar. Orkunýtni við raforkuframleiðslu snýr að því að hámarka orkuna sem felst í orkustraumum í náttúrunni (vatnsmagni og fallhæð í straumvatni, varma í gufu og jarðhitavökva og staðbundnum vindi). Orkunýtni við rafeldsneytis- framleiðslu felst í að sem mest af raforku, sem þarf til hennar, skili sér sem hreyfiafl véla er nýta ólíka orkugjafa, framleidda með raforkunni.



Fjölnýting orkustrauma og annarra auðlinda er grunnur undir auðlindagarða eins og klasans í Svartsengi. Mynd/ HS Orka

Orkusparnaður

Margvíslegar aðgerðir geta leitt til góðrar og skilvirkrar orkunotkunar. Nefna má stillingu raforku- og hitaveitu eftir notkun rýma (slökkva á ljósum og tækjum og nota hitastilla á ofnum), led-perur í stað hefðbundinna glópera, snjalltækni, heimilistæki í A, A+ og A++ flokkum og sem orkunýtnasta bíla og vinnuvélar og tæki á sjó og í lofti. Einnig samnýtningu ökutækja þar sem

Athygli vekur að engin hlutfallsleg aukning varð á fjósum með fleiri en einn mjaltaþjón og eru nú að meðaltali 1,2 mjaltaþjónar á búum landsins. Meðaltalið nú er heldur minna en það var árið 2019 svo nokkuð er ljóst að búin eru ekki að stækka mikið umfram 1 mjaltaþjón þessi misserin.

Meðalframleiðslan 327 þúsund lítrar

Þegar rætt er um mjaltaþjónabú er oftast erlendis horft til þeirrar framleiðslu sem sú tækni skilar af sér, þ.e. afurðasemi hvers mjaltaþjóns. Meðalinnlögn mjólkur frá hverjum mjaltaþjóni var um 327 þúsund lítrar á árinu og er það ekki langt frá meðaltali fyrri ára.

Það sem vekur þó athygli er að sumir kúabændur eru að ná góðum árangri með sína mjaltaþjóna. Þannig voru t.d. 19 kúabú að leggja inn meira en 450.000 lítra að jafnaði á hvern mjaltaþjón og þar af voru tvö bú að leggja inn meira enn 500.000 lítra frá hverjum mjaltaþjóni og það sem lagði inn mest var með rúmlega 520.000 lítra.

Mikil ónýtt framleiðslugeta

Eins og undanfarin ár er ónýtt framleiðslugeta mjaltaþjónatækninnar hér á landi gríðarlega mikil, þ.e. miðað við hámarks nýtingu við íslenskar aðstæður. Má þannig reikna út að með allri þeirri fjárfestingu í þessari mjaltatækni, sem kúabændur landsins hafa nú þegar kostað til, væri hægt að sinna allri innanlandsframleiðslunni og raunar þónokkuð gott betur en það.

Hægt að gera enn betur

Það er dagljóst að mjaltaþjónatæknin sem slík ræður við miklu meira magn mjólkur, enda eru mjaltaþjónar hannaðir til þess að ráða við rúmlega 3 tonn af mjólk á dag og því vel yfir 1 milljón lítra mjólkurframleiðslu á ári. Nýtingin á Íslandi er því ekki nema rétt um þriðjungur þess sem tæknin ræður við í raun og veru.

Þetta skýrist af ýmsum þáttum en þyngst vegur væntanlega slök afkastageta kúakynsins auk þeirra framleiðslutakmarkana sem íslensk kúabú starfa við.

Í nánast öllum löndum sem við berum okkur saman við hafa þarlendir kúabændur aðgengi að mun afkastameiri kúakynjum og starfa auk þess við óheft framleiðsluumhverfi.

Erlend reynsla

Víða erlendis hefur þeim kúabændum, sem ná einstökum árangri með mjaltaþjóna sína, verið hampað sérstaklega enda þessi kúabú oftar en ekki mun hagkvæmari í rekstri en önnur kúabú. Reynslan frá Danmörku sýnir, þegar gögn um bú sem lögðu inn að meðaltali 2.500 lítra á dag eða meira eftir hvern mjaltaþjón eru skoðuð, að þau eiga ýmislegt sameiginlegt.

Þessi bú eru nánast undantekningarlaust rekin af bæði miklum metnaði og fagmennsku.

Þá er starfsfólk búanna oftar en ekki mikið kúafólk, þ.e. einstaklingar sem hafa einstaklega gott auga fyrir ástandi gripa og bregðast hratt við ef stefnir í óefni.

Án þess að greinarhöfundur þekki til á öllum þeim kúabúum, sem eru meðal þeirra afurðahæstu hér á landi þegar horft er til afkastagetu mjaltaþjóna, þá kæmi ekki á óvart að sömu forsendur eigi við um þessi bú og þau dönsku.

Byggt á gögnum frá Auðhumlu og KS, sem fá þakkir fyrir.

það hentar, reiðhjól og rafskutlur, almenningssamgöngur og rafvæðingu við margs konar framleiðslu eða þjónustu, í stað notkunar jarðefnaeldsneytis.

Orkuskipti

Mikill meirihluti frumorkunotkunar á Íslandi er með lítilli eða nánast engri losun gróðurhúsagasa.

Samdráttur í losun þeirra snýst því að verulegum hluta um samgöngur og aðra starfsemi þar sem jarðefnaeldsneyti á landi, sjó og í lofti. Samanlagt er hægt að styðjast við ársinnflutning á því undanfarin ár (fyrir og eftir Covid-19) til þess að meta full orkuskipti fram til 2040 (núverandi stefna).

Þrepa þarf nær alveg niður árlegan innflutning á ríflega einni milljón tonna af olíuættuðu eldsneyti. Í staðinn kemur orka úr rafhlöðum og nokkrum tegundum (raf)eldsneytis sem að mestu er framleitt með raforku hér og/eða erlendis. Þannig nást full orkuskipti.

Fjölnýting

Brýnt má telja að nytja beri flestar afurðir náttúruauðlindar á sem skilvirkastan og sjálfbærastan hátt.

Ólíkir orkustraumar (t.d. jarðvarmi eða sjávarstraumar) eða ólík jarðefni (t.d. málmur eða leir) geta nýst til fjölbreyttrar starfsemi og hægt að gæta þess að sem minnst fari til annars en orkuframleiðslu, smíða eða annarra nytja, staðbundið eða annars staðar. Einna augljósust hérlendis er fjölnýting jarðvarma.

Auðlindagarður

Ef skipulagt er staðbundið samstarf stofnana, orkuframleiðenda og atvinnufyrirtækja, með fjölnýtingu auðlinda sem takmark, er auðlindagarður til orðinn. Hann getur verið rekinn sem heild eða verið safn sjálfstæðra eininga.

Dæmigerður auðlindagarður á Íslandi gæti verið með jarðvarmaorkuveri sem framleiðir raforku með ólíkum gerðum hverfla og ólíku hitastigi jarðhitavökva, sendir frá sér gufu og upphitað ferskvatn í hitaveitu og iðnað og býr til metan á bíla.

Í garðinum eru gróðurhús, fiskeldi, þörungaræktun, vetnis- og alkóhólframleiðsla og heilsurækt. Gasi og volgu umframvatni er dælt niður fyrir grunnvatnsflöt í jarðhitakerfið.

Ari Trausti Guðmundsson,
jarðvísindamaður, rithöfundur og fyrrum þingmaður.

Af jörðu erum við komin

Jarðvegslíf, jarðgerð og verðmætasköpun í lífrænni ræktun

- Málþing Fagráðs í lífrænum landbúnaði-
Fundarsalur: Vigdísarhús – Sólheimum í Grímsnesi / streymi
Fimmtudaginn 2. mars 2023 frá kl 10.00 -16.00

Fundarstjóri: Karvel L. Karvelsson, framkvæmdastjóri RML

10.00: Áburðarefni í lífrænum landbúnaði á Íslandi
Ingólfur Guðnason, brautarstjóri garðyrkjuframleiðslu við Garðyrkjuskólann á Reykjum / FSU

10.45: Landbætandi fiskeldi
Rúnar Þór Þórarinsson, nýsköpun og þróun hjá Landeldi ehf

11.20: Meðhöndlun og nýting lífrænna efna í áburð skv. nýrri áburðarreglugerð
Valgeir Bjarnason, fagsviðstjóri áburðarmála hjá Matvælastofnun

11.40: Kostnaðargreining áburðar í lífrænum vs hefðbundnum landbúnaði á Íslandi
(Main drivers of fertilizers costs in organic vs conventional farms in Iceland)
Vincent Merida, doktorsnemi við Umhverfis- og auðlindadeild Háskóla Íslands

12.00: HÁDEGISHLÉ

13.00: Hvers virði er heilbrigður jarðvegur ? Jarðgerð og vinnsla á lífrænum áburði - verðmætasköpun í kolefnisbúskap
(Production of organic fertilizers – Carbon farming)
Gerald Dunst, eigandi Sonnenerde í Austurríki, ráðgjafi og frumkvöðull


13.50: Gæðastaðall fyrir áburðarefni og jarðvegsbætir úr lífrænum efnum til lífrænnar ræktunar
Cornelis Aart Meijles, ráðunautur Loftslagsvænn landbúnaður - Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins

14.30 KAFFIHLÉ

15.00: Aðfangakeðja fyrir lífrænan landbúnað, veikleiki - styrkleiki ?
Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur hjá Environice

15.15: Samantekt og umræður

Málþingi lokið kl 16.00



HAGKVÆM DEKK FYRIR ALVÖRU KRÖFUR

Þegar velja skal vinnuvéla- og landbúnaðardekk skipta gæði, ending og áreiðanleiki höfuðmáli.

Maxam dekkin eru hagkvæmur kostur og hafa reynst vel við krefjandi aðstæður.

Gerðu kröfur - hafðu samband við sölumenn okkar í síma **590 5280** og kynntu þér kosti **Maxam** dekkjanna.



KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / **KLETTAGARÐAR 8-10**
104 REYKJAVÍK / **590 5100** / klettur.is

KLETTUR

Á FAGLEGUM NÓTUM

Enn skemmdir á kornökrum á Norðausturlandi vegna næturfrosts á vaxtartíma

Í þessari grein verður fyrst og fremst fjallað um frostskemmdir sem urðu á kornökrum á Norðausturlandi sumarið 2022, en jafnframt komið með ábendingar um val á landi til að minnka líkur á slíkum skemmdum, þannig að gæði verði betri og jafnari en nú er ef auka á kornrækt hér á landi.




Guðmundur H. Gunnarsson.

Þegar hér er talað um að enn séu skemmdir á kornökrum á þessu svæði, er skemmst að minnast þess að nær allir kornakrar eyðilögðust í næturfrosti 20. ágúst 2015 á svæðinu. Þetta haust var korntilraunin á Tilraunastöðinni á Möðruvöllum ekki uppskorin vegna skemmdanna og er það eina árið sem það hefur gerst, en korntilraunir voru samfellt á Möðruvöllum á árunum 2004 til 2020, en áður var tilraunin framkvæmd í Miðgerði í Eyjafirði eða frá árinu 1996 til 2003. Engir kornakrar né korntilraunir eru lengur á Möðruvöllum, þó gott væri að vera með tilraunir á sama svæði og veðurstöðinni er.


Á árunum 2017 til 2019 voru korntilraunir niður á mýrunum á Möðruvöllum sem liggja töluvert neðar í landinu en túnin þar sem veðurstöðin er og þar er meiri hætta á næturfrostum og öll árin þ.e. 2017-2019 urðu frostskemmdir á tilrauninni þar og einnig víða hjá bændum á þessum árum. Á þessum árum voru bændurnir sem leigðu túnin að endurrækta mýrarnar og þess vegna var tilraunin staðsett þar, því ekkert land var opið á móa-/melatúnunum sem liggja ofar í landinu. Uppskera í tilrauninni á Möðruvöllum var yfirleitt mjög góð og meðaltal 6 bestu yrkja árin 2005-2014 var frá 5,2-10,0 tonn þe/ha, lakasta árið var 2013, sem var lélegt kornár á Norðurlandi. (Samantekt Jónatan Hermannsson 2015.) Undirritaður tók alltaf ákvörðun um hvenær sáð var, þ.e. þegar jarðvegur var orðinn hæfilega þurr og sá yfirleitt um alla jarðvinnslu hvað varðaði korntilraunirnar. Á 1. mynd má sjá uppskeru á árinu 2008 á Möðruvöllum, en það er besta uppskera sem þar hefur fengist og trúlega í eina skiptið sem fengist hefur fullþroskað korn.

Tíðarfar hér á Norðausturlandi 2022 var e.t.v. ekki það besta hvað kornrækt varðar, en þó gátu bændur sums staðar byrjað að sá tiltölulega snemma þ.e. fyrstu vikuna í maí, en annars staðar drógst sáning nokkuð og alveg fram yfir 20. maí vegna hversu maí var úrkomusamur. Þrátt fyrir það var spretta og sprotamyndun mjög góð, allavega á þeim ökrum sem undirritaður fylgdist með (þ.e. 3-4 sprotar pr. plöntu), enda meðalhiti á Akureyri mánuðina maí-júlí á pari við meðaltal áranna 1991-2020, en ágúst var undir meðaltali þessara ára, en síðan kom mjög góður kafli þ.e. frá 30. ágúst og fram um miðjan september. En þá var skaðinn skeður á öllum kornökrum sem lægstir liggja í landinu vegna frostnótta í ágúst. Í Eyjafirði eru menn svo vel settir að vera með þrjár síritandi veðurstöðvar, þ.e. á Akureyri, Möðruvöllum og Torfum. Á veðurstöðinni á Akureyri mælist yfirleitt ekki næturfrost yfir sumarmánuðina vegna nálægðar við sjó og einnig vegna hæðarlegu, en á Möðruvöllum í Hörgárdal og Torfum í Eyjafirði, sem eru niður í dalabotnunum þar sem kalda loftið safnast fyrir og næturfrost verður hvenær sem er sumars á köldum heiðríkjum dögum.


Samkvæmt veðurgögnum frá



1. mynd. Kornuppskera á Möðruvöllum 2008 (samantekt Jónatan Hermannsson, ljósgrænar súlur íslensk yrki, en dökkgrænar erlend yrki).



2. mynd. Hitastig á Torfum 5. ágúst 2022.



3. mynd. Hitastig á Torfum 15.–16. ágúst 2022.

Torfum er fyrsta frostið aðfaranótt 5. ágúst, sjá 2. mynd. Þá fór frostið niður í -1,6 °C og varaði nokkuð lengi eða frá því milli kl. 1 og 2 um nóttina og fram til kl. 7 um morguninn. Þarna gætu hafa orðið einhverjar skemmdir á þeim ökrum sem lægst stóðu og einnig er þetta á mjög viðkvæmum tíma fyrir kornið, þ.e. stuttu eftir frjóvgun og frostþolið mjög lítið. Næsta frostnótt á Torfum var 15-16. ágúst og fór þá frostið niður í – 3,0 °C, sjá 3. mynd, og varaði frá miðnætti og fram til kl. 7 um morguninn. Við þetta frost hafa trúlega orðið nokkuð miklar skemmdir á öllum ökrum í Eyjafjarðardalnum sem lægstir stóðu, en akrar sem ofar voru í landinu urðu fyrir litlum sem engum skemmdum og er það í samræmi við reynslu þeirra sem unnu við þreskingu í Eyjafirðinum sl. haust samkv. samtali við Aðalstein Hallgrímsson, bónda í Garði.

Undirritaður fór þann 26. ágúst að skoða nokkra akra í Eyjafirðinum til að athuga hugsanlegar skemmdir, þ.e. um 10 dögum eftir frostnóttina, og kom m.a. við á Grund í Eyjafirði sem er næsti bær norðan við Torfur þar sem veðurstöðin er og mátti sjá skemmdir á neðstu ökrunum, þ.e. næst Eyjafjarðaránni, en akur sem var um 20 m ofar/hærra í landinu virtist óskemmdur. Kornfylling var komin vel af stað á þessum ökrum enda sáð í þá um mánaðamótin apríl/maí og því frostþol orðið meira, en fyrr á þroskaferlinu. Það getur stundum verið erfitt að sjá þessar skemmdir úti á akri, sérstaklega þegar aðeins hluti af smáöxunum í axinu skemmist en kemur vel í ljós þegar farið er að mæla rúmþyngdina, en einnig hvítnar títan fyrr á dauðu smáöxunum (sjá mynd 4, tekin daginn eftir sýnatöku) og hægt er að sjá svona skemmdir í smásjá eða með góðu stækkunargleri.


Á Möðruvöllum var fyrsta frostnóttin þann 16. ágúst (sjá 5. mynd) og hafa þá trúlega orðið einhverjar skemmdir á ökrum í Hörgársveit, en 21.–22. ágúst var meira næturfrost og urðu þá þeir akrar sem lægst lágu fyrir verulegum skemmdum og dæmi um akra sem eyðilögðust alveg enda sáð seinna þar en í Eyjafjarðarsveitinni (sjá 6. mynd). Þriðja frostnóttin á Möðruvöllum var svo 26.–27. ágúst og fór þá frostið niður í -3 °C og stóð mjög lengi.

Veðurstöðin á Staðarhóli í Aðaldal getur gefið nokkuð góðar upplýsingar um veðurfar á aðalkornræktarsvæði í Suður-Þing., en fyrsta frostnóttin þar var 16. ágúst, -1,6 °C, en meira frost var svo 16.–17. ágúst og fer þá niður í -1,8 °C og varir lengur sjá 7. mynd. Meira næturfrost er svo 21.-22. ágúst og fer þá niður í -3,2 °C og varir mjög lengi, þ.e. frá því um kl. 11 um kvöldið 21. til um kl. 8 morguninn 22. ágúst (sjá 8. mynd). Á þeim ökrum á þessu svæði sem frostið var svona mikið hefur trúlega öll kornfylling stöðvast og má sjá það á uppskerutölum sem skráðar eru í jarðræktarforritið Jörð á þessu svæði, en þó geta skemmdir vegna mikils vinds 24. september haft áhrif líka. Allar hitatölur sem hér hafa verið uppgefnar eru miðað við 2 m hæð frá jörðu og getur því frostið hafa verið nokkru meira í axhæð á ökrunum.

Tilgangurinn með að birta þessar hitatölur hér er til að benda á að



4. mynd. Sýnishorn úr kornökrum á Grund 26. ágúst þar sem vinstra megin eru smáöxin óskemmd, en hægra megin er hluti þeirra skemmdur (sama yrki Judit og sáð sama dag).



5. mynd. Hitastig á Möðruvöllum 15.–16. ágúst 2022.



6. mynd. Hitastig á Möðruvöllum 21.–22. ágúst 2022.

staðsetning kornakra skiptir máli með tilliti til hættu á skemmdum af næturfrostum, hafi menn val um það á jörðum sínum að taka tillit til þess. Eftir þessi næturfrost kom nefnilega besti kafli sumarsins, þ.e. frá 30. ágúst til 14. september, með góðum meðalhita, á Möðruvöllum 10,4 °C og trúlega svipað á Torfum og daga með um og yfir 20 stiga hita. Þetta má sjá á rúmþyngd á korni mótteknu af Bústólpa á Akureyri sl. haust þar sem sumt af korninu er með mjög góða rúmþyngd, þ.e. tfur 600 g/líter (sjá 9. mynd). Þannig að á sl. sumri var hægt að ná uppskeru með góðum gæðum hér á Norðurlandi.

Við val á ræktunarlandi fyrir korn þarf að forðast lægðir og flatlendi í dalabotnum þar sem hætta er á næturfrostum á vaxtartímanum og velja frekar land sem hærra liggur í landinu ef möguleikar eru á því og jafnvel í halla að þeim mörkum sem þreskivélar ráða við. Best ef landið er hæfilega frjósamt svo hægt sé að hafa betri stjórn á framboði af köfnunarefni, sem getur verið erfitt í frjósömu mýrlendi vegna losunar á N síðsumars á óheppilegum tíma fyrir kornþroskann. Sama gildir ef lífrænn áburður, þ.e. mykja eða molta, er plægð niður í akrana og hef ég ráðlagt mönnum frá því, heldur vinna hann saman við yfirborðið og bæta svo við tilbúnum áburði eftir þörfum. Jarðvegsdýpt þarf að vera minnst 40-50 cm til að minnka líkur á þurrkskemmdum og náttúrulegt framræsluástand þarf að vera gott þar sem laust vatn og rigningarvatn hripar fljótt í gegnum jarðveginn þegar klaki fer úr jörðu. Vanda þarf alla jarðvinnslu og forðast að vinna of blautt land að vori sem kemur alltaf niður á uppskeru og sama gildir um sáningu að hún þarf að vera í sem jafnastri dýpt (2-3 cm) og ætti það að vera hægt með þeim fullkomnu vélum sem menn hafa yfir að ráða núorðið með valta á undan sáðrörunum og einnig með búnað til að fella áburðinn niður með fræinu, sem flýtir fyrir spírun og vöxt á korninu.


Mikil umræða um kornrækt hér á landi á sér stað um þessar mundir og ekki síst á síðum Bændablaðsins og finnst undirrituðum hún nokkuð óraunhæf á köflum. Það á að auka

kornrækt hvað sem það kostar t.d. með auknu jarðræktarframlagi og kynbótum sem eru jú góðu gjaldi gefnar, en þær koma ekki í veg fyrir afföll eins og hefur verið lýst hér að framan. Það þarf að bæta öryggi í ræktuninni t.d. með réttu vali á landi, ekki nýta kornrækt sem lið í endurræktun nema það henti vel til þess og ekki nota sama akurinn nema 2–3 ár (hámark 3) til að minnka líkur á illgresisvandamálum og sveppasmiti, nema menn vilji fara að nota varnarefni (eiturefni) í meira mæli við ræktunina en nú er. Einnig kemur upp svokölluð jarðvegsþreyta (jordtrætthed) eins og þekkt er þar sem sama korntegund er ræktuð í sama akri mörg ár í röð. Við höfum ekki mikla möguleika á sáðskiptum nema þá fyrir gras sem getur hentað vel fyrir kúabændur þ.e. rækta korn í 2–3 ár og svo gras t.d. fjölært rýgresi eða vallarfoxgras í 3–4 ár og svo í sama landi aftur korn. Það verður ekki fyrr en búið er að kynbæta hafrayrki sem geta náð þroska víðar hér á landi en við bestu aðstæður á Suðurlandi, sem mögulega verður hægt að hafa sáðskipti milli byggs og hafra. Búið er að kynbæta byggyrki (Jónatan Hermannsson) sem hægt er að ná þokkalegri uppskeru af í flestum árum og einnig af erlendum yrkjum sem í boði eru, ef rétt er staðið að ræktuninni þ.e. um 4 tonnum af hektara eða meira, því allt undir því er lélegt og ekki ásættanlegt.


Miðað við verð hjá Bústólpa á byggi til bænda sl. haust gæfu 4 tonn/ha ekki nema rétt liðlega fyrir útlögðum kostnaði við ræktun, þreskingu, þurrkun og flutning án tillits til jarðræktarframlags. Til að viðskipti geti átt sér stað með kornið þurfa gæðin að verða betri og jafnari en nú er. Þá þarf að bæta innviði eins og talað er um, eins og t.d. við kornþurrkun og geymslur fyrir það og tækjabúnað. Gott ef fengjust fjárfestingarstyrkir til þess, frekar en auka styrki við ræktunina sjálfa. Ef á að auka við jarðræktarframlag vegna kornræktar og einnig flýta greiðslu þess jafnvel til 15. júní, eins og kom fram í grein í Bændablaðinu þann 15. des. 2022 eftir Helga Eyleif Þorvaldsson og sem einnig hefur komið fram á fundum með bændum sem starfshópur á vegum matvælaráðherra hefur haldið að undanförnu. Miðað við núverandi reglur um greiðslur á framlögum til jarðræktar, þarf úttekt að hafa farið fram svo framlag sé greitt. Það getur verið erfitt að ljúka úttekt á öllum kornökrum fyrir 15. júní og þyrftu þá fleiri skilyrði að koma til, t.d. að bændur skiluðu inn reikningum fyrir stærstu útgjaldaliðum eins og t.d. fyrir kaupum á sáðkorni, áburði og greiðslum til verktaka ef þeir hafa verið fengnir til verksins. Verði teknar upp greiðslur vegna þurrkunar á korninu þá þarf það að uppfylla einhver lágmarksgæði hvað varðar kornfyllingu sem gæti verið þrepaskipt miðað við þá nýtingu sem möguleg er hjá fóðurblöndunarstöðvum.

Bændur þurfa svo að geta tryggt sig fyrir óvæntum áföllum í kornræktinni, t.d. vegna veðurfars, eins og kom fram í viðtali við þá á síðum Bændablaðsins í október 2022.


Guðmundur H. Gunnarsson,
jarðræktarfræðingur og ráðgjafi í jarðrækt.



7. mynd. Hitastig á Staðarhóli Aðaldal 16.–17. ágúst 2022.



8. mynd. Hitastig á Staðarhóli í Aðaldal 21.–22. ágúst 2022.



9. mynd. Rúmþyngd á byggkorni mótteknu af Bústólpa Akureyri haustið 2022.

Sérsniðin þjónusta að þínum þörfum
ALLT FASTEIGNASALA



Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is



Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is



bænda FERÐIR

— Lago Maggiore & Chamonix —

9. - 16. júní | Sumar 7
Fararstjóri: Unnur Jensdóttir

Það er ævintýri líkast að ferðast um Alpafjöll Ítalíu, Frakklands og Sviss og ekki er síðra að dvelja við annað stærsta vatn Ítalíu, Lago Maggiore, sem er umvafið fjallafegurð. Við hefjum ferðina í ljúfa bænum Stresa en seinni hluta ferðarinnar dveljum við í bænum Chamonix sem stendur við rætur hæsta fjalls Vestur-Evrópu, Mont Blanc.

Verð: **319.900 kr.** á mann í tvíbýli.
Mjög mikið innifalið!

sjá nánar á bls. 48

Bókaðu núna á baendaferdir.is
Sími 570 2790 | bokun@baendaferdir.is | Síðumúla 2, 108 Reykjavík

ACCUTRIGGER ACCUSTOCK
SAVAGE ARMS
ACCUTRIGGER ACCUSTOCK



Axis Presicion cal 6,5 creed og 223 sett með 6-24x52 sjónauka deyfir og tvífót
kr.279,000



93R17 GVXP cal 17 HMR með þungu hlaupi og 3-9x40 sjónauka
kr. 89.000



B22 Precision 22cal.
kr 139.900



Savage 22-FV-SR með Rail þungu hlaupi og snittaður
kr. 79.900



A22 Precision hálfsjálvirkur með sjónauka 6-24x44 ProTaget og Tvífót
Riffill og sjónauki kr. 168.900
Riffill einn og sér kr. 129.900

Vesturröst
Sérverslun veiðimannsins - Laugavegi 178 - sími: 551 - 6770 - www.vesturrost.is

ÍSFELL



Vatnsheldir Skjold kuldagallar úr öndunarefni



Vatnsheldir og fóðraðir, microfiber hanskar



Sterkir og endingagóðir öryggisskór

VETRARFATNAÐUR
Gæða fatalína frá Skjold, fóðraðir og vatnsþéttir gallar. Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna!

isfell.is • sími 520 0500 ÞEKKING • ÞJÓNUSTA • GÆÐI

GARÐYRKJA



Blómabeð á umferðareyju í Lindahverfi – logatrúður, morgunfrú, silfurkambur og silkibygg. Mynd / Guðríður Helgadóttir

Sumar á næsta leiti

Það hljómar kannski undarlega en einmitt núna er sumarið að ganga í garð í garðyrkjustöðvum landsins. Fyrstu sumarblómafræin eru komin í sáðbakkana og smáplöntur af lokkandi blómadrottningum komnar í potta og bíða þess að dagatalið átti sig á tilverunni.

Garðyrkjufræðingar eru við það að hrökkva í sumargírinn því á næstu vikum fyllast öll gróðurhús af sumarblómum og þá er eins gott að vera klár í umönnunarstörfin, vökvun, áburðargjöf, snyrtingar og annað sem þarf til ræktunarinnar.

Allar betri garðyrkjuverslanir hafa hlaðið frærekka sína af fjölbreyttu úrvali fræja af sumarblómum, fjölærum plöntum, matjurtum og trjáplöntum og mold og ræktunarílát eru ekki langt undan. Það er því allt til reiðu, það eina sem garðeigandinn þarf að gera er að velja tegundir til ræktunar.

Endalaus áhugi á ræktun

Valkvíði er alvarlegt vandamál þeirra sem hafa takmarkað pláss en endalausan áhuga á ræktun plantna. Því miður er það svo að þarna þurfa að fara saman hljóð og mynd, það er fátt dapurlegra en að þurfa að henda umframplöntum sem ekki hefur tekist að pranga inn á vini og ættingja. Af þeim sökum er heppilegra að bregða undir sig skynsemdarfætinum og skipuleggja ræktunina vel og í samræmi við ræktunarrýmið.

Sem betur fer er það engin kvöl og pína að skoða myndir af fallegum plöntum, renna yfir myndir af uppáhaldsblómabeðum fyrri ára og gera lista yfir þær tegundir sem væri gaman að rækta aftur. Þegar sá listi er klár er næsta skref að heimsækja garðyrkjuverslanir, hvort sem er í raunheimum eða rafrænum, skoða úrvalið og máta það við fyrirliggjandi áætlanir og láta svo vaða. Svona verkefni eru einstaklega kærkomin á þessum árstíma þegar allra veðra er von og hver óveðurslægðin af annarri ríður yfir landið. Einhverjir kjósa að kúra uppi í sófa með kakó og fjarstýringu, við blómafólkið drögum fram frælista og blómabækur og skipuleggjum litríkt draumasumar með ofgnótt blóma.

Góður grænsápuþvottur

Háveturinn er einnig góður tími til að þrífa og dytta að gróðurhúsum og öðru ræktunarrými sem fólk hefur á að skipa.

Óhreint ræktunarumhverfi getur stuðlað að lakari árangri í ræktuninni og því er nauðsynlegt að skúra og skrúbba nærumhverfi sáðílátanna og ekki gleyma að þvo ílátin sjálf áður en sáningin hefst.

Heitt vatn og uppþvottalögur duga í flestum tilfellum en þeir sem eru með gróðurhús þurfa mögulega að grípa til aðeins harðari efna gegn þörungagróðri.

Góður grænsápuþvottur með kústi eða háþrýstispúl dugar vel í heimagróðurhúsið og svo er vissara að skola vel með köldu vatni á eftir. Gott er að leita til fagmanna í góðu garðyrkjuverslununum sem áður voru nefndar og fá viðeigandi sápur til verksins.

Sáningartími

Sáðmold þarf að vera í fínni kantinum og má ekki innihalda grjót, illgresi, meindýr eða sjúkdóma. Einnig er gott að hafa í huga að betra er að sá í mold sem inniheldur ekki mikinn áburð, það gefur betri árangur í spíruninni. Hægt er að kaupa sérstaka sáðmold í litlum pokum og ef hún klárast ekki má hafa í huga að hún geymist vel á milli ára í lokuðum poka á þurrum stað.

Fræ kemur yfirleitt í vel merktum umbúðum þar sem allar helstu upplýsingar koma fram um tegund og yrki, sáningar- og ræktunartíma, fjölda fræja í grammi og jafnvel spírunarhlutfall. Við skipulagningu sáningar þarf að hafa í huga hvaða tegundir þarf að sá á hvaða tíma því ekki er heppilegt að sá tegundum of snemma, þá er hætt við veseni þegar líður á vorið. Best er að áætla í upphafi hversu mikið pláss við ætlum að nota fyrir viðkomandi tegundir. Þetta er verkefni sem hvaða skipulagsfíkill sem er getur haft unun af að spreyta sig á.

Yfirleitt er fræi sáð í sáðbakka, þar sem sáðplönturnar standa nokkuð þétt, þar til þeim er dreifplantað. Sáningin sjálf tekur því umtalsvert minna pláss en framhaldsræktunin.

Flest fræ spíra vel við stofuhita, á bilinu 18-22 °C, og um leið og litlu kímplönturnar gægjast upp úr moldinni er mikilvægt að tryggja þeim góða lýsingu, svo þær verði ekki langar, teygðar og veiklulegar.

Venjulegar flúorperur geta hjálpað í þessum efnum en einnig ætti alvöru ræktunarfólk að setja ræktunarljós á jólagjafalistann. Hár loftraki er ungum sáðplöntum mjög að skapi en eftir því sem þær stækka og þroskast þarf að venja þær við lægra rakastig og lægra hitastig. Almennt er ágætt að hafa hitastig í uppeldi á íslenskum garðplöntum á bilinu 12-15 °C, ef þess er nokkur kostur.

Hærra hitastig kallar á meiri lýsingu, eigi plönturnar ekki að teygjast um of.

Undirbúningur og skipulag

Nú er sem sagt tími undirbúnings og skipulags og um að gera að nota hann vel, þegar sól hækkar á lofti verður við einfaldlega upptekin í ræktunarframkvæmdum.

Guðríður Helgadóttir,
garðyrkjufræðingur,
Garðyrkjuskólanum Reykjum - FSu

AF VETTVANGI BÆNDASAMTAKANNA



Norsk skreið.

Notkun verndaðra afurðaheita á Íslandi

Í síðustu grein um vernduð afurðaheiti snerist meginmálið um reynslu notenda kerfisins í ESB, frumframleiðenda s.s. bænda og þeirra fyrirtækja sem framleiða úr hráefnum sem landbúnaður leggur til.



Hafliði Halldórsson.

Í stuttu máli er reynslan góð og vernduð afurðaheiti auka tekjur, fjölga atvinnutæki færum og hafa jákvæð áhrif á dreifbýl svæði. Notendur kerfisins segja einnig að samningsstaða þeirra hafi styrkst með notkun verndaðra afurðaheita.

Notendur á íslenskum neytendamarkaði

Hverjir nota vernduð afurðaheiti hér heima og selja vörur sem njóta verndar? Í öllum íslenskum verslunarkeðjum má finna vernduð afurðaheiti og sama má segja um heildsölur sem selja sínar vörur til smásölu og inn til veitingahúsa. Þessi fyrirtæki njóta góðs af vernduðum afurðaheitum, sem enn sem komið er má einungis finna á innfluttum matvörum og í víni og brenndum drykkjum.

Vernduð innflutt afurðaheiti rata þannig t.d. inn á matseðla veitingahúsa, sem síðan nefna ekki að þorskurinn sé sannarlega íslensk afurð og veidd úr villtum stofni. Nú eða að íslenski osturinn komi úr mjólk frá kúm úr vernduðum sérískenskum stofni. En auðvitað taka veitingahúsin þetta ekki fram þegar framleiðendur vörunnar gera það ekki sjálfir. Hér blasa augljós tækifæri við og þar sem verslanir og veitingahús nota þegar vernduð heiti má ljóst vera að íslenskar afurðir í kerfinu hljóti að eiga greiða leið í sölu í sömu fyrirtækjum sem fagni því að íslenskum vörum sé gert hærra undir höfði.

Virðisbundin eða kostnaðarbundin verðlagning?

Framleiðslukostnaður á matvöru á Íslandi er hár í alþjóðlegum samanburði, öllum ætti að vera löngu ljóst að við getum ekki keppt í verði við aðrar þjóðir. Heldur frekar í gæðum og því að gildishlaða okkar framleiðsluvörur með öllu því sem getur styrkt samningsstöðu okkar. Vernduð afurðaheiti eru eitt öflugustu verkfæranna til þess að ná slíkri samningsstöðu fyrir vörur eða afurðir sem sannarlega njóta sérstöðu. En það er ekki mögulegt með „gamla laginu“ sem má því miður sjá of mikið af hér heima sem kjarnast í takmarkaðri trú á eigin afurðir t.d. í samkeppni við innfluttar matvörur.

Hér eimir eftir af úreltu verklagi hráefnasölu, sem er unnin á forsendum kaupandans þegar framleiðendur s.s. íslenskar afurðastöðvar í eigu bænda meta sína samningsstöðu einungis út frá kostnaðarbundinni verðlagningu (e. cost based pricing). Fremur en virðisbundinni verðlagningu (e. value based pricing) þá hafa fyrirtækin þegar tapað samtalinu um hæsta mögulega söluverð. Það þarf alltaf að hafa í huga að þó mikið magn matvæla seljist á lágu, niðursettu eða afsláttarverði, þá seljast matvæli líka á háu verði. Jafnvel með áberandi hárri álagningu þar sem framboð og eftirspurn fer saman og gæði og sannarleg sérstaða eru lykilatriði.

Íslenskar umsóknir um vernduð afurðaheiti hjá MAST

Íslenskt lambakjöt er enn sem komið er fyrsta og eina matvaran til að hljóta íslenska upprunatilvísun, sem er nauðsynlegt skref til að fá vel þekkta evrópska PDO (e. Protected Designation Of Origin) en sú umsókn er nú í allra síðustu yfirferð og frétta að vænta fyrir vorið.

Matvælastofnun tekur á móti umsóknum í íslenska hluta verndaðra afurðaheita. Sannast sagna er afar lítið um ferlið að finna á vefsíðu MAST sem ég vil gagnrýna og óska þess að stjórnsýslan gyrði sig í brók því hér eru undir verulegir hagsmunir fyrir íslenska matvöruframleiðslu. Góða texta á mannamáli vantar með öllu, sem og hlekki á viðeigandi ítarefni. Þá telur undirritaður einnig að MAST hafi afgreitt umsókn fyrir vöruflokk sem ekki telst til matvæla og eigi því einfaldlega ekki heima í kerfinu? Hér vísa ég til þess að MAST gaf íslenskri lopapeysu jákvætt svar fyrir íslenskri upprunatilvísun.

Noregur og vernduð afurðaheiti

Eins og flestum er kunnugt eru Norðmenn á sama stað varðandi samstarf og viðskipti við ESB og við Íslendingar, báðar þjóðir taka þátt í EES samstarfinu og tökum upp lög og reglugerðir frá Evrópu án þess að vera í ESB. Norðmenn hafa fagnað kerfi verndaðra afurðaheita og nota kerfið mikið sem hlýtur að opna augu okkar Íslendinga fyrir tækifærunum sem þar má finna.

Í Noregi eru nú 32 vörur og/eða afurðir sem njóta verndarinnar innanlands, 30 þeirra eru landbúnaðarvörur. Alþjóðlega vernd hafa 5 norskar vörur og/eða afurðaflokkar fengið. Lofoten lamb, Fenalår þurrkað lambalæri, norskur vodki, norskt ákavíti, og útiþurrkuð skreið frá Lofoten þar sem 21 framleiðandi er að baki skráningunni. Norsk stjórnvöld skammast sín ekkert fyrir að hampa norskum hráefnum og vörum og nota til þess opinbert fé. Rekstur stjórnsýslu verndaðra afurðaheita er ásamt fleiri merkjum sem staðfesta norsk gæði og uppruna í ríkisstofnuninni Norsk Mat sem setur alla áherslu á norska hagsmuni. Nánar á www.beskyttedebetegnelser.no og www.stiftelsennorskmat.no

Áskorun til bænda

Greinar mínar um vernduð afurðaheiti eru ætlaðar til að kveikja á umræðu og aukinni þekkingu um þau en kerfið getur hæglega aukið virði einstakra afurða og bætt rekstrargrundvöll bænda og framleiðslufyrirtækja. Bændur mættu gjarnan velta því fyrir sér hvort þeirra samningsstaða sé nægjanlega góð, og hvort þeirra afurðum og vinnu sé sýnd tilhlýðileg virðing? Hvort nútímaaðferðir í mörkun og aðgreiningu á íslenskum landbúnaðarvörum sé ekki löngu tímabærar? Því nútíminn og fordæmin sýna okkur að gamla lagið í að hugsa eingöngu um landbúnaðarafurðir sem hráefni skilar ekki besta árangri. Okkur vantar að auka stolt fyrir þeim íslensku afurðum, hefðum og vörum sem við sannarlega eigum og eru grunnurinn í okkar matarmenningu. Matarmenningu sem líka er útflutningsvara á diskum ferðamanna. Þetta stolt eiga allar aðrar þjóðir, og engin þjóð tekur að sér að upphefja vörur annarrar þjóðar. Það þurfum við einfaldlega að gera sjálf.

Hafliði Halldórsson,
verkefnastjóri á markaðssviði BÍ

AF VETTVANGI STJÓRNARRÁÐSINS

Sköpum skilyrði til samstarfs og samvinnu

Ég tel mikilvægt að heimildir íslenskra bænda til samstarfs og samvinnu í afurðasölumálum séu formfestar og að þær heimildir séu ekki lakari en tíðkast í samanburðarlöndum.



Svandís Svavarsdóttir

Félög bænda hafa víðtækt hlutverk víða um heim á mörkuðum með matvæli.

Þau standa víða fyrir sameiginlegri sölu og flutningum landbúnaðarvara, setja sameiginleg viðmið um gæði og eiginleika framleiðslu og með samtakamátt að vopni hafa bændur möguleika á að tryggja sanngjarnari hlutdeild í virðiskeðju landbúnaðarvara. Slíkt fyrirkomulag gagnast bæði framleiðendum og neytendum. Sé markaðsöflunum einum eftirlátið að skipuleggja virðiskeðju landbúnaðar er samningsstaða bænda afleit.

Þess vegna tel ég mikilvægt að íslenskir framleiðendur hafi sömu heimildir og í samanburðarlöndum. Framleiðendur eru margir en milliliðir fáir. Því hafa vel flest lönd mótað ramma utan um framleiðendafélög og fært þeim heimildir til samstarfs og samvinnu. Slíkan ramma skortir hér á landi. Það gerir það að verkum að möguleikar til nútímavæðingar í krafti samvinnu og samstarfs eru minni en víða annars staðar.

Vinnandi fólk sækir kjarabætur í krafti samstöðu til atvinnurekenda. Í núverandi kerfi er framleiðendum búvara, bændum, óheimilt að nýta samstöðuna til kjarabóta. Aukin framleiðni og afurðaverð eru einu leiðirnar sem framleiðendur matvæla hafa til þess að sækja kjarabætur. Sambærilegar heimildir fyrir félög framleiðenda og í nágrannalöndum munu skapa skilyrði til að ná kjarabótum í virðiskeðju matvæla.

Tryggjum bændum sambærileg tækifæri

Markmiðsákvæði búvörulaga kveða m.a. á um það að tekjur þeirra sem stunda landbúnað séu í sem nánasta samræmi við tekjur annarra stétta. Þau markmið hafa verið nær óbreytt síðan 1947.

Enda er það forsenda fyrir því að landbúnaður þrífist að bændur séu í sama efnahagslega veruleika og aðrar stéttir landsins. Ljóst er að misjafnlega hefur gengið að uppfylla þetta markmið. Lengi vel var framkvæmdin í landbúnaðarmálum sú að ríkið ákvað verð á öllum vörum, ákvað framleiðslumagn og bætti upp tap af útflutningi með útflutningsbótum. Það kerfi var í skrefum lagt niður, enda var það orðið með öllu ósjálfbært. Þá tók við tímabil kvótakerfa og samdráttar í framleiðslu.

Verðlagning var gefin frjáls á flestum búvörum og félagasamtök bænda hafa verið beitt viðurlögum fyrir að álykta um að hækka þyrfti verð í samræmi við aukinn tilkostnað. Við þau kerfi, þó breytt séu, býr hluti landbúnaðarins við enn í dag. Lengi vel voru afurðafélög í eigu bænda í gegnum samvinnufélög en í tímans rás hefur þessi staða breyst í mismunandi búgreinum. Í dag eru afurðastöðvar í ýmsum formum og misjafnt hvort þær séu í eigu eða undir stjórn bænda.

Kjarabætur í krafti samstöðu

Samkeppnislög hafa önnur markmið en búvörulög og mikilvægt að allar undanþágur frá þeim séu skýrar og afmarkaðar enda eru markmið þeirra mikilvæg. Í ljósi þess tel ég eina forsendu þess að bændur geti fengið sanngjarnari afkomu að heimildir þeirra séu skýrar og afmarkist við félög í eigu eða stjórn bænda.

Mikilvægt er að tryggja að heimildirnar séu ekki lakari en í þeim löndum sem við berum okkur saman við og að skilyrði fyrir hvaða félög teljist í eigu eða undir stjórn framleiðenda séu málefnaleg og sanngjörn. Ljóst er að greina þarf þennan þátt vel þar sem ýmis álitamál eru uppi.

Félög framleiðenda í Evrópu eru afar fjölbreytt, sum eru samþætt félög sem eiga og reka ýmsa starfsemi á meðan önnur eiga engar eignir en beita sér fyrir bættri stöðu framleiðenda í virðiskeðjunni í krafti sameiginlegrar kröfugerðar um afurðaverð. Öll þessi félög hafa sinn tilgang og sitt hlutverk.

Nýverið ákvað ég að falla frá fyrri áformum um að leggja fram frumvarp að tillögu spretthópsins um undanþágur frá samkeppnislögum í landbúnaði. Í ljósi þeirra athugasemda sem bárust taldi ég mikilvægt að vinna málið betur. Eftir stendur að hagræðingar er þörf í afurðageiranum og mikilvægt er að skapa ramma utan um samstarf og samvinnu bænda.

Þeirri vinnu verður haldið áfram enda tilefnið skýrt og í fullu gildi eftir sem áður.

Svandís Svavarsdóttir
matvælaráðherra.











LESENDARÝNI

Af hverju eru Bændasamtök Íslands á móti eignarrétti landeigenda?

Árið 2002 var laumað í lög um búfjárhald að landeigendur þyrftu að friða lönd sín gegn búfé með því að girða þau dýrheldri girðingu, fá girðingarnar vottaðar á hverju ári af þar til bærum aðila og fá sveitarstjórn til að auglýsa friðun viðkomandi lands í Stjórnartíðindum.



Kristín Magnúsdóttir.

Allt annað land en hið friðaða skyldi verða sameiginlegur bithagi fyrir búfé á flækingi, nema viðkomandi sveitarstjórn áskildi vörsluskyldu búfjár, sem nánast hvergi er gert.

Varaformaður Bændasamtakanna sat í nefndinni er samdi frumvarpið. Í umsögn samtakanna um ólögin gerðu þau enga efnislega athugasemd við eignaupptökuna hjá landeigendum! Ekki var annað að greina en að allt land, sem ekki væri friðað í Stjórnartíðindum eftir kúnstarinnar reglum, mætti samtakanna vegna verða sameiginlegur bithagi fyrir sauðfé.

Álit stjórnsýslunnar

Eftir samráð við fagráðuneytið, sem var atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, gaf innviðaráðuneytið út álit árið 2021 þess efnis að búfé á flækingi ætti beitarrétt í ófriðuðum löndum, eins og mælt er fyrir um í lögunum frá árinu 2002. Ekkert land hér á landi hefur verið friðað og vörsluskylda er afar sjaldgæf. Segja má að nánast öll heimalönd á Íslandi hafi verið risastór sameiginlegur bithagi fyrir kindur á flækingi.

Ekki múkk!

Þá var haft samband við Bændasamtökin og leitað eftir stuðningi þeirra til að fá ólögunum breytt eða hnekkt. Eins furðulegt og það er kusu samtökin að tjá sig í engu um málið.

Frá þeim heyrðist ekki múkk – hvorki tíst né stuna. Samtökunum virtist enn hugnast það vel að landeigendur hefðu ekki umráðarétt yfir löndum sínum, ef það gagnaðist kindum á flækingi.

Umboðsmaður Alþingis

Kvartað var yfir ólögunum við umboðsmann Alþingis. Í ítarlegu áliti í október sl. segir umboðsmaður að eignaupptaka laganna standist ekki eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar og því geti lögin ekki haft þær afleiðingar fyrir ófriðuð lönd að eigendur þeirra þurfi að þola beit annarra manna búfjár.



„Heimalönd þurfa því alls ekki að vera girt svo yfirvöldum beri að smala þar ágangsfé," segir Kristín í greininni. Mynd / Aðsend

Það þurfti umboðsmann Alþingis og stjórnarskrá lýðveldisins til að hnekkja tilgangi ólaganna frá árinu 2002.

BÍ sárnar fyrir hönd ágangsfjár

Loksins, 20 árum eftir ólagasetninguna, tjá Bændasamtökin sig um málið! Lögfræðingur samtakanna skrifar grein um álit umboðsmanns í Bændablaðið. Í stað þess að fagna álitinu, fyrir hönd flestra félagsmanna sinna, rembist lögfræðingurinn við að gera lítið úr álitinu, sem hann segir ekki fela í sér neinn nýjan sannleik! Að landeigendur hefðu með álitinu fengið aftur umráða- og verndarrétt á löndum sínum fannst lögfræðingi Bændasamtaka Íslands lítt merkilegt.

Í greininni misskilur lögfræðingurinn svo hugtakið „lausaganga", sem hann telur að búfé á afréttum stundi, í stað þess að vera það sem hún er, þ.e. þrautaganga búfjár í heimasveitum þegar eigendur þess vilja ekkert af því vita.

Dómsmálaráðuneytið sammála umboðsmanni

Nýverið úrskurðaði dómstólaráðuneytið að lögreglunni bæri að smala ágangsfé, eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 33. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni. Byggði ráðuneytið afstöðu sína á áliti umboðsmanns, þ.e. að ólögin frá 2002 gætu ekki hirt umráða- og verndarréttinn af landeigendum.

Aftur sárnar BÍ fyrir hönd ágangsfjár

Þá verður lögfræðingi Bændasamtakanna aftur mál að skrifa grein í Bændablaðið. Eftir smekklaust grín um Geir og Grana að elta kindur,

Áhættumat erfðablöndunar – hvað næst?

Uppbygging laxeldis í sjókvíum við Ísland hefur verið leidd af íslenskum fulltrúum erlendra fjárfesta og skilað þeim aðilum miklum fjárhagslegum ávinningi.



Valdimar Ingi Gunnarsson.

Leikreglurnar voru mótaðar í skýrslu starfs hóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi frá árinu 2017 þar sem áhættumat erfðablöndunar leikur lykilhlutverk við úthlutun þeirrar auðlindar sem fólgin er í leyfum til eldis á laxi í sjókvíum hér við land. Áhættumat erfðablöndunar er úthlutunarkerfi sem gagnast aðallega laxeldisfyrirtækjum í meirihlutaeigu erlendra aðila og hefur lítið sem ekkert með náttúruvernd að gera. Náttúruvernd áhættumats erfðablöndunar er best lýst með umsögn lögfræðings og formanns stangveiðifélags við fiskeldisfrumvarpið sem endanlega var samþykkt á Alþingi Íslendinga á árinu 2019: *„Það er raunar með nokkrum ólíkindum að veitt sé lagaheimild fyrir því að erfðablanda megi villtan íslenskan lax."*

Jafnframt var þess gætt af íslenskum fulltrúum erlendra fjárfesta í stefnumótunarhópnum að ekki væru settar hindranir sem kæmu í veg fyrir að mögulegt væri að fara með laxeldisfyrirtækin á erlendan hlutabréfamarkað og ná þannig mikilli hækkun í hafi á verðmætum eldisleyfa.

Yfirgangur gagnvart íslenskum hagsmunum

Í áhættumati erfðablöndunar er aðeins gert ráð fyrir að strokulax gangi upp í fjórar veiðiár á Vestfjörðum, en þar er að finna um 25 veiðiár þar sem lax er að finna með tilheyrandi laxalykt. Áhættumat erfðablöndunar gerir ráð fyrir að fórna minni laxveiðiám og vernda þær stærri. Fullnægjandi vöktun hefur sárlega skort á ástandinu í litlu veiðiánum á sjókvíaeldissvæðunum, með undantekningu hvað varðar þrjár ár í Arnarfirði sem rannsóknafyrirtækið Laxfiskar hefur vaktað.

Það ófremdarástand endurspeglast í því að tilkynningar um strokulaxa í ám hafa að mestu takmarkast við tilkynningar almennings (stangveiðimanna) og upplýsingar frá vöktun rannsóknafyrirtækisins Laxfiska. Mikilvægt er að bera virðingu fyrir eigum íslenskra landeigenda þó að um sé að ræða litlar veiðiár.

Enda þótt þær ár vegi ekki þungt fjárhagslega í stóra samhenginu þá eru náttúrulegir fiskistofnar þeirra áa dýrmæt auðlind sem aukinheldur skapar sumum eigendum þeirra tekjur. Eigendur lítilla veiðiáa á sjókvíaeldissvæðum hafa verið algjörlega hunsaðir af stjórnvöldum við uppbyggingu laxeldis á Íslandi. Nokkuð sem einfaldaði til muna að gefa eldisleyfi fyrir þeirri miklu framleiðslu s.s. á sunnanverðum Vestfjörðum til laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila.

Á sama tíma var valtað yfir hagsmuni íslenskra sjókvíaeldisfyrirtækja í þeim framgangi sem stjórnvöld stýrðu til uppbyggingar á eldi á laxi í sjókvíum.

Úthlutun 2017

Þegar áhættumat erfðablöndunar var fyrst gefið út á árinu 2017 komu fjölmargir með margar alvarlegar athugasemdir sem ekki verða raktar hér. Með því að gera ekki ráð fyrir litlu veiðiánum í áhættumati erfðablöndunar var hægt að úthluta Kjartani Ólafssyni, stjórnarformanni Arnarlax og fulltrúa í stefnumótunarhópunum, nægilegum framleiðsluheimildum á sunnanverðum Vestfjörðum. Á sama tíma var lokað fyrir allt eldi í Ísafjarðardjúpi þrátt fyrir að svokallað reiknilíkan áhættumats erfðablöndunar gæfi möguleika á nokkurra þúsunda tonna eldi og þar með var fyrirhugað laxeldi íslensks fyrirtækis slegið út af borðinu. Af hverju var ekki farin sú leið á þessum tíma að úthluta framleiðsluheimildum á öllum eldissvæðum á Vestfjörðum þannig að öll fyrirtækin fengju einhverjar heimildir til eldis á frjóum laxi, ekki bara laxeldisfyrirtæki sem voru í meirihlutaeigu erlendra aðila? Hverjir réðu hér ferðinni?



Dynjandisá í klakaböndum Viðmót stjórnvalda hefur verið kuldalegt í meira lagi í garð íslenskra eigenda lítilla veiðiáa á eldissvæðum líkt og áhættumat erfðablöndunar ber með sér. Mynd / Aðsend

Tilraunaeldi

Það voru miklir hagsmunir undir og unnið var að því að fá heimild til eldis á laxi í Ísafjarðardjúpi af laxeldisfyrirtækjum, sveitarstjórnarmönnum og fleirum. Fljótlega eftir útgáfu áhættumats erfðablöndunar gaf Hafrannsóknastofnun út fréttatilkynningu um væntanlegt tilraunaeldi í Ísafjarðardjúpi.

Hafrannsóknastofnun hefur eflaust áttað sig að ekki væri heiðarlega unnið og 3.000 tonna heimildir stóðu eftir skv. reiknilíkani áhættumatsins þegar laxeldisfyrirtæki í meirihlutaeigu erlendra aðila á sunnanverðum Vestfjörðum höfðu fengið allt sitt. Ekkert heyrðist meira um þetta tilraunaeldi og eflaust hefur jafnræðisreglan og skortur á lagaheimildum átt þar hlut að máli.

Úthlutun 2020

Það er gert ráð fyrir að áhættumat erfðablöndunar verði endurskoðað að lágmarki á þriggja ára fresti. Niðurstaðan við endurskoðun á árinu 2020 fól m.a. í sér að Ísafjarðardjúp utan Æðeyjar var opnað fyrir eldi á frjóum laxi. Sú ákvörðun var tekin í skjóli áhættumats erfðablöndunar án þess að nein fagleg rök væru þar að baki. Það fól m.a. í sér að

heldur hann áfram þar sem frá var horfið við að misskilja. Nú er það 34. gr. laga um afréttamálefni sem er misskilin, en lögfræðingurinn segir greinina vera um möguleg uslagjöld vegna ítrekaðs ágangs í girt lönd.

Í raun er greinin um að eigandi búpenings sem gengur í engi, tún og garðlönd og veldur þar tjóni skuli greiða ábúanda bætur, án tillits til þess hvort þau séu girt eða ekki. Til að ábúandi fái bætur vegna ágangs í önnur lönd þurfi þau að vera girt. Þennan rétt landeigenda má rekja til réttarbótar Eiríks Magnússonar Noregskonungs, sem varð að lögum hér á landi árið 1294.

Ef lögfræðingurinn hefði gefið sér tíma til að lesa álit umboðsmanns Alþingis, þá hefði hann séð þar m.a. eftirfarandi umfjöllun um 34. greinina:

Af orðalagi greinarinnar og lögskýringargögnum verður ráðið að óheimill ágangur búfjár í engi, tún og garðlönd geti varðað fjáreiganda skaðabótum ***án tillits til þess hvort þau eru girt eða ekki.*** *Ágangur í önnur lönd varðar hins vegar ekki skaðabótaskyldu samkvæmt greininni nema þau séu girt … Er þá litið svo á að réttmætt þyki að leggja með nokkrum hætti* ***gæsluskyldu á eigendur og umráðamenn búpenings.*** *(feitletrun höfundar).*

Eftir að hafa misskilið 34. greinina, um að lönd þurfi að vera girt til að ágangur geti verið bótaskyldur, yfirfærir lögfræðingurinn misskilninginn yfir á heimalönd, þ.e. að þau þurfi einnig að vera girt svo sveitarstjórnum eða lögreglu beri að smala þar ágangsfé.

> ”Í raun er greinin um að eigandi búpenings sem gengur í engi, tún og garðlönd og veldur þar tjóni skuli greiða ábúanda bætur, án tillits til þess hvort þau séu girt eða ekki.“

Segja má að þar með styttist verulega á milli misskilnings lögfræðingsins og ólaganna, sem samtökin samþykktu fyrir sitt leyti árið 2002, þ.e. að land skyldi vera girt, vottað og friðað í Stjórnartíðindum – annars væri enginn ágangur!

Bæði girt og ógirt heimalönd ber að smala

Í 4. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni er löndum sem fjallskilasamþykkt tekur til skipt í tvennt; í afrétti og heimalönd. Hvergi í lögunum er kveðið á um að land skuli vera girt til að teljast heimaland.

Þá er ekki minnst á það stöku orði í 33. gr. sömu laga, sem er um skyldu sveitarstjórna að smala ágangsfé í heimalöndum, að slík lönd þurfi að vera girt svo sveitarstjórnum beri að láta smala þar ágangsfé.

Réttur eigenda heimalanda til að leita til handhafa opinbers valds og fara fram á að þeir beiti þeim valdheimildum, sem lög nr. 6/1986 um afréttamálefni færa þeim, er án tillits til þess hvort viðkomandi land er girt eða ekki.

Yfirvofandi matarþurrð!

Lögfræðingurinn klykkir svo út með því að engin trygging sé fyrir því að matur verði til á Íslandi ef sumir kindaeigendur fái ekki að fóðra fé sitt í löndum nágranna sinna – sem hann kýs að kalla „úthaga“. Þessi rökleysa lögfræðingsins gæti verið svarið við því af hverju samtökin samþykktu fyrir sitt leyti árið 2002 að öll lönd, sem ekki væru girt, vottuð og auglýst friðuð í Stjórnartíðindum, væru kindahagi. Það var þá til þess að Íslendingar syltu ekki!

Samtök eða heildarasamtök

Að sjálfsögðu eiga samtök nautgripa-, hrossa-, skógar-, svína-, alifugla-, eggja-, garðyrkju-, sauðfjár-, geitfjár-, landeldis-, loðdýra- og svínabænda, að hafa þá grundvallarafstöðu til eignarréttar félagsmanna, og allra annarra, að hver og einn skuli í hvívetna virða eignarrétt hinna.

Að þeir sauðfjáreigendur, sem hvorki gæta búfjár síns á sumrin, né vista það á afréttum utan byggðar, hafi náð að teyma samtökin út í það fúafen að þeir eigi, megi og þurfi að fóðra skepnur sínar í eignarlöndum annarra, svo Íslendingar drepist ekki úr hungri, sýnir að nýju samtökin okkar eiga langa leið fyrir höndum að verða heildarsamtök.

Kristín Magnúsdóttir,
lögfræðingur M.L. og félagi í Bændasamtökum Íslands.

---

sjókvíaeldi á laxi sem íslenskt fyrirtæki hafði lagt upp með að stunda innar í Ísafjarðardjúpi varð ekki að veruleika. Við endurskoðun áhættumatsins var heimilaður hámarkslífmassi í eldi á frjóum laxi hér við land aukinn úr 71.000 tonnum í 106.500 tonn. Í áhættumatinu frá 2020 var m.a. gerð sú breyting að miðað við hámarkslífmassa en áður var miðað við framleiðslu við úthlutun eldisleyfa.

Við breytinguna var framleiðslan reiknuð sem 80% af hámarkslífmassa (0,8:1) en var áður lögð að jöfnu (1:1). Við þessa breytingu jafngildir 71.000 tonna framleiðsla 88.750 tonna hámarkslífmassa eins og fram kemur í skýringum með áhættumatinu. Í raun er þetta hlutfall (1,3:1) hér á landi og í Noregi er það hærra (1,6:1) vegna betri sjávarskilyrða. Hámarkslífmassi m.v. 71.000 tonna framleiðslu hefði því átt að vera 55.000 tonn en ekki 88.750 tonn ef nota á þessa reiknibrellu til að ákvarða framleiðsluheimildir.

Hvað næst?

Áhættumat erfðablöndunar verður endurskoðað snemma á þessu ári og mikill þrýstingur hefur verið á að auka framleiðsluheimildir eða heimilaðan hámarkslífmassa. Áhættumatið þarf að auka hámarkslífmassa á Vestfjörðum um 13.000 tonn til að áform Arnarlax og Arctic Fish gangi eftir innan núverandi leyfisveitingarkerfis. Á Austfjörðum þarf að auka heimildir um 12.000 tonna hámarkslífmassa til að áform Fiskeldis Austfjarða gangi eftir. Erlendur hlutabréfamarkaður verðlagði á árinu 2021 hvert tonn af hámarkslífmassa að meðaltali á um 1,1 milljón króna og verðmæti þessara eldisleyfanna því um 27,5 milljarða króna (25.000 tonn x 1,1 milljón kr/tonn). Fjárhagslegu hagsmunirnir sem eru undir eru því gríðarlegir og krafan að auka eldið og arðinn enn frekar. Það eru ýmsar áskoranir við að auka hámarkslífmassa og stækka eldissvæði til eldis á frjóum laxi.

Hér eru dregnar upp eftirfarandi sviðsmyndir er koma myndu við sögu:

- *Aukinn hámarkslífmassi:* Hvaða reiknibrellur verða notaðar til að auka hámarkslífmassa? Verður veiðiám fjölgað í áhættumati erfðablöndunar á þann veg að það leiði til þess að hægt verði að auka hámarkslífmassa?
- *Fleiri eldissvæði:* Ef Ísafjarðardjúp verður opnað aftur fyrir eldi á frjóum laxi innan við Æðey, hvaða rök verða þá lögð til grundvallar fyrir þeirri ákvörðun eða fyrir því að opna það svæði ekki fyrir eldi á frjóum laxi verði það reyndin?
- *Mótvægisaðgerðir:* Verður farin sú leið að grípa til mótvægisaðgerða s.s. að fjarlægja eldislax úr veiðiám? Ef sú leið verður farin, er þá hámarkslífmassi aukinn með vísun í þær mótvægisaðgerðir?

Það er mikil andstaða við áhættumat erfðablöndunar, gagnrýni sem er réttmæt og því e.t.v. skynsamlegast að gera enga breytingu á hámarki heimilaðs lífmassa við næstu endurskoðun. Varla er við því að búast að hámarkslífmassi verði skertur hjá fyrirtækjum á borð við Arnarlax sem ítrekað hafa staðið fyrir slysasleppingum.

Það er verið að brjóta lög

Á árunum 2018-2021 hafa átt sér stað níu tjón hjá Arnarlaxi og í átta tilfellum er um að ræða gat á netpoka. Arnarlax hefur aðeins í einu tilfelli tilkynnt um fjölda eldislaxa sem hafa sloppið. Endurteknar slysasleppingar hafa fengið að viðgangast hjá Arnarlaxi enda gerir áhættumat erfðablöndunar, sem stjórnarformaðurinn Kjartan Ólafsson ásamt öðrum fulltrúum í stefnumótunarhópnum lagði til, ekki ráð fyrir öðru. Stjórnvöld virðast vera að vakna til lífsins og ákveðin mál Arnarlax voru nýlega tekin til rannsóknar. Sú aðferðafræði sem áhættumat erfðablöndunar styðst við er að brjóta í bága við lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð þar sem m.a. er kveðið á um að sá sem veldur mengun, láti taka til eftir sig og greiði kostnaðinn.

Þessi lög ná einnig yfir laxfiska og erfðablöndun. Stjórnarformaður Arnarlax og jafnframt fulltrúi í opinberum stefnumótunarhópi hefur ítrekað fram að þessu ekki þurft að taka ábyrgð á sínum umhverfistjónum á sama tíma og móðurfélagið Salmar í Noregi þarf að greiða fyrir vöktun og fjarlægja eldislax úr veiðiám í tilfelli slysasleppinga.

Að lokum

Íslendingar standa að baki nágrannalöndum í umhverfismálum er varða laxeldi og það er gefin heimild í íslenskum lögum til þess að norskur eldislax fái að hrygna í veiðiám, a.m.k. upp að ákveðnu marki. Rétt er að geta þess hér að undirritaður hefur enga persónulega fjárhagslega hagsmuni að verja í því máli sem hér hefur verið til umfjöllunar, enda hvorki eigandi veiðiáa né sjókvíaeldisfyrirtækja. Höfundur þekkir þetta mál mjög vel og hreinlega ofbýður þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið. Framganga stjórnvalda vegna uppbyggingar eldis á laxi í sjókvíum vitnar um að þar hefur ráðið för sá mikli fjárhagslegi ávinningur sem fámennum hópi skyldi hlotnast á sama tíma og aðkallandi umhverfismál vegna sjókvíaeldisins voru sett til hliðar. Það er því full ástæða til að fara sér hægt í áframhaldandi leyfisveitingum þar til búið er að gera viðeigandi endurbætur á stjórnsýslunni.

Valdimar Ingi Gunnarsson
sjávarútvegsfræðingur.











LESENDARÝNI



Kraftur 19-883 er dæmi um grófhyrndan stöðvahrút en þeir verða góðu heilli sjaldséðari þar með hverju ári.
Mynd / Halla Eygló Sveinsdóttir



Gimsteinn 21-899 er glæsilegur fulltrúi kollóttra hrúta til viðbótar ARR geninu.
Mynd / Eyþór Einarsson.



Hnokki 19-874 er fulltrúi glæsilega hyrndra hrúta sem sífellt verða algengari á sæðingastöðvunum.
Mynd / Halla Eygló Sveinsdóttir

Erfðafræði útlitseinkenna sauðfjár – 3. hluti:

Hornmótandi eiginleiki sauðfjárkynja

Löng umfjöllun er í yfirlitsgreininni Genetics of the phenotypic evolution in sheep: a molecular look at diversity-driving genes, um erfðir horna hjá sauðfé sem höfundar benda á að sé einn mest mótandi eiginleiki sem skilgreiningar mismunandi sauðfjárkynja byggir á.



Jón Viðar Jónmundsson.

Sum kyn samanstanda aðeins af kollóttu fé en önnur af hyrndu auk þess sem til eru kyn sem eru blanda af hyrndu og kollóttu fé eins og íslenska féð og enn eitt afbrigðið eru kyn þar sem aðeins annað kynið er hyrnt og þá yfirleitt hrútarnir en ærnar þá aftur á móti kollóttar og þetta á við um fjárflesta fjárkyn heims, Merinó féð.

Rannsóknir á hornaerfðum

Greinin segir að gen sem höfundar nefna RXFP2 ráði mestu um erfðir horna og staðsetning þessa gens í erfðamenginu er á litningi 10. Höfundar telja upp endalausar rannsóknir á mismunandi stökkbreytingum sem stýra alls konar hornaformun hjá hinum fjölbreyttustu kynjum. Segja af rannsóknum þar sem tekist hefði að skilgreina 624 mismunandi gen sem ráði um mismunandi hornaerfðir.

Í greininni segir frá því að hjá Soya villifénu hafi fundist samband á milli hornagena og annarra eiginleika þannig að minni hornastærð fylgi aukin ending en hjá einstaklingum sem erfa stóra hornagerð sé fundið samband við aukna frjósemi fjárins.

Þannig rekja þeir í löngu máli endalausar rannsóknir á furðulegustu fyrirbærum í hornaerfðum.

Íslenskar rannsóknir

Þar sem ég held að slíkt veki ekki mikla forvitni lesenda hér á landi mun ég snúa mér að því að rekja þá einföldu erfðafræði sem nægt hefur íslenskum bændum ágætlega frá því að farið var að skoða horn sem eiginleika sem stjórnast mest að erfðum. Þó að margir hlutir hafi verið rannsakaðir hjá íslensku sauðfé eru rannsóknir á hornaerfðum ákaflega fátæklegar. Það eina sem má segja að standi undir því nafni er kandídatsritgerð Þorsteins Þorvarðarsonar við Landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn. Mér hefur ekki tekist að verða mér úti um þetta rit.

Eins finnst kandídatsritgerð frá 1971 eftir Jón Hermannsson, unnin við Framhaldsdeildina á Hvanneyri, sem skartar titlinum „Hornaerfðir íslensks sauðfjár“.

Skráning hornaforma

Snúum okkur aftur að því einfalda formi erfða sem nægt hefur íslenskum bændum í þeirra starfi. Það gerir ráð fyrir erfðum í einu erfðavísasæti þar sem eiginleikinn fyrir kollóttu er ríkjandi yfir hyrndu sem þýðir á almennu máli að undan tveim hyrndum foreldrum fæðast aðeins hyrnd afkvæmi meðan undan tveim kollóttum foreldrum getur auðveldlega fæðst hyrnt lamb vegna þess að við þekkjum ekki enn mun á arfhreinum og arfblendnum kollóttum hrútum með vissu. Með að koma upp almennri skráningu hornaforms (hyrnt eða kollótt) á öllum lömbum og fullorðnu fé í FJARVIS sem ekki virðist mjög íþyngjandi skráningar væri mögulegt að greina arfhreina kollótta hrúta, í það minnsta stöðvahrútana, og það gæti haft hagnýta þýðingu í sambandi við ætternisrakningar.

Hyrndu fé fjölgaði

Vegna skorts á athugunum eða rannsóknum eigum við enga nothæfa tölfræði um þróun á milli hyrndra og kollóttra gripa hér á landi. Ágiskun sem ég hygg að margir noti er að hyrnda féð sé nálægt 70% en afgangurinn þá kollótt eða hnýflótt.

Þessi skipting er þó ákaflega breytileg á milli landsvæða. Þróun í þessum efnum hefur líka verið mjög breytileg í áranna rás.

Þegar sæðingarnar hófust hér á landi á síðari hluta sjöunda áratugs síðustu aldar þá fór hyrndu fé strax ákaflega hratt fjölgandi á þeim svæðum sem notuðu sæðingar mikið og hélst sú þróun alveg þar til niðurskurður vegna riðuveiki hófst á síðustu tveim áratugum aldarinnar en þá komu inn á niðurskurðarsvæðin kollótt fé í stórum stíl og munar þar langtum mest um þróunina á Austurlandi þar sem áður var nær einvörðungu að finna hyrnt fé.

Kollóttu fé mun fjölga

Á næstu árum þá má vænta bylgju sem enn fjölgi hlutfallslega kollóttu fé sem tengist dreifingu á gullgeninu ARR sem sótt er að Þernunesi. Að þessu vinnur fólk sem kann vel til verka og er ánægjulegt hve mörg albestu fjárbúa í landinu bregðast fljótt við að klófesta genið með sæðingum. Vegna þess hve mikið af úrvalsgenum úr kollótta fénu á Melum í Árneshreppi fylgir með í kaupbæti þá er spá mín að það fjölgi kollóttu fé hlutfallslega á komandi árum. ARR geninu mun verða komið í allt íslenskt fé á örfáum næstu árum og aldalöngu stríði við þennan alvarlega vágest, riðuveikina, þar með ljúka. Eftir það verður auðvelt að gera það af fénu sem þeir óska hyrnt að nýju.

Ræktun hornalags

Snemma á síðustu öld fóru nokkrir þekktustu fjárræktarmenn landsins að leitast við að koma sér upp fjárstofnum með ákveðnu hornalagi og náðu margir miklum árangri í því. Litla þekkingu var að sækja í yfirlitsgreinina um erfðir ákveðinna hornaforma. Þar tel ég mig þekkja nokkuð breytingar síðustu áratuga hér á landi. Meðan afkvæmi og afkomendur Stramma 83-833 frá Hesti voru ráðandi í ræktun hyrnda fjárins fylgdi þessu fé sá leiði galli að það var til vansa grófhyrnt og oft krapphyrnt líka og dró áreiðanlega eitthvað úr vinsældum þessa kostamikla fjár.

Í kjölfar Strammabylgjunnar fylgdu afkomendur og synir Garps 92-808 frá Lækjarhúsum. Hann var aftur á móti og fjöldi afkomenda hans mjög vel hyrnt fé. Gleiðhyrnt, fremur grannhyrnt og fínhyrnt og hornalagið prýddi alla vallarsýn þess.

Þessa þróun er auðvelt að lesa með því að skoða þróun hornalags hyrndu hrútanna á sæðingastöðvunum í eldri hrútaskrám og sjá má glæsileg dæmi um á myndum sem fylgja greininni og sýna topphrúta á stöðvunum í dag.

Þegar hrútar eru til vandræða gróf-, krapp- eða náhyrndir þá þarf að grípa til gamalla húsráða. Sumir eru snillingar að venja horn hyrndra hrúta og engan þekki ég færari þannig en Sigurð Sigurjónsson í Ytri-Skógum. Lesendum sem vilja sjá hve glæsilega getur tekist til við þetta bendi ég á að skoða mynd af nýjasta kynbótatröllli Skógabúsins, Gretti 20-877, sem sjá má á síðu 34 í nýjustu hrútaskrá stöðvanna. Versti galli í hornalagi í dag hjá íslensku sauðfé eru ótrúlega fjölbreytt form hnýfla. Það væru áreiðanlega hagnýtustu rannsóknir á hornaerfðum hjá íslensku fé tækist að finna hornaerfðavísa sem réðu bót á þessum leiða galla.

Loks má minna á að í meira en öld hefur kollótt verið tengt Kleifafé en kollótt er önnur hliðin á erfðum á hyrndu/kollóttu.

Upplýsingar á netinu

Þeim lesendum, sem vilja fræðast frekar um margvíslegar skammstafanir á genum eða stökkbreytingum hjá erlendum fjárkynjum og sem stýra hornaformi, verð ég að benda á að leita sjálfir á netinu eftir tilvísun í fyrstu grein greinaflokksins og lesa yfirlitsgreinina þar um sjálfir, að vísu á enskri tungu.

Í næstu grein verður fjallað um ferhyrnt fé og þar mun kenna margra grasa bæði um erlendar rannsóknir úr yfirlitsgreininni og ekki síður um slíkar rannsóknir hér á landi, sem eru hinar fjölbreyttustu, auk margvíslegra annarra hluta sem ég tel mig þekkja hjá íslensku fé sem hefur þetta forvitnilega hornaform.

Jón Viðar Jónmundsson,
sjálfstætt starfandi búvísindamaður.

Hagræðing í sláturiðnaði og íslenskar aðstæður

Frumvarp um hagræðingu í sláturiðnaði verður ekki lagt fram í febrúarmánuði líkt og boðað hafði verið af hálfu matvælaráðherra.



Sigurjón R. Rafnsson.

Þess í stað ráðgerir ráðherra að leggja fram annað frumvarp í haust sem „…heimilar fyrirtækjum í meirihlutaeigu framleiðenda að eiga með sér samstarf um afmarkaða þætti líkt og tíðkast í nágrannalöndunum...“, samkvæmt tilkynningu frá matvælaráðuneytinu.

Ráðherra hefur boðað að við vinnslu þess frumvarps verði einkum horft til reglna ESB og Noregs og að markmið frumvarpsins verði að styrkja stöðu framleiðenda búvara og skapa tækifæri til samvinnu og verðmætasköpunar. Þannig skal nýja frumvarpið tryggja „…að innlendir framleiðendur hafi ekki lakara svigrúm til hagræðingar og starfsemi en tíðkast í nágrannalöndum okkar...“ en ljóst er að aðstöðumunurinn er mikill í dag.

Víðtækar undanþágur við lýði í áratugi

Bæði í Noregi og ESB, hvort sem er í ESB-rétti eða landsrétti einstakra landa, hefur landbúnaðurinn haft víðtækar undanþágur frá samkeppnisreglum í áratugi.

Undanþágur frá samkeppnisreglum þessara landa og ríkjabandalags eru gerðar til að stuðla að því að markmið landbúnaðarstefna nái fram að ganga en markmið þeirra eru önnur en markmið samkeppnislaga. Allt frá 1958 hefur verið viðurkennd forgangsregla í ESB rétti sem stuðlar að forgangsáhrifum landbúnaðarstefnu ESB gagnvart samkeppnisreglum. Í Noregi hefur verið undanþága allt frá setningu samkeppnislaga 1993 og var undanþágunni breytt árið 2004. Landbúnaður innan Noregs og ESB hefur því verið í allt annarri samkeppnisstöðu en íslenskur landbúnaður um áratugaskeið.

Undanþágur í einstökum aðildarríkjum ESB eru breytilegar eftir löndum enda er tekið mið af aðstæðum í hverju landi þegar þær eru festar í lög. Þannig er misjafnt hve víðtækar þær eru sem og hverjar kröfur til eignarhalds fyrirtækjanna eru. Ekki er gert ráð fyrir að fyrirtækin séu ávallt í eigu framleiðenda líkt og Samkeppniseftirlitið hefur gefið til kynna og var ástæða hluta gagnrýni stofnunarinnar á frumvarpsdrög ráðherra sem hefur nú verið fallið frá að leggja fram. Þetta skiptir máli enda flestar kjötafurðastöðvar á Íslandi í blandaðri eigu og því lykilatriði hvaða skilyrði eru sett um eignarhald þegar kemur að möguleikum fyrirtækja til að nýta það svigrúm til hagræðingar sem nýtt frumvarp á að veita.

Undanþágur aðlagaðar að aðstæðum hvers lands

Hvorki reglur ESB né einstakra aðildarríkja sem Ísland ber sig saman við gera kröfur um að afurðastöðvar séu að fullu í eigu bænda heldur er skilyrði að afurðastöðvar teljist undir stjórn eða yfirráðum bænda.

Má þar nefna Svíþjóð og Finnland sem dæmi. Þannig getur afurðastöð sem er undir stjórn eða yfirráðum bænda fallið undir undanþágu frá samkeppnisreglum þótt aðrir aðilar séu meðeigendur að því tilskildu að bændur fari með stjórn afurðastöðvarinnar.

Sama gildir þegar afurðastöð er rekin í formi samvinnufélags. Þótt hluti félagsmanna sé t.d. hættur bústörfum og/eða horfinn til annarra starfa en enn félagsaðilar, þá nýtur slík afurðastöð áfram undanþágu frá samkeppnislögum sé hún undir stjórn bænda.

Þá er ekkert í þessum löndum sem kemur í veg fyrir blandaða starfsemi afurðastöðva en undanþágur eiga þá eingöngu við um landbúnaðarstarfsemina eðli málsins samkvæmt.

Hagræðing til heilla

Markmið allra undanþágna landbúnaðarins frá samkeppnisreglum, hvar sem er í Evrópu, er að bæta og koma á stöðugleika í afkomu bænda. Í þýskum rétti er t.d. tiltekið að undanþágna fyrir landbúnað tryggi aukinn stöðugleika í afkomu bænda – það er reyndar talið sérstaklega mikilvægt vegna krefjandi rekstrar- skilyrða. Í því sambandi er vísað til síbreytileika veðurfars og áhrif þess á rekstrarskilyrði, t.d. sprettu, vöxt búfjár, o.s.frv.

Því er mikilvægt að við setningu undanþágna fyrir íslenskan landbúnað sé litið sérstaklega til íslenskra aðstæðna þótt mið sé tekið af reglum ESB og Noregs.

Þannig er hægt að skapa betra rekstrarumhverfi fyrir afurðastöðvar til hagsbóta fyrir bændur, afurðastöðvarnar sjálfar og neytendur í landinu.


Sigurjón R. Rafnsson,
formaður Samtaka fyrirtækja í landbúnaði.

Tollkvótar og vöruverð til neytenda

Síðustu vikur hefur verið tekist á um fyrirkomulag við úthlutun tollkvóta fyrir búvörur. Félag atvinnurekenda hefur farið mikinn í þeirri umræðu og fullyrt að aðrar úthlutunaraðferðir, einkum auðvitað ókeypis úthlutun, myndu skila sér í lækkuðu verði til neytenda.


Erna Bjarnadóttir.

En er það svo að núverandi fyrirkomulag á útboði tollkvóta fyrir búvörur hækki verð þeirra til neytenda? Einföld hagfræði segir okkur að svarið er afdráttarlaust nei. Af hverju?



Örlítil markaðshagfræði

Ástæðan er sú að í grundvallaratriðum ræðst verð á markaði af eftirspurn neytenda og framboðnu magni. Magn tollkvóta er fast. Því breytist framboð viðkomandi búvara ekki hvernig svo sem tollkvótunum er deilt út til innflytjenda, að því gefnu að þeir séu nýttir að fullu.

Þessa tiltölulega einföldu staðreynd má leiða út með hjálp eftirspurnar- og framboðsfalla úr markaðsfræðinni, sjá meðfylgjandi mynd.Myndin lýsir markaði fyrir einhverja búvöru. Hún sýnir annars vegar eftirspurnarfall neytenda eftir viðkomandi vöru og hins vegar framboðið sem samanstendur af innfluttu magni samkvæmt tollkvótum að viðbættu framboði innlendra framleiðenda. Magnið samkvæmt tollkvótum er fast. Innlenda framboðið vex með hækkandi markaðsverði. Markaðsverðið sem neytendur þurfa að greiða myndast þar sem eftirspurnin er jöfn framboðinu. Í myndinni gerist það við verðið p*.

Myndin sýnir glögglega að markaðsverðið haggast ekki hversu hátt verð innflytjendur greiða fyrir tollkvóta eða hvernig þeim er yfirleitt úthlutað svo framarlega sem viðkomandi magn er flutt inn.

Gróði innflytjenda af því að nýta tollkvóta ræðst hins vegar algerlega af því hvað þeir þurfa að greiða fyrir hann. Hann getur verið mjög mikill ef þeir fá tollkvótann ókeypis. Hann verður lítill sem enginn ef þeir þurfa að kaupa hann fullu verði á samkeppnismarkaði. Mismunurinn rennur til seljanda tollkvótans, þ.e. ríkissjóðs, og þannig óbeint til skattgreiðenda/neytenda.

En dregur núverandi fyrirkomulag á útboði tollkvóta fyrir búvörur úr samkeppni við innlenda búvöruframleiðslu?

Aftur er svarið nei. Samkeppni innfluttra búvara samkvæmt tollkvótum við innlenda framleiðslu felst einvörðungu í stærð (magni) tollkvótanna. Það er innflutta magnið samkvæmt tollkvótum sem skapar samkeppni við innlenda framleiðendur og ræður því hversu mikið markaðsverðið á viðkomandi búvöru lækkar. Hversu mikið innflytjendur greiða fyrir tollkvótana og hvernig það verð er ákvarðað breytir engu um þessa samkeppni svo framarlega sem verðið er ekki svo hátt að tollkvótinn sé ekki nýttur til fullnustu.

Hitt er síðan annað mál, sem þó er rétt að hafa huga, að vel framkvæmt útboð á tollkvótum eykur samkeppni um þá og auðveldar aðgang nýrra innflytjenda. Hvort tveggja ýtir undir að hagkvæmustu innflytjendur hverju sinni annist þennan innflutning sem er í samræmi við þjóðarhag.

Niðurstaða greiningar

Niðurstaðan er því sú að fyrirkomulagið sem valið er við úthlutun tollkvóta hefur engin áhrif á marksverð vörunnar en stýrir fyrst og fremst því hverjum ávinningurinn fellur í skaut. Útboð kvótanna tryggir að samfélagið (ríkissjóður) fá hluta hans í sinn hlut.

Erna Bjarnadóttir,
hagfræðingur hjá MS.

Nú fyrst fer að þrengja að sauðfjárbændum

Í haust skilaði umboðsmaður Alþingis afar athyglisverðu áliti varðandi skyldur sveitarfélaga til að smala ágangsfé.


Stefán Tryggva- og Sigríðarson.

Mátti skoða álit hans sem viss straumhvörf gagnvart rétti sauðfjáreigenda til að beita lönd annarra eða öllu heldur réttleysi þeirra til þess. – Nú hefur dómsmálaráðuneytið bætt um betur og tekið undir sjónarmið umboðsmanns varðandi túlkun laga sem lúta að lausagöngu búfjár. Þetta tvennt, sem nefnt er hér að ofan, gefur fyrirheit um að nú hilli loks undir að í hönd fari gjörbreyttir tímar varðandi landnotkun á Íslandi. Hér er um túlkun á eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar að ræða og því ekki neitt smámál sem í hlut á. Eðlilega hafa orðið nokkrar umræður um málið á spjallþráðum á netinu og sýnist sitt hverjum. Það verður þó að teljast með miklum ólíkindum þegar yfirlögfræðingur Bændasamtakanna (ætli séu margir lögfræðingar á launaskrá hjá Bændasamtökunum?) reynir í síðasta Bændablaði að afvegaleiða umræðuna og verja núverandi framkvæmd, þ.e. að sauðfé geti lagt landið undir sig í 10–12 vikur á ári og haft um það frjálsa för eins og fuglinn fljúgandi.

Frá mínum bæjardyrum séð er um grundvallarmál að ræða. **Sjónarmiðið snýst einfaldlega um vernd eignarréttinda sem kveðið er á um í 1.mgr. 72 gr. stjórnarskrárinnar og beitingu heimilda löggjafans til almennra eignaskerðinga.** Til að stjórnvöld geti beitt borgarana eignarskerðingu þarf yfirleitt að koma til eignarnáms að uppfylltum ákv. lagaskilyrðum en einnig geta komið til almennar eignarskerðingar sem leitt geta af settum lögum**. Í báðum tilvikum þarf þó að vera til staðar skýr lagaheimild og skilgreind almenningsþörf.** Hvorugt á við í þessu tilfelli. Í gegnum tíðina hef ég heyrt mörg rök sauðfjárbænda fyrir lausagöngu. En málið snýst ekki um hvort sauðfé hafi unnið sér hefðarrétt, ekki um að landið sé annars vannýtt, ekki um að gott sé að sauðfé bíti úthaga því að það stuðli að meiri kolefnisbindingu, ekki um hagkvæmni sauðfjárræktar, ekki um hvort landið haldist í byggð, ekki um hvort skógrækt sé óæskileg, ekki um hvort sauðfjárbeit í hallandi landi dragi úr líkum á skriðuföllum og örugglega ekki um að yfirlögfræðingur Bændasamtakanna telji að fæðuöryggi þjóðarinnar standi og falli með úthagabeit!


Við lagasetningu á síðustu öld, voru aðstæður í landinu allt aðrar en nú er. Í sveitum landsins var fyrst og fremst stunduð kvikfjárrækt og sauðfé á nær öllum bæjum og hagsmunir einstakra landeigenda því harla líkir. Sameiginleg sumarbeit og sameiginlegar göngur þóttu eðlilegar og hagkvæmar. Lítið reyndi á aðra tekjuaflandi landnotkun utan túnræktar, svo sem til skotveiða, ferða á fjöll með ferðamenn, virkjanir, skógrækt, beit stórgripa og nýtingu lands undir byggð óháða hefðbundnum búskap. Menn voru lítið að hugsa um annað en vænleika fjárins af fjalli og hugtök eins og stjórnarskrárvarin réttindi mönnum lítt hugleikin. Það stóð reyndar í boðorðunum að ekki mætti stela en það var nú aðallega til helgidagabrúks að veifa slíku.

En nú eru allar aðstæður verulega breyttar. Þó stjórnvöld hafi ekki þekkt sinn vitjunartíma, fyrr en e.t.v. nú í kjölfar álits umboðsmanns, þá er því miður ekki sjálfgefið að réttlætið nái fram að ganga vandræðalaust. Hætt er við að fram undan séu kærumál og í framhaldinu dómsmál sem að endingu enda mögulega fyrir Mannréttindadómstólnum í Strassborg sem getur ekki annað en fallist á sömu rök og álit umboðsmanns byggir á. Hætt er við að meðan stjórnvöld ganga ekki fram fyrir skjöldu og taka af öll tvímæli um bann við lausagöngu búfjár, hangi sauðfjárbændur eins og hundur á roði og þrjóskist við að horfast í augu við breytta framtíð.

Sú breytta framtíð getur aðeins verið á þann veg að ef ekki liggja fyrir samningar allra hlutaðeigandi landeigenda um sameiginlega sumarbeit á landi sem hefur náttúrulegar varnir, þá verður sauðfjárbúskapur ekki stundaður nema innan girðinga á landi sem sauðfjárhaldarar hafa yfir að ráða.

Þetta er hinn blákaldi veruleiki málsins, sársaukafullur sem hann kann að reynast einstökum bændum.

Stefán Tryggva- og Sigríðarson,
yfirmaður sjálfs sín.


Loftur Erlingsson
Löggiltur fasteignasali
GSM 896-9565
loftur@husfasteign.is

HÚS Fasteignasala

Alhliða fasteignasala
Kynslóða- / eigendaskipti bújarða
Stofnun og skráning landspildna og lóða

Hús Fasteignasala • Austurvegi 26 • 800 Selfoss
Sími: 497 1155 • www.husfasteign.is

EYJALIND Varahlutir í Bobcat





Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Ullarselið

SPUNANÁMSKEIÐ

ULLARSELIÐ Á HVANNEYRI HELDUR SPUNANÁMSKEIÐ Á HVANNEYRI 25. OG 26. FEBRÚAR N.K. KL. 13 – 17 BÁÐA DAGANA. VERÐ 15.000.- INNIFALIÐ ER KENNSLA OG ULL SEM ER UNNIN Á STAÐNUM. EFTIR NÁMSKEIÐIÐ ÆTTU ÞÁTTTAKENDUR AÐ VERA SJÁLFBJARGA VIÐ AÐ SPINNA ULL Í BAND. SKRÁNINGAR OG NÁNARI UPPLÝSINGAR Í S. 859-0259 EÐA Á NETFANGINU ULL@ULL.IS.


BJÁLKAHÚS - GARÐHÚS

Bjóðum fjölmargar gerðir garðhúsa. Þök, skýli, lítil og stór bjálkahús. Pallaefni, girðingar og sauna tunnur.

Mjög góð verð og stuttan afhendingartíma.








BK HÖNNUN
MANNVIRKJAHÖNNUN - BYGGINGAVÖRUR

www.bkhonnun.is - sala@bkhonnun.is - Sími 571-3535

VÉLABÁSINN

Alvöru græja

– Ford Bronco endurfæddur



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Í lok síðasta árs bárust Brimborg fyrstu eintökin af nýrri gerð Ford Bronco – bílategund sem risið hefur upp frá dauðum eftir að hafa verið burtkölluð árið 1996.

Þessir bílar eru útspil Ford til höfuðs Jeep Wrangler, sem um árabil hefur verið eini hrái torfærujeppinn á markaðnum. Broncoinn sem Bændablaðið fékk til prufu var af gerðinni Wildtrak, sem er á 35 tommu dekkjum og með 330 hestafla bensínvél.

Að utan sést að hönnunardeildin hefur haft fyrstu kynslóð Bronco, sem framleidd var á árunum 1966-77, til hliðsjónar. Hringlaga aðalljósin, langt húddið og kassalaga formið vekja hjá áhorfanda hugsanir um gamla tíma. Hlutföllin eru sambærileg og á forveranum, en hér er um stærri bíl að ræða með fernar dyr, í stað tvennra. Þrátt fyrir að bíllinn í þessum prufuakstri hafi verið í hversdagslegum gráum lit var greinilegt að útlitið vakti mikla athygli hvert sem farið var.



Ford Bronco Wildtrak er einn flottast jeppinn á markaðinum í dag. Úr verksmiðjunni kemur hann á 35 tommu dekkjum og vekur sterkt útlitið athygli hvert sem ekið er. Allt hefur verið lagt í að útbúa eins gott torfærutæki og kostur er á – en lúxusinn hefur borið skarðan hlut á móti. Myndir / ÁL

Lúxus í lágmarki

Þegar prílað er um borð sést að Ford Bronco er engin lúxuskerra, því fyrir utan leðrið á sætum og stýri er allt meira og minna úr hörðu plasti og gúmmíi – eins og á atvinnubílum. Smekkleg hönnunin og vönduð samsetningin vegur þó upp á móti stífum efnunum og er útkoman í heildina góð. Þemað er beinar línur og rétt horn.

Úti á þjóðvegum fæst endanlega staðfest að munaður hefur ekki verið í forgangi við útfærsluna á Bronco. Mikið veg- og vindhljóð gerir það að verkum að bílstjóri og farþegi þurfa að hækka róminn til að eiga í samræðum. Þakið er útbúið þannig að auðvelt er að taka það af, sem útskýrir litla hljóðeinangrun samanborið við hefðbundnari bíla. Að því sögðu má reikna með að kaupendur þessa jeppa séu tilbúnir til að lifa með þessum vanköntum, því Bronco skarar fram úr sem torfærujeppi.

Í sérflokki á vegleysum

Þegar ekið er út fyrir malbikið er bíllinn kominn á sinn heimavöll. Stór dekkin og mikil veghæð gerir akstur yfir vegleysur áhyggjulausan.

Margar akstursstillingar eru í boði og er fljótgert að skipta úr afturdrif í fjórhjóladrif þegar færðin spillist. Þegar drifið er á öllum hjólum er valkvætt að hafa læstan millikassa og því er engum lipurleika fórnað fyrir betra grip. Um leið og smellt er í lága drifið birtist skýr mynd á stórum margmiðlunarskjánum í miðju mælaborðsins sem sýnir það sem er beint fyrir framan bílinn. Þetta er mikill kostur þar sem hátt og langt húddið skyggir annars útsýnið.

Í torfærum er gott að virkja „eins fetils akstur“. Þegar bíllinn er í drive hreyfist hann ekki fyrr en ýtt er á inngjöfina – og rétt lötrar hann þá áfram. Um leið og bensíngjöfinni er sleppt staðnæmist bíllinn – svona eins og þegar gleymist að taka bíl úr handbremsu. Þessi eiginleiki er góður þegar klöngrast er yfir grjót og varasamt yfirborð því ökumaðurinn fær fullkomna stjórn á akturshraðanum.

Bronco blómstrar í ófærð og snjó. Heilsársdekkin undir bílnum ná góðu gripi og er hægt að aka með miklu sjálfsöryggi þó svo að vegurinn sé háll. Í mjúkri fönn líður bíllinn áfram og er hægt að njóta ferðarinnar áhyggjulaust. Örlítið tækifæri gafst til að reyna bílinn í raunverulegri ófærð og sást að hann hefur allt sem þarf til að brjótast í gegnum dýpstu skafla – enda útbúinn driflæsingum á báðum öxlum.



Ferköntuð hönnunin minnir á jeppa frá gamalli tíð. Ólíkt því sem allir eldri Broncoar áttu sammerkt, þá er þessi með fernar dyr í stað tvennra.



Beinar línur og rétt horn er þemað í innréttingunni. Stór margmiðlunarskjárinn sýnir skýra mynd af því sem fram undan er þegar sett er í lága drifið.



Aftursætin rúma ágætlega fullorðið fólk.



Hægt er að taka þakið af öllum Ford Bronco. Hér sést einn slíkur í Raptor útgáfu, en þeir bílar eru á 37 tommu dekkjum.



Nóg plass fyrir farangur í skottinu. 1.019 lítrar.

Alveg praktískur líka

Hvað hinum praktísku hliðum líður þá er gott rými í öllum fimm sætum bílsins – jafnvel fyrir hávöxnustu farþega. Farangursrýmið er 1.019 lítrar að stærð og formað þannig að góð nýting fáist. Afturhlerinn er tvískiptur og opnast vel.

Margmiðlunarskjárinn er 12 tommu stór og einn af þeim bestu sem í boði eru. Fljótlegt er að tengja símann þráðlaust með Apple CarPlay eða Android Auto og er auðvelt að ráða sig fram úr hinum og þessum stillingum. Valmyndin er yfirleitt tvískipt og er því hægt að sjá bæði útvarpið og aksturstillingar í einu. Blessunarlega er öllu því sem viðkemur miðstöð stjórnað með hnöppum.

Ford Bronco er alfarið bensínbíll. Enginn möguleiki er að fá hann sem tvinnbíl – hvað þá sem rafmagnsbíl. Kaupendur bílsins mega því búast við háum rekstrarkostnaði, því við bestu aðstæður er eldsneytiseyðslan 14 lítrar á hundrað kílómetra. Í þessum prufuakstri var meðaltalið nálægt 19 lítrum, enda ekki ekinn sparakstur og bíllinn í fjórhjóladrifinu mest allan tímann. Vegna mikils útblásturs á hvern kílómetra er hann annars vegar í hæsta vörugjaldaflokknum, sem skýrir hátt kaupverðið, og hins vegar verða bifreiðagjöldin með hæsta móti.

Tölur

Ford Bronco Wildtrack kostar 21.360.000 krónur m.vsk. Helstu mál eru: lengd 4.811 mm; breidd m. speglum 2.014 mm; hæð 1.913; veghæð 279 mm; vaðdýpt 924. Eiginþyngd er 2.252 kg og heildarþyngd er 2.785 kg. Vélin er fjögurra strokka 2,7 lítra EcoBoost bensínvél með 330 hestöflum og 557 Nm tog.

Í stuttu máli


Ef þig vantar bráðskemmtilegt leikfang og átt rúmar tuttugu kúlur á lausu – þá er Ford Bronco Wildtrak afburðaskepna. Sé leitað að praktískum lúxusjeppa er rétt að horfa annað.

FRÆÐSLA

Byggðasafn Reykjanesbæjar:

Pennar, plastpokar og þjóðhættir

Safnahelgi á Suðurnesjum verður haldin hátíðleg 17.–19. mars næstkomandi. Þá mun Byggðasafn Reykjanesbæjar í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands ýta úr vör þjóðháttasöfnun þar sem spurt verður um upplifun fólks af veru varnarliðsins á Miðnesheiði. Starfsfólk safnsins tekur vel á móti gestum í Duus safnahúsum.



Undirbúningur er hafinn á sýningunni Eins manns rusl er annars gull sem verður opnuð síðar á árinu í Byggðasafni Reykjanesbæjar. Hugmynd að sýningunni kviknaði þegar starfsfólk safnsins tók á móti stóru pennasafni.

Það er við hæfi að sýningar Byggðasafns Reykjanesbæjar séu staðsettar í einu elsta húsi bæjarfélagsins. Bryggjuhúsið var reist árið 1877 sem pakkhús fyrir verslun Duus kaupmanns og er nú hluti af Duus safnahúsum. Húsið ber nafn bryggju sem lá frá húsinu niður að sjó en þar var varningi verslunarinnar skipað upp. Ein helsta prýði hússins er lyftuhjól sem notað var til að hífa varning á milli hæða þegar inn var komið. Um þessar mundir er unnið að því að setja upp annars konar lyftu í húsinu skammt frá gamla lyftuhjólinu. Nýja lyftan mun þjóna gestum og auka aðgengi að efri hæðum hússins. Í kjölfarið verða sýningar safnsins endurnýjaðar að stórum hluta.

Bátafloti Gríms Karlssonar, sem telur ríflega 130 bátslíkön, á heimili sitt í byggðasafninu og mun fá andlitslyftingu á vormánuðum. Síðar á árinu verður opnuð tímabundin sýning sem ber heitið Eins manns rusl er annars gull. Hugmyndin að sýningunni kviknaði þegar starfsfólk safnsins tók á móti pennasafni Kristins Egilssonar, sem telur mörg þúsund penna. Á sýningunni er athyglinni beint að hversdagslegum hlutum sem eiga það sameiginlegt að vera fjöldaframleiddir, til að mynda pennum, plastpokum og barmmerkjum. Flestir sýningargripanna eru merktir og eru forvitnileg heimild um fyrirtæki sem áður voru og hönnun og þróun vörumerkja. Þótt sambærilegir hlutir hafi verið algengir fyrir fáum árum fer þeim fækkandi. Ástæðurnar eru líklega fjölþættar; neyslumynstur hefur breyst með aukinni umhverfisvitund, tæknin hefur leyst ýmsa nytjahluti af hólmi og markaðssetning fer í auknum mæli fram í hinum stafræna heimi.

Eftir tvö ár er stefnt að því að opnuð verði ný grunnsýning þar sem sögu svæðisins verður gerð skil. Staðhættir á Suðurnesjum urðu til þess að sjósókn fékk þar mikið vægi frá upphafi byggðar og Keflavík var verslunarstaður frá 18. öld. Bandarískt varnarlið hafði aðsetur á Miðnesheiði og hafði óhjákvæmilega áhrif á samfélagið. Gripir safnsins eru margir hverjir táknmyndir fyrir öra nútímavæðingu og breytingar á atvinnuháttum á 20. öldinni. Á grunnsýningunni verða sérkenni svæðisins dregin fram og áhrif þeirra á samfélagið skoðuð. Áhersla verður lögð á að setja efnið fram á áhrifamikinn og áhugaverðan hátt þar sem safngripirnir verða í forgrunni.

Verið öll velkomin í Byggðasafn Reykjanesbæjar!

Eva Kristín Dal, safnstjóri.





KROSSGÁTA Bændablaðsins



190	VOPN	GESTA-BOÐ	ÖNUG	FLÖKTI		FARAR-TÆKI	SAMHÆFA	ROSA	MISSIR	
VINGSA										ÓGÆFA
ÞARF					KK NAFN					
EKKI					HANGA / UPP-GANGUR					
Í RÖÐ / DRÍFANDI			ÞOLDI	EINING / REYNDAR					FÚSLEGA	
	HÓTA	HLJÓTA / Í RÖÐ				NYTSEMI / DRYKKUR				
RÚST				AFDREPI / ÁSTUNDUN				ÖFUG RÖÐ / PRÝÐA		
KVÍÐI					SVEIG / BRÚKA		TVENND / SKRÁ			
TVEIR EINS		LÆKUR / ÓHREINK-AST				REIÐUR / GÖÐ-GLAÐUR				ÞRAUKA
LÚI			HRYGLA / HAFÐIR			KVARS-STEIN / HÖRFA				
	GLATT / STILLA				Í RÖÐ / FEITI		TALGALLI / RISTI			
BLIK				ÁORKA / GRUNA					ÓVILD	
HAPP-DRÆTTI					HAPP			ÖFUG RÖÐ / KEMST		
SMÁRÆÐI					GETA		NÁLÆGT			
ÞJÓTA						MÓTLÆTI				

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

Lausn á krossgátu í síðasta blaði



189	PASSI	TOR-TRYGGJA	INN-KÖLLUN	ÖFUG RÖÐ		TÝNA	SAGGA	VIÐBÓT	
BURSTA	G	E	R	S	I	G	R	A	MATJURT
FOK-VONDUR	Æ	F	U	R	FRÍR / SKÁRRI	L	A	U	S
TANGAR-HALD / Í RÖÐ	T	A	K	HÖRFA / BRIGSLA	B	A	K	K	A
↓	I	FARRÝMI / BYLGJAN	K	Á	E	T	A	STAGL	L
FANTALEG	F	Ó	L	S	K	NÆÐA / AUÐLINDIN	G	U	S	T	A	ÁTT / VIÐUR-EIGNA	S	A
KRAFTA	A	F	L	A	RÆKI-LEGAR	N	Á	N	A	R	HEFUR / FYRIRFERÐ	Á	T	T
ÓREIÐA	R	Ú	SKARPUR / ÆRINN	K	L	Á	R	HIRSLA / VESKI	K	I	S	T	A	HREKKJA-LÓMUR
SJÚK-DÓMUR	A	S	M	I	FÆÐA / AÐGÆTA	M	A	T	A	LEIÐSLA / SLITNA	T	A	U	G
	R	REIÐAR-SLAG	I	ÞESSA / TVEIR EINS	H	A	N	A	YRKJA / TIL-FINNING	R	Æ	K	T	A
MERKING	T	Á	K	N	U	N	GLUFA / TALA	S	K	O	R	A	FORÐUM	B
ÞJÁLFUN	Æ	F	I	N	G	KAPPSEMI / LEYNI	Á	K	E	F	Đ	Í RÖÐ / ÁÐGGÆTNI	Á	B
ÓVILD	K	A	L	SÍÐDEGI / TVEIR EINS	A	F	T	A	N	N	OFSA-REIÐA / TVEIR EINS	Ó	Đ	A
ÓGOTT	I	L	L	T	INNBYRÐI	E	T	TRÍTILL	N	A	G	G	U	R
	RÍKI Í EVRÓPU	L	E	T	T	L	A	N	D	ÝFI	G	Á	R	I

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

www.bbl.is

BÆRINN OKKAR



Hér kynnumst við þeim Aðalheiði og Bjarna sem búa á blönduðu búi í Skeiða- og Gnjúpverjahreppnum og má með sanni segja að hjá þeim sé líf og fjör alla daga.

Býli? Stóra-Mástunga 1.

Staðsett í sveit? Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Ábúendur? Bjarni Másson og Aðalheiður Einarsdóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra)? Fjögur börn, þau Már Óskar, 12 ára, Haukur Atli, 7 ára, Þórhildur Ragna, 3 ára og Ragnhildur Steinunn, 2 ára. Að auki eigum við kettina Batman og Elsu og svo lögregluhundinn hann Rex.

Stærð jarðar? 480 ha, 80 ha ræktaðir.

Gerð bús? Blandað bú; mjólkurframleiðsla, sauðfjárrækt, hrossarækt og ferðaþjónusta.

Fjöldi búfjár? 140 nautgripir, 50 kindur og 20 hross.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Hann byrjar og endar í fjósinu, þess á milli hin ýmsu árstíðabundnu verk.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Margt skemmtilegt; fóðra gripina, heyja á sumrin í góðu veðri. Stúdera val á stóðhestum fyrir hryssurnar. Leiðinlegast er svo að handmoka skít og gera við ónýtar girðingar.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir 5 ár? Meiri mjólkurframleiðsla, fleira sauðfé og hross.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Egg, ostur, mjólk og Opal peli.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Lasagne.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Margt eftirminnilegt, en í augnablikinu er það gangsetning á mjaltaþjóni í desember síðastliðnum.









MATARKRÓKURINN

Ostakakan sem aldrei sefur

Haraldur Jónasson
haradlur@gmail.com



Fermingarnar nálgast óðfluga og þá þarf að baka. En það þarf ekki allt að vera marengs og marsípan.

Ostakaka, sérstaklega bökuð ostakaka, er fullkomin blanda fyrir unglinga- og fullorðinsbragðlauka. Hæfir þannig tilefninu fullkomlega. Hvort sem fermingin fer fram með blessun heilagra eða húmanista.

Bökuð ostakaka, oft kölluð New York ostakaka, þarf að dansa á línunni að vera sæt eða súr. Sykur sér um sætuna en sýran kemur úr rjómaosti og súrrjóma.

Botninn er hægt að gera á marga vegu en klassískur ostakökubotn er blanda af digestive-kexi og hafrakexi. Og smjöri.

Botninn

80 g mjúkt smjör
250 grömm kex, t.d. blanda af digestive og hafra í hlutföllunum 70/30

Kakan

3 egg
2,5 dl sykur
börkur af einni sítrónu
600 g rjómaostur
150 g sýrður rjómi
2 tsk. vanilludropar
½ tsk. salt



Það þarf enga sultu á hana þessa. Mynd/ Hari.

Þannig er nákvæmlega ekkert hollt við þessa köku. Tæknilega kannski eggin en samt ekki. Enda er kakan svo saðsöm að hún fer langt með að metta heila veislu upp á sitt einsdæmi. Ekki ósvipað og hjá Sússa forðum. Öruggara að gera tvær eða jafnvel þrjár.

Því þær hverfa hratt af veisluborðinu þessar.

Grunnstoðirnar

Botninn er gerður úr blöndu af kexi og smjöri. 80 grömm af mjúku smjöri, 175 grömm af digestive kexi og 75 grömm af hafrakexi fara saman í matvinnsluvél.

Hlutföllin geta verið öfug eða jöfn eða bara hvernig sem er. Allt eftir smekk.

Kexið og smjörið er púlsað saman þangað til að allt er orðið eins og blautur sandur og smjörið fullkomlega samblandað. Tæknilega er hægt að blanda þessu saman með puttunum og kökukefli en það verða aldrei fermingarveislugæði á þeim botni.

Dreifa í botninn á springformi og þjappa vel, þessi kaka er miðuð við 25 cm form. Ef formið er gott og litlar líkur eru á að botninn festist í botninum er um að gera að setja kexið beint á botninn.

Annars er gott að setja góðan bökunarpappír undir. Það þarf ekki að baka botninn sérstaklega enda kexið fulleldað og svo bakast hann líka með kökunni í ofninum.

Fyllingin

Hræra 3 stór egg saman við tvo og hálfan desilítra af sykri. Börkurinn af einni sítrónu fer út í ásamt 600 grömmum af rjómaosti og 150 grömmum af sýrðum rjóma.

> „Tæknilega er hægt að blanda þessu saman með puttunum og kökukefli en það verða aldrei fermingarveislugæði á þeim botni ...“

Passa þegar börkurinn er raspaður af sítrónunni að taka bara þetta gula. Það er allt fullt af náttúrulegum olíum og sítrónubragði.

Þetta hvíta sem er undir þessu gula er bara fullt af biturleik og leiðindum. Þannig að passa þarf að halda því frá. Best að nota míkrórasp. Út í blönduna fara að lokum tvær teskeiðar af góðum vanilludropum og eins og hálf teskeið af fínu salti.

Hella blöndunni yfir kexbotninn og setja inn í 175 gráðu heitan ofn.

Kakan fer í miðjan ofninn og sjóðandi vatn fer í ofnskúffu neðst í sama ofn.

Baka í plús, mínus 35 mínútur eða þangað til kantarnir byrja aðeins að taka lit. Ekki ofelda kökuna. Miðjan á að vera hlaupkennd þegar hún kemur úr ofninum. Kæla niður í kæliskáp eða úti við ísskápshita í að minnsta kosti fjóra tíma eða yfir nótt.

HANNYRÐAHORNIÐ

Skuggi

Stærðir: S M L XL

Yfirvídd: 94 100 111 120

Efni: 450-450-500-550 g Þingborgarlopi í aðallit.

50 g af þremur lopalitum frá Þingborg - Slettuskjótt í mynstur. Eins er hægt að hafa aðeins einn eða tvo liti í mynstur. Ef notaður er lopi frá Ístex verður að gæta að prjónfestu, ekki er sami grófleiki á honum og á Þingborgarlopanum.

Prjónað er úr plötulopanum tvöföldum.

Sokkaprjónar 4 og 5 mm

Hringprjónar 4 og 5 mm 40, 60 og 80 sm langir

Á opinni peysu: Heklunál 4 mm. Rennilás eða 8-9 tölur.

Prjónfesta: 14 l og 23 umf í sléttu prjóni = 10 x 10 sm

Önnur prjónastærð getur hentað, allt eftir því hvort prjónað er fast eða laust, finnið það út með því að prjóna prufu. Bolur og ermar eru prjónuð í hring og eins axlastykki.

Bolur: Fitjið upp 132-140-156-168 l á 4 mm 80 sm hringprjón, prj stroff í hring 6-8 sm 2 sléttar og 2 brugðnar með þriðju hverja umf slétta. Skipt yfir á 5 mm 80 sm hringprjón. Prjónað sl uns bolur mælist 38-46 sm. (Lengd á bol er smekksatriði, mælið viðkomandi og metið bolsídd.) Á opinni peysu er stroff prjónað fram og til baka og þegar tengt er í hring eru fitjaðar upp 2 lykkjur aukalega sem eru prjónaðar brugðnar upp að hálsmáli.

Á dömupeysu er fallegt að gera „mitti" á peysuna með því að taka úr á bol. Setjið merki í báðar hliðar, takið úr 2 l hvoru megin, *prj 2 l saman, prj 1 l, prj 2 l saman*. Fyrst er tekið úr er bolur mælist 8-12 sm og síðan 2x aftur með 5 sm á milli. Alls eru teknar úr 12 l. Prj 5 sm, þá er aukið út aftur samsvarandi og með sama millibili og tekið var úr og endað með sama lykkjufjölda. Mælið ykkur og metið hvað þið viljið hafa bolinn síðan og hvar þið viljið að úrtaka byrji.

Ermar: Fitjið upp 32-36-36-40 l á 4 mm sokkaprjóna prjónið stroff í hring 6-8 sm. Skiptið yfir á 5 mm sokkaprjóna þegar stroffi er lokið og aukið strax um 2 l undir miðri ermi, (1 l eftir fyrstu lykkju og 1 lykkju fyrir síðustu l í umf). Endurtakið aukningu 8-8-9-9 x upp ermi, með u.þ.b. 8 umf á milli, þar til 50-54-56-60 l eru á prjóninum. Skiptið yfir á 5 mm stutta hringprjóninn á u.þ.b. miðri ermi. Gott er að nota prjónamerki til að merkja þar sem aukið er út. Prjónið uns ermi mælist 44-52 sm. (Mælið handlegg og metið hve ermin á að vera löng)

Axlastykki: Sameinið nú bol og ermar á 5 mm langa hringprjóninn. Setjið 5-5-5-6- síðustu l og 5-5-6-6- fyrstu l á báðum ermum á prjónanælu. Setjið 10-10-11-12 af bol á prjónanælu þar sem umferð byrjar vinstra megin á bol. Prjónið fyrri ermina við bolinn 40-44-45-48 l, prjónið næstu 56-60-67-72 l af bol og setjið næstu 10-10-11-12 l á hjálparprjón. Prjónið seinni ermina við og gerið eins og með hana. Prjónið síðan 56-60-67-72 l af bol, þá eru 192-208-224-240 l á prjóninum. Prj 2 umf í aðallit, síðan er prj mynstur eftir teikningu. Skiptið á styttri prjóna eftir því sem lykkjum fækkar. Þegar mynstri lýkur er tekið úr



aukalega þar til 64-72 l eru eftir á prjóninum, (4 verða að ganga upp í) þá er skipt á 4 mm 40 sm hringprjón og prj 6-8 sm stroff og 4 umf slétt prjón, fellt af. Gangið vel frá öllum endum og lykkjið saman undir höndum.

Axlastykki á opinni peysu: Prj 28-30-33-36 l af bol að framan, umf byrjar næst við brugðnu l, setjið 10-10-11-12 næstu l á prjónanælu og prj fyrri ermina við 40-44-45-48 l og svo 56-60-68-72 l á bol, setjið næstu 10-10-11-12 l af bol á prjónanælu og gerið eins með hina ermina og að síðustu 28-30-33-36 l af bol. Þá eiga að vera á prjóninum 192-208-224-240 l. Í öllum stærðum þarf að auka um 3 l áður en byrjað er á mynstri, til að það gangi upp. Þá eru 195-211-227-243 l á prjóninum. Prj mynstur eftir teikningu. Fyrsta og síðasta l er prj í aðallit (sjá mynsturblað) hún fer undir boðung. Notið styttri hringprjóna eftir því sem lykkjum fækkar. Þegar mynstri lýkur er tekið úr aukalega þar til u.þ.b. 66-74 l eru eftir á prjóninum. Fellið af aukalykkjurnar 2 sem prj voru brugðnar upp. Þá er skipt á 40 cm hringprjón 4 mm og prj fram og til baka 6-8 sm stroff eins og neðan á peysu og 4 umf slétt prjón. Fellið af. Gangið vel frá öllum endum og lykkjið saman undir höndum.


Listar: Saumið í vél með beinu þéttu spori og samlitum tvinna í brugðningu að framan sitt hvoru megin, sem næst sléttu prjóninu. Gott er að sauma tvisvar hvoru megin. Klippið upp á milli saumanna. Snúið réttunni á peysunni að ykkur og notið heklunálina til að taka upp lykkjur í hneppulista þvert á prjónið. Krækið í bandið með heklunálinni í gegnum lykkjurnar, en sleppið alltaf fjórðu hverri umferð, það er ágætis þumalputtaregla, þá er listinn passlega langur. Færið lykkjurnar jafnóðum yfir á hringprjón 4 mm 80 sm langan. Látið listann ekki ná upp í slétta prjónið í hálsmáli. Prjónið stroff 2-3 umf ef það á að setja rennilás en 5-6 umf ef setja á tölur og gerið þá hnappagöt með jöfnu millibili á annan boðunginn. Passið að affellingin sé mátulega strekkt. Til að fela sárið innan á eftir saumaskapinn, er gott að hekla eina umf. af fastahekli yfir það og varpa því svo niður með einföldu spori. Eins er hægt að hekla framan á boðunginn, eina umf af fastahekli ef setja á rennilás en 2-3 umf fyrir tölur og þá eru sett hnappagöt á annan boðunginn með jöfnu millibili. Ef heklað er á boðunginn notið þá heklunál 4.5 mm og heklið í aðra hverja umf.

Ef settur er rennilás er mælt fyrir honum eftir þvott og hann hafður u.þ.b. 4 sm styttri en boðungurinn mælist. Þræðið hann á og passið að mynstur standist á. Ef hann er saumaður á í saumavél er gott að sauma hann í sömu átt beggja megin og byrja þar sem mynstur byrjar og sauma að hálsmáli og eins þegar saumað er niður. Með þessari aðferð gengur betur að láta mynstur stemma en ef saumað væri sitt í hvora áttina.

Það eru myndbönd á Youtube um frágang sem reynst gætu gagnleg, setjið inn „frágangur á lopapeysu" í leitarglugga og þá koma upp tvö myndbönd frá höfundi þessarar uppskriftar.

Þvottur: Þvoið flíkina í volgu vatni með góðri ullarsápu eða sjampói. Skolið vel og vindið svo í hálfa mínútu í þvottavél. Mikilvægt er að vélin fari strax að vinda, (þær eru misjafnar að þessu leyti) en sé ekki að veltast með flíkina fyrst, þá getur hún þófnað. Leggið peysuna á handklæði til þerris.

Hönnun: Margrét Jónsdóttir





Þingborg

s. 846 9287, 482 1027
www.thingborg.is
facebook/thingborgull

Ullarverslunin Þingborg selur hágæða lopa úr sérvalinni lambsull í sauðalitum. Eins er til handlitaður lopi í ýmsum litatónum, sjón er sögu ríkari. Lopinn í peysuna sem uppskriftin er að hér á síðunni fæst í Þingborg, póstsendum bæði innanlands og utan.

Ullarverslunin er staðsett í Gömlu Þingborg sem er 8 km fyrir austan Selfoss. Verslunin er opin alla daga nema sunnudaga frá 10-17



SUDOKUÞRAUTIR Bændablaðsins

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

Létt

1				8	3		7	4
			2			6	3	9
5	6			4		8		
				5	8	9		
	7	5				1	8	
		9	4	7				
		4		6			2	1
6	3	7			1			
2	8		9	3				5

Miðlungs

		9	3		5	2		
5	3						7	1
		2				6		
	2			7			1	
		7	6		1	8		
	6			8			4	
		1				4		
6	8						9	5
		4	5		9	3		

Þung

					1	8	6	
						4		2
				8		7		
5					7		9	8
	2		1		6		4	
3	9		4					6
		9		3				
4		7						
	3	6	5					

Þyngst

		4						
1					8	3		
					9		1	5
	3	7	6					
4								9
					5	8	2	
7	9		8					
		2	3					4
						6		

ERFINGJAR LANDSINS

Alvöru hetja!

Hann Gunnar Ingi er hress og kröftugur strákur sem stefnir á sjómennsku í framtíðinni.



Nafn: Gunnar Ingi Sigurðsson.

Aldur: 8 ára en verð 9 ára á árinu.

Stjörnumerki: Meyja.

Búseta: Keldunúpur/Sauðárkrókur.

Skóli: Kirkjubæjarskóli á Síðu.

Skemmtilegast í skólanum: Smíði.

Áhugamál: Skip, fótbolti, körfubolti og sveitastörf.

Tómstundaiðkun: Æfi fótbolta og píanó.

Uppáhaldsdýrið: Hestur og hundur.

Uppáhaldsmatur: Fiskur í raspi og hamborgari.

Uppáhaldslag: Tarantúla með Úlfurúlfur.

Uppáhaldslitur: Blár.
Uppáhaldsmynd: Harry Potter.

Fyrsta minningin: Þegar við afi Gunnar fórum með Málmey í slipp á Akureyri.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert: Fara út á sjó.

Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór: Sjómaður.

Við hvetjum sem flesta til að hafa samband ef ykkur langar að vera með!
sigrunpeturs@bondi.is

FRÆÐSLA



Toppönd er ein af tveimur fiskiöndum sem lifa við Ísland, þær eru nokkuð algengar á vötnum á láglendi og við ströndina. Hún dregur nafnið sitt af stríðum toppi á hnakkanum. Steggurinn fellir þennan topp mjög snemma, jafnvel strax í maí sjást sumir þeirra ekki með topp lengur. Stóra frænka hennar, gulöndin, er mun sjaldgæfari og afar stygg. Þessar tvær fiskiendur eru hins vegar nokkuð félagslyndar og algengt að sjá þær í litlum hópum. Toppönd er einstaklega góður kafari og hennar aðalfæða eru síli og smáfiskar sem hún veiðir bæði í ferskvatni og á sjó. Goggurinn er langur, mjór og með þyrnóttar brúnir til að halda fast í hála fiska. Þær veiða stundum í hópum til að reka bráðina upp í grynningar þar sem auðveldara er að veiða hana. Toppendur eru að hluta til farfuglar, margar þeirra dvelja á sjó umhverfis Ísland á veturna á meðan hluti stofnsins heldur til við Bretlandseyjar.
Mynd og texti / Óskar Andri Víðisson

Sokkabuxur eða ekki sokkabuxur?:


Leikfimifatnaður sem loftar vel

Allt frá gullaldarárum Jane Fonda þykir leikfimi bæði ákjósanleg ef á að halda sér í formi, svo og vettvangur til að sýna sig og sjá aðra svona til samanburðar.

Margir leikfimiunnenda velja fatnað sem fellur hvað best að líkamanum og telja þá mögulega hvatningu í því fyrir aðra í kring – að sjá klæðin strekkjast yfir velmótaða vöðva og annan vöxt.



Söngkonan Lizzo fyrir miðju ásamt fríðum flokki kvenna í hönnun merkisins Yitty.





Ný hönnun fyrirtækisins Fabletics minnir margt á tísku liðinna áratuga og því ef til vill ekki eins mikil nýjung eins og ætla mætti.

Hátísku leikfimifatnaður

Leikkonan Kate Hudson er ein stofnenda fyrirtækisins Fabletics (www.fabletics.com) sem sérhæfir sig í framleiðslu hátísku leikfimifatnaðar í miklum gæðum, þó á viðráðanlegu verði. Einnig er fyrirtækið ötull talsmaður samfélagslegra gilda, stuðlar að heilbrigðum lífsstíl og sjálfbærni. Það var stofnað fyrir rúmum áratug og hefur í dag náð gríðarlegum árangri sem alþjóðlegt lífsstílsmerki. Í kjölfarið hefur það laðað að sér marga aðdáendur – enda ekki alltaf sem gæði og lágt verð fara saman.

Þar má í dag finna nær allt sem viðkemur leikfimiiðkun – skó, töskur og fylgihluti jafnt sem fatnað.



Jane Fonda í húðlitum nylonsokkabuxum undir hátískulegum leikfimi-g-strengjabol árið 1982.

Komst Fabletics annars í fréttirnar fyrir skömmu er nýjasta hönnunardýrðin leit dagsins ljós. Um ræðir æfingabuxur þar sem bakhluti þeirra var að stóru leyti óhulinn og ef til vill ekki allra. Hægt er að fá téðar buxur í stærðunum XS-6X, en fyrirtækið býður annars vanalega upp á fatnað í stærðunum XXS-6X fyrir konur en XS-4X fyrir karlmenn.

Yitty er svo merki innan stólpa fyrirtækisins þar sem Grammy-verðlaunahafinn og söngkonan Lizzo tekur í sama streng og hefur hannað leikfimiboli í svipuðum stíl.

Eiga þeir það sameiginlegt með buxunum að vera í svokölluðum „G-strengjastíl“. Er söngkonan sjálf ótrauður talsmaður berra rasskinna og hefur við þó nokkur tilefni skartað slíkri tísku.

Núnú ...

Eins og alþjóð veit er mikið rætt um – og áhersla lögð á – að æfingafatnaður andi vel, þó þessi svokallaða nýstárlega hönnun hafi farið alveg ógurlega fyrir brjóstið á fólki. Er þó ekki annað hægt að segja en lofti afar vel um bakhluta þeirra sem klæðast buxunum og rétt að minna á að það þykir með eindæmum hollt og gott að leyfa húðinni að anda sem mest er leikfimi er ástunduð. Einkennilegt í raun að það komi ekki fram í umræðunni þegar verið er að skammast yfir rassbótlausum brókum.

Samkvæmt öllum uppsprettum heilnæmis og velfarnaðar, t.a.m. heilbrigðiseftirliti, læknum, íþróttahetjum, hönnuðum íþróttafatnaðar og þar fram eftir götunum kemur ítrekað fram að lofta þurfi vel um líkama sem svitnar enda má ekki gleyma því að við hita – þá ekki síst í fatnaði sem andar ekkert – geta myndast alls kyns bakteríur, sveppamyndun eða annar ófögnuður, ekki síst fyrir neðan mitti.

Ekkert er lengur nýtt af nálinni

En það er ekki hægt að gera öllum til geðs og kannski engum dottið í hug að hægt sé að vera í sokkabuxum undir þessum glennulegu buxum hönnuðum af ungfrú Hudson?

Þessi nýstárlega hönnun er nefnilega ekki nýstárlegri en svo að það var nú akkúrat drottningin Jane Fonda sem skartaði slíku í denn, kannski t.d. í kringum 1982, og þótti hvað hæstmóðins. (Og já, þá reyndar ekki með rassinn beran).

Má leita á netinu að leikfimifatnaðinum, ef einhvern langar, t.d. undir eftirfarandi; „Thong Leotard“, helst „High cut Style“.

Jæja, svo lengi lærir sem lifir – og með það í huga er ekkert sem aftrar fólki frá því að leyfa sér þennan munað, enda geta teprur verslað sér 90 den sokkabuxur í leiðinni til þess að smeygja sér í inn undir. /SP

Fjallabræður leita að stað á höfuðborgarsvæðinu fyrir eftirpartý 18.mars. Ábendingar sendist í einkaskilaboðum á Facebook.

Smáauglýsingar

Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni: www.bbl.is/smaauglysingar

Verð: Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.
Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is

Jesús sagði:
„Sjá, ég er með yður alla daga allt til enda veraldar."
Matt. 28.20
biblian.is



Lok á heita potta
Eigum til á lager 5 stærðir af lokum í brúnum og gráum lit kr. 78.000,-



Rafmagnspotturinn HYDRO
Stærð 200x200x95cm.
Kr. 850.000,- m/loki, tröppu, síu o.fl.

GODDI.IS
Auðbrekka 19, 200 Kópavogur
s. 5445550



Afmælistónleikar **Fjallabræðra** verða í Háskólabíó **þann 18. mars.** Miðasala á Tix.is



Opel Mokka, rafmagn, árg. 2021, sjálfskiptur, ekinn 30.000 km. Tilboðsverð kr. 4.690.000, Verð áður kr. 4.790.000. notadir.bennis.is – S. 590-2035.



Til sölu Tinger Armor 8x8 torfærutæki. Skráður fyrir 6 en 4 á vatni. Með eða án belta. Upplýsingar í s. 842-1314.



Höfum til sölu Furuflís í um 28 kg böllum. Verð kr. 2.153. Einnig spónaköggla í 15 kg pokum, verð kr. 1.655. Brettaafsláttur. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is. Opið frá kl.13-16.30



Ég leita að stórri ritvél sem gengur ekki fyrir rafmagni. Lumir þú á slíkri til sölu eða gefins máttu hafa samband í s. 822-5269 eða senda skeyti á netfangið astvaldurl@gmail.com.



Öflugt göngu- og hlaupabretti. Verð kr. 175.000. Hraði 0,8 til 15 km klst. Stillanlegur halli. S. 661-1902. Nánar á topphjol.is.



Gólfhitafræsing fyrir 16 mm rör. Erum staðsettir bæði á Suður- og Norðurlandi. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir verkefni. Uppl. í s. 892-0808.




Viltu lækka raforkukostnaðinn um 25-40%? Vindmyllur fyrir bændur og smáfyrirtæki til sölu. Kostir - lægri raforkukostnaður, einangrar kaupanda frá framtíðar verðhækkunum í 20 ár, 5 ára ábyrgð, hámarksvindálag 59,5 m/sek. Smáorka ehf, S. 773-5400, www.smaorka.is



Skemmtilegt vetrarvekefni. Til sölu 2ja sæta Aircoupe flugvél árg. 1966, vantar mótor og skrúfu. Gæti flogið í vor/sumar. Gott verð. Uppl. S. 898-6033. eyjasol@internet.is.



Gerðu betri kaup í febrúar. Láttu okkur senda þér nýjasta blaðið í einum grænum eða finndu það á www.hardskafi.is – sala@hardskafi.is. S. 555-6520.



Electrolux þurrkari T5250 13,9 kg og Electrolux þvottavél W3105H 10,5 kg. Verðhugmynd kr. 450.000 +vsk. fyrir þurrkarann og kr. 550.000 +vsk. fyrir þvottavélina. Uppl. í s. 864-7664 eftir kl. 16.



Lítillega útlitsgölluð Sæplast kör, 630L á fótum, ekki með dregara, til sölu hjá framleiðanda. Ekki tappagat og henta til ýmissa nota. Verð kr. 24.000,- m/vsk. S. 460-5000 og sales.europ5929e@saeplast.com.

Svampur.is
Bjóðum uppá sérsniðnar svampdýnur og bólstrun fyrir:
● Tjaldvagninn ● Fellihýsið
● Húsbílinn ● Bátinn
● Hjólhýsið ● Sumarhúsið
● Heimilið o.m.fl!
Fljót og góð þjónusta
Svampur.is ● Vagnhöfða 14 Reykjavík
Símar 567 9550 og 858 0321

CFMOTO
CFORCE 520
Glænýtt útlit, meiri beygjuradíus, þægilegri áseta fyrir farþega, hærra loftinntak, stærri bensíntankur, meira geymslupláss og það er hærra undir hjólið. Fjórgengis, eins cylindra, 495cc, 34 hestöfl. Bein innspýting, rafmagnstýri, spil, dráttarkrókur. Hátt og lágt drif með læsingu, CVT kúpling.17 l. bensíntankur, 12" álfelgur, 361 kg.Tveggja manna. Traktorsskráð.
1.289.516,- án Vsk
NITRO
Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

PROVENTUS
ÖRUGG STARFSMANNAÞJÓNUSTA
Við finnum rétta starfsfólkið fyrir þitt fyrirtæki
www.proventus.is / sími: 551 5000 / proventus@proventus.is

Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum.
Úrvalið hefur aldrei verið meira.
AL-KO QUALITY FOR LIFE
UNSINN
Schmidt FAHRZEUGBAU
Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta.
Skoðaðu úrvalið á www.brimco.is eða kíktu í heimsókn.
Hestakerrur fyrir 2, 3 og 5 hesta.
BRIMCO
EFRIBRAUT 6 - 270 MOSFELLSBÆ
SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma **510-3500** og **615-1020** eða á netfangið **bjorgvin@eignatorg.is**

Eignatorg

Skipholt 50b, 105 Reykjavík

Vélaskólinn

Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu



www.velaskolinn.is

EYJALIND

Belti og undirvagnshlutir



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

Ökukennsla í 50 ár



BILPROF.IS

Aukin ökuréttindi
Hraðnámskeið - Staðnám
16. febrúar 2023
Fjarnám í rauntíma
7. mars 2023

Endurmenntun
atvinnubílstjóra

Febrúar - mars 2023

8. feb. 17:00 - 20:30 / Vistakstur - hluti 1
9. feb. 17:00 - 20:30 / Vistakstur - hluti 2
11. feb. 09:00 - 16:00 / Skyndihjálp
13. feb. 17:00 - 20:30 / Farþegafl. - hluti 1
14. feb. 17:00 - 20:30 / Farþegafl. - hluti 2

Skráning á bilprof.is

15. feb. 17:00 - 20:00 / Lög og regl. - hluti 1
16. feb. 17:00 - 21:00 / Lög og regl. - hluti 2
18. feb. 09:00 - 16:00 / Vistakstur
20. feb. 17:00 - 20:30 / Umf.öryggi - hluti 1
21. feb. 17:00 - 20:30 / Umf.öryggi - hluti 2
22. feb. 17:00 - 20:30 / Vöruflutn. - hluti 1
23. feb. 17:00 - 20:30 / Vöruflutn. - hluti 2
25. feb. 09:00 - 16:00 / Skyndihjálp
1. mars 17:00 - 20:00 / Lög og regl. - hluti 1
2. mars 17:00 - 21:00 / Lög og regl. - hluti 2
4. mars 09:00 - 16:00 / Umf.öryggi
6. mars 17:00 - 20:30 / Vistakstur - hluti 1
7. mars 17:00 - 20:30 / Vistakstur - hluti 2

Ökuskólinn Mjódd - Þarabakka 3 - 109 Reykjavík - S: 567 0300 - mjodd@bilprof.is



Við aðstoðum við kaup og sölu og sjáum um allan innflutning fyrir ykkur á nýjum/notuðum vinnuvélum og tækjum frá Bretlandi og Evrópu til Íslands. Getum líka útvegað allar gerðir vinnuvéla, eins flesta varahluti og ýmislegt fleira sem ykkur vantar. Ekkert er of smátt eða stórt fyrir okkur. Erum með gríðarlega góð sambönd. Yfir 20 ára reynsla. Örugg og góð þjónusta. Hafþór s. 499-0719 & Haukur s. 499-0588. sudurengland@gmail.com & facebook/ Suður England. Ertu í hugleiðingum? Endilega hafðu samband.



Benz 4x4, 77 módel, er í sæmilegu standi en þarf í skoðun, lítið sem ekkert ryð. Er í Skagafirði. Verð kr. 1.250.000 Uppl. í s. 848-7524.



Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt- 1,9 m. Stærð á skrúfu- 48 cm. Rotor:-12 kW. Glussaflæði- 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi- 2 m. Burðarvirki- Heitgalf / SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is



Nýr Kempf 2ja öxla malarvagn. Hardox 450 -8 mm botn og 5 mm hliðar. Alcoa Durabright felgur, Skúffa og grind (tvöföld grind) heitsprautuzinkað, 6 þrepa sturtutjakkur sem gefur um 53 gr. halla, seglyfirbreiðsla, keðjur og festingar fyrir útdrátt. Th. Adolfsson ehf. S. 898-3612.



Þrýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager- 230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með 3 fasa. Mjög öflug sjálfsogandi dæla. Dæluhjól og öxull úr ryðfríu stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfríu stáli. Stillanlegur þrýstingur. Hentar vel fyrir sumarhús, ferðaþjónustu og báta. Hákonarson ehf. S. 894-4163, netfang- hak@hak.is



Lyftaragafflar til að skrúfa fasta á skóflur. Burðargeta á pari- 680 kg Dufthúðað stál, þyngd á pari- 38 kg. Lengd á göfflum- 80 cm. Heildarlengd- 121 cm. CE vottaðir og CE merktir. Öryggisstrappar fylgja. Passar á flestar skóflur. Henta mjög vel til liðléttinga. Hákonarson ehf / S. 8924163, netfang- hak@hak.is




Honda CRV árg. 2012. Ekinn 143.000 km. Fjórhjóladrifinn. Dísel. Bíllinn hefur alltaf verið á Norðurlandi. Sumar- og vetrardekk. Vel með farinn bíll. Verð kr. 1.790.000. Uppl. í s. 862-0977.



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf, s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Epokie S2300h sand- og saltdreifari, glussakerfi. Árgerð 2013. Nánari upplýsingar í s. 849-4044.



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L- 170 cm x B- 200 cm x hæð- 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163, www.hak.is hak@hak.is



Renault Master 2005. Dísel hópbifreið I (M2) 18 manna, keyrður 247.000 km. Slagrými 2.953 cm 2 góður bíll í túristann. Verð kr. 1.100.000. Uppl. í s. 661-1223.



Vatnshitarar fyrir háþrýstiþvott. Hitar vatn í allt að 110°C með gegnumstreymi. Max þrýstingur - 500 Bar. Hentar í margs konar verkefni. Gengur fyrir húsarafmagni eða 12 V. Til á lager. Hákonarson ehf, S. 892-4163 hak@hak.is, www.hak.is



Gámarampar á lager. Heitgalfaniserað stál. Burðargeta- 8000 kg. Stærð- 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is S. 892-4163.



Rafdrifinn Hilltip Icestriker 550 L. Salt- og sanddreifari fyrir pallbíla og minni. Árgerð 2018. Nánari uppl. í s. 849-4044.

ÁSCO

BÍLARAFMAGN

OKKAR ÆR OG KÝR

— STARTARAR OG ALTERNATORAR —



Einnig á lager: Hjómflutningstæki frá Alpine. *Varahlutir í startara.* Rafgeymar. Aðalljósaperur. LED perur. *Hátalarar. Tengi fyrir* togspil. Hleðslutæki. Útvarpsloftnet. *Rafhlöður. Fjarslæsingar.* Fjarstart í bíla. Radarvara. Startkaplar. *Áriðlar 12V og 24V í 240V.* Hljóðnemar fyrir rútur, voltmælar, ampermælar, *spennufellur 24V í* 12V, truflanaþéttar, loftnetsframleningar. *Kerrutenglar. Breytar* fyrir 13P kerrutengla. Öryggi. Sjálvirk öryggi *í bíla. Gleröryggi 20* og 32mm. Postulínsöryggi. Öryggjahöldur. *Stór öryggi uppí 250A.* Stefnuljós fyrir Landrover. Snúrusett fyrir bassakeulur. Bassakeilur. Oxulhosur. Spennustillar. Díóur. *Rafþeymaskór.* Jarðsamband. Díóubrýr. Reimskífur fyrir alternatora. Kúplingsrisur. Startarakol. Legur í alternatora. Kol í alternarora. Viðnám 0,25W uppí 25W. Og margt margt fleira.

ÁSCO

Glerárgata 34b við Hvannavelli • S 461 1092 • asco.is

BÍLARAFMAGN

Kerrur fyrir alla og í öll verk!



Topplausnir

HUMBAUR

Smiðjuvegur 12, græn gata • 200 Kópavogur • Sími 517 7718 • www.topplausnir.is • www.humbaur.com



Gúmmírampar fyrir brettatjakka. Stærð L 100 cm x B 50 cm x H 16 cm. Þyngd- 21 kg. Passa fyrir venjulega vörugáma. Burðargeta- 10 Tonn Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is.



Brettagafflar fyrir ámoksturstæki. Ásoðnar festingar: Euro. Euro + 3 tengi. Sérpöntun á öllum festingum. Burðargeta 2500 kg. Lengd á göfflum, 120 cm. Pólsk framleiðsla. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísel á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf., www.hak.is, s. 892-4163, netfang: hak@hak.is



Til sölu Benz krókheysisbíll 2004 árgerð 6x4. Með öflugu Meiller krókheysi. Nýlega skoðaður. Keyrður 617.000 km. Verð kr. 4.000.000 +vsk S. 848-4044.



Til sölu eða leigu 171 fm iðnaðarhúsnæði, Steinhellu 8, Hafnarf. 131 fm. neðri hæð með stórri innkeyrsluhurð, 40 fm íbúðarrými á efri hæð. Áhugasamir skrái nafn og síma inn á muggur49@gmail.com



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt- 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Opel Grandland X, PHEV, árg. 2021, 4x4, sjálfskiptur, ekinn 50.000 km. Verð kr. 5.790.000. - notadir.bennis.is – S. 590-2035



Brettagafflar með snúningi, 180° eða 360°. Festingar fyrir traktora og skotbómulyftara. Hliðarstuðningur fyrir trékassa og grindur. Burðargeta- 1.500 kg, 2.500 kg, 3.000 kg og 5.000 kg. Pólsk framleiðsla. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang- hak@hak.is www.hak.is.

HATZ DIESEL

Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ díeselvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3,Garðabæ. Upplýsingar í S.527-2600.



Kornvalsar frá Póllandi. Mismunandi útfærslur frá 3 framleiðendum. 2 eða 3 sterk kefli með riflum. Traktorsdrifnir valsar og fl. Hákonarson ehf. S. 892-4163 hak@hak.is, www.hak.is.



Benz 4x4 með krana. Bíllinn er í sæmilegu standi en þarf í skoðun. 77 módel, lítið sem ekkert ryð. Verð kr. 1.250.000. Bíllinn er í Skagafirði, s. 848-7524.

NÝI ÖKUSKÓLINN
Íslensk námskeið mánaðarlega
Ensk námskeið 4 - 6 sinnum á ári
Skráning á námskeið er inni á síðunni meiraprof.is
Fyrirspurnir sendist á meiraprof@meiraprof.is
Réttindin gilda í Evrópu
Auknir atvinnumöguleikar
Íslensk og ensk námskeið
Klettagörðum 11 - 104 Reykjavík - meiraprof.is - meiraprof@meiraprof.is C-CE-D-C1-C1E-B/Far



BÚFJÁRFLUTNINGAVAGNAR
frá Ifor Williams
Ifor Williams Trailers



Eigum hina vinsælu vagna frá þessum þekkta framleiðanda til afgreiðslu Strax
VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfða 8. - 110 Reykjavík
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is

NORAMAX S5
Frábær öryggis-stígvél frá Nora!
SUPERIOR PROTECTION
Við leggjum áherslu á góða þjónustu við landsbyggðina.
KH VINNUFÖT
Réttu fötin fyrir þig!
nora
• Einstaklega létt og slitsterkt PU.
• Nagla- og távörn.
• Frábært grip, vörn gegn m.a. olíu, fitu og mykju.
• Góð einangrun, halda hita vel í kulda.
Verð: 11.900 kr.
Vefverslun: Khvinnufot.is
Öryggi: Fyrst og fremst
Nethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufot.is



SMÍÐUM FRÁ GRUNNI OG GERUM VIÐ
ALLAR GERÐIR
TJAKKA
VHE
VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

Útvegum dekk undir vinnuvélar og landbúnaðarvélar
Vélavit
Sala - Þjónusta
S:5272600 - www.velavit.is

VETRARTÆKI
- Mikið úrval á lager -



Fjölplógur PUV „M“ Diagonal
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu
2,6m Verð: 1.290.000 kr.*
2.8m Verð 1.290.000 kr.*
3,3m Verð: 1.450.000 kr.*



Fjölplógur PUV – Heavy Duty
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu
3,6m Verð: 1.650.000 kr.*
4,0m Verð: 1.749.000 kr.*

Festiplötur:
Verð frá 70.000 kr.*

Slétt plata	3-punkta
EURU/SMS	EURO stór
JCB 3CX hrað	CASE 580SR

Slitblöð
Eigum á lager slitblöð og bolta í flestar gerðir plóga



Salt- og sanddreifari
EPT15, 1,5 m3, rafstýrður, 12V
Verð: 1.650.000 kr.*

Tokvam®



Fjölplógar VT320 & VT380
Sterkir plógar fáanlegir með flotgrind fyrir mikinn hraða.
Fjöldi aukahluta í boði.
Verð frá 2.390.000 kr.*



Salt- & sanddreifari
SMA510 / 150cm - 590.000 kr.*
SMA800 / 200 cm - 655.000 kr*
SMA1100 / 200 cm - 740.000 kr.*
SMA1600 / 230 cm - 845.000 kr.*
3p tengi, Kat1/kat2. - 59.500 kr.*
Möguleiki á glussa yfirtengi.



Snjóblásari 241 THS Flex
Vinnslubr. 264 cm, 2* 12 cm vængir, glussastýring á túðuenda, 1.000 kg, 3p tengi. drifskaft (f/ framan á vél).
Fyrir +70hp vél.
Fjöldi aukahluta í boði

*Verð án virðisaukaskatts


AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ
Gagnheiði 35, 800 Selfossi
Baldursnesi 4, 603 Akureyri
Sími 480-0000 | www.aflvelar.is



2" brunadælur á lager. Frá Koshin í Japan. Sjálfsogandi og mjög háþrýstar. Vigta aðeins 37,6 kg. Henta vel fyrir slökkvilið og í vökvun. Sköffum allar dælur. Hákonarson ehf. s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Háþrýstidælur fyrir verktaka og iðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísel. 500 Bar, flæði 21 L/mín. 700 Bar, flæði 15 L/mín. Vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt- 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is




Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2“ , 3“ , 4“. Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is.



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar, fjórhjól ofl. Lengdir- 1,6m,-2m-2,1m-2,5m-3m-3,5m-4m-4,5m-5m. Burður fyrir par- 1,5 tonn til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar að ofan fyrir valtara. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. Netfang- hak@hak.is - s. 892-4163.



Hvernig hljómar sumar á fjöllum? Fjölbreytt sumarstörf í Vatnajökulsþjóðgarði eru nú laus til umsóknar á vef þjóðgarðsins eða starfatorgi www.vjp.is



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.



Til sölu lítið notuð 33" nagladekk á álfelgum undan Land Cruiser. Uppl. í s. 893-3475.



Díselhitari 5kw 12 eða 24 volt með fjarstýringu verð kr. 48.900.- Dísel hitari 7kw loft og vatn, verð kr. 98.000.- 2 ára ábyrgð. Öll varahluta-þjónusta. Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavik. S. 888-1185.



Hyundai Tucson Premium, PHEV árg. 2021, 4x4, sjálfskiptur, ekinn 51.000 km. Verð kr. 6.990.000. notadir.benni.is – s. 590-2035.




Klósettdælur fyrir kjallara. Inntak fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor staðsettur fyrir utan votrými. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Frárennsli, 32 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is


Lífið er núna

Fjáröflunar- og árvekniátak Krafts, stuðningsfélags fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þeirra, hefur staðið yfir undanfarnar vikur.

Markmið átaksins er að selja nýjar húfur merktar einkennisorðum átaksins Lífið er núna. Með því vill Kraftur vekja athygli á þeim áskorunum sem verða á vegi þeirra sem greinast með krabbamein og aðstandendum og hvernig stuðningsfélagið getur stutt við þau með hjálp almennings og fyrirtækja í landinu. Um 70 ungir einstaklingar greinast með krabbamein á ári hverju og hefur það bæði áhrif á þau greindu sem og fjölskyldur og ástvini þeirra. Yfirskrift átaksins í ár var „Fyrir hvern setur þú upp kolluna“ og vísar til þess að oft og tíðum missir fólk hárið í krabbameinsmeðferð og sumir velja að setja upp hárkollu. Haft er eftir Stefáni Magnússyni, framkvæmdastjóra Krafts, í tilkynningu, að hægt sé að sýna samstöðu með því að kaupa og setja upp húfuna.

Stuðningsfélagið stóð fyrir styrktartónleikum víðs vegar um land í tilefni árvekniátaksins sem lauk þann 4. febrúar á baráttudegi gegn krabbameini með tónleikum í Iðnó í Reykjavík.





Hægt er að styðja við Kraft með kaupum á Lífið er núna húfum.

Í dag, 9. febrúar, er svo Lífið er núna dagurinn þar sem landsmenn eru hvattir til að skarta einhverju appelsínugulu, staldra við og njóta líðandi stundar með fólkinu í kringum sig. Fyrirtæki, skólar, félagasamtök, vinir og vandamenn eru öll hvött til að taka höndum saman og njóta dagsins saman til hins ýtrasta. */ghp*

Atvinna

Par frá Spáni, Ainhoa og Hermes, óska eftir vinnu saman á sveitabæ á Íslandi. Þau vinna í matvælaverksmiðju í dag en hafa einnig reynslu af vinnu við sauðfé og geitur. Nánari uppl. á ainhoa.amezketa8@gmail.com

Vladimir, 46 ára, óskar eftir vinnu á hóteli eða á sveitabæ í sumar á Íslandi. Hann hefur starfað víða í heiminum og hefur víðtæka reynslu af vinnu við ferðaþjónustu og landbúnaðarstörfum. Nánari uppl. á laza1361976@gmail.com

Starfsmaður óskast á mjög tæknivætt kúabú á Suðurlandi. Um framtíðarstarf er að ræða og húsnæði í boði á staðnum. Góðir möguleikar á starfi í nágrenninu fyrir maka. Upplýsingar gefur Arnar í s. 898-9190.

Vélarvörður óskast á Jóhönnu ÁR 206. Sæbjúgnaveiði. Uppl í s. 841-0863, Jón og s. 892-0367, Hannes.

Húsasmiður óskast. Góð aukavinna við samsetningu á 15 m² tilbúinni skúrgrind upp í fokhelt gesthús á Árborgarsvæðinu. Uppl. s. 693-9303.

Hæ, ég heiti Albrecht og er 49 ára frá Þýskalandi. Eins og er bý ég á Egilsstöðum og er að leita að vinnu á Austur- eða Norðurlandi. Ég hef nú þegar reynslu af bústörfum, t.d. hef ég aðstoðað á sauðfjárbúi og unnið á lífrænu búi. Ég vann líka á gistiheimili eitt tímabil. Ef þú hefur áhuga, sendu mér þá tölvupóst. albrecht.sutter@web.de

Óska eftir

Óska eftir jörð/landi til leigu fyrir 10-15 hesta, helst ekki lengra en 1-2 klst. akstur frá Reykjavík. Get séð um girðingavinnu ef þess þarf. Uppl. á email skeifarinn@gmail.com

Óska eftir gömlum Fender lampamagnara og eða gömlum Fender stratocaster rafgítar. Má vera bilað. Jón s. 898-6020.

Willys-Willys-Willys. Sárvantar Willys árg. 46-54 með lága húddinu til uppgerðar. Er ekki einhver svona jeppi falinn inni í einhverri hlöðu, sem væri falur? Uppl. í s. 893-8778 eða huskarlar@rang.isw

Mig vantar ýmislegt í VW bjöllu, árg. 1970-1977, m.a. sæti, klæðningar og hurðir. Hafðu samband ef þú lumar á einhverju í s. 863-4256 Torfi.

Tilboð óskast í tvo 600L mjólkurtanka. Nánari upplýsingar í s. 861-9199.

Til sölu

Til sölu 1200 fm² gróðurhús til flutnings eða til leigu fyrir trjáplönturæktun. Uppl. í s. 866-8378 Magnús, Árbakka Biskupstungum.

Halló, fallega fólk. Átt þú gámahús til sölu? Ég er að leita eftir slíku. Endilega hringdu eða sendu mér tölvupóst. Kveðja, Andri s. 787-8535 eða á netfang- andrimarastvaldsson@gmail.com

Til sölu 2 gistigámaeiningar 3x7m m. sér baði. Innréttingar geta fylgt með að hluta til. Uppl. í s. 866-7297 eða vatnshorn@vatnshorn.is.

Getum útvegað dekk í öllum stærðum og gerðum. Næsta afhending verður í byrjun apríl. Upplýsingar og pantanir í s. 868-6113 eða a.larsen.agro@gmail.com

Plast í fjárhúsgólf og stíur. Bása- og drenmottur, útileiktæki, gúmmíhellur og gervigras. Heildarlausnir á leiksvæðum. jh@johannhelgi.is s. 820-8096.

Tilkynningar

Veist þú af einhverju stórmerkilegu landbúnaðartæki, vinnuvél, bíl, flugvél, bát eða öðru tæki sem þarf að gera skil á síðum Bændablaðsins? Hafðu þá samband við Ástvald blaðamann í s. 822-5269 eða í gegnum netfangið astvaldur@bondi.is.

Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í s. 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang- einar.g9@gmail.com - Einar G.

Bændablaðið
www.bbl.is

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

Tilboð aðeins í janúar og febrúar

TILBOÐ Nr 1
540.000
án blómaramma
440.000

Litur steina að eigin vali - svart, grátt eða paradiso - sjá heimasíðu
Uppsetning á höfuðborgarsvæði og Norðurlandi
Sendum steina frítt um allt land.
Geymum steina ef óskað er.





TILBOÐ Nr 2
Hægt að setja 2 nöfn
350.000



TILBOÐ Nr 3
198.000

TILBOÐ Nr 4
620.000
án blómaramma
520.000



s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is

LANDSHÚS

Erum að taka niður pantanir núna fyrir sumarið

ÍSLENSK HÚS - SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

EFLA

Efla verkfræðistofa sér um tæknilega hönnun á öllum húsunum okkar samkvæmt íslenskri byggingar-löggjöf.

KLETTAR HEILSÁRSHÚS

- **Klettar** eru sterkbyggð hús – sérhönnuð af Eflu verkfræðistofu.
- Húsin eru hefðbundin timburgrindarhús sem eru Íslandi að góðu kunn.
- Húsin afhendast ósamsett, að hluta í forsmíðuðum einingum og að hluta sem forsniðið efni.
- Uppsetning húsanna er afar fljótleg.
- Klettar eru með rúmgóðu svefnlofti (hæð 2,1m) sem eykur notagildi hússins umtalsvert.

EININGAKERFIÐ - *Með hagkvæmni að leiðarljósi*

Öll húsin okkar eru útfærð í einingakerfi Landshúsa, sem er íslensk hönnun. Einingakerfið okkar hefur undanfarin ár fengið afar góðar viðtökur og hafa húsin okkar risið um allt land með góðum árangri.

*Húsið á myndinni er af gerðinni **Klettar 80** sem reist var 2019 á Vesturlandi.*

REITIR RAÐHÚS

Stærð hverrar íbúðar er 84fm. Hægt er að stækka hverja íbúð ef óskað er. Fjöldi íbúða í hverri raðhúsalengju er valkvæður.



Raðhúsið á myndinni er með þremur íbúðum



Hver íbúð er 84 fm

FOSSAR EINBÝLISHÚS

Uppfylla alla staðla sem íbúðarhús í þéttbýli og dreifbýli. Húsin koma í 5 grunnstærðum, frá 101fm – 210fm, með eða án bílskúrs. Allar gerðirnar eru stækkanlegar að vild.



***Foss nr. 4** – Einbýlishús (180fm)*

JÖKLAR GESTAHÚS

Henta vel sem gestahús, starfsmannahús, auka herbergi, heimaskrifstofa eða sem útleigueining í ferðaþjónustu. Grunnstærð er 24,3fm og er stækkanleg að vild.



Jöklar Flat



Jöklar Burst



Jöklar íslensku húsin

STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN

Landshús - Sími **553 1550** - landshus@landshus.is **www.landshus.is**

Öll verð má finna á heimasíðu okkar

LANDSHÚS